

**SKÝRSLA NEFNDAR
SAMKVÆMT LÖGUM NR. 26/2007**

Áfangaskýrsla nr. 2


**Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969,
vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972
og heimavistarskólans að Jaðri 1946-1973**

REYKJAVÍK, 31. ÁGÚST 2010

TIL FORSÆTISRÁÐHERRA

Nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 (vistheimilaneftnd), sem þáverandi forsætisráðherra skipaði upphaflega með erindisbréfi, dags. 2. apríl 2007, hefur í samræmi við erindisbréf, dags. 11. apríl 2008, lokið við áfangaskýrslu nr. 2 um könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls á árunum 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar á árunum 1956-1972 og heimavistarskólans að Jaðri á árunum 1946-1973, og afhendir yður hér með meðfylgjandi skýrslu sína af því tilefni, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 .

Reykjavík, 31. ágúst 2010,




Róbert R. Spanó, formaður




Jón Friðrik Sigurðsson



Ragnhildur Bjarnadóttir



Sigrún Júlíusdóttir



Þuríður B. Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri

EFNISYFIRLIT

I.	SKIPAN NEFNDARINNAR, HLOTVERK, AÐFERÐIR OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR	5
1.	Skipan nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og hlutverk hennar	5
2.	Málsmeðferð nefndarinnar, verklag og aðferðir	9
3.	Samantekt og helstu niðurstöður áfangaskýrslu nr. 2	14
II.	GILDISSVIÐ LAGA NR. 26/2007	33
III.	LAGASJÓNARMÍÐ OG FRÆÐILEGAR FORSENDUR VIÐ MAT Á HVORT BÖRN HAFI SÆTT ILLRI MEÐFERÐ EÐA OFBELDI	35
1.	Almennt.....	35
2.	Hvað felst í hugtökunum ill meðferð og ofbeldi?.....	35
2.1	Ákvæði almennra hegningarlaga, barnaverndarlaga og reglugerða	36
2.2	Niðurstöður um inntak hugtakanna ill meðferð og ofbeldi.....	39
3.	Rannsóknir á því hvort börn segi frá reynslu af kynferðislegu ofbeldi	43
4.	Upprifjanir æskuminninga á fullorðinsárum.....	45
IV.	ÁGRIP AF SÖGU BARNAVERNDAR OG FÉLAGSÞJÓNUSTU Í REYKJAVÍK 1932-1973	49
V.	VISTHEIMILIÐ SILUNGAPOLLUR	57
1.	Undirbúningur að stofnun og ágríp af sögu Silungapolls	57
2.	Lagagrundvöllur starfsemi Silungapolls.....	64
3.	Almennt um starfsemi Silungapolls.....	67
3.1	Gagnaöflun nefndarinnar	67
3.2	Fjöldi vistmanna, aldursskipting og dvalartími	69
3.3	Menntun og reynsla forstöðumanna og starfsmanna	72
4.	Viðtöl við fyrrverandi vistmenn og starfsmenn Silungapolls og opinbera starfsmenn	74
5.	Ályktanir og niðurstöður nefndarinnar	75
5.1	Um tildrög vistunar barna á Silungapollu.....	75
5.1.1	Lagagrundvöllur stjórnvaldsákvarðana um vistun barna og málsmeðferð.....	75

5.1.2	Ályktanir af skjallegum gögnum og öðrum heimildum.....	77
5.2	Sættu vistmenn á Silungapólli illri meðferð eða ofbeldi?.....	83
5.2.1	Almennt um ályktunargrundvöll nefndarinnar og mat	83
5.2.2	Ályktunargrundvöllur nefndarinnar og mat	84
5.2.2.1	Frásagnir fyrrverandi vistmanna	87
5.2.2.2	Frásagnir fyrrverandi starfsmanna	92
5.2.2.3	Ályktun nefndarinnar	97
5.3	Eftirlit með starfsemi Silungapólls	100
5.3.1	Almenn atriði um opinbert eftirlit með starfsemi Silungapólls	100
5.3.2	Ályktanir af skjallegum gögnum og öðrum heimildum.....	103
VI.	VISTHEIMILÍÐ REYKJAHLÍÐ.....	111
1.	Undirbúningur að stofnun og ágríp af sögu Reykjahlíðar	111
2.	Lagagrundvöllur starfsemi Reykjahlíðar	118
3.	Almennt um starfsemi Reykjahlíðar	120
3.1	Gagnaöflun nefndarinnar	120
3.2	Fjöldi vistmanna, aldursskipting og dvalartími	123
3.3	Menntun og reynsla forstöðumanna og starfsmanna	125
4.	Viðtöl við fyrrverandi vistmenn og starfsmenn Reykjahlíðar og opinbera starfsmenn	127
5.	Ályktanir og niðurstöður nefndarinnar	129
5.1	Um tildrög vistunar barna í Reykjahlíð	129
5.1.1	Lagagrundvöllur stjórnvaldsákvarðana um vistun barna og málsmeðferð.....	129
5.1.2	Ályktanir af skjallegum gögnum og öðrum heimildum.....	131
5.2	Sættu vistmenn Reykjahlíðar illri meðferð eða ofbeldi?	137
5.2.1	Almennt um ályktunargrundvöll nefndarinnar og mat	137
5.2.2	Ályktunargrundvöllur nefndarinnar og mat	138
5.2.2.1	Tímabil nr. 1 – 1956-1961 / forstöðukona nr. 1	138
5.2.2.1.1	Frásagnir fyrrverandi vistmanna	139
5.2.2.1.2	Frásagnir fyrrverandi starfsmanna og annarra	141
5.2.2.1.3	Ályktun nefndarinnar	142

5.2.2.2	Tímabil nr. 2 – 1961-1972 / forstöðukona nr. 2.....	143
5.2.2.2.1	Frásagnir fyrrverandi vistmanna.....	144
5.2.2.2.2	Frásagnir fyrrverandi starfsmanna og annarra.....	151
5.2.2.2.3	Ályktun nefndarinnar.....	156
5.3	Eftirlit með starfsemi Reykjahlíðar.....	159
5.3.1	Almenn atriði um opinbert eftirlit með starfsemi Reykjahlíðar.....	159
5.3.2	Ályktanir af skjalgum gögnum og öðrum heimildum.....	162
5.3.2.1	Opinbert eftirlit – Tímabilið 1956-1966.....	163
5.3.2.2	Opinbert eftirlit – Tímabilið 1966-1972.....	171
VII.	HEIMAVISTARSKÓLINN AÐ JAÐRI.....	179
1.	Undirbúningur að stofnun og ágríp af sögu Jaðars.....	179
2.	Lagagrundvöllur starfsemi Jaðars.....	185
3.	Almennt um starfsemi Jaðars.....	189
3.1	Gagnaöflun nefndarinnar.....	189
3.2	Fjöldi nemenda, aldursskipting og dvalartími.....	192
3.3	Menntun og reynsla skólastjóra og starfsmanna.....	194
4.	Viðtöl við fyrrverandi nemendur og starfsmenn Jaðars.....	197
5.	Ályktanir og niðurstöður nefndarinnar.....	198
5.1	Um tildrög náms nemenda á Jaðri.....	198
5.1.1	Lagagrundvöllur náms einstaklinga við skólann.....	199
5.1.2	Ályktanir af skjalgum gögnum og öðrum heimildum.....	201
5.2	Sættu nemendur á Jaðri illri meðferð eða ofbeldi?.....	208
5.2.1	Almennt um ályktunargrundvöll nefndarinnar.....	208
5.2.2	Ályktunargrundvöllur nefndarinnar og mat.....	210
5.2.2.1	Tímabil nr. 1 – 1946-1955.....	210
5.2.2.1.1	Frásagnir fyrrverandi nemenda.....	211
5.2.2.1.2	Frásagnir fyrrverandi starfsmanna.....	213
5.2.2.1.3	Ályktun nefndarinnar.....	214
5.2.2.2	Tímabil nr. 2 – 1955-1973.....	215
5.2.2.2.1	Tímabil A: Hausti 1955 – vor 1963.....	216
5.2.2.2.1.1	Frásagnir fyrrverandi nemenda.....	216

5.2.2.2.1.2	Frásagnir fyrrverandi starfsmanna	219
5.2.2.2.1.3	Ályktun nefndarinnar	221
5.2.2.2.2	Tímabil B: Hausti 1963 – vor 1973	224
5.2.2.2.2.1	Frásagnir fyrrverandi nemenda	224
5.2.2.2.2.2	Frásagnir fyrrverandi starfsmanna	227
5.2.2.2.2.3	Ályktun nefndarinnar	230
5.3	Eftirlit með starfsemi Jaðars	233
5.3.1	Almenn atriði um opinbert eftirlit með starfsemi Jaðars	233
5.3.2	Um stofnun Jaðars og forsendur fyrir ákvörðun um vist nemenda.....	237
5.3.3	Ályktanir af skjallefum gögnum og öðrum heimildum.....	238
VIII.	TILLÖGUR NEFNDARINNAR	245
1.	Ályktunargrundvöllur nefndarinnar	245
2.	Tillögur nefndarinnar	245
IX.	FRAMHALD Á STÖRFUM NEFNDARINNAR.....	248
X.	HEIMILDASKRÁ	249
	Óbirtar heimildir	249
	Birtar heimildir.....	252
XI.	FYLGISKJÖL.....	260
1.	Lög nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.....	260

I. SKIPAN NEFNDARINNAR, HLUTVERK, AÐFERÐIR OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR

1. Skipan nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og hlutverk hennar

Hinn 23. mars 2007 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Voru löggin birt í Stjórnartíðindum 28. s.m. og fengu númerið 26/2007. Var forsætisráðherra falið samkvæmt 5. gr. laganna að kveða í erindisbréfi nánar á um skipun nefndar, þá starfsemi sem könnun ætti að taka til og það tímabil sem um var að ræða.

Hinn 2. apríl 2007 skipaði forsætisráðherra í nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007, vistheimilanefnd. Nefndina skipa þau Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Dr. Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og yfirsálfræðingur á Landspítalanum, Dr. Ragnhildur Bjarnadóttir, dósent í sálfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Framkvæmdastjóri nefndarinnar er Þuríður B. Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Með erindisbréfi dags. 2. apríl 2007 var nefndinni falið að kanna starfsemi vistheimilisins Breiðavík í Rauðasandshreppi, en nefndin skilaði til forsætisráðherra skýrslu um þá könnun hinn 31. janúar 2008. Var hún lögð fram á Alþingi af hálfu forsætisráðherra, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007, sjá, Alpt. 2007-2008, þskj. 683-429. mál. Vísast til hennar um efni könnunar nefndarinnar, niðurstöður og tillögugerð til stjórnvalda. Skýrslan er birt á heimasíðu forsætisráðuneytisins.¹

Hinn 11. apríl 2008 var nefndinni afhent nýtt erindisbréf þar sem mælt var fyrir um framhald á störfum hennar. Var nefndinni falið að taka með almennum hætti afstöðu til þess hvaða stofnanir féllu undir gildissvið laga nr. 26/2007 og afmarka nánar það tímabil sem nefndin beindi sjónum sínum að, m.a. í ljósi gildandi barnaverndarlöggjafar á hverjum tíma.

¹ Sjá skýrsluna í heild sinni ásamt fylgiskjöllum:
http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Breidavik_skyrsla_2.pdf

Samkvæmt erindisbréfi forsætisráðherra dags. 11. apríl 2008 ber nefndinni að leggja mat á hvort og þá hvaða stofnanir hún skuli kanna sérstaklega með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Við mat sitt á því hvaða stofnanir hún telur ástæðu til að kanna nánar ber vistheimilanefnd að hafa til hliðsjónar hvort tilefni sé til könnunar í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga, t.d. í formi þeirra frumgagna sem henni hafa borist og í ljósi frásagna sem fram hafa komið frá fyrrverandi vistmönnum, starfsmönnum eða öðrum. Eins ber nefndinni að líta til þess hversu líklegt er að könnun þjóni tilgangi sínum, m.a. vegna þess hversu langt sé um liðið frá því að starfsemi viðkomandi vist- eða meðferðarheimilis var lokið. Nefndin skal skila áfangaskýrslum um könnunina til forsætisráðherra eigi síðar en 1. júlí 2009 og 1. júlí 2010. Nefndin skal ljúka störfum sínum og skila lokaskýrslu um könnun sína til forsætisráðherra eigi síðar en 15. apríl 2011.

Á fundi nefndarinnar 29. apríl 2008 var erindisbréf forsætisráðherra dags. 11. apríl 2008 tekið til umfjöllunar og sú ákvörðun tekin að átta tilteknar stofnanir sem falla undir gildissvið laga nr. 26/2007 yrðu teknar til könnunar í fyrstu. Þær stofnanir sem nefndin tók ákvörðun um að kanna eru eftirfarandi:

1. *Heyrnleysingjaskólinn í Reykjavík.* Skólinn var ríkisstofnun sem starfræktur var í Reykjavík á árunum 1909-2002. Hann var ætlaður heyrnarlausum og heyrnar-skertum börnum hvaðanæva af landinu. Könnun nefndarinnar nær til árána 1947-1992 og hefur nefndin upplýsingar um að 175 börn hafi stundað nám við skólann á því tímabili.

2. *Vistheimilið Kumbaravogur við Stokkseyri.* Heimilið var starfrækt af einka-aðilum á grundvelli opinbers leyfis og hófst starfsemi þess árið 1965 og lauk henni árið 1984 er elsti vistmaðurinn sem þá dvaldi á heimilinu varð lögráða. Á árunum 1970-1975 var annað vistheimili rekið á staðnum af sömu aðilum og nefndist það Snekkjuvogur. Á Kumbaravogi vistuðust 20 börn og á Snekkjuvogi 16 börn eða alls 36 börn.

3. *Skólaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi.* Heimilið var starfrækt af Hjálpræðis-hernum á Íslandi á árunum 1965-1967 á grundvelli opinbers leyfis. Heimilið var ætlað stúlkum á aldrinum 14-16 ára. Voru 20 stúlkur vistaðar á Bjargi á starfstíma heimilisins.

4. Vistheimilið Reykjahlíð í Mosfellssveit. Heimilið var starfrækt af Reykjavíkurborg á árunum 1956-1972. Var það ætlað börnum á aldrinum 7-14 ára. Voru 144 börn vistuð í Reykjahlíð á starfstíma heimilisins. Þess skal getið að Reykjavíkurborg hafði áður starfrækt *hliðstæða* starfsemi á Kumbaravogi við Stokkseyri frá árinu 1945 til ársins 1956 og starfrækti hliðstæða starfsemi á Tjarnargötu 35 frá árinu 1972 er starfsemi var hætt í Reykjahlíð. Þegar vistheimilanefnd tók ákvörðun um það í ágúst 2008 hvaða stofnanir skyldu sæta könnun nefndarinnar hafði henni hvorki borist upplýsingar um illa meðferð eða ofbeldi á vistheimilinu Kumbaravogi 1945-1956 né á Tjarnargötu 35 frá árinu 1972. Á hinn bóginn bárust vistheimilanefnd vísbendingar um slíkt á vordögum 2010 en að mati nefndarinnar var ekki talið svigrúm til að kanna starfsemi þeirra heimila á þeim tímapunkti og birta samhliða niðurstöðum nefndarinnar á könnun á starfsemi Reykjahlíðar 1956-1972 hér í áfangaskýrslu nr. 2. Ákvörðun um hvort nefndin telur til efni til að kanna ofangreinda starfsemi sérstaklega mun liggja fyrir áður en nefndin skilar af sér lokaskýrslu sinni á árinu 2011.

5. Vistheimilið Silungapollur. Heimilið var starfrækt af Reykjavíkurborg á árunum 1950-1969. Heimilið var ætlað börnum á aldrinum 3-7 ára. Var 951 barn vistað á Silungapollu á starfstíma heimilisins.

6. Heimavistarskólinn að Jaðri. Fræðsluyfirvöld í Reykjavík starfræktu heima-
vistarskólann að Jaðri á árunum 1946-1973. Skólinn var ætlaður drengjum á aldrinum 7-13 ára sem ekki áttu samleið með öðrum börnum í skóla. Lengst af stunduðu 25-30 drengir nám við skólann ár hvert og voru 378 einstaklingur nemendur við skólann á starfstíma hans.

7. Upptökuheimili ríkisins. Heimilið var starfrækt af hálfu ríkisins á árunum 1945-1978 en nafni stofnunarinnar var breytt árið 1978 í Unglingaheimili ríkisins við gildistöku reglugerðar nr. 118/1978, sjá nánar lið nr. 8 hér að neðan. Upptökuheimilið var upphaflega staðsett á Elliðahvammum í landi Vatnsenda í Kópavogi á árunum 1945-1964. Árlega voru 33-79 börn vistuð á heimilinu. Á árunum 1964-1971 var starfsemi Upptökuheimilisins í starfsmannaþúð Kópavogshælis. Var þetta bráðabirgðalausn á húsnaðis-

vanda stofnunarinnar. Starfsemin fluttist í nýtt húsnæði að Kópavogsbraut 17 árið 1971 sem byggt var sérstaklega undir starfsemina. Árið 1973 var íbúðarhús að Kópavogsbraut 9 keypt og þar rekin skammtímavistun á lokaðri deild jafnhliða starfseminni að Kópavogsbraut 17. Á Kópavogsbraut 17 var fjöldi vistmanna allt að tíu einstaklingar í einu og gert var ráð fyrir allt að sex mánaða vistunartíma. Í skammtímavistuninni á Kópavogsbraut 9 var rúm fyrir fimm til sex unglunga.

8. Unglingaheimili ríkisins. Árið 1978 setti menntamálaráðherra reglugerð nr. 118/1978 um Unglingaheimili ríkisins og var nafni Upptökuheimili ríkisins breytt í samræmi við hana. Starfsemin á Kópavogsbraut fór áfram fram í tveimur deildum, annars vegar lokaðri deild til skammtímavistunar og hins vegar rannsóknar- og uppeldisdeild.² Á áttunda áratugnum urðu breytingar á deildarskipulagi og starfsemin fluttist í ný húsa- kynni. Unglingaheimili ríkisins var lagt niður árið 1994 og fór þá greiningarmeðferð fram í Efstasundi 86 og á Tindum á Kjalarnesi, bráðavistanir í neyðartilvikum voru í Efstasundi og langtímameðferð fór fram á fimm stofnunum: Sólheimum 7 og Sólheimum 17 í Reykjavík, Torfastöðum í Biskupstungu, Stóru-Gröf í Skagafirði og Árbót í Aðaldal.³

Hinn 31. ágúst 2009 skilaði nefndin til forsætisráðherra áfangaskýrslu nr. 1 um könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967. Vísast til hennar um efni könnunar nefndarinnar, niðurstöður og tillögugerð til stjórnvalda. Skýrslan er birt á heimasíðu forsætisráðuneytisins.⁴

Vistheimilanefnd hefur nú í samræmi við erindisbréf dags. 11. apríl 2008 lokið við áfangaskýrslu nr. 2 um könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans að Jaðri 1946-1973. Nefndin fyrirhugar að skila lokaskýrslu um könnun sína til forsætisráðherra hinn 15. apríl 2011 og verða þá birtar niðurstöður könnunar á starfsemi Upptökuheimili ríkisins og Unglingaheimili ríkisins.

² Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 28-29.

³ Barnavernd á Íslandi, bls. 52-53.

⁴ Sjá, <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/2009-09-afangaskyrsla1-konnun-barnaheimila.pdf>

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 er mælt fyrir um hlutverk nefndarinnar við könnun á starfsemi þeirra vist- og meðferðarheimila og eftir atvikum sérskóla sem könnun nefndarinnar nær til. Samkvæmt erindisbréfi forsætisráðherra dags. 11. apríl 2008 og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007, eins og það verður að túlka í ljósi athugasemda í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 26/2007, hefur hlutverk nefndarinnar við könnunina verið eftirfarandi:

1. Að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, hlutverki hennar í barnaverndar- og uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir, sbr. a. liður 2. mgr. 1. gr.
2. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á viðkomandi stofnun hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvölinni stóð, sbr. b. liður 2. mgr. 1. gr.
3. Að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi hafi verið háttað, sbr. c. liður 2. mgr. 1. gr.
4. Að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til, sbr. d. liður 2. mgr. 1. gr.

2. Málsmeðferð nefndarinnar, verklag og aðferðir

Um málsmeðferð nefndarinnar, verklag og aðferðir hefur ítarlega verið fjallað í kafla 2 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1 sem afhent var forsætisráðherra hinn 31. ágúst 2009. Nefndin telur þó rétt samhengisins vegna að gera í stórum dráttum grein fyrir einstökum þáttum við verklag nefndarinnar við könnun þessa og aðferðum en að öðru leyti vísast til umfjöllunar í áfangaskýrslu nr. 1.

Verklag nefndarinnar og gagnaöflun hefur í meginatriðum verið greint niður í eftirfarandi sex þætti:

1. Öflun skjallegra gagna frá opinberum stofnunum og greinargerða af hálfu sérfræðinga.
2. Vettvangsferðir nefndarmanna og starfsmanna nefndarinnar.
3. Viðtöl við fyrrverandi vistmenn og fyrrverandi nemendur.
4. Skýrslutökur af fyrrverandi starfsmönnum og öðrum opinberum starfsmönnum.
5. Greining og ályktanir af upplýsingum sem aflað hefur verið í formi skjallegra gagna, munnlegra framburða og álitsgerða sérfræðinga.
6. Mat og framsetning tillagna og annarra viðbragða í tilefni af niðurstöðum.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 skal nefndin hafa frjálstan og óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda. Á grundvelli þess ákvæðis hefur nefndin óskað formlega eftir í bréfi til ráðuneyta, Þjóðskjalasafns Íslands, Borgarskjalasafns Reykjavíkur, héraðsskjalasafna, félagsþjónusta sveitarfélaga og annarra opinberra stofnana, að þau afhendi nefndinni þau gögn sem kynnu að vera í vörslu þeirra og varða starfsemi þeirra stofnana sem nefndin hefur tekið til könnunar. Nefndinni hefur borist töluvert magn skjala frá fyrrgreindum stofnunum. Um er að ræða almenn gögn varðandi starfsemi þeirra stofnana sem lúta könnun nefndarinnar, ásamt gögnum um málefni þeirra einstaklinga sem þar dvöldu. Nánar er fjallað um skjallega gagnaöflun og þau gögn sem bárust nefndinni um hverja stofnun fyrir sig og þá einstaklinga sem þar dvöldu í kafla 3.1 í V., VI. og VII. hluta skýrslunnar.

Vistheimilaneftnd hefur í störfum sínum sjálf tekið saman sérfræðilegar greinargerðir um einstaka þætti sem hún hefur nýtt við ritun skýrslna auk þess að leita eftir samstarfi og greinargerðum utanaðkomandi sérfræðinga. Í 4. kafla í III. hluta skýrslunnar er birt greinargerð vistheimilaneftndar *um upprifjanir æskuminninga á fullorðinsárum*, en við ritun hennar naut nefndin aðstoðar Þorbjargar Sveinsdóttur, meistaranema í sálfræði við Háskóla Íslands og sérhæfðum rannsakanda í Barnahúsi. Bragi Guðbrandsson ritaði greinargerð fyrir nefndina um sögu uppeldisstofnana á Íslandi og helstu meginþætti barnaverndarmála á þeim tíma sem könnun nefndarinnar tekur til. Skýrsla Braga er birt í heild sinni sem fylgiskjal í skýrslu nefndarinnar um könnun á starfsemi vistheimilisins Breiðavík 1952-1979.⁵ Þá var óskað eftir að Valgerður Stefánsdóttir MA í uppeldis- og menntunafraði ritaði greinargerð um kennslustefnur í kennslu heyrnarlausra, um stöðu íslenska táknumálsins og að hún gerði grein fyrir niðurstöðum þeirra rannsókna sem gerðar höfðu verið á félagslegri stöðu heyrnarlausra, í tilefni af könnun nefndarinnar á starfsemi Heyrnleysingjaskólans. Greinargerð Valgerðar er birt í heild sinni sem fylgiskjal í áðurnefndri áfangaskýrslu nr. 1.⁶ Þá óskaði nefndin einnig eftir að Arthur Morthens, verkefnisstjóri sérkennslu, skrifstofu fræðslustjóra Reykjavíkurborgar, ritaði greinargerð um sérkennslu á Íslandi, um tildrög náms barna í

⁵ Sjá skýrsluna ásamt fylgiskjöllum:

http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Breidavik_skyrsla_2.pdf

⁶ Sjá skýrsluna ásamt fylgiskjöllum: <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/2009-09-afangaskyrsla1-konnun-barnaheimila.pdf>

sérskólum og hlutverk þeirra í barnaverndarmálum. Greinargerð Arthurs hefur verið höfð til hliðsjónar við könnun á starfsemi heimavistarskólans að Jaðri sem er birt í VII. hluta skýrslunnar.

Eins og fyrr er getið hefur nefndin frá skipun hennar í apríl 2007 tekið til könnunar níu stofnanir. Í störfum sínum hefur nefndin leitast við að afla ítarlegra upplýsinga um daglegan rekstur viðkomandi stofnana ásamt því að afla sér þekkingar á staðháttum og byggingum þar sem viðkomandi stofnanir voru starfræktar. Í því skyni hefur nefndin farið í vettvangsferðir og heimsótt húsakynni þar sem viðkomandi stofnanir voru starfræktar. Tilgangur vettvangsheimsókna hefur einkum verið sá að gefa nefndarmönnum kost á að afla sér þekkingar frá fyrstu hendi á staðháttum og byggingum, meðal annars til undirbúnings því að taka viðtöl við vistmenn og starfsmenn. Dagana 8. og 9. ágúst 2008 heimsóttu nefndarmenn og starfsmenn húsakynni sem hýstu vistheimilið Reykjahlíð og heimavistarskólann að Jaðri. Byggingar vistheimilisins Silungapolls sem staðsettar voru skammt frá Suðurlandsvegi í nágrenni Reykjavíkur hafa verið rifnar.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 er nefndinni heimilt að taka skýrslu af fyrrverandi vistmönnum og hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búi yfir vitneskju sem komi að notum í starfi hennar enda veiti þeir samþykki sitt. Á þeim grundvelli og í ljósi hlutverks nefndarinnar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 var við það miðað að afla þyrfti eins og kostur er upplýsinga frá þeim sem vistaðir voru eða voru eftir atvikum við nám á þeim stofnunum sem lúta könnun nefndarinnar. Nefndin hefur í störfum sínum, þar sem ekki hefur verið um óviðráðanlegan fjölda að ræða, boðið öllum fyrrverandi vistmönnum og fyrrverandi nemendum sem hún hefur nægar persónuupplýsingar um viðtal í stað þess að velja úrtak. Þá væri einnig tryggt að öllum þeim sem þess óskuðu gæfist raunhæfur kostur á að gefa nefndinni upplýsingar um veru sína og reynslu af dvöl á viðkomandi vistheimili eða sérskóla. Sú aðferð sem notuð hefur verið við undirbúning viðtala við fyrrverandi vistmenn er að senda þeim sem nefndin hefur upplýsingar um bréf og bjóða þeim að koma til viðtals við nefndina. Þessi háttur var hafður á varðandi vistmenn Reykjahlíðar og nemendur heimavistarskólans að Jaðri. Á hinn bóginn var tekin sú ákvörðun af hálfu nefndarinnar að sú leið væri ekki fær varðandi vistmenn vistheimilisins Silungapolls. Tæplega eitt þúsund einstaklingar voru þar vistaðir á starfstíma heimilisins og eðli málsins samkvæmt verulegum erfiðleikum bundið fyrir

nefndina að afla með nægjanlega skjóttum hætti upplýsinga um þá einstaklinga svo unnt væri að komast í samband við þá bréfleiddis eða símleiddis. Af þeim sökum var tekin sú ákvörðun að birta auglýsingar í dagblöðum þar sem óskað var eftir því að þeir einstaklingar sem dvalið hefðu á Silungapólli og hefðu áhuga á að greina frá reynslu af dvöl sinni hefðu að eigin frumkvæði samband við nefndina. Auglýsingar voru birtar tvívegis í *Morgunblaðinu* og *Fréttablaðinu*, dagana 31. október 2009 og 4. nóvember 2009. Þá var einnig send fréttatilkynning hinn 4. janúar 2010 til allra helstu fjölmiðla þar sem athygli var vakin á því að nefndin leitaðist við að komast í samband við þá einstaklinga sem dvalið höfðu á Silungapólli. Alls komu til viðtals við nefndina 74 fyrrverandi vistmenn Silungapólls, 42 fyrrverandi vistmenn Reykjahlíðar og 54 fyrrverandi nemendur heimavistarskólans að Jaðri.

Viðtöl við fyrrverandi vistmenn og fyrrverandi nemendur voru að jafnaði í því formi að viðtal var tekið af einum nefndarmanni eða löglærðum framkvæmdastjóra nefndarinnar. Í upphafi hvers viðtals var hlutaðeigandi gerð grein fyrir réttarstöðu sinni samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007. Var sérstaklega áréttað að þeim sem gæfi skýrslu fyrir nefndinni væri heimilt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla mætti að í svari hans fælist játning eða bending um að hann hefði framið refsiverðan verknað eða að það gæti orðið honum til mannorðsspjalla. Var þannig höfð hliðsjón af ákvæðum 118. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og 143. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá var í samræmi við 5. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 vakin athygli á því að sá sem vísvitandi gæfi nefndinni rangar eða villandi upplýsingar skyldi sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum mánuðum. Þá var viðmælandi beðinn að undirrita skjal þess efnis að honum hefði verið kynnt réttarstaða sín. Loks var óskað skriflegs samþykkis þess er komin var í viðtal um að viðtalið yrði hljóðritað.

Þá höfðu nokkrir einstaklingar símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni á þeim þremur stofnunum sem fjallað er um í þessari skýrslu en nánar er gerð grein fyrir fjölda þeirra í kafla 5.2 í V., VI. og VII. hluta hér síðar í umfjöllun um hverja stofnun fyrir sig. Auk þess sendu nokkrir tölvupóst til að greina frá reynslu sinni. Nefndin hefur tekið tillit til þeirra upplýsinga sem henni hefur borist með þessum hætti í ályktunum sínum og niðurstöðum eins og nánar er rakið í kafla 5.2 í V., VI. og VII. hluta áfangaskýrslunnar. Nefndin tekur þó fram að vægi upplýsinga um atburði, atvik og að-

stæður á tiltekinni stofnun, sem henni hafa borist símleiðis eða í tölvupósti, hlýtur eðli máls samkvæmt að vera takmarkaðra en upplýsinga sem nefndinni hafa verið veittar með formlegum viðtölum, sem hafa verið hljóðrituð, þar sem jafnframt hefur verið gætt réttarstöðu hlutaðeigandi og áminnt hefur verið um sannsögli eins og áskilið er í lögum nr. 26/2007. Í viðtölum hafa nefndarmenn átt þess kost að spyrja fyrirfram ákveðinna spurninga um tiltekin atriði og þar með hefur þeim gefist kostur á að leggja efnislegt mat á framburði viðmælenda. Viðtöl nefndarmanna við fyrrverandi vistmenn og starfsmenn eru þannig megingrundvöllur ályktana nefndarinnar á trúverðugleika einstakra frásagna. Um slíkt er ekki að ræða þegar nefndinni berast upplýsingar í formi símtala eða tölvupósta.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 er læknum, öðru heilbrigðisstarfsfólki og opinberum starfsmönnum, sem ella væru bundnir þagnarskyldu, skylt að veita nefndinni upplýsingar sé þess óskað, eftir atvikum með því að gefa nefndinni skýrslu. Hið sama gildir um þá sem látið hafa af störfum. Þá er nefndinni heimilt samkvæmt 2. mgr. 3. gr. að taka skýrslu af hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búi yfir vitneskju sem komi að notum í starfi hennar enda veiti þeir samþykki sitt. Á þeim grundvelli voru teknar skýrslur af tilgreindum starfsmönnum sem nefndin taldi að gætu varpað ljósi á atvik og aðstæður í starfsemi viðkomandi stofnana. Var einkum um þá að ræða sem voru í starfi forstöðumanna og skólustjóra og þá starfsmenn aðra sem sinntu almennum störfum eða störfum kennara á heimavistarskólanum að Jaðri. Leitast var við að taka viðtöl við starfsmenn á hverju tímabili í starfsemi viðkomandi stofnana, svo heildarmynd fengist af starfi hvernar stofnunar fyrir sig, eins og það horfði við starfsmönnum. Á tímabilinu janúar 2009 til júní 2010 voru teknar skýrslur af 40 fyrrverandi forstöðumönnum, kennurum og öðrum starfsmönnum Reykjahlíðar, Silungapolls og Jaðars.

Nefndin starfar á grundvelli laga nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Ber henni því að haga málsmeðferð sinni og aðferðum í samræmi við þann lagagrundvöll og þau sjónarmið sem telja má að leiði af þeim fyrirmælum sem Alþingi hefur sett. Við mat á þeim aðferðum sem nefndinni ber að leggja til grundvallar í störfum sínum hefur hún horft til þess að nýverið hefur nefndin lokið sambærilegri könnun á starfsemi vistheimilisins Kumbaravogs, skólaheimilisins Bjargs og Heyrnleysingjaskólans. Um aðferðir nefndarinnar við þá könnun og ályktanir

um einstaka efnisþætti var fjallað í kafla 2.6 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1, sem afhent var forsætisráðherra hinn 31. ágúst 2009. Nefndin tekur nú fram að við könnun sína, sem liggur til grundvallar þessari 2. áfangaskýrslu, hefur nefndin í meginatriðum haldið sig við þær aðferðir sem mótaðar voru við gerð áfangaskýrslu nr. 1. Eins og þar er rakið beinist könnun nefndarinnar einkum að því að staðreyna, eins og kostur er, hvort einstaklingar, sem vistaðir voru á tilteknum stofnunum sem starfræktar voru á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila á grundvelli opinbers leyfis, hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi. Tilgangur könnunarinnar er ekki sá samkvæmt lögum nr. 26/2007 að fjalla um og leggja sérstakt mat á sannleiksgildi frásagna um einstök tilvik enda er slík aðferð, í ljósi fyrirbyggjandi gagna og eðli málsins samkvæmt, að jafnaði ekki fær þannig að niðurstöður geti talist öruggar eða viðhlítandi. Af þeim sökum hefur nefndin í störfum sínum leitast við að varpa almennu ljósi á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að ill meðferð og ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar, hafi átt sér stað á einstökum tímabilum í starfsemi þeirra stofnana sem nú lúta könnun nefndarinnar. Með því er lagt til grundvallar að ekki séu af hálfu nefndarinnar forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi einstakra frásagna sem mynda þá heild sem ályktunargrundvöllur hennar er reistur á.

3. Samantekt og helstu niðurstöður áfangaskýrslu nr. 2

Almenn atriði

Í kjölfar skýrslu vistheimilaneftndar um starfsemi Breiðavíkurheimilisins, dags. 31. janúar 2008, og tillagna hennar um viðbrögð stjórnvalda, var nefndinni afhent nýtt erindisbréf forsætisráðherra, dags. 11. apríl 2008, þar sem mælt var fyrir um framhald á störfum hennar. Var vistheimilaneftnd falið að taka með almennum hætti afstöðu til þess hvaða stofnanir féllu undir gildissvið laga nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, og að afmarka nánar það tímabil sem nefndin beindi sjónum sínum að, m.a. í ljósi gildandi barnaverndarlöggjafar á hverjum tíma. Á fundi nefndarinnar 29. apríl 2008 var erindisbréf forsætisráðherra tekið til umfjöllunar og tekin sú ákvörðun að átta tilteknar stofnanir sem falla undir gildissvið laga nr. 26/2007 yrðu teknar til könnunar. Þær stofnanir eru Heyrnleysingjaskólinn, vist-

heimilið Kumbaravogur, skólaheimilið Bjarg, vistheimilið Reykjahlíð, vistheimilið Silungapollur, heimavistarskólinn að Jaðri, Upptökuheimili ríkisins og Unglingaheimili ríkisins.

Í áfangaskýrslu nr. 1, sem vistheimilanevnd afhenti forsætisráðherra hinn 31. ágúst 2009 koma fram ályktanir og niðurstöður hennar af könnun á starfsemi Heyrnleysingja-skólans 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967. Í áfangaskýrslu nr. 2 sem vistheimilanevnd hefur nú lokið og afhent forsætisráðherra, koma fram ályktanir og niðurstöður nefndarinnar á könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans að Jaðri 1946-1973. Fyrirhugað er að niðurstöður könnunar nefndarinnar á starfsemi Upptökuheimili ríkisins og Unglingaheimili ríkisins verði birtar í lokaskýrslu nefndarinnar hinn 15. apríl 2011.

Verkefni nefndarinnar

Lögbundið hlutverk nefndarinnar er samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 fjórþætt: *Í fyrsta lagi* að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, hlutverki hennar í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir. *Í öðru lagi* að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð. *Í þriðja lagi* að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað. *Í fjórða lagi* að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Í ljósi þess lögboðna hlutverks nefndarinnar, sem rakið er hér að ofan, hefur nefndin hvorki haft tilefni né viðhlítandi forsendur til að taka til athugunar ýmsa þætti er beinast að almennum aðbúnaði og þjónustu við vistmenn, eftir atvikum nemendur, þeirra stofnana sem fjallað er um í þessari skýrslu, enda standa þeir utan við þá meginþætti sem könnunin á að beinast að samkvæmt lögum nr. 26/2007. Hér má *í fyrsta lagi* nefna að af gögnum virðist mega ráða að húsakostur og byggingar á Silungapollu hafi ekki verið fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar var rekin. *Í öðru lagi* hafa margir fyrrverandi nemendur heimavistarskólans að Jaðri gert verulegar athugasemdir við þá fræðslu og þá menntun sem í boði var á starfstíma skólans. Ljóst er að samkvæmt þágildandi lögum um fræðslu barna og barnaverndarlögum var skylt að veita nemendum á Jaðri lögboðna

fræðslu. Margir fyrrverandi nemendur Jaðars lýstu því að þeir teldu sig hafa farið á mis við grunnmenntun og töldu að vist þeirra á Jaðri hefði haft þar verulega neikvæð áhrif. Sumir vistmanna tóku fram að þeir teldu að menntunarskortur á meðan á dvöl þeirra á Jaðri stóð hafi skert lífsgæði þeirra og framtíðarmöguleika. Ekki er ástæða að mati nefndarinnar til að draga í efa að frásagnir fyrrverandi nemenda skólans og upplifun þeirra eigi að einhverju leyti við rök að styðjast. Nefndin ítrekar hins vegar að ekki eru forsendur til þess að hún taki frekari afstöðu til þessa þáttar í störfum skólans. Hefur nefndin einnig litið til þess hvernig verkefni hennar eru skilgreind í lögum nr. 26/2007. Í lokaskýrslu nefndarinnar, sem stefnt er að því að ljúka í apríl 2011, mun nefndin þó leitast við að draga saman í heildstæða greinargerð ýmsar almennar ályktanir hennar um barnaverndarstarf á árum áður eins og það horfir við að loknu starfi nefndarinnar, þ. á m. um aðbúnað og aðstæður barna á þeim stofnunum sem skýrslur nefndarinnar taka til.

Um tildrög vistunar barna

Við könnun sína á tildrögum að vistun barna hefur nefndin *annars vegar* tekið til athugunar hvaða efnislegu ástæður lágu að baki því að þörf var talin á slíkri ráðstöfun og *hins vegar* hvernig málsmeðferð hjá barnaverndarnefndum var þá háttað. Þá hefur nefndin við könnun sína einnig tekið til athugunar hvort efnislegar og lögbundnar forsendur lágu að baki tildrögum náms einstaklinga á heimavistarskólanum að Jaðri og hvaða verklag var þá viðhaft.

Afmörkun hugtakanna „ill meðferð“ og „ofbeldi“ í merkingu b-liðar 2. mgr.1. gr. laga nr. 26/2007

Við athugun á þessum meginþætti könnunar nefndarinnar var í upphafi talin þörf á að afmarka nánar hugtökin *ill meðferð* og *ofbeldi*, sbr. b-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007, þannig að tryggt væri að könnun nefndarinnar miðaðist við að staðreyna, eins og mögulegt væri, hvort upplýsingar um aðstæður og atvik, sem upplýsingaöflun leiddi í ljós, félli að þeim hlutlægu efnisþáttum sem taldir yrðu falla undir þessi hugtök. Það var niðurstaða nefndarinnar að miða beri við það að undir hugtökin *ill meðferð* og *ofbeldi* falli hvers konar meðferð barns, sem vistað var á vist- eða meðferðarheimili eða stundaði nám á opinberri stofnun á árunum 1947-1992, sem hlutlægt séð má telja að hafi verið ómannúðleg eða vanvirðandi. Þar undir féll eðli málsins samkvæmt bein líkamleg vald-

beiting gagnvart barni í formi refsinga, þar sem valdið var óþarfa sársauka, enda var athöfnin ekki liður í lögmætum aðgerðum til að afstýra ofbeldi á milli manna eða yfirvofandi hættu á slíku ofbeldi eða tjóni á verðmætum. Nefndin fær með öðrum orðum ekki séð að forstöðumanni eða öðrum starfsmönnum á uppeldis- eða opinberri menntastofnun hafi á þeim árum, sem könnunin tekur til, verið heimilt að beita beinu líkamlegu ofbeldi í agaskyni, en með 6. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna var mælt fyrir um ótvírætt bann við slíkum athöfnum. Þá er vafalaust í ljósi ofangreindrar umfjöllunar að áðurnefnd hugtök geta ekki einskorðast við beina líkamlega valdbeitingu. Undir hugtakið ill meðferð féllu einnig athafnir gagnvart barni, sem vistað var á stofnun, sem voru ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi í garð barnsins og þær athafnir eða athafnaleysi starfsmanna og eftir atvikum annarra opinberra aðila, sem voru til þess fallnar að valda barni líkamlegum eða andlegum skaða.

Ályktunargrundvöllur nefndarinnar um illa meðferð og ofbeldi

Tilgangur könnunar vistheimilaneftndar er ekki sá samkvæmt lögum nr. 26/2007 að leggja mat á sannleiksgildi frásagna um dvöl *hvers og eins* þeirra sem voru vistaðir á vistheimilinu Silungapólli, vistheimilinu Reykjahlíð eða stunduðu nám við heimavistar-skólann að Jaðri, enda er slík aðferð, í ljósi fyrirbyggjandi gagna, eðli málsins samkvæmt ekki fær þannig að niðurstöður geti talist áreiðanlegar. Kemur þar *í fyrsta lagi* til að ýmsir þeir, sem varpað gætu ljósi á einstaka tímabil í starfsemi stofnanna, bæði vistmenn, nemendur og starfsmenn, eru látnir. *Í öðru lagi* er ljóst að frásagnir vistmanna eða nemenda eru misjafnar að efni til að því er varðar upplýsingar um dvölinu eða námstímann, enda jafnan verulega langt um liðið síðan þeir voru á viðkomandi stofnun. *Í þriðja lagi* er ljóst af skjallegru gagnaöflun nefndarinnar að einstakar frásagnir um illa meðferð eða ofbeldi fá almennt ekki stuðning í rituðum gögnum frá þessum tíma.

Samkvæmt ofangreindu var það niðurstaða nefndarinnar að verkefni hennar væri að leitast við að varpa *almennu ljósi* á sannleiksgildi frásagna. Nefndin lagði því nánar tiltekið mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum hvort telja yrði, *þegar á heildina væri litið*, að *meiri líkur en minni* væru á því að ill meðferð eða ofbeldi hefði átt sér stað á einstökum tímabilum í starfsemi stofnananna. Með því var lagt til grundvallar að ekki væru af hálfu nefndarinnar forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi *einstakra frásagna* sem mynda þá heild sem ályktunargrundvöllur hennar væri reistur á. Með þessu móti telur nefndin heildarmat sitt og ályktanir af framburði viðmælenda

byggjast á viðhlítandi forsendum með ákveðnum fyrirvörum, sem nánar er gerð grein fyrir í skýrslunni.

Vistheimilanefnd tekur þó að lokum fram að þrátt fyrir að eiga, þegar á heildina er litið, jákvæðar minningar frá dvölinni greindi hluti vistmanna frá því að hafa liðið illa á meðan á dvölinni stóð sem einkum hefði mátt rekja til aðskilnaðar við fjölskyldur og að sá raunveruleiki að hafa alist upp á barnaheimili meirihluta barnæskunnar eða stunda nám í skóla fjarri heimilum sínum hefði haft neikvæðar afleiðingar fyrir þau. Það verður með engu móti dregið í efa að mati vistheimilanefndar að dvölin á vistheimilum eða sérskólum hafi verið þungbær fyrir suma, enda voru einstaklingarnir á barnsaldri á þeim tíma sem þeir dvöldu á stofnununum, fjarri foreldrum eða munaðarlaus. Ekki verður hins vegar ráðið af framburði vistmanna, nemenda og starfsmanna, og öðrum fyrirbyggjandi gögnum, að þessi eðlilega vanlíðan sumra vistmanna og eftir atvikum nemenda hafi með beinum hætti verið afleiðing af því að þessir vistmenn hafi þurft að þola háttsemi annarra, vistmanna eða starfsmanna, sem unnt er að flokka sem illa meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin hefur verið í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Almennt um opinbert eftirlit og ályktunargrundvöll nefndarinnar

Það er niðurstaða nefndarinnar að þegar nánar er litið til þeirra krafna sem gerðar voru til hins opinbera eftirlits með starfsemi vistheimilisins Silungapolls, vistheimilisins Reykjahlíðar og heimavistarskólans að Jaðri samkvæmt lögum á starfstíma þeirra, verði í upphafi að líta til þess að inntak opinbers eftirlits með sérskólum og uppeldisstofnunum á sviði barnaverndarmála var breytilegt. Varð það hverju sinni að taka mið af eðli og uppbyggingu viðkomandi stofnunar, staðsetningu hennar, þeim hópi barna sem átti að sinna á slíkri stofnun, kröfum til faglegrar þekkingar, menntunar og annarra eiginleika sem gera varð til starfsmanna, ytri og innri aðbúnaði stofnunarinnar og loks þeim markmiðum sem viðkomandi vistun eða námsdvöl var ætlað að ná. Þá yrði við mat á hvort opinbert eftirlit með starfsemi vitheimilisins Silungapolls, vistheimilisins Reykjahlíðar og heimavistar-skólans að Jaðri hafi verið fullnægjandi og í samræmi við lög að huga annars vegar að því sem kalla má *ytra eftirlit* af hálfu þeirra stjórnvalda, sem samkvæmt lögum og reglum var falið að hafa umsjón og eftirlit með líðan og velferð barna, sem vistuð voru á uppeldisstofnunum eða í sérskólum. Hins vegar yrði að meta hvernig háttað var skipulagi og framkvæmd þess þáttar, sem kalla má *innra eftirlit* með starfsemi stofnananna, þ.e. þeirra

umsjónar- og eftirlitsskyldna sem hvíldu á herðum forstöðumanns, skólastjóra og eftir atvikum annarra starfsmanna undir þeirra stjórn.

Vistheimilið Silungapollur

Almennt um hlutverk Silungapolls

Reykjavíkurborg starfrækti á árunum 1950-1969 vistheimilið Silungapoll, við Suðurlandsveg í nágrenni Reykjavíkur, sem vistheimili fyrir börn og úrræði fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur til að vista börn ef ástæður fyrir töku barns af heimili og vistun þess utan heimilis mátti rekja til bágra uppeldisaðstæðna, s.s. veikinda foreldra, vanrækslu, ofbeldis eða áfengisneyslu. Vistheimilið Silungapollur var ætlað fyrir börn á aldrinum 3-7 ára og var rými fyrir allt að 30 börn samtímis. Á starfstíma heimilisins var 951 barn vistað þar af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Samhliða starfrækti Rauði kross Íslands sumardvöl fyrir börn á Silungapollu en þeirri starfsemi var hætt árið 1965 þegar Reykjavíkurborg keypti húsnæðið að Silungapollu sem reist hafði verið árið 1930 og var í eigu Oddfellow reglunnar. Á hverju sumri dvöldu allt að 60 börn á vegum Rauða kross Íslands á Silungapollu.

Um tildrög vistunar barna á Silungapollu

Við könnun sína á tildrögum vistunar barna á vistheimilinu Silungapollu hefur nefndin *annars vegar* tekið til athugunar hvaða efnislegu ástæður og forsendur lágu að baki því að þörf var talin á slíkri ráðstöfun og *hins vegar* hvernig málsmeðferð hjá barnaverndarnefndar Reykjavíkur var þá háttað en einungis börn búsett í Reykjavík voru vistuð á heimilið.

Í *fyrsta lagi* er það niðurstaða nefndarinnar að tilefni upphaflegra afskipta barnaverndarnefndar Reykjavíkur og síðar tilefni ákvarðana um vistun barna á Silungapollu hafi í langflestum tilvikum fallið innan lögbundinna marka 26. gr. laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og 26. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Á hinn bóginn telur nefndin að í *undantekningartilvikum* kunni að hafa leikið vafi á því að forsendur fyrir slíkri ákvörðun hafi stuðst við nægjanlegan lagagrundvöll. Hafi þá börn verið vistuð fyrst og fremst vegna fátæktar á heimili eða þörf foreldra, oftast móður, fyrir vistun barns vegna vinnu utan heimilis, en ekki beinlínis eða í meginatriðum vegna bágra

uppeldisaðstæðna, sem rekja hafi mátt s.s. til veikinda, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra.

Í öðru lagi er það niðurstaða nefndarinnar að vafi kunni að leika á því að málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi á tímabilinu 1950-1969 verið í samræmi við skyldur sem hvíldu á nefndinni samkvæmt lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og lögum nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Að mati nefndarinnar verður vart séð að ákvarðanir um vistun barna á vistheimilið Silungapoll hafi að meginstefnu til verið lagðar í lögformlegan farveg, enda hafi ákvarðanir í einstökum málum ekki verið teknar með þeim hætti sem fyrrgreind lög gerðu ráð fyrir, þ.e. á ályktunarhæfum fundi með samþykki meirihluta nefndarmanna í þeim tilvikum er ótvírætt samþykki foreldra lá fyrir ráðstöfun eða með skriflegum og rökstuddum úrskurði í þeim tilvikum er andstaða foreldra lá fyrir ráðstöfun barns á vistheimilið að Silungapollu. Þá telur vistheimilanefnd vafa leika á því að málsmeðferð barnaverndarnefndar varðandi neyðarráðstafanir barna á Silungapoll hafi verið lögum samkvæmt og slíkar ákvarðanir í fæstum tilvikum verið lagðar fyrir barnaverndarnefnd til fullnaðarafgreiðslu þegar í kjölfar þeirra.

Um hvort vistmenn á Silungapollu sættu illri meðferð eða ofbeldi

Vistheimilanefnd telur ekki ástæðu til að skipta umfjölluninni um hvort vistmenn á Silungapollu hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi eftir tímabilum. Á grundvelli þeirra skjalllegu gagna sem nefndin hefur undir höndum og þeirra upplýsinga sem fyrrverandi vistmenn og starfsfólk Silungapolls hafa veitt nefndinni í formi viðtala er ljóst að starfsemin hefur ekki beinlínis verið kaflaskipt þann tíma sem könnun nefndarinnar beinist að. Kemur þar í fyrsta lagi til að sama forstöðukonan gegndi forstöðu vistheimilisins lengst af, eða á tímabilinu 1956-1969 eða í 14 ár á tæplega 20 ára starfstíma heimilisins, og í öðru lagi voru flestir einstaklingar ungir þegar þeir voru vistaðir á heimilið en meðalaldur þeirra sem komu til viðtals við nefndina var 4,8 ár þegar þeir dvöldu á heimilinu og þær minningar sem þeir eiga frá dvöl sinni voru að jafnaði ekki tengdar við tiltekið tímabil eða tilteknar persónur sem þar störfuðu. Þá verður ekki merkt, ef litið er í heild sinni á efni viðtala sem nefndin tók við fyrrverandi starfsfólk og fyrrverandi vistmenn heimilisins, að starfsemin hafi verið ólík frá einum tíma til annars.

Til viðtals við nefndina komu 74 einstaklingar sem dvöldu sem börn á Silungapólli. Af þeim dvöldu 63 á vegum barnaverndaryfirvalda og 11 í sumardvöl á vegum Rauða kross Íslands. Er því ljóst að fjöldi þeirra fyrrum vistmanna sem veittu nefndinni viðtal er verulega lítill hlutfallslega eða ekki nema 6,6% ef miðað er við börn sem vistuð voru á vegum barnaverndarnefndar og 4,1% ef miðað er við áætlaðan heildarfjölda barna. Úr þeim hópi sem komu til viðtals við nefndina mundu 11 ekkert eftir dvöl sinni, en þeir komu einnig til viðtals vegna dvalar á öðrum stofnunum sem nefndin hefur kannað. Þá komu til viðtals við nefndina þrjár einstaklingar sem dvöldu á heimilinu á þeim tíma er félagasamtök sáu alfarið um rekstur heimilisins og koma því frásagnir þeirra ekki til álita þegar lagt er mat á starfsemi heimilisins. Í þessu ljósi liggja því til grundvallar mati nefndarinnar frásagnir 60 einstaklinga sem dvöldu á heimilinu. Ályktanir nefndarinnar af frásögnum þeirra 60 vistmanna sem gátu gefið nefndinni haldbærar upplýsingar um dvöl sína geta því eðli máls samkvæmt aðeins tekið til þess hvort meiri líkur en minni séu á því að vistmenn í þessum hópi hafi almennt séð sætt illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem hér er lögð til grundvallar.

Það er niðurstaða vistheimilanefndar að ekki séu forsendur til að álykta með þeim hætti að meiri líkur en minni séu á því að þeir vistmenn, sem komu fyrir nefndina, hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á Silungapólli í þeirri merkingu sem rakin hefur verið í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar. Á hinn bóginn tekur vistheimilanefnd fram að verulega gagnrýnivert sé að ákveðið hafi verið að nýta Silungapoll í þágu barnaverndarstarfs með því að vista þar annars vegar börn um langa hríð sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður og hins vegar börn sem dvöldu aðeins sumarlangt á vegum félagasamtaka. Þá telur vistheimilanefnd ljóst að aðstæður og húsakostur á Silungapólli hafi lengst af starfstímabilinu verið ófullnægjandi miðað við þá starfsemi sem þar var stunduð, allt of mörg börn hafi þar verið vistuð sum árin, bæði miðað við húsakost og starfsmannafjölda. Ótvírætt er að þessar aðstæður hafi verið til þess fallnar að gera dvöl barnanna miklum mun erfiðari en ella. Má enda rekja flestar þær neikvæðu minningar sem fram hafa komið frá vistmönnum sem veittu nefndinni viðtal, beint eða óbeint til þessara aðstæðna á Silungapólli. Ekki er hins vegar fært að álykta svo að framangreindar aðstæður á Silungapólli verði almennt séð flokkaðar sem ill meðferð eða ofbeldi í framangreindri merkingu. Hvað sem því líður telur vistheimilanefnd ástæðu til að taka það sérstaklega fram að starfsemi

Silungapolls var að mati nefndarinnar að þessu leyti ekki í samræmi við þau grundvallarviðmið í barnaverndarstarfi um að gætt yrði að velferð barna sem ráða mátti m.a. af þá-gildandi lögum um barnavernd og komu einnig fram hjá sérfræðingum á þessu sviði sem létu þessi mál til sín taka á starfstíma heimilisins.

Um hvort eftirlit með starfsemi Silungapolls hafi verið fullnægjandi

Vistheimilanevnd hefur við mat sitt á því hvort *opinbert eftirlit* og *innra eftirlit* með vistheimilinu Silungapoll hafi verið fullnægjandi ekki talið ástæðu til að skipta athugun sinni upp eftir tímabilum. Á starfstíma heimilisins voru í gildi annars vegar lög nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og lög nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Við gildistöku þeirra síðarnefndu voru engar breytingar gerðar á skipulagi eftirlitskerfisins.

Í fyrsta lagi telur vistheimilanevnd að eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi verið takmarkað en vistheimilanevnd hefur einungis verið unnt að afla skjallegra gagna um fjórar eftirlitsheimsóknir nefndarinnar á Silungapoll. Þá virðist einnig hafa skort á að eftirlitsheimsóknir starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti. Fyrir liggur að aldrei var bókað í fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur um eftirlitsheimsókn starfsmanna og þá benda skráningar í málum þeirra 225 einstaklinga úr hópi 951 einstaklings sem nefndinni er kunnugt um að hafi dvalið á Silungapoll, og sem nefndin hefur kannað, til þess að eftirlit með vistmönnum hafi verið takmarkað. Vistheimilanevnd telur einnig gagnrýnivert að barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem var hið fjölskipaða og lögbundna stjórnvald, sem að lögum átti að hafa beint eftirlit með vistheimilinu og þeim börnum sem þar voru vistuð af hennar hálfu, hafi ekki komið með beinum hætti að töku ákvarðana um einstakar eftirlitsheimsóknir, skipulag þeirra og tíðni og að því er virðist að öllu leyti falið starfsmönnum nefndarinnar að taka ákvarðanir um einstakar heimsóknir og um inntak þeirra.

Í öðru lagi telur vistheimilanevnd að skort hafi á að Barnaverndarráð hafi haft eftirlit með heimilinu, en ráðið fór einungis í 11 eftirlitsferðir þau tæplega 20 ár sem heimilið var starfandi. Auk þess verður að telja vafa leika á því að inntak þeirra eftirlitsheimsókna sem framkvæmdar voru af hálfu ráðsins hafi verið í samræmi við skyldur ráðsins.

Í þriðja lagi telur vistheimilanefnd vísbendingar um að innra eftirlit hafi að ákveðnu marki verið ófullnægjandi. Í því sambandi bendir nefndin á að á tilteknum tímabilum í starfsemi heimilisins var nýting á vistunarrýmum yfir 100% án þess að gerðar væru sérstakar ráðstafanir til að fjölga starfsfólki. Þá var að jafnaði einungis ein kona á næturvakt en vistheimilanefnd telur ekki óvarlegt að draga þá ályktun að verulegum erfiðleikum hafi verið háð fyrir einn starfsmann að annst einn síns liðs tugi barna.

Vistheimilið Reykjahlíð

Almennt um hlutverk vistheimilisins Reykjahlíðar

Reykjavíkurborg starfrækti vistheimilið Reykjahlíð, í Mosfellsdal, á árunum 1956-1972 sem vistheimili fyrir börn og úrræði fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur til að vista börn ef ástæður fyrir töku barns af heimili og vistun þess utan heimilis væri að rekja til bágra uppeldisaðstæðna, s.s. veikinda foreldra, vanrækslu, ofbeldis eða áfengisneyslu. Vistheimilið var ætlað fyrir börn á aldrinum 7-14 ára og rými var fyrir allt að 20-27 börn en rýmum fækkað í 13 árið 1967 og var miðað við þann fjölda til loka starfseminnar árið 1972. Á starfstíma heimilisins voru þar vistuð 144 börn.

Um tildrög vistunar barna í Reykjahlíð

Við könnun sína á tildrögum vistunar barna á vistheimilinu Reykjahlíð hefur nefndin *annars vegar* tekið til athugunar hvaða efnislegu ástæður og forsendur lágu að baki því að þörf var talin á slíkri ráðstöfun og *hins vegar* hvernig málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur var þá háttað en einungis börn búsett í Reykjavík voru vistuð á heimilið.

Í fyrsta lagi er það niðurstaða nefndarinnar að tilefni upphaflegra afskipta barnaverndarnefndar Reykjavíkur og síðar tilefni ákvarðana um vistun barna á vistheimilið hafi í langflestum tilvikum fallið innan lögbundinna marka 26. gr. laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og 26. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Á hinn bóginn telur nefndin að í *undantekningartilvikum* kunni að hafa leikið vafi á því að forsendur fyrir slíkri ákvörðun hafi stuðst við nægjanlegan lagagrundvöll. Hafi þá börn verið vistuð fyrst og fremst vegna eigin hegðunar, fátæktar á heimili eða þarfar foreldra, oftast móður, fyrir vistun barns vegna vinnu utan heimilis, en ekki beinlínis eða í meginatriðum

vegna bágra uppeldisaðstæðna, sem rekja hafi mátt s.s. til veikinda, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra.

Í öðru lagi er það niðurstaða nefndarinnar að vafi kunni að leika á því að málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi á tímabilinu 1956-1972 verið í samræmi við skyldur sem hvíldu á nefndinni samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966. Að mati nefndarinnar verður vart séð að ákvarðanir um vistun barna á vistheimilið Reykjahlíð hafi að meginstefnu til verið lagðar í lögformlegan farveg, enda hafi ákvarðanir í einstökum málum ekki verið teknar með þeim hætti sem fyrrgreind lög gerðu ráð fyrir, þ.e. á ályktunarhæfum fundi með samþykki meirihluta nefndarmanna í þeim tilvikum er ótvírætt samþykki foreldra lá fyrir ráðstöfun eða með skriflegum og rökstuddum úrskurði í þeim tilvikum er andstaða foreldra lá fyrir ráðstöfun barns á vistheimilið Reykjahlíð. Er sú niðurstaða samhljóða niðurstöðu vistheimilanefndar um vistun barna á vistheimilið Silungapoll.

Um hvort vistmenn í Reykjahlíð sættu illri meðferð eða ofbeldi

Á grundvelli þeirra skjallegu gagna sem nefndin hefur undir höndum og þeirra upplýsinga sem fyrrverandi vistmenn og starfsfólk Reykjahlíðar hafa veitt nefndinni í formi viðtala er ljóst að starfsemin hefur verið kaflaskipt þann tíma sem könnun nefndarinnar beinist að. Upplýsingar eru að jafnaði miðaðar við hver gegndi forstöðu heimilisins en tvær konur gegndu forstöðu þess. Með það í huga var það niðurstaða vistheimilanefndar að fjallað yrði um niðurstöður af viðtölum við fyrrverandi vistmenn og fyrrverandi starfsmenn heimilisins eftir neðangreindum tímabilum:

Tímabil nr. 1 – 1956-1961 – forstöðukona nr. 1

Tímabil nr. 2 – 1961-1972 – forstöðukona nr. 2

A. Tímabil nr. 1 – 1956-1961 / forstöðukona nr. 1

Til viðtals við nefndina komu tíu fyrrverandi vistmenn, áttar karlar og tvær konur, eða 21,2% vistmanna heimilisins á þessu tímabili. Einnig komu til viðtals fjórar fyrrverandi starfskonur heimilisins. Þá tók nefndin viðtal við nágretta heimilisins í áratugi og son fyrrverandi starfskonu.

Það er niðurstaða vistheimilanefndar að þegar á heildina er litið verði ekki talið að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn í Reykjahlíð á tímabilinu 1956-1961 hafi sætt

illri meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsmanna eða annarra vistmanna í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

B. Tímabil nr. 2 – 1961-1972 / forstöðukona nr. 2

Til viðtals við nefndina komu 37 fyrrverandi vistmenn, 25 karlar og 12 konur, eða 31,8% vistmanna heimilisins á þessu tímabili. Þrír úr þeim hópi sem komu einnig til viðtals vegna dvalar á öðru vistheimili mundu afar lítið eftir dvölinni á heimilinu og liggja frásagnir þeirra því ekki til grundvallar þegar lagt er mat á starfsemi heimilisins. Frásagnir 34 vistmanna koma því til álita þegar lagt er mat á starfsemi heimilisins, eða 23 karla og 11 kvenna. Til viðtals við nefndina kom fyrrverandi forstöðukona heimilisins og fimm fyrrverandi starfskonur. Þá tók nefndin viðtal við áðurnefndan nágranna heimilisins í áratugi og son fyrrverandi starfskonu.

Í fyrsta lagi er það niðurstaða vistheimilanefndar að ekki verði talið þegar á heildina er litið að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn í Reykjahlíð hafi beitt aðra vistmenn illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Í öðru lagi er það niðurstaða vistheimilanefndar að ekki verði talið þegar á heildina er litið að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn í Reykjahlíð hafi beitt aðra vistmenn kynferðislegu ofbeldi eða kynferðislegri áreitni í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Í þriðja lagi er það niðurstaða vistheimilanefndar að ekki verði talið þegar á heildina er litið að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi forstöðukona og fyrrverandi starfsmenn heimilisins hafi beitt vistmenn illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar. Á hinn bóginn telur vistheimilanefnd að til staðar séu trúverðugar vísbendingar um að forstöðukona heimilisins hafi í samskiptum við suma vistmenn ekki gætt að þeim lögbundnu skyldum sínum að gæta virðingar, tillits og nærgætni í samskiptum við þá einstaklinga sem henni var falin ábyrgð á.

Í fjórða lagi er það niðurstaða vistheimilanefndar að telja verði meiri líkur en minni á því að sumir vistmenn í Reykjahlíð hafi sætt kynferðislegu ofbeldi af hálfu gestkomandi einstaklings í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Um hvort opinbert eftirlit með starfsemi Reykjahlíðar hafi verið fullnægjandi

Vistheimilanevnd hefur við mat sitt á því hvort *opinbert eftirlit og innra eftirlit* með vistheimilinu Reykjahlíð hafi verið fullnægjandi skipt athugun sinni í fyrsta lagi upp eftir tímabilinu 1956-1966, þegar ákvæði laga um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 giltu um eftirlit með vistheimilinu, og í öðru lagi upp eftir tímabilinu 1966-1972 þegar ákvæði laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 giltu um eftirlit með vistheimilinu. Við gildistöku laga nr. 53/1966 urðu kerfisbreytingar á skipan eftirlits með vist- og meðferðarheimilum með þeim hætti að barnaverndarnefnd í umdæmi rekstraraðila var gert að hafa eftirlit með viðkomandi stofnun auk barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem stofnunin var staðsett. Á gildistíma laga nr. 29/1947 var það einungis á hendi barnaverndar í því umdæmi þar sem heimilið var staðsett að hafa eftirlit með því.

A. Tímabilið 1956-1966

Í fyrsta lagi er það niðurstaða vistheimilanevndar að skólanefnd Mosfellssveitar hafi á árunum 1956 til ársins 1966, er ný lög um vernd barna og ungmenna tók gildi, ekki haft eftirlit með vistheimilinu Reykjahlíð. Þá ályktun styður að skólanefnd Mosfellsveitar hafði á árunum 1956 til 1963 ítrekað gert grein fyrir því í skýrslum til Barnaverndarráðs að hún teldi það ekki hlutverk nefndarinnar að hafa eftirlit með heimilinu.

Í öðru lagi telur vistheimilanevnd að eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi einnig verið takmarkað. Þá virðist einnig hafa skort á að eftirlitsheimsóknir starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti og þá liggur fyrir að einungis einu sinni á tímabilinu er bókað í fundargerðabók barnaverndarnefndar Reykjavíkur um eftirlitsheimsókn í Reykjahlíð.

Í þriðja lagi telur vistheimilanevnd að Barnaverndarráð hafi vanrækt að leiðbeina skólanefnd Mosfellssveitar um lögbundið eftirlitshlutverk og þá hafi einnig skort á að Barnaverndarráð hafi haft fullt eftirlit með heimilinu, en ráðið fór einungis í sjö eftirlitsferðir á tímabilinu. Auk þess verður að telja vafa leika á því að inntak eftirlitsheimsókna af hálfu ráðsins hafi verið í samræmi við yfirumsjónarskyldur ráðsins.

Í fjórða lagi telur vistheimilanevnd ekki óvarlegt að draga þá ályktun að innra eftirlit á vistheimilinu hafi á árunum 1961-1966 verið ófullnægjandi. Þá ályktun styður að á þeim tíma var fjöldi vistmanna töluvert meiri en gert var ráð fyrir að vistuðust á hverjum tíma í Reykjahlíð og fjöldi starfsmanna var þrátt fyrir það óbreyttur á sama tíma.

B. Tímabilið 1966-1972

Í fyrsta lagi telur vistheimilanevnd að eftirlit barnaverndarnefndar Mosfellssveitar á tímabilinu hafi ekki verið fullnægjandi. Samkvæmt skjallægum gögnum var fyrsta eftirlitsheimsókn nefndarinnar í maí 1968.

Í öðru lagi telur vistheimilanevnd að eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi verið takmarkað. Þó eru vísbendingar um að starfsfólk barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi farið í einhverjar eftirlitsheimsóknir en vistheimilanevnd hefur ekki tekist að afla upplýsinga um hversu margar þær hafa verið. Hefur skort á að eftirlitsheimsóknir sem farnar voru á heimilið hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti.

Í þriðja lagi telur vistheimilanevnd að Barnaverndarráð hafi ekki í samræmi við skyldur sínar haft virkt og náði eftirlit með því að barnaverndarnefnd Mosfellssveitar og barnaverndarnefnd Reykjavíkur ræktu eftirlitshlutverk sitt með fullnægjandi hætti. Þá er það einnig niðurstaða nefndarinnar í ljósi þeirra annmarka sem voru á eftirliti barnaverndarnefndar Mosfellssveitar og barnaverndarnefndar Reykjavíkur að eftirlit af hálfu Barnaverndarráðs hafi verið ófullnægjandi.

Í fjórða lagi telur vistheimilanevnd ekki óvarlegt að draga þá ályktun að innra eftirlit á vistheimilinu hafi verið ófullnægjandi og er sú ályktun byggð á því að forstöðukona heimilisins greindi frá því í skýrslutöku hjá nefndinni að hún hefði sökum anna við almennan rekstur heimilisins takmarkaðan tíma haft til að sinna hverju og einu barni nægjanlega. Á móti kom í framburði hjá starfsmönnum að þeir töldu aðallega í verka-hring forstöðukonu að annast vistbörnin og hafa eftirlit með andlegri líðan þeirra. Þá kom einnig fram í viðtölum við meirihluta fyrrverandi vistmanna á þessu tímabili að skort hefði á að fylgst hefði verið nægjanlega með líðan þeirra á meðan á dvölinni stóð.

Heimavistarskólinn að Jaðri

Almennt um hlutverk heimavistarskólans að Jaðri

Heimavistarskólinn að Jaðri var á árunum 1946-1973 starfræktur af hálfu Reykjavíkurborgar sem sérskóli fyrir börn sem ekki áttu samleið með öðrum börnum í almenna skólakerfinu sökum eigin hegðunar. Við skólann var starfrækt heimavist allan starfstíma skólans og nemendur hans fóru aðra hverja helgi heim í leyfi. Að jafnaði voru um 25 börn nemendur skólans og á starfstíma skólans voru þar 378 nemendur. Skólinn var

einkum ætlaður drengjum en á starfstíma hans voru nokkrar stúlkur nemendur en það voru stúlkur sem bjuggu í nágrenni skólans.

Um tildrög náms nemenda á Jaðri

Við könnun sína á tildrögum náms barna í heimavistarskólanum að Jaðri á árunum 1946-1973 hefur nefndin tekið til athugunar hvort efnislegar og lögbundnar forsendur hafi legið að baki námi þeirra við skólann og einnig hvaða verklag var viðhaft við töku ákvarðana um nám þeirra. Að mati vistheimilaneftndar var skólinn einungis ætlaður börnum sem að mati þar til bærri aðila voru ekki hæf til að stunda nám í almennum skóla sökum eigin hegðunar. Nefndin telur ekki ástæðu til að skipta athugun sinni upp eftir tímabilum. Meirihluta starfstíma skólans, eða alla skólavetur að frátöldum þeim fyrsta sem varaði einungis í þrjá mánuði, voru í gildi lög nr. 34/1946 um fræðslu barna og fór því um tildrög náms barna við skólann eftir ákvæðum þeirra nánast allan starfstímann. Þau lög voru leyst af hólmi árið 1974 með gildistöku laga nr. 63/1974 um grunnskóla en þá var starfsemi skólans hætt.

Í *fyrsta lagi* er það niðurstaða vistheimilaneftndar að ekki séu forsendur að fullyrða annað en að tilefni eða forsendur náms hluta nemenda á Jaðri hafi stuðst við fullnægjandi lagagrundvöll, enda hafi börnin verið vistuð vegna eigin hegðunar. Á hinn bóginn telur vistheimilaneftnd að í allmörgum tilvikum kunni að hafa leikið vafi á því að forsendur fyrir slíkri ákvörðun hafi stuðst við fullnægjandi lagagrundvöll. Hafi þá börn verið vistuð á Jaðri fyrst og fremst vegna bágra uppeldisaðstæðna, sem hafi mátt rekja til fátæktar á heimili, veikinda foreldra, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra.

Í *öðru lagi* er það niðurstaða vistheimilaneftndar að verulegur vafi leiki á því að málsmeðferð fræðsluyfirvalda í Reykjavík og barnaverndarneftndar í Reykjavík hafi verið í samræmi við skyldur sem hvíldu á þeim aðilum samkvæmt þágildandi fræðslulöggjöf og þágildandi löggjöf um vernd barna og ungmenna. Að mati vistheimilaneftndar verður vart séð að ákvarðanir barnaverndarneftndar Reykjavíkur að óska eftir vist barna á Jaðri hafi verið lagaðar í lögformlegan farveg. Þá telur vistheimilaneftnd vafa undirorpið að fræðsluyfirvöld í Reykjavík hafi verið heimilt að taka börn til náms á Jaðri vegna erfiðra heimilisaðstæðna enda einungis á verksviði barnaverndarneftndar Reykjavíkur að taka ákvarðanir þar að lútandi.

Um hvort nemendur heimavistar skólans að Jaðri sættu illri meðferð eða ofbeldi

Á starfstíma skólans voru fimm einstaklingar við stjórn hans. Flestir þeir einstaklingar sem komu til viðtals við nefndina miðuðu að jafnaði ekki upplýsingar sem þeir veittu nefndinni við þann skólastjóra sem var við stjórn skólans á þeim tíma þegar þeir voru nemendur hans. Á hinn bóginn virðast hafa orðið ákveðin þáttaskil þegar Björgvin Magnússon tók við stjórn skólans en hann var skólastjóri frá árinu 1955 til ársins 1973 þegar starfseminni var hætt. Taldi því nefndin rétt að skipta umfjöllun sinni upp eftir tímabilum. Fyrst er fjallað um tímabilið frá því í febrúar 1946 til ársins 1955 en sex einstaklingar komu til viðtals við nefndina sem voru nemendur í skólanum á því tímabili og þá höfðu níu fyrrverandi nemendur skólans símasamband til að tjá henni reynslu sína. Síðan er fjallað um tímabilið 1955-1973 en 48 einstaklingar sem voru nemendur í skólanum á því tímabili komu til viðtals við nefndina og 11 einstaklingar höfðu símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni. Vegna þess að tímabilið 1955-1973 er langt eða 18 skólaár samtals og hlutfallslega flestir þeir sem komu til viðtals við nefndina stunduðu nám við skólann á þessum tíma eða 48 einstaklingar af þeim 54 sem komu til viðtals taldi nefndin rétt að skipta þeirri umfjöllun upp eftir tímabilum. Annars vegar tímabilið frá hausti 1955 til vors 1963, *tímabil A*, og hins vegar tímabilið frá hausti 1963 til vors 1973, *tímabil B*. Kemur þar í fyrsta lagi til að fjöldi þeirra einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina skiptist nánast jafnt á bæði tímabilin, þ.e. 26 einstaklingar sem stunduðu nám við skólann á tímabili A og 25 einstaklingar sem stunduðu nám við skólann á tímabili B. Þá skarast einungis þrjú viðtöl með þeim hætti að einstaklingar voru í skólanum á þeim báðum. Í öðru lagi störfuðu aðeins tveir starfsmenn skólans á báðum tímabilum að frátöldum skólastjóra skólans.

Með þetta í huga er það niðurstaða vistheimilaneftndar að fjallað er um niðurstöður af viðtölum við fyrrverandi nemendur og fyrrverandi starfsmenn skólans eftir neðangreindum tímabilum:

1) Tímabil nr. 1 – febrúar 1946 – vor 1955

2) Tímabil nr. 2 – haust 1955 – vor 1973

Tímabil A: Haust 1955 – vor 1963

Tímabil B: Haust 1963 – vor 1973

1) Tímabil nr. 1 – 1946-1955

Til viðtals við vistheimilanevnd komu sex einstaklingar eða 4,1% fyrrverandi nemenda skólans á þessu tímabili. Þá höfðu níu fyrrverandi nemendur skólans á tímabilinu símasamband við nefndina til að tjá henni um reynslu sína en þeir þáðu ekki boð um viðtal við nefndina. Voru þeir á Jaðri eitt eða fleiri skólaár á tímabilinu 1947-1955. Þá komu til viðtals einn af skólastjórum skólans á tímabilinu, kennari og starfsstúlka.

Það er niðurstaða vistheimilanevndar að ekki verði talið þegar á heildina er litið að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi nemendur á Jaðri hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi af hálfu annarra nemenda eða starfsmanna skólans í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

2) Tímabil nr. 2 – 1955-1973

A: Hausti 1955 – vor 1963

Til viðtals við vistheimilanevnd komu 26 einstaklingar eða 22,6% fyrrverandi nemenda skólans á þessu tímabili. Þá höfðu níu fyrrverandi nemendur skólans símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni. Til viðtals við nefndina kom skólastjóri skólans á tímabilinu og tveir fyrrverandi starfsmenn.

Það er niðurstaða vistheimilanevndar að ekki verði talið þegar á heildina er litið að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi nemendur á Jaðri hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi af hálfu annarra nemenda eða starfsmanna skólans í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

B: Hausti 1963 – vor 1973

Til viðtals við vistheimilanevnd komu 25 einstaklingar eða 18,1% fyrrverandi nemenda skólans á þessu tímabili. Þá höfðu tveir einstaklingar símasamband við nefndina og einn sendi henni tölvupóst til að greina frá reynslu sinni. Til viðtals við nefndina komu skólastjóri skólans, sjö fyrrverandi kennarar og þrír starfsmenn.

Það er niðurstaða vistheimilanevndar að ekki verði talið þegar á heildina er litið að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi nemendur á Jaðri hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi af hálfu annarra nemenda eða starfsmanna skólans í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Um hvort opinbert eftirlit með starfsemi heimavistarskólans að Jaðri hafi verið fullnægjandi

Í fyrsta lagi er það niðurstaða vistheimilaneftndar að fræðsluyfirvöld, þ.e. fræðsluskrifstofan í Reykjavík, hafi á öllu tímabilinu haft töluvert eftirlit með starfsemi Jaðars og nemendum skólans. Þá ályktun styður að fram kom í máli margra þeirra sem komu til viðtals við nefndina að fræðslustjórinn í Reykjavík, Jónas B. Jónsson hefði allan starfstíma skólans haft náðið og reglulegt eftirlit með skólanum og líðan þeirra nemenda sem þar dvöldu.

Í öðru lagi er það niðurstaða vistheimilaneftndar að eftirlit barnaverndarneftndar Reykjavíkur með þeim börnum sem nefndin vistaði á Jaðri hafi verið takmarkað. Hvergi er í fundargerðabókum barnaverndarneftndar Reykjavíkur bókaðar athugasemdir um eftirlit með börnum sem nefndin ráðstafaði á Jaðar eða um þörf á eftirliti. Þá er hvergi í skjallögum gögnum um fyrrverandi nemendur skólans skráðar athugasemdir um eftirliti barnaverndarneftndar eða starfsmanna hennar.

Í þriðja lagi er það niðurstaða vistheimilaneftndar að innra eftirlit með nemendum skólans hafi verið þegar á heildina er litið fullnægjandi. Þá ályktun nefndarinnar styður að hluti þeirra fyrrverandi nemenda skólans sem komu til viðtals við nefndina og allir starfsmenn skólans sem komu til viðtals við nefndina greindu frá því að eftirlit með nemendum hefði verið fullnægjandi.

Tillögur nefndarinnar til stjórnvalda

Nefndin hefur í ljósi d-liðar 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 lagt mat á þær tillögur sem hún telur að til greina komi að setja fram í tilefni af niðurstöðum sínum í skýrslunni. Í því sambandi bendir nefndin á að eðli málsins samkvæmt er ekki ástæða til ítarlegrar umfjöllunar um þær tillögur sem til greina koma, enda hefur hún þegar með almennum hætti gert grein fyrir tillögum sínum til stjórnvalda í tilefni af könnun nefndarinnar, sjá IV. hluta skýrslu sinnar vegna könnunar á starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952-1979, dags. 31. janúar 2008 og IX. hluta í skýrslu nefndarinnar, áfangaskýrslu nr. 1, um starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967, dags. 31. ágúst 2009. Þær tillögur sem fram koma þar eiga hér við að mati nefndarinnar að breyttu breytanda. Með þetta í huga lét nefndin

við það sitja að ítreka í *fyrsta lagi* þá tillögu sína er lýtur að hugsanlegum skaðabótageiðslum, í *öðru lagi* tillögu er lýtur að geðheilbrigðisþjónustu og í *þriðja lagi* tillögu er beinist að gildandi framkvæmd og eftirliti á sviði barnaverndarmála. Hvað varðar hugsanlegar skaðabótageiðslur hefur nefndin sérstaklega litið til nýsamþykkra laga nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007. Er það afstaða nefndarinnar að löggin feli í sér verulega réttarbót fyrir þann hóp einstaklinga sem kannanir nefndarinnar taka til.

II. GILDISSVIÐ LAGA NR. 26/2007

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 er forsætisráðherra veitt heimild til að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi „vist- og meðferðarheimila fyrir börn.“ Heimildin tekur ekki til „þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laga þessara.“ Í ákvæðinu er ekki að finna nánari lýsingu á uppbyggingu og lagalegri stöðu þeirra vist- og meðferðarheimila fyrir börn sem lögin taka til. Af athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 26/2007 verður þó ráðið að einkum sé átt við „opinber“ vist- og meðferðarheimili. Þá verður einnig dregin sú ályktun af lögskýringargögnum að það hafi verið eitt af markmiðum lagasetningarinnar að athugun nefndar forsætisráðherra gæti „eftir atvikum [tekið til] hliðstæðra stofnana og sérskóla þar sem börn dvöldu.“⁷

Að þessu virtu hefur nefndin lagt til grundvallar að við ákvörðun um til hvaða stofnana athugun hennar nær til á grundvelli nýs erindisbréfs forsætisráðherra, dags. 11. apríl 2008, skuli í fyrsta lagi horft til þeirra vist- og meðferðarheimila sem ekki voru starfandi við gildistöku laganna, sbr. 1. mgr. 1. gr., og rekin voru af ríki eða sveitarfélögum eða af hálfu einkaaðila á grundvelli opinbers leyfis sem veitt var á grundvelli laga. Í öðru lagi telur nefndin að athuganir hennar samkvæmt lögum nr. 26/2007 geti tekið til þeirra sérskóla sem áður voru starfandi á grundvelli sérákvæða í þágildandi fræðslulöggjöf, en þar er einkum átt við Heyrnleysingjaskólann og heimavistarskólann að Jaðri. Er ótvírætt af lögskýringargögnum að baki lögum nr. 26/2007 að það hafi verið ætlun löggjafans að nefndin gæti eftir atvikum fjallað um slíkar stofnanir ef ástæða þætti til.

Áður er rakið að samkvæmt síðari málsl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 tekur gildissvið laganna ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laganna. Þá hefur nefndin einnig haft það að leiðarljósi, við nánari afmörkun á þeim stofnunum sem athugun hennar skal taka til, að samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna er það ekki eitt af markmiðum með starfi nefndarinnar að kanna grunsemdir um refsiverða háttsemi einstaklinga heldur að kanna með almennum hætti þau atriði sem þar eru tilgreind, einkum hvort börn

⁷ *Alþt.* 2007-2008, A-deild, þskj. 1019.

hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi við dvöl á umræddum stofnunum. Hafa nefndinni auk þess ekki verið fengnar að efni til valdheimildir til að haga athugunum sínum með slíkt markmið í huga, sbr. 3. gr. laganna. Með þetta í huga hefur nefndin lagt til grundvallar að miða beri við að þær athuganir sem hún framkvæmir á starfsemi þeirra stofnana sem falla undir gildissvið laganna taki ekki til háttsemi þar sem sök kann að teljast ófyrnd samkvæmt almennum reglum hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. IX. kafla þeirra laga. Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 81. gr. hegningarlaga fyrnist sök á 15 árum, þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi, en þau brot sem hér koma annars til greina geta í mesta lagi fallið undir þessa sakarfyrningarreglu. Með þetta í huga hefur nefndin lagt til grundvallar að athuganir hennar taki ekki til starfsemi vist- eða meðferðarheimila eftir 1. janúar 1992.

Eins og nánar er rakið í kafla 7 í II. hluta skýrslu nefndarinnar vegna könnunar á starfsemi Breiðavíkurheimilisins og í kafla 2 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1, voru á árinu 1947 sett lög nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna, en þau lög tóku við af fyrstu heildstæðu löggjöfinni um barnaverndarmál sem sett var hér á landi, lögum nr. 43/1932 um barnavernd. Hefur nefndin talið rétt að miða almennt séð upphaf athugana sinna á starfsemi vist- og meðferðarheimila, sem lög nr. 26/2007 taka til, við setningu laga nr. 29/1947. Hvað það tímamark varðar hefur nefndin einnig haft í huga þau hagnýtu vandkvæði sem myndu stafa af því að miða athugunartímabil nefndarinnar við enn eldra tímamark, s.s. hvað varðar tilvist frumgagna og aldur vistmanna.

III. LAGASJÓNARMÍÐ OG FRÆÐILEGAR FORSENDUR VIÐ MAT Á HVORT BÖRN HAFI SÆTT ILLRI MEÐFERÐ EÐA OFBELDI

1. Almenn

Samkvæmt b. lið 2. mgr. 1. gr. lagar nr. 26/2007 ber vistheimilanevnd að taka afstöðu til þess hvort börn sem vistuð voru á opinberri stofnun eða stofnun sem starfrækt var á grundvelli opinbers leyfis hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvölinni stóð. Í kafla 10.1 í III. hluta í skýrslu nefndarinnar um könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, dags. 31. janúar 2008 og í kafla 2 í V. hluta áfangaskýrslu nr. 1, dags. 31. ágúst 2009, var lýst þeim lagasjónarmiðum sem nefndin horfir til við mat sitt á þessu atriði. Samhengisins vegna verður sú umfjöllun tekin að meginstefnu til orðrétt upp í kafla 2 í þessum hluta. Í kafla 3 er greint frá þeim fræðilegu forsendum sem nefndin tekur mið af við mat á trúverðugleika framburðar vistmanna og nemenda og varða rannsóknir á hvort börn greini frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þá verður í kafla 4 greint frá fræðilegum sjónarmiðum um upprifjun æskuminninga á fullorðinsárum en nefndin hefur einnig tekið mið af þeim við mat á trúverðugleika framburða vistmanna og nemenda sem komið hafa til viðtals við nefndina.

2. Hvað felst í hugtökunum ill meðferð og ofbeldi?

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 og erindisbréfi forsætisráðherra, dags. 11. apríl 2008, er eitt af meginmarkmiðum könnunar vistheimilanevndar á starfsemi þeirra vist- og meðferðarheimila og sérskóla sem hún hefur nú tekið til könnunar að leitast við að staðreyna, eins og kostur er, hvort og þá í hvaða mæli börn, sem vistuð voru á þeim stofnunum sem könnun hennar nær til, hafi sætt *illri meðferð eða ofbeldi* meðan á dvölinni stóð. Nefndin hefur því í störfum sínum talið þörf á að afmarka nánar inntak þessara hugtaka. Hefur þá verið leitast við að tryggja að könnun nefndarinnar miðist við að staðreyna, eins og mögulegt er, hvort upplýsingar um aðstæður eða atvik, sem gagna-

öflun hefur leitt í ljós, falli að þeim hlutlægu efnispáttum sem taldir verða falla undir þessi hugtök.

Það er afstaða nefndarinnar að við nánari túlkun á hugtökunum ill meðferð og ofbeldi verði að horfa til þeirra laga- og reglugerðarfyrirmæla sem í gildi voru á þeim tíma sem könnun nefndarinnar lýtur að, þ.e. á árunum 1947-1992. Nefndin hefur einnig byggt á því að við nánari fyllingu gildandi reglna að íslenskum rétti sé nauðsynlegt að horfa eftir atvikum til þjóðréttarlegra skuldbindinga íslenska ríkisins á sviði mannréttinda á sama tímabili. Í því samhengi skiptir og mestu máli að nær allan þann tíma sem stofnanirnar voru starfandi var íslenska ríkið skuldbundið að þjóðarétti til að fylgja ákvæðum Mannréttinasáttmála Evrópu, sem var undirritaður af Íslands hálfu 4. nóvember 1950 og fullgiltur 19. júní 1953, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11, 9. febrúar 1954.⁸

2.1 Ákvæði almennra hegningarlaga, barnaverndarlaga og reglugerða

Í þessum kafla verður leitast við að gera grein fyrir þeim efnisreglum í lögum og reglugerðum sem nefndin telur að horfa verði til þegar leitast er við að afmarka nánar hvers konar athafnir (eða athafnaleysi) sé rétt að telja til illrar meðferðar eða ofbeldis í þeirri merkingu sem fram kemur í lögum nr. 26/2007.

Í fyrstu barnaverndarlögunum nr. 43/1932 var mælt fyrir um heimild barnaverndarnefnda í kaupstöðum landsins til að úrskurða að barn eða unglingur skyldi tekið af heimili þess og því ráðstafað annarsstaðar þegar „barninu [væri] misboðið með líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, slæmum aðbúnaði eða heimilisástæðurnar [væru] þannig, að leitt [gæti] til heilsutjóns fyrir það, svo og ef því [var] ekki séð fyrir lögskipuðu námi“, sbr. 4. tölul. 8. gr. laganna.

Barnaverndarlögin frá 1932 voru afnumin með lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna. Í 2. og 3. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 sagði meðal annars svo:

⁸ Mannréttinasáttmáli Evrópu (Samningur Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis) var undirritaður á fundi ráðherranefndarinnar í Róm 4. nóvember 1950, en samkvæmt 66. gr. hans átti hann að öðlast gildi þegar tíu aðildarríki Evrópuráðsins höfðu afhent aðalritara þess skjöl um fullgildinguna hans. Samningurinn tók síðan gildi 3. september 1953 þegar fullgildingarskjöl tilskilins fjölda aðildarríkja höfðu verið afhent, sjá Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttinasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 31-34.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum hælum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til, ef ekki er um að ræða heimili beggja foreldra. [...]

Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. [...]

Í 43. gr. laga nr. 29/1947 var að finna refsíákvæði sem kvað á um að ef maður viðhefði í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi, erti það eða drægi dár að því eða særði það á ósæmilegan hátt eða beitti það refsingum, ógnunum eða hótunum og slíkt orðbragð eða athafnir mætti telja því skaðsamlegar andlega eða líkamlega, þá varðaði það sektum, eða varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum. Í 45. gr. sömu laga var einnig mælt fyrir um það að ef forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari eða aðrir, sem falin væri forsjá barna og ungmennis allt að 18 ára, leiddi það á siðferðilega glapstigu, misbyði því eða vanrækti á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska væri mikil hætta búin, þá varðaði það refsingu samkvæmt 191. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en 1. mgr. þess ákvæðis, sem var að finna í XXI. kafla laganna um *sifskaparbrot*, var svohljóðandi fyrir afnám þess með 2. gr. laga nr. 27/2006:

Ef nokkur misbýður með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum eiginkonu sinni eða eiginmanni, barni sínu eða öðru barni eða unglingi undir 18 ára aldri, sem hann hefur til umsjónar eða fósturs, eða manni, sem er skyldur honum eða tengdur í beinan legg upp á við, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum.

Þá verður að líta til þess að samkvæmt ákvæðum XXII. kafla hegningarlaga var kveðið á um skírlífisbrot. Í 1. mgr. 200. gr. var lögð allt að 12 ára fangelsisrefsing við því að hafa samræði við barn, yngra en 14 ára. Þá var í 209. gr. kveðið á um að hver sá sem með lostugu athæfi særði blygðunarsemi manna skyldi sæta fangelsi allt að þremur árum, varðhaldi eða sektum. Í XXIII. kafla var síðan meðal annars að finna ákvæði um líkamsmeiðingar. Fyrir þá breytingu sem gerð var á ákvæðum kaflans með lögum nr. 20/1981 var í 217. gr. kveðið á um að hver sem gerðist sekur um líkamsárás, enda væri hún ekki svo mikil sem í 218. gr. sagði, skyldi sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Í 218. gr. var mælt svo fyrir að ef maður hefði með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum

manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar urðu taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðaði það varðhaldi eða fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Í 219. gr. var síðan mælt fyrir um það að hlytist tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem getið var í 218. gr., af gáleysi annars manns þá varðaði það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum. Í XXIV. kafla hegningarlagaanna var loks mælt fyrir um brot gegn frjálsræði manna, en í 225. gr. var mælt fyrir um ólögsmæta nauðung og í 226. gr. um frelsissviptingu.

Með lögum nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna voru barnaverndarlögin frá 1947 felld úr gildi. Áðurnefnd ákvæði 43. og 45. gr. eldri lagaanna voru tekin upp að nýju í lög nr. 53/1966, sbr. 45. og 47. gr. Þá var með skýrum hætti mælt fyrir um það í 6. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 að „[líkamlegum] refsingum [mætti] ekki beita á heimilum eða í stofnunum, sem um [gat í lögnum]“.

Á grundvelli laga nr. 53/1966 var sett reglugerð nr. 105/1970 um vernd barna og ungmenna. Þar var í III. kafla fjallað með heildstæðum hætti meðal annars um vistheimili fyrir börn og ungmenni. Var ríkisstjórninni með 32. gr. falið, svo sem því yrði við komið, að setja á stofn eða hlutast til um að sett yrði á stofn hvers konar vistheimili fyrir börn og ungmenni, sem hún, að tillögum barnaverndarnefnda, Barnaverndarráðs eða annarra þar til bærri aðila, teldi nauðsynlegt til að fullnægja ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, þar sem eigi yrði komið við leiðbeiningum við foreldra eða útvegum fósturheimilis. Var menntamálaráðuneytinu falið að láta semja og gefa út sérstakar nánari reglur og leiðbeiningar fyrir innri stjórn, starfsfólk og alla aðbúð slíkra heimila og sjá um birtingu þeirra.

Til slíkra uppeldisheimila samkvæmt 2. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar töldust upp-tökuheimili, þar á meðal rannsókn- og gæsluheimili, þar sem börnum yrði veitt viðtaka um stundarsakir, eða þangað til þeim hefði verið fenginn varanlegur uppeldisstaður. Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. skyldi við stofnun og rekstur uppeldisheimila samkvæmt 2. mgr. sérstaklega huga að tilteknum atriðum, eftir því sem við ætti um hvern flokk, þar á meðal um „skipulag og stjórn“, sbr. A-lið, og um „aðbúð og gæzlu barna og ungmenna á heimilinu“, sbr. B-lið. B-liðurinn var svohljóðandi:

Barnaheimili sem taka börn um lengri eða skemmri tíma, eiga að koma í stað foreldraheimila og öll aðbúð miðast við það, að því takmarki verði náð á sem fullkomnastan hátt, líkamlega og andlega.

Gæta skal þess að hvert barn verði aðnjótandi slíkrar aðbúðar og umönnunar, þar á meðal áhrifa í umgengni, lífsviðhorfum og tilfinningatengslum við þá, er það umgengst, að til andlegs og líkamlegs þroska horfi. Enn fremur skal vakað yfir andlegri og líkamlegri heilsu barna, læknis vitjað þegar er tilefni gefst, kostað kapps um að þau öðlist öryggiskennd og andlega staðfestu, svo sem við verður komið. Hvers konar refsingar eru bannaðar, – nema að því er varðar heilbriggt agavald –, líkamlegar sem aðrar, svo sem einangrun í refsiskyni o.s.frv. Jafnan skal kappkosta að viðhafa frekar leiðbeiningar en ásakanir, þar sem því verður við komið, ef um ávirðingar barna er að ræða.

Í V. kafla reglugerðar nr. 105/1970 var sérstaklega fjallað um „gæzlu siðferðis barna og ungmenna.“ Samkvæmt 41. gr. var jafnan skylt við uppeldi barna, hvort heldur á heimilum foreldra, fósturforeldra eða hvers konar dvalarheimilum, svo og í barnaskólum, að kenna þeim háttvísi og góða siði í umgengni við aðra, eldri og yngri. Þá bar að forðast að hafa í frammi í nálægð þeirra hvers konar framferði í orði eða verki, er spillt gæti hugsunarhætti þeirra eða viðhorfi til lífsins.

2.2 Niðurstöður um inntak hugtakanna ill meðferð og ofbeldi

Af þeim laga- og reglugerðarákvæðum, sem að framan eru rakin, telur nefndin mega ráða að þegar við gildistöku fyrstu barnaverndarlaganna á árinu 1932 hafi það verið meginregla á sviði barnaverndar á Íslandi að stjórnvöldum á þessu sviði væri að lögum falið að hafa eftirlit með velferð barna og tryggja að þeim yrði ekki „misboðið“ í þeirri merkingu sem fram kom í 8. gr. þeirra laga nr. 43/1932. Tilvitnuð 8. gr. þeirra laga tók samkvæmt orðum sínum til aðstæðna barns á *heimili* sínu. Það er hins vegar vafalaust að mati nefndarinnar að því marki sem ráðstöfun barnaverndarnefndar tók til þess að koma barni á annað heimili í fóstur eða á barnahæli, eða aðrar stofnanir er tóku börn í fóstur, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna, þá hafi húsráðendum og starfsmönnum þar eðli málsins samkvæmt verið skylt að sjá til þess að börn yrðu þar ekki fyrir sambærilegri meðferð. Í því sambandi verður einnig að horfa til þess að á þessum tíma nutu börn, eins og aðrir, jafnframt þeirrar réttarverndar gegn líkamlegu ofbeldi og illri meðferð sem leiddi af þágildandi refsilögum, einkum hinum Almennu hegningarlögum handa Íslandi frá 25. júní 1869, sbr. einkum sextándi kapítuli um „afbrot á móti skírlífi“ og átjándi kapítuli um „líkamlegt ofbeldi og líkamlegar meiðingar“.

Við gildistöku barnaverndarlaga nr. 29/1947 var lögfest sérrefsiákvæði í 43. gr., sem lagði refsingu við því að athafnir sem í orði eða verki voru til þess fallnar að vanvirða eða niðurlægja barn, auk þess sem sérstaklega var mælt fyrir um bann við

„refsingum, ógnunum eða hótunum [...]“, enda mætti telja slíkar athafnir „skaðsamlegar [barninu] andlega eða líkamlega [...]“. Þá var nánar útfærð í 45. gr. laga nr. 29/1947 sú regla 8. gr. eldri laga nr. 43/1932 um bann við því að misbjóða barninu eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska væri mikil hættu búin. Þeirri háttætnisreglu var samkvæmt 45. gr. laga nr. 29/1947 sérstaklega beint að forstöðumanni og starfsmanni barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennara eða annarra, sem hafði verið falin umsjá barna eða ungmennis allt að 18 ára. Ótvírætt er að mati nefndarinnar að þessi háttætnisregla átti við um starfsmenn þeirra stofnana sem nefndin hefur nú tekið til könnunar á þeim starfstíma sem lög nr. 29/1947 voru í gildi, þ.e. á árunum 1947-1966. Með lögum nr. 53/1966 var síðan áréttað með skýrum hætti í 6. mgr. 39. gr. að óheimilt væri að beita líkamlegum refsingum á stofnunum sem reknar væru á grundvelli barnaverndarlaga.

Í þessu sambandi verður jafnframt að líta til þess að samhliða þeim háttætnisreglum, sem fram koma í barnaverndarlögum nr. 29/1947 og síðar í lögum nr. 53/1966, giltu á því tímabili sem könnun nefndarinnar nær til, ofangreind ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um sifskaparbrot, skírlífisbrot, líkamsmeiðingar og brot gegn frjálsræði manna, en börn sem dvöldu á þeim stofnunum sem nefndin hefur nú tekið til könnunar, nutu eðli málsins samkvæmt þeirrar réttarverndar sem leiddi af þessum ákvæðum, bæði í samskiptum sínum við starfsmenn og sakhæfa vistmenn, þ.e. þau ungmenni sem náð höfðu 15 ára sakhæfisaldri, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga, þegar ætlað brot var framið.

Við nánari afmörkun á hugtökunum ill meðferð eða ofbeldi hefur nefndin auk þess horft til þess að á árinu 1953 var Mannréttindasáttmáli Evrópu fullgiltur af hálfu íslenska ríkisins, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Sáttmálinn öðlaðist þó ekki lagagildi fyrr en með lögum nr. 62/1994. Á hinn bóginn hefur það verið viðurkennd lögskýringarregla í íslenskum og norrænum rétti að túlka beri lög og reglur, sem hverju sinni eru í gildi, með hliðsjón af þjóðrættarlegum skuldbindingum ríkisins.⁹

Að mati nefndarinnar er ekki vafa undirorpið að við túlkun og framkvæmd ofangreindra ákvæða íslenskra laga og reglugerða, sem giltu þegar börn voru af hálfu ríkis og sveitarfélaga vistuð á vist- og meðferðarheimilum eða stunduðu nám við opinberar

⁹ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 248-251.

stofnanir á árunum 1947-1992, hafi borið að hafa hliðsjón af þeim skyldum sem hvíldu á íslenska ríkinu samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt 3. gr. sáttmálans skal „enginn maður sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.“ Á þetta ákvæði sérstaklega við um þau tilvik þegar fullorðnir og börn eru vistuð á stofnunum á vegum hins opinbera. Ákvæðið hefur nú verið lögfest, fyrst með 1. gr. laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu og síðar samsvarandi ákvæði í stjórnarskránni, sbr. 1. mgr. 68. gr., sjá 6. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Lögfesting þessa ákvæðis í stjórnarskrána var einungis árétting á þeim skyldum sem hvíldu áður á íslenska ríkinu að þjóðarétti og nauðsynlega bar að horfa til við túlkun og fyllingu landslaga, þar sem kveðið var meðal annars á um vistun manna á stofnunum í umsjá ríkisins. Þar sem íslenska ríkið hafði, sem fyrr getur, fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu skömmu eftir þau tímamörk sem könnun nefndarinnar beinist nú að, þá er það afstaða nefndarinnar að þegar lagt er mat á þær skyldur sem hvíldu á barnaverndaryfirvöldum, forstöðumönnum, skólastjórum og öðrum starfsmönnum þeirra stofnana sem nú lúta könnun nefndarinnar verði að hafa til hliðsjónar þær kröfur sem leiddu af ofangreindum ákvæðum barnaverndarlaga, eins og þau bar að túlka til samræmis við 3. gr. mannréttindasáttmálans. Undir ákvæðið hafa einkum verið taldar falla þær athafnir sem á grundvelli heildstæðs mats á atvikum og eftir hlutlægum mælikvarða valda tilteknum manni líkamlegu eða andlegu tjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni (ómannúðleg meðferð eða refsing), eða eru til þess fallnar að niðurlægja hann eða setja hann í þá aðstöðu að hann óttist um líf sitt eða líkamlegt eða andlegt heilbrigði (vanvirðandi meðferð eða refsing).¹⁰

Á hinn bóginn telur nefndin rétt að benda á að nauðsynlegt kann að hafa verið til að halda uppi aga á stofnunum að grípa til sérstakra ráðstafana til að kveða niður óæskilega hegðun barns eða unglings sem var þess eðlis að hætta var á að einstaklingurinn skaðaði sjálfan sig, starfsmenn eða ylli skemmdum á verðmætum. Slíkar aðstæður kunna að hafa skapast þegar barn eða unglingur hefur verið stjórnlaust og af því hefur beinlínis stafað yfirvofandi hætta fyrir aðra vistmenn, nemendur eða starfsmenn eða

¹⁰ Sjá til hliðsjónar Guðrún Gauksdóttir: „Bann við pyndingum“, bls. 116-117. – Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“, bls. 644-650.

að hegðun þess hefur verið þess eðlis að frá uppeldislegu sjónarhorni hefur reynst örðugt að halda uppi aga á stofnuninni.¹¹

Þegar lagt er mat á til hvaða aðgerða starfsmenn á viðkomandi stofnun hafi verið heimilt að grípa ber að hafa í huga áður nefnd ákvæði laga og reglugerða. Þá koma til almenn neyðarréttar- og neyðarvarnarsjónarmið, sbr. 12. og 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á þeim grundvelli telur nefndin að þvingunarráðstafanir eða líkamleg valdbeiting hafi undir einhverjum kringumstæðum verið réttlætunleg, en þó eingöngu ef skilyrðum ofangreindra ákvæða almennra hegningarlaga hefur verið fullnægt og gætt hefur verið meðalhófs. Mörg atriði koma til skoðunar þegar metið er hvort skilyrðum 12. og 13. gr. laga nr. 19/1940 er fullnægt sem ekki er ástæða til að rekja frekar hér.

Þá skiptir og máli fyrir könnun nefndarinnar á því hvort opinbert eftirlit með starfsemi vistheimilanna og sérskólanna hafi verið fullnægjandi, sjá kafla 5.3 í V.-VII. hluta skýrslunnar hér síðar, að 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu hefur jafnframt verið skilin á þá leið að af henni leiði tilteknar *jákvæðar skyldur* aðildarríkja til að tryggja að menn, einkum þeir sem eru í umsjá ríkisins, verði ekki fyrir athöfnum (eða athafnaleysi) sem teljast til ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar.¹² Felur það meðal annars í sér að mati nefndarinnar að stórfelld og kerfisbundin vanræksla stjórnvalda á árunum 1947-1992 á að tryggja viðhlítandi eftirlit með aðbúnaði og velferð þeirra, sem þurftu að sæta vistun á opinberum stofnunum, hafi eftir atvikum geta talist brjóta í bága við þær jákvæðu skyldur sem hvíldu á stjórnvöldum aðildarríkja á grundvelli 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Að öllu samanlögðu virtu telur nefndin að miða beri við það að undir hugtökin *ill meðferð og ofbeldi*, sbr. b-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007, falli hvers konar meðferð barns, sem vistað var á vist- eða meðferðarheimili eða stundaði nám á opinberri stofnun á árunum 1947-1992, sem hlutlægt séð má telja að hafi verið ómannúðleg eða vanvirðandi. Þar undir féll eðli málsins samkvæmt bein líkamleg valdbeiting gagnvart barni í formi refsinga, þar sem valdið var óþarfa sársauka, enda var athöfnin ekki liður í lögmætum aðgerðum til að afstýra ofbeldi á milli manna eða yfirvofandi hættu á slíku ofbeldi eða

¹¹ Sjá til hliðsjónar Davíð Þór Björgvinsson og Nanna K. Sigurðardóttir: Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglínga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda, bls. 91-94.

¹² Sjá Guðrún Gauksdóttir: „Bann við pyndingum“, bls. 118-120. – Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“, bls. 651-652.

tjóni á verðmætum. Nefndin fær með öðrum orðum ekki séð að forstöðumanni eða öðrum starfsmönnum á uppeldis- eða opinberri menntastofnun hafi á þeim árum sem könnunin tekur til verið heimilt að beita beinu líkamlegu ofbeldi í agaskyni, en með 6. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 var mælt fyrir um ótvírætt bann við slíkum athöfnum.¹³ Þá er vafalaust í ljósi ofangreindrar umfjöllunar að áðurnefnd hugtök geta ekki einskorðast við beina líkamlega valdbeitingu. Undir hugtakið ill meðferð féllu einnig athafnir gagnvart barni sem vistað var á stofnun sem voru ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi í garð barnsins og þær athafnir eða athafnaleysi starfsmanna og eftir atvikum annarra opinberra aðila sem voru til þess fallnar að valda barni líkamlegum eða andlegum skaða.

Við mat á því hvort barnaverndaryfirvöld og starfsmenn þeirra vistheimila eða fræðslufyrirvöld og starfsmenn þeirra sérskóla sem nefndin hefur nú tekið til könnunar hafi fullnægt lögbundinni eftirlitsskyldu sinni, sjá nánar V.-VII. hluta hér síðar, hefur nefndin jafnframt litið til þess hvort telja verði að fyrir liggja í gögnum málsins og munnlegum framburðum vísbendingar um viðvarandi og reglubundinn skort eða vanrækslu á að gætt hafi verið að lögmæltri umsjónar- og eftirlitsskyldu með líðan og velferð barnanna.

Nefndin hefur haft ofangreindan grundvöll að leiðarljósi við ályktanir sínar og mat á þeim gögnum og upplýsingum, sem hún hefur aflað um atvik og aðstæður við vistun barna á þeim stofnunum sem hún hefur nú tekið til könnunar.

3. Rannsóknir á því hvort börn segi frá reynslu af kynferðislegu ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum felur í sér að gerandi hefur í frammi kynferðislegt atferli gagnvart barni/þolanda. Hér er átt við þukl, klám, munnmök, samfarir eða aðra slíka niðurlægjandi og óviðeigandi hegðun.¹⁴ Rannsóknayfirlit staðfesta að það að segja frá reynslunni, viðbrögð gagnvart því og afleiðingar, eru háð ótal áhrifaþáttum. Aldur, kyn og tengsl við geranda skipta miklu en einnig samhengi, tíðni og tímabil, og svo margt sem einkennir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, s.s. valdbeiting geranda,

¹³ Ákvæði 6. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna hljóðaði svo: „Líkamlegum refsingum má ekki beita á heimilum eða í stofnunum, sem um getur í lögum þessum.“

¹⁴ Putnam, F.W.: „Ten-year research update review. Child sexual abuse“.

umbun hans og hótanir.¹⁵ Er því erfitt að draga af þessu algildar ályktanir. Vísbendingar eru um að það auðveldi börnum að segja frá þegar tækifæri er til þess, þeim finnst það hafa tilgang og aðstæður leyfa það og þá frekast ef öll þessi þrjú skilyrði eru fyrir hendi.¹⁶ Umhverfi og tengsl barnsins við þá fullorðnu virðast geta skipt sköpum um hvort og hvernig barni tekst að segja frá.¹⁷ Þá eru líkur á að yngri börn, þau sem þekka gerandann og þau sem skortir stuðning segi síður frá reynslu sinni.¹⁸ Í því sambandi er þekkt að bæði reynslan sjálf og togstreitan um að segja frá eða segja ekki frá er börnum tilfinningaleg raun. Þótt þau séu þrúguð af reynslunni velji þau að segja ekki frá af ótta við að þeim verði ekki trúað, þau fái ekki stuðning og muni jafnvel hafa verra af, eða að það muni ekki stöðva ofbeldið.¹⁹ Þekkt varnarviðbrögð þolenda eru afneitun og réttlætning á ofbeldinu.²⁰

Þegar bernskureynsla fullorðinna af kynferðislegu ofbeldi er athuguð reynast frásagnir oft ónákvæmar og misvísandi þar sem bæði gleymska og skilningsskortur barns á samhengi atburðanna hefur brenglað minninguna.²¹ Rannsóknir benda til að meirihluti fullorðinna, sem búa yfir slíkri reynslu, hafi aldrei sagt neinum frá henni og þá síður karlar en konur.²² Svo virðist sem skömm karla yfir reynslunni eigi sinn þátt í afneitun eða gleysku og að sjálfsmýnd þeirra bíði öðruvísi hnekki en kvenna sem þegja um reynslu sína eða umbreyta frásögn sinni.²³ Drengir á kynþroskaaldri eiga oft enn erfiðara með að tjá sig um reynsluna vegna eigin tilfinninga (örvunar) og þar af leiðandi hug-

¹⁵ Whetsell-Mitchell, J.: „The many faces of child sexual abuse“.

¹⁶ Jensen, T. K. o.fl.: „Reporting possible sexual abuse. A qualitative study on children's perspectives and the context for disclosure“.

¹⁷ Staller, K.M. og Nelson-Gardell, D.: „„A burden in your heart“: Lessons of disclosure from female preadolescent and adolescent survivors of sexual abuse“.

¹⁸ Kogan, S.M.: „Disclosing unwanted sexual experiences. Results from a national sample of adolescent women“. – Jonzon E. og Lindblad F.: „Disclosure, reactions, and social support. Findings from a sample of adult victims of child sexual abuse“. – Jonzon, E.: *Child Sexual Abuse. Disclosure, Social Support and Subjective Health in Adulthood*.

¹⁹ Jonzon, E.: *Child Sexual Abuse. Disclosure, Social Support and Subjective Health in Adulthood*. – Berliner, L. og Conte, J.R.: „The effects of disclosure and intervention on sexually abused children“.

²⁰ Shengold, L.: *Soulmurder. The Effects of Childhood Abuse and Deprivation*. – Miller A.: *Breaking Down the Wall of Silence. The Liberating Experience of Facing Painful Truth*. – Lew, M.: *Victims No Longer. Men Recovering from Incest and Other Sexual Child Abuse*.

²¹ Berliner, L. og Conte, J.R.: „The effects of disclosure and intervention on sexually abused children“.

²² London, K. o.fl. : „Disclosure of Child Sexual Abuse. A review of the contemporary empirical literature“.

²³ Stefansen K. og Smette, I.: „„Det var ikke en voldtekt, mer et overgrep“: Kvinners fortolkning av seksuelle overgrepserfaringer“.

mynda um eigin sök eða sjálfviljugan þátt í athöfninni.²⁴ Karlmennt sem orðið hafa fyrir kynferðislegri misbeitingu er frekar að finna í fangelsum eða áfengis meðferð en á almennum geðmeðferðarstofnunum.²⁵

4. Upprifjanir æskuminninga á fullorðinsárum

Eins og fram kemur í skýrslu þessari þá eru frásagnir fyrrum vistmanna og nemenda oft einu upplýsingarnar sem unnt er að byggja á við mat á því hvort þeir hafi orðið fyrir illri meðferð og ofbeldi er þeir voru vistaðir á þeim stofnunum sem vistheimilanevnd rannsakar. Margir þeirra fyrrum vistmanna/nemenda sem komið hafa til viðtals við nefndina voru mjög ungir að árum er þeir dvöldu á þessum stofnunum, eða allt frá því að vera innan við eins árs við upphaf vistunar á Silungapólli. Verður því fjallað hér stuttlega um minni fullorðinna á erfiðar æskuminningar eins og kynferðislegt ofbeldi og kynntar niðurstöður nokkurra rannsókna á því hversu vel fullorðnir geta munað og greint frá streitufullum atburðum sem gerðust er þeir voru mjög ungir.

Síðustu 25 árin hafa vísindamenn einblínt á þætti sem kunna að hafa áhrif á getu barna til að greina frá og rifja upp reynslu sína og frá upphafi hafa rannsóknir leitt í ljós að frásagnir barna af því sem þau rifja upp verða bæði lengri og nákvæmari eftir því sem þau verða eldri. Niðurstöður þeirra rannsókna sýna að yngri börn veita takmarkaðri upplýsingar en eldri börn²⁶ og að þennan mun er ekki einungis hægt að tengja við aldur barna því þroski barna á sama aldri getur verið mismunandi.²⁷ Þó geta jafnvel mjög ung börn gefið nokkuð skipulagðar og samhangandi frásagnir og þótt frásagnir þeirra yngri séu hugsanlega innihaldsminni en frásagnir eldri barna geta þær verið býsna nákvæmar.²⁸

Nokkur einstaklingsmunur hefur komið í ljós varðandi frá hvaða aldri fyrstu minningar fólks eru, en bandarískar rannsóknir sýna að það sé almennt frá tveggja til fjögurra ára aldri og að fullorðnir geti tæpast rifjað upp minningar fyrir tveggja ára aldur. Þessar niðurstöður gefa til kynna að frásagnir fullorðinna af bældum minningum um

²⁴ Lew, M.: *Victims No Longer. Men Recovering from Incest and Other Sexual Child Abuse.*

²⁵ Putnam, F. W.: „Ten-year research update review. Child sexual abuse“.

²⁶ Gee, S. og Pipe, M. E.: „Helping children to remember“. – Goodman, G. S. og Reed, D. S.: „Age differences in eyewitness testimony“. – Marin, B. V. o.fl.: „The potential of children as eyewitnesses“. – Oates, K. og Shrimton, S.: „Children’s memories for stressful and non-stressful events“.

²⁷ Quas, J. A. o.fl.: „Questioning the child witness“.

²⁸ Fivush, R.: „Children’s recollections of traumatic and nontraumatic events“. – Poole, D. A. og Lamb, M. E.: *Investigative Interviews of Children.*

kynferðislegt ofbeldi fyrir tveggja ára aldur séu óáreiðanlegar, jafnvel þótt um alvarlegt og endurtekið ofbeldi sé að ræða því ólíklegt er að manneskjan sé fær um að kalla fram slíkar minningar.²⁹

Í skýrslu rannsóknarnefndar Breska sálfræðingafélagsins, *Guidelines on Memory and the Law. Recommendations from the Scientific Study of Human Memory* (2008), kemur fram að upprifjun fullorðinna á reynslu frá því snemma í æsku er háð minnisleysi (*amnesia*) og að flestir fullorðnir muni fátt af því sem gerðist fyrir fimm ára aldur þeirra.³⁰ Þegar minningar frá því fyrir fimm ára aldur eru rifjaðar upp lýsi fólk gjarnan frekar almennri þekkingu sinni á atburðum en að það gefi nákvæmar lýsingar á þeim.³¹ Þá kemur oft fram þegar fullorðnir rifja upp minningar frá fyrstu árum ævinnar að þeir vita ekki hvort minningarnar eru raunverulegar eða byggjast á frásögnum úr fjölskyldunni eða það hefur séð á ljósmyndum.³² Í skýrslunni kemur einnig fram að flestir muni lítið eða ekkert frá því fyrir þriggja ára aldur og er þetta aldurskeið stundum nefnt tímabil æskuminnisleysis (*childhood amnesia*), fólk muni fátt frá því það var á aldrinum þriggja til fimm ára, en meira sem gerðist þegar það var fimm til sjö ára gamalt. Það virðist hins vegar mun auðveldar að rifja upp æskuminningar frá átta ára aldri og eftir það³³ og það er ekki fyrr en um tíu ára aldurinn sem minningar byrja að fá á sig mynd, innihald og skipulag þess sem gerist á fullorðinsárum.³⁴

Skýrsluhöfundar rannsóknarnefndar Breska sálfræðingafélagsins segja að almennt sé ekki hægt að líta svo á að minningar á atburði sem eiga að hafa átt sér stað fyrir sjö ára aldur séu traustar ef ekki er unnt að staðfesta þær með utanaðkomandi óháðum sönnunargögnum. Þeir mæla með því að eftirfarandi atriði séu höfð í huga þegar æskuminningar sem rifjaðar eru upp á fullorðinsárum eru metnar:

- Vel skipulagðar minningar af smáatriðum sem eiga að hafa gerst á aldrinum fimm til sjö ára ætti að taka með fyrirvara.

²⁹ Klemfuss, J. Z. og Ceci, S.: „Normative memory development and the child witness“.

³⁰ Waldfogel, S.: „The frequency and affective character of childhood memories“. – Wang, Q.: „Infantile amnesia reconsidered“.

³¹ Bruce, D., Dolan, A. og Phillips-Grant, K.: „On the transition from childhood amnesia to the recall of personal memories“.

³² Bauer, P. J.: *Remembering the Times of Our Lives*. – Hayne, H.: „Infant memory development“. – *Memory Observed. Remembering in Natural Context*. – Pillemer, D. B. og White, S. H.: „Childhood events recalled by children and adults“.

³³ Waldfogel, S.: „The frequency and affective character of childhood memories“.

³⁴ Bauer, P. J.: *Remembering the Times of Our Lives*.

- Vel skipulagðar minningar af smáatriðum sem eiga að hafa gerst á aldrinum þriggja til fimm ára ætti að taka með verulegum fyrirvara.
- Allar minningar af atburðum sem eiga að hafa átt sér stað fyrir þriggja ára aldur ætti að taka með miklum fyrirvara og ekki meðhöndla sem raunverulegar minningar án óháðra sönnunargagna.

Rannsóknir á ástæðum þess hvers vegna svo erfitt er að rifja upp snemmbúna reynslu eru margar og misvísandi. Málþroski hefur klárlega áhrif því í fyrstu skráist reynsla ekki í minni á munnlegan hátt.³⁵ Málþroski þegar atburðurinn á sér stað virðist hafa áhrif á hvernig börnum tekst að rifja hann upp.³⁶ Þá hafa rannsóknir líka sýnt að félagsleg samskipti hafa áhrif á minni því börn byrja að mynda langtíma minningar þegar þau byrja að tala um reynslu sína við aðra og gera þannig æviminningarnar merkingar-bærari.³⁷

Þekking og reynsla hefur áhrif á minnisgetu bæði barna og fullorðinna og aukin þekking barna á því sem þau upplifa verður til þess að þau rifja síðar upp fleiri smáatriði um þá atburði en börn með minni þekkingu.³⁸ Bein þátttaka í atburðarás er líklegri til að leiða til sterkari og/eða aðgengilegri minninga fyrir bæði fullorðna og börn en það að vera áhorfandi eða heyra sögu af sömu atburðarásinni. Fyrir mjög ung börn er þetta enn mikilvægara.³⁹

Rannsóknir hafa einnig sýnt að það að ræða um atburði við börn, bæði fyrir atburðinn (til að auka þekkingu þeirra) og eftir atburðinn, hefur jákvæð áhrif á getu þeirra til að rifja atburðina upp. Hins vegar skýra börn oft ekki frá kynferðislegu ofbeldi fyrr en mánuðum eða jafnvel árum eftir að það átti sér stað og þolendur kynferðislegs ofbeldis eru oft uppfull af skömm, eru hrædd eða hefur verið hótad segi þau frá.⁴⁰ Þess vegna þarf

³⁵ Hayne, H. og Rovee-Collier, C.: „The organisation of reactivated memory in infancy“.

³⁶ Simcock, G. og Hayne, H.: „Breaking the barrier? Children fail to translate their preverbal memories into language“.

³⁷ Nelson, K.: „The psychological and social origins of autobiographical memory“. – Reese, E.: „Social factors in the development of autobiographical memory“.

³⁸ Greenhoot, A. F.: „Remembering and understanding“. – McGuigan, F. og Salmon, K.: „Time to talk. The influence of the timing of adult-child talk on children’s event memory“. – Sutherland, R. o.fl.: „Knowing in advance. The impact of prior event information on memory and event knowledge“.

³⁹ Lamb, M. E. o.fl.: *Tell Me What Happened. Structured Investigative Interviews of Child Victims and Witnesses*.

⁴⁰ Cederborg, A. C., Lamb, M. E. og Laurell, O.: „Delay of disclosure, minimization, and denial when the evidence is unambiguous“.

að hafa í huga að skortur á tækifærum til að tjá sig munnlega um þessa atburði eykur hættu á að slík reynsla sé ekki geymd í minni í nákvæmu eða samhangandi frásagnarformi.⁴¹

Þolendur kynferðislegs ofbeldis verða oft fyrir endurteknu ofbeldi, jafnvel yfir langt tímabil og getur það haft áhrif á minningar þeirra. Þegar börn upplifa oft svipuð atvik hafa þau tilhneigingu til að búa til handrit af „dæmigerðu“ atviki frekar en að aðgreina atvikin í minni.⁴² Vera má að endurtekin tilvik styrki minningar barna um atburði og þannig muni þau fleiri smáatriði og frásagnir þeirra verði nákvæmari og standast frekar sefnæmi.⁴³ Endurtekin tilvik geta engu að síður haft neikvæð áhrif á getu barna til að rifja upp atburði. Þegar atburður gerist endurtekið á svipaðan hátt, er líklegt að frásagnir verði einsleitir og innihaldi einungis algenga grunnþætti en skorti lýsingar á mikilvægum smáatriðum sem kunna að vera breytileg frá einu skipti til annarra. Þannig geta bæði fullorðnir og börn átt erfitt með að aðgreina á milli tilvika eða verið undir áhrifum almennrar þekkingar sinnar um flokk atburða þegar greint er frá hverju stöku tilviki,⁴⁴ en börn mun oft betur óvenjulega atburði sem eru í ósamræmi við handrit þeirra af „dæmigerðu“ atviki og getur það styrkt frásagnir þeirra.⁴⁵

Einhverjar vísbendingar eru um að minningar um áfallareynslu vari lengur en minningar um hversdagslega reynslu, en rannsóknir á fullorðnum þolendum kynferðisofbeldis sýna aftur á móti að ungir þolendur ræða sjaldnast reynslu sína við aðra⁴⁶ og vitað er að erfitt getur reynst að rifja upp reynslu sem aldrei er rædd.⁴⁷

⁴¹ Lamb, M. E. o.fl.: *Tell Me What Happened. Structured Investigative Interviews of Child Victims and Witnesses*.

⁴² Farrar, M. J. og Goodman, G. S.: „Developmental changes in event memory“.

⁴³ Connolly, D. A. og Lindsay, D. S.: „The influence of suggestions on children’s reports of a unique experience versus an instance of a repeated experience“. – Gobbo, C., Mega, C. og Pipe, M. E.: „Does the nature of the experience influence children’s suggestibility?“

⁴⁴ Martin, C. L. og Halverson, C. F.: „The effects of sex-typing schemas on young children’s memory“. – McCartney, K. og Nelson, K.: „Children’s use of scripts in story recall“.

⁴⁵ Farrar, M. J. og Goodman, G. S.: „Developmental changes in event memory“.

⁴⁶ London, K. o.fl.: „Disclosure of child sexual abuse. What does the research tell us about the ways that children tell?“ – London, K. o.fl.: „Disclosure of child sexual abuse. A review of the contemporary empirical literature“.

⁴⁷ Fivush, R.: „The silenced self. Constructing self from memories spoken and unspoken“.

IV. ÁGRIP AF SÖGU BARNAVERNDAR OG FÉLAGSPJÓNUSTU Í REYKJAVÍK 1932-1973

Niðurstöður könnunar vistheimilaneftndar á starfsemi vistheimilanna Silungapolls og Reykjahlíðar og heimavistarskólans að Jaðri eru birtar í þessari skýrslu, áfangaskýrslu nr. 2, en allar stofnanirnar voru starfræktar af hálfu Reykjavíkurborgar. Í áfangaskýrslu nr. 1 var gerð grein fyrir lagaumhverfi barnaverndarmála og þá var saga uppeldisstofnana á Íslandi rakin í greinargerð Braga Guðbrandssonar sem birtist í skýrslu nefndarinnar um starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Samhengisins vegna telur þó vistheimilaneftnd að gera verði hér í áfangaskýrslu nr. 2 almenna grein fyrir því hvernig uppbyggingu félagslegrar þjónustu og barnaverndar var háttað í Reykjavík frá um 1932 til 1973 ásamt því að rekja í stuttu máli sögu uppeldisstofnana í Reykjavík á því tímabili sem hér um ræðir.

Á fjórða áratug 20. aldar var lagður grundvöllur að skipulagðri félagsþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar og löggjöf sem sett var á þessum árum átti um langt árabíl eftir að setja svip sinn á félagsþjónustu sveitarfélaga. Má í því sambandi nefna framfærslulög nr. 135/1935, lög um alþýðutryggingar nr. 26/1936 og lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla nr. 78/1936. Með lögum um framfærslu nr. 135/1935 voru lögbundnar framfærslunefndir í kaupstöðum og heimilað var að skipa nefndir í öðrum sveitarfélögum. Samkvæmt lögnum bar bæjarstjórn Reykjavíkur að kjósa fimm manna framfærslunefnd sem tæki við stjórnun framfærslumála. Jafnframt voru á þessum árum sett nokkur sérlög um ýmsa málaflokka sem tengdust beint og óbeint félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga, svo sem lög nr. 43/1932 um vernd barna og ungmenna, lög um vinnu- miðlun nr. 4/1935 og áfengislög nr. 33/1935, þar sem fjallað var m.a. um áfengisvarnir.⁴⁸

Lög nr. 43/1932 um vernd barna og unglunga voru fyrstu heildarlög um barnavernd sem sett voru á Íslandi. Með lögnum var barnaverndarstarfi í stórum dráttum sniðinn sá stakkur sem enn er. Kveðið var á um að á vettvangi sveitarfélaga skyldu starfa barnaverndarnefndir sem hefðu með höndum framkvæmd barnaverndarstarfs. Barna-

⁴⁸ Sveinn H. Ragnarsson: „Sögulegt yfirlit félagsþjónustu“, bls. 103-104; Sveinn H. Ragnarsson: „Framkvæmd félagsþjónustu í Reykjavík“, bls. 33-35.

verndarnefndir skyldu hafa sjálfstæða eftirlitsskyldu með uppeldi barna og taka mál til meðferðar sem þeim bærust og grípa til viðeigandi ráðstafana þegar könnun þess gæfi tilefni til. Þá var einnig kveðið á um skipan í Barnaverndarráð Íslands í lögum um barnavernd nr. 43/1932 og var því falið að hafa yfirumsjón og eftirlit með starfi allra barnaverndarnefnda landsins og hafa fullnaðarúrskurðarvald í einstökum barnaverndarmálum. Sama ár og lögin tóku gildi var skipað í Barnaverndarráð Íslands.⁴⁹

Í kjölfar löggjafarinnar frá árunum 1932-1936 urðu margvíslegar breytingar á framkvæmd og skipulagi félagsþjónustu sveitarfélaga og samkvæmt hinum nýju lögum voru kjörnar sérstakar nefndir til að fara með framkvæmd afmarkaðra verkefna, t.d. barnaverndarnefnd, áfengisvararnefnd og framfærslunefnd.⁵⁰ Árið 1932 kusu bæjarfulltrúar Reykjavíkur í fyrsta sinn sjö fulltrúa í barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Starfsmaður til aðstoðar nefndinni við heimilisaðstoð og -eftirlit var ráðinn árið 1934 og prófessor Símon Jóh. Ágústsson veitti í hlutastarfi sérstaka ráðgjöf í uppeldismálum á árunum 1937-1945. Nefndin opnaði eigin skrifstofu árið 1937 og árið 1942 var fulltrúi ráðinn til að annast dagleg störf barnaverndarnefndar í umboði hennar. Þorkell Kristjánsson tók við því starfi árið 1944 og gegndi því til ársins 1967.⁵¹ Kjörið var í framfærslunefnd á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur í janúar 1936. Í framhaldinu var skrifstofa framfærslumála opnuð og árið 1938 voru þar 12 starfsmenn, skrifstofustjóri, lögfræðingur, fimm fátækrafulltrúar og fimm skrifstofumenn og aðstoðarmenn.⁵² Samhliða þróuðust í Reykjavík á næstu árum ýmis verkefni á sviði félagsþjónustu sem heyrðu ekki beint undir framfærslunefnd eða skrifstofu hennar, svo sem rekstur vistheimila fyrir börn, uppbygging og umsjón með rekstri dagvistarstofnana og húshjálp.⁵³ Á fyrri hluta sjöunda áratugarins var svo komið að ýmsar stofnanir og nefndir sinntu með einum eða öðrum hætti sömu vandamálum eða afmörkuðum þáttum þeirra, svo sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur, skrifstofa framfærslumála, Geðverndardeild barna í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, fræðsluskrifstofa Reykjavíkur, þ.m.t. Sálfræðideild skóla sem heyrði undir fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og á þrengra sviði barnaheimila- og leikvallanefnd og

⁴⁹ Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1, bls. 54-55, 61-62.

⁵⁰ Sveinn H. Ragnarsson: „Sögulegt yfirlit félagsþjónustu“, bls. 104.

⁵¹ *Barnaverndarnefnd Reykjavíkur 1932-1957*, bls. 1-4.

⁵² Sveinn H. Ragnarsson: „Framkvæmd félagsþjónustu í Reykjavík“, bls. 33-35.

⁵³ Sveinn H. Ragnarsson: „Sögulegt yfirlit félagsþjónustu“, bls. 104; Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990, síðari hluti*, bls. 5.

Æskulýðsráð. Verkaskipting þessara aðila var oft óljós og á milli þeirra var oft lítið skipulagt samstarf. Leiddi þetta m.a. til tvíverknaðar og tilvísana milli stofnana. Á vordögum 1964 voru ókostir þáverandi fyrirkomulags orðnir ljósir og borgarstjórn skipaði fimm manna nefnd undir forystu Jónasar B. Jónssonar til að vinna að samræmingu og hagræðingu barnaverndarstarfsemi í borginni. Nefndin lauk störfum í febrúar 1966 og skilaði tillögum þar sem megináhersla var lögð á gleggri og hagkvæmari verkaskiptingu, sérhæfingu starfsfólks og sem besta nýtingu þess með færri en stærri stofnunum sem á milli sín hefðu nána samvinnu.⁵⁴ Tillögurnar frá samstarfsnefndinni voru meðal þeirra hugmynda sem lágu að baki þeirri grundvallarbreytingu á skipan félagsmála í Reykjavík sem borgarstjórn samþykkti árið 1967.

Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur var ein þeirra stofnana sem kom að nokkru að félagsþjónustu í Reykjavík. Upphaflega vegna þess að fjárhagslegur rekstur vistheimila borgarinnar og starfsmannahald var á könnu fræðsluskrifstofunnar auk þess sem sameiginlegir snertifletir við starfssvið barnaverndarnefndar jukust þegar Sálfræðideild skóla var stofnuð árið 1961. Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur var skrifstofa undir stjórn fræðsluráðs Reykjavíkur. Samkvæmt lögum nr. 94/1936 um fræðslu barna, skyldi vera fræðsluráð í hverju skólahéraði, skipað fimm mönnum, auk þriggja manna skólanefndar í hverju skólahverfi. Í lögum nr. 36/1946 um fræðslu barna voru þessi ákvæði samhljóða, en kaupstöðum veitt heimild til að fela fræðsluráði störf skólanefndar, ef fræðslumálastjórn mælti svo fyrir og hlutaðeigandi bæjarstjórn samþykkti. Bæjarstjórn Reykjavíkur skipaði í fræðsluráð Reykjavíkur árið 1936 og var fyrsti fundur þess haldinn hinn 31. ágúst sama ár. Starfsemi fræðsluráðs lá þó að mestu leyti niðri fram til ársins 1947 en sjö fundir voru haldnir á tímabilinu. Á fundi ráðsins hinn 15. apríl 1947 var lagt fram bréf menntamálaráðuneytis, þar sem tilkynnt var um það að fræðsluráð tæki við störfum skólanefnda barna- og gagnfræðaskóla í Reykjavík sem reknir voru samkvæmt fræðslulögnum. Á sama fundi var samþykkt að fela fræðslufulltrúa Reykjavíkur að vera framkvæmdastjóri fræðsluráðs og fundaritari þess. Fræðsluráð Reykjavíkur starfaði reglulega eftir þetta.⁵⁵ Embætti fræðslufulltrúa Reykjavíkur hafði verið stofnað haustið 1943. Hann var ráðunautur borgarstjóra og bæjarstjórnar Reykjavíkur um fræðslumál, námsstjóri barnaskóla

⁵⁴ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 8. Samstarfsnefnd um barnaverndarmál. Tillögur um skipulag barnaverndarmála í Reykjavík, dags. 26. febrúar 1966.

⁵⁵ *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 153. – BSR. Aðfnr. 6271 A. Fundagerðir Fræðsluráðs 1936-1955.

Reykjavíkur og frá 1947 framkvæmdastjóri fræðsluráðs. Ásamt því hafði fræðslufulltrúi yfirumsjón með öllum barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur, að því er snerti skólahúsnæði, húsgögn og kennslutæki og hann hafði umsjón með kennslu og prófum í barnaskólunum. Árið 1956 var embættisheitinu breytt í fræðslustjóra Reykjavíkur. Jónas B. Jónsson gegndi starfi fræðslufulltrúa (síðar fræðslustjóra) frá 1943 til 1973.⁵⁶

Í lögum um barnavernd nr. 43/1932 var ekki að finna ákvæði sem beinlínis skylduðu eða heimiluðu barnaverndaryfirvöldum að starfrækja stofnanir fyrir börn. Þó var í lögnum gert ráð fyrir að stofnanir fyrir börn væru starfræktar og sérstök ákvæði var þar að finna um eftirlit barnaverndarnefnda með stofnunum í umdæmi sínu svo og með börnum úr umdæmi nefndarinnar sem komið hafði verið fyrir á stofnun utan umdæmis hennar. Virðist sem það sjónarmið hafi verið ríkjandi að það væri í verkahring einstaklinga og félagasamtaka að koma á fót og starfrækja stofnanir fyrir börn enda varð sú raunin nær allan gildistíma laganna, þ.e. á árunum 1932-1947, og má þar nefna starfsemi Vorblómsins og Barnavinafélagsins Sumargjafar í Reykjavík, Sólheima í Grímsnesi og sumardvalarheimilis fyrir börn á Silungapólli á vegum Oddfellow.⁵⁷ Fram til ársins 1942 var eina undantekningin frá þessu heimavist Laugarnesskóla sem Reykjavíkurbær kom á fót árið 1935 fyrir fátæk börn á skólaaldri sem þjáðust af næringarefnaskorti, voru vanhirt eða bjuggu við erfiðar heimilisaðstæður. Var hér um að ræða fyrstu sólarhringsvistun barna á vegum borgaryfirvalda en börnin dvöldu þar yfir skólaárið og því ekki um heilsársvistun að ræða. Heimavistin í Laugarnesi var starfrækt til ársins 1962.⁵⁸

Árið 1945 hófst nýr kafli í sögu barnaverndar í Reykjavík þegar bæjaryfirvöld komust að þeirri niðurstöðu að ófullnægjandi væri að treysta á að einstaklingar og félagasamtök leystu vaxandi þarfir fyrir uppeldis- og vistheimili og komu sjálf á fót heimilum og sáu um rekstur þeirra.⁵⁹ Fyrsta vistheimilið fyrir börn sem bæjaryfirvöld í Reykjavík starfræktu árið um kring hóf starfsemi haustið 1945 að Kumbaravogi við Stokkseyri. Heimilið var ætlað piltum og stúlkum á aldrinum 7-14 ára, rými var fyrir allt að 20 börn og það var einkum ætlað munaðarlausum börnum og börnum sem bjuggu við erfiðar heimilisaðstæður. Starfsemi Kumbaravogs var flutt að Reykjahlíð í Mosfellssveit í

⁵⁶ *Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkurbæjar. Skólaárið 1956-57*, bls. 5.

⁵⁷ Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir*, bls. 7-12.

⁵⁸ Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir*, bls. 11 – *Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkurbæjar. Skólaárið 1956-1957*, bls. 62.

⁵⁹ Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir*, bls. 33.

nóvember 1956.⁶⁰ Í febrúar 1946 hófst starfsemi heimavistarskóla fyrir drengi að Jaðri í Elliðavatnslandi. Reykjavíkurbær leigði húsnæðið af Þingstúku Reykjavíkur en fræðsluskrifstofa Reykjavíkur sá um reksturinn. Heimavistarskólinn var ætlaður 24 drengjum á aldrinum 7-13 ára sem ekki áttu samleið með öðrum börnum í almenna skólakerfinu. Félagslegar ástæður fremur en námslegar voru þó ekki síður forsenda fyrir dvöl margra drengja á Jaðri.⁶¹ Reykjavíkurbær opnaði vöggustofuna Hlíðarenda við Sunnutorg árið 1949 enda annaði vöggustofa sú sem Sumargjöf starfrækti í Suðurborg ekki eftirspurn fyrir sólarhringsvistun ungbarna þegar hér var komið sögu. Á Hlíðarenda var rúm fyrir 22 börn í sólarhringsvistun og tekið var við börnum sem voru allt frá því að vera nýfædd og til 18 mánaða aldurs.⁶² Árið 1950 tóku bæjaryfirvöld á leigu húsnæði að Silungapólli við Suðurlandsveg sem var í eigu Oddfellow-reglunnar. Silungapollur var heilsársvistheimili fyrir allt að 30 börn af báðum kynjum, einkum á aldrinum 3-7 ára, sem bjuggu við erfiðar heimilisaðstæður, fátækt, óreglu eða veikindi foreldra. Í sumum tilfellum komu reyndar börn á Silungapoll af vöggustofum og voru þá um tveggja ára aldur eða jafnvel yngri.⁶³

Eftir að vistheimilið á Silungapólli var stofnsett starfrækti Reykjavíkurbær þrjú vistheimili sem tekið gátu við börnum frá fæðingu og allt til 14 og jafnvel 16 ára aldurs. Vistunarúrræði barnaverndarnefndar Reykjavíkur bötнуðu samfara þessu og í ársskýrslu barnaverndarnefndar fyrir árið 1950 sagði að nefndin hefði „getað fullnægt að mestu þörfum þeirra, sem erfitt [hefðu] átt [...]“.⁶⁴ Til marks um þetta er að tvö vistheimili og vöggustofa sem Barnavinafélagið Sumargjöf starfrækti í Vesturborg og Suðurborg og Reykjavíkurbær styrkti fjárhagslega voru lögð niður í kjölfarið, á árunum 1950-1952. Starfsemi vistheimila Reykjavíkurbæjar var með svipuðu sniði næsta rúma áratuginn og þrátt fyrir flutninginn frá Kumbaravogi til Reykjahlíðar árið 1956 breyttist starfsemi þess heimilis ekki.

⁶⁰ Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 35 – *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 136. Nánar er fjallað um aðdraganda að stofnun vistheimilisins að Kumbaravogi og flutninginn í Reykja-hlíð í kafla 1 í VI. hluta þessarar skýrslu.

⁶¹ Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 41-42. – *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 135-136. Nánar er fjallað um aðdraganda að stofnun Jaðars í kafla 1 í VII. hluta þessarar skýrslu.

⁶² Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 36 – *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 136-137.

⁶³ Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 39-40. – *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 137-138. Nánar er fjallað um aðdraganda að stofnun vistheimilisins Silungapólls í kafla 1 í V. hluta þessarar skýrslu.

⁶⁴ *Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1950.*

Áherslan á uppbyggingu stofnana fyrir börn hélst fram á seinni hluta sjöunda áratugarins en þá fór að gæta viðhorfsbreytinga í þessum efnum.⁶⁵ Á árunum 1956-1963 voru settar fram ýmsar hugmyndir og tillögur um frekari stofnanauppbyggingu. Í júní 1956 skrifaði Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Reykjavíkur greinargerð fyrir borgarstjóra um barnaheimili á vegum Reykjavíkurborgar ásamt tillögum um breytingar og umbætur. Þar var talið aðkallandi að hefjast handa við nýbyggingar og að æskilegast væri að staðsetja vistheimilin á kyrrlátum stað rétt utan bæjar og byggja þau í „nokkurs konar hverfi [...]“.⁶⁶ Hugmyndin var sú að níu mismunandi heimili yrðu í hverfinu, vöggustofa, vistheimili og heimavistarskólar, og kæmu þau í stað þáverandi stofnana sem Reykjavíkurbær starfrækti.⁶⁶ Borgarstjóri brást við greinargerðinni og tillögum með því að skipa nefnd haustið 1956 sem leggja átti fram tillögur í barnaheimilismálum Reykjavíkurbæjar um byggingu nýrra heimila, stærð þeirra, staðsetningu og gerð. Fimm manns störfuðu í nefndinni undir forystu Símonar Jóh. Ágústssonar prófessors og skilaði hún tillögum sínum ásamt greinargerð í mars 1957. Gerðu tillögurnar ráð fyrir því að byggt yrði upp vistheimilahverfi með fimm mismunandi vistheimilum og þremur heima-
vistarskólum í Grafarholti eða Lambhaga, sem var nokkru fjær bænum, fyrir allt að 180 börn. Tekið var fram í greinargerð með tillögum að þær byggðust á þeirri vitneskju sem nefndin hefði aflað sér frá ýmsum aðilum og mætti þar „helzt til nefna [...]“ Jónas B. Jónsson og tillögur hans frá árinu 1956, Þorkel Kristjánsson fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur og þáverandi forstöðufólk þeirra vistheimila sem starfrækt voru á vegum bæjaryfirvalda.⁶⁷ Tillögurnar voru vandaðar og metnaðarfullar og í þeim gætti sjónarmiða sem síðar áttu eftir að fá mikinn stuðning, svo sem að vistheimili skyldu vera lítil og búnaði þeirra og rekstri væri svo fyrirkomið að þau væru sem líkust einkaheimilum.⁶⁸

Hugmyndin um vistheimilahverfi komst ekki í framkvæmd en árið 1961 voru tillögur barnaheimilanefndar frá 1957 og vistheimilamál Reykjavíkur teknar til nýrrar athugunar og endurskoðunar. Símoni Jóh. Ágústssyni prófessor og Jónasi Pálssyni forstöðumanni Sálfræðideildar skóla var falið að gera álitserð um vistheimili og barna-

⁶⁵ Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 33.

⁶⁶ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Greinargerð fræðslustjóra Reykjavíkur um barnaheimili á vegum Reykjavíkur ásamt tillögum um breytingar og umbætur, dags. 14. júní 1956.

⁶⁷ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Tillögur barnaheimilanefndar um vistheimili, dags. 20. mars. 1957. – Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 33.

⁶⁸ Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 33-34.

verndarmál í Reykjavík. Á grundvelli álitsgerðarinnar gerði Jónas B. Jónsson fræðslustjóri tillögur um byggingu barnaheimila og afhenti borgarstjóra í nóvember 1961.⁶⁹ Jónas B. Jónsson og Jónas Pálsson settu að nýju fram tillögur um vistheimilamál í Reykjavík í nóvember 1962 og í mars 1963 skilaði barnaverndarnefnd Reykjavíkur álitsgerð til borgarstjóra um nefndar tillögur. Jafnframt var lagt fyrir borgarstjóra áætlun um byggingu vistheimila á árunum 1963-1968 og kostnaðaráætlun.⁷⁰ Með tillögum árið 1962 var horfið frá hugmyndinni um vistheimilahverfi en þörfin fyrir vistheimili, fjölda þeirra og stærð var skilgreind með svipuðum hætti og í tillögum barnaheimilaneftar frá árinu 1957.

Í samræmi við byggingaáætlun hófust framkvæmdir við upptökuheimilið við Dalbraut árið 1963 og hófst starfsemi þar í fyrsta áfanga byggingarinnar árið 1966. Fjölskylduheimili fyrir átta börn sem ráðstafa þyrfti til lengri tíma tók til starfa að Skála við Kaplaskjólsvæg árið 1965 og sama ár hóf fræðsluskrifstofa Reykjavíkur starfsemi heimavistarskóla fyrir stúlkur að Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit.⁷¹ Breytingar urðu einnig á fyrirkomulagi vöggustofunnar Hlíðarenda á fyrri hluta sjöunda áratugarins. Árið 1963 afhenti Thorvaldsensfélagið Reykjavíkurborg nýja byggingu fyrir starfsemina að Dyngjuvegi við Sunnutorg. Barnauppeldissjóður Thorvaldsensfélagsins stóð straum af kostnaði við bygginguna og hafði fjársöfnun á hans vegum í þessum tilgangi staðið yfir í meira en hálfa öld. Hin nýja vöggustofa var deildaskipt eftir aldri barnanna og voru deildirnar fyrir börn á aldrinum 0-6 mánaða, 6-12 mánaða og 1-2 ára. Hver deild rúmaði 10 börn og alls gátu því 30 börn dvalið samtímis á vöggustofunni.⁷² Eftir þetta var vöggustofan kennd við Thorvaldsensfélagið þó svo að starfsemin væri alfarið á vegum Reykjavíkurborgar.⁷³

Árið 1967 voru í borgarstjórn samþykktar tillögur um endurskipulagningu félagsmála borgarinnar. Fólst hið nýja fyrirkomulag einkum í því að sameina alla félagsmála-

⁶⁹ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Álitsgerð Símonar Jóh. Ágústssonar og Jónasar Pálssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júní 1961; Tillögur Jónasar B. Jónssonar um byggingu barnaheimila í Reykjavík næstu ár, dags. 3. nóvember 1961.

⁷⁰ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar varðandi ráðstafanir vegna barna sem geta ekki dvalizt á heimilum sínum af ýmsum orsökum, ódags. í nóvember 1962; Umsögn barnaverndar Reykjavíkur ásamt áætlun um byggingu vistheimila 1963-1968, dags. 10. mars 1963.

⁷¹ *Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1965.* – Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 41-44.

⁷² Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 36-37.

⁷³ Í gögnum frá þessum tíma er þó í undantekningartilfellum talað um vöggustofuna á Hlíðarenda en oftast er hún nefnd Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins.

þjónustu borgarinnar í einni stofnun, Félagsmálastofnun Reykjavíkur, undir stjórn félagsmálaráðs. Með þessu voru skrifstofur barnaverndarnefndar Reykjavíkur og félags- og framfærslumála sameinaðar í Félagsmálastofnun Reykjavíkur og tók hún formlega til starfa 1. janúar 1968. Unnið var út frá þeirri grundvallarhugmynd að málefni hvernar fjölskyldu í heild væru í höndum eins og sama starfsmannsins og bæri hann ábyrgð á þeirri aðstoð sem hún nyti. Með því að taka á málefnum hvernar fjölskyldu í stað þess að sinna hverjum einstaklingi innan hennar sérstaklega vildu borgaryfirvöld stefna að vandaðari vinnubrögðum í málum skjólstaðinga sinna. Í kjölfar þessara breytinga kom fagfólk með ný sjónarmið til sögunnar með áherslu á forvarnir og fyrirbyggjandi úrræði og ráðgjöf í stað t.d. beinnar peningaaðstoðar. Samhliða varð það viðhorf meira ríkjandi og unnið var markvisst eftir því að heppilegra væri að ráðstafa börnum í fóstur frekar en á vistheimili og að þau vistheimili sem nauðsynlegt reyndist að hafa fyrir hendi yrðu starfrækt sem minni einingar.⁷⁴

Félagsmálastofnun Reykjavíkur tók við rekstri barna- og vistheimila borgarinnar af fræðsluskrifstofu Reykjavíkur í upphafi árs 1968. Fljótlega var hafist handa við að endurskipuleggja vistheimilamál borgarinnar í anda hinnar nýju stefnu. Starfsemi á Silungapólli var hætt í lok árs 1969 og sama ár hófst starfsemi fjölskylduheimilis á Ásvallagötu 14, rýmum var fækkað á upptökuheimilinu á Dalbraut úr 20 í 15 og starfsemi Reykjahlíðar var lögð niður árið 1972 en þáverandi forstöðukona og þau fimm börn sem þar voru fluttu í nýstofnað fjölskylduheimili í Tjarnargötu 35. Heimavistarskólinn að Jaðri starfaði til ársins 1973 og í Hlaðgerðarkoti til ársins 1974. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins var starfrækt til ársins 1973 en var þá breytt í upptökuheimili fyrir 23 börn frá þriggja mánaða til 12 ára aldurs. Árið 1973 voru því á vegum Reykjavíkurborgar starfrækt tvö upptökuheimili, á Dalbraut og í húsnæði Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, og þrjú fjölskylduheimili fyrir 5-8 börn, að Skála við Kaplaskjólsvæg, Tjarnargötu 35 og Ásvallagötu 14.⁷⁵

⁷⁴ Sveinn H. Ragnarsson: „Sögulegt yfirlit félagsþjónustu“, bls. 104. – Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990, síðari hluti*, bls. 4-7. – Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir*, bls. 34. – *Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1967*.

⁷⁵ Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir*, bls. 36, 39-40, 42-44.

V. VISTHEIMILIÐ SILUNGAPOLLUR

1. Undirbúningur að stofnun og ágríp af sögu Silungapolls

Hinn 1. júlí 1950 hóf Reykjavíkurbær starfsemi vistheimilis á Silungapalli sem staðsett var skammt frá Suðurlandsvegi í nágrenni Reykjavíkur. Þar átti Barnasumardvalarfélag Oddfellow húsnæði sem það hafði reist árið 1930 og þar sem það starfrækti sumardvalarheimili fyrir börn. Á hverju sumri dvöldu á vegum Oddfellow 40-60 börn á Silungapalli í 8-10 vikur en árið 1943 fékk Rauði kross Íslands afnot af húsnæðinu og rak þar sumardvalarheimili fram til ársins 1949.⁷⁶ Borgarstjóri ritaði bréf til Barnasumardvalarfélags Oddfellow í september 1949 og spurðist fyrir hvort hægt væri að fá húsnæði þeirra að Silungapalli til afnota og þá með hvaða skilmálum enda hefði Reykjavíkurbær „sífellt aukna þörf fyrir húsnæði handa börnum sem ráðstafa [þyrfti] af hálfu hins opinbera.“⁷⁷ Stjórn félagsins tók vel þeirri málaleitan og bauðst til að semja um afnot hússins fyrir vistheimili fyrir börn en félagið áskildi sér rétt til að „geta haft allt að 60 veikluð börn í sumardvöl að barnaheimilinu, hvort sem sú starfsemi [yrði] rekin á vegum Barnasumardvalarfélags Oddfellowa eða á vegum R.K.Í. [Rauða kross Íslands].“⁷⁸ Þegar í kjölfarið ritaði borgarstjóri barnaverndarnefnd Reykjavíkur og óskaði eftir áliti nefndarinnar á málinu.⁷⁹ Á fundi hennar hinn 5. október 1949 var bréf borgarstjóra Reykjavíkur lagt fram og af því tilefni gerði nefndin hlé á fundi sínum og fór og skoðaði húsakynni og aðra aðstöðu á Silungapalli. Að því loknu var fundi framhaldið og eftirfarandi samþykkt gerð: „Nefndin mælir eindregið með því, að húsið verði tekið á leigu með það fyrir augum, að þar verði rekin ársstarfsemi fyrir 25-30 börn, einnig telur nefndin mögulegt, að þar sé rekin sumardvalarstarfsemi fyrir allt að 60 börn.“⁸⁰

⁷⁶ *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 137-138.

⁷⁷ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn, F-31. Borgarstjóri til Barnasumardvalarfélags Oddfellow, dags. 14. september 1949.

⁷⁸ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn, F-31. Samþykkt stjórnar Barnasumardvalarfélags Oddfellow, dags. 2. október 1949.

⁷⁹ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn, F-31. Borgarstjóri til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 5. október 1949.

⁸⁰ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn, F-31. Jónas B. Jónsson formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 6. október 1949.

Samningur milli Reykjavíkurbæjar og Oddfellow var undirritaður hinn 24. mars 1950 og var hann til 15 ára. Reykjavíkurbæ var látin í té afnot af húseign félagsins við Silungapoll í þeim tilgangi að bærinn ræki þar vistheimili allt árið um kring fyrir börn til allt að sjö ára aldurs. Félagið gat krafist þess að bærinn tæki til sumardvalar allt að 60 börn til viðbótar, þriggja til sjö ára gömul, eftir ákvörðun félagsins eða annarra aðila í umboði þess. Afnot fasteignanna voru veitt án endurgjalds en á hinn bóginn skyldi bæjar-sjóður láta gera allar þær breytingar og endurbætur er nauðsyn krefði vegna heimilis-haldsins á sinn kostnað, m.a. að tengja fasteignirnar við rafveitukerfi bæjarins, leggja fullnægjandi hitunarkerfi og endurbæta vatns- og skolpleiðslur. Allar endurbætur, við-bætur og breytingar á eignum og innanstokksmunum voru kvaðalaus eign Barnasumar-dvalarfélags Oddfellow að samningstíma loknum. Þá var bæjarsjóði skylt að kosta allt nauðsynlegt viðhald eignanna, greiða af þeim öll opinber gjöld og váttryggja hús og innanstokksmuni gegn eldsvoða.⁸¹

Eins og gerð er grein fyrir í IV. hluta var Silungapollur þriðja vistheimilið sem Reykjavíkurbær stofnsetti á skömmum tíma. Árið 1945 hófst starfsemi á Kumbaravogi við Stokkseyri sem var vistheimili fyrir munaðarlaus börn og börn sem bjuggu við erfiðar heimilisaðstæður.⁸² Heimilið var ætlað 20 börnum af báðum kynjum á aldrinum 7-14 ára. Starfsemin á Kumbaravogi fluttist að Reykjahlíð í Mosfellsdal árið 1956 eins og nánar er rakið í kafla 1 í VI. hluta skýrslunnar. Í október 1949 tók vöggustofan að Hlíðarenda til starfa. Þar var rúm fyrir 22 börn á aldrinum 0-18 mánaða og Silungapollur var ætlaður fyrir allt að 30 börn á aldrinum 3-7 ára.⁸³ Um þessi tímamót segir í ársskýrslu barna-verndarnefndar Reykjavíkur fyrir árið 1950:

Hefur því nefndin getað fullnægt að mestu þörfum þeirra, sem erfitt hafa átt, ef um góð börn hefur verið að ræða, en afbrotabörnin hafa mátt eiga sig og sýkja út frá sér, en samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna, ber ríkissjóði skylda til að láta reisa hæli fyrir slík börn, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, en það hefur ekki verið gert enn.

⁸¹ *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 138.

⁸² Vistheimili hefur tvívegis verið starfrækt á Kumbaravogi. Reykjavíkurborg starfrækti heimilið á árunum 1945-1956. Árið 1965 hóf Kristján Friðbergsson starfsemi vistheimilis fyrir börn á Kumbaravogi sem starfrækt var til ársins 1984. Vistheimilanefnd hefur lokið við könnun á starfsemi Kumbaravogs á tímabilinu 1965-1984 og eru niðurstöður um þá könnun birtar í áfangaskýrslu nr. 1 en hana er að finna á heimasíðu forsætisráðuneytisins: <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/2009-09-afangaskyrsla1-konnun-barnaheimila.pdf>

⁸³ *Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1950*. – *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 136-137.

Eins og kveðið var á um í samningi Reykjavíkurbæjar og Barnasumardvalarfélags Oddfellow komu börn til sumardvalar á Silungapoll hvert ár. Sumardvölin var á vegum Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands og að jafnaði komu um 60 börn til tveggja mánaða dvalar. Fyrir á Silungapollu voru börn sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur ráðstafaði á heimilið og yfir hásumarið var heildarfjöldi barna því oft um 90-100 börn. Til að mæta þessu var starfsmönnum fjölgað tímabundið og voru 10-12 starfsstúlkur ráðnar yfir sumarið til viðbótar við þær sem fyrir voru en fastir starfsmenn voru að jafnaði 13 talsins.⁸⁴ Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði á sínum tíma lýst sig samþykka þessu skipulagi en á fundi nefndarinnar hinn 4. maí 1960 var á hinn bóginn eftirfarandi bókað: „Af gefnu tilefni vill barnaverndarnefnd Reykjavíkur lýsa því yfir að hún telur mjög óheppilegt að á Silungapollu séu samtímis sumardvalarbörn og börn þau er þar dvelja yfir árið.“⁸⁵ Skömmu síðar ritaði Þorkell Kristjánsson fulltrúi nefndarinnar svohljóðandi minnisblað:⁸⁶

Á Silungapollu dvelja 30 börn allt árið á vegum Reykjavíkurbæjar. Þar eru aðeins vistuð börn, sem brýna þörf hafa fyrir vist og vegna þess að heimilin geta ekki látið börnunum í té næga aðhlyningu einhverra hluta vegna.

Helstu ástæður fyrir ráðstöfun barna á barnaheimilið eru: Vanhirða, heilsuspillandi húsnæði, fátækt, veikindi, drykkjuskapur, hrottaskapur, munaðarleysi og önnur óholl uppeldisskilyrði. Barnaverndarnefnd hefur mestu ráðið um val barna á heimilið.

Mánuðina júlí og ágúst hefur Reykjavíkurdeild R.K.Í. 60 börn á Silungapollu. Ráðstöfun þessa tel ég mjög óheppilega, naumast mannlega gagnvart umkomulausum börnum og mun ég hér á eftir gera grein fyrir þessari skoðun minni.

1. Leik og fönðurpláss langdvalarbarna er tekið fyrir svefnstofur handa sumardvalarbörnum.

2. Útiskáli, sem annars er ætlaður fyrir leiki barna í slæmum veðrum, er notaður til að geyma í 60 rúmstæði, dýnur og annað, er þarf til afnota fyrir sumardvalarbörnin. Skáli þessi er því notaður til geymslu 10 mánuði ársins.

3. Sumarbörnin eru þess valdandi, að ekki er hægt að sýna ársbörnunum eins góða umhyggju þessa tvo mánuði sem aðra og er það allmikið áfall fyrir börn, sem ekki eiga kost á því, að njóta móðurhlýju svo mánuðum eða árum skiptir.

4. Heimsóknir falla niður meðan sumardvalir standa, en heimsóknir umhyggjusamra skyldmenna er þeim andleg nauðsyn.

5. Venjulega er óyndi í sumardvalarbörnum fyrstu kvöldin eftir að þau koma, en þau lagast fljótt vegna þess að þau vita, að aðeins er um stuttan dvalartíma að ræða. Þetta er ekki langdvalarbörnunum sársaukalaust, þegar nýkomnu börnin eru að æpa á mömmu og pabba, sem hin eiga annaðhvort ekki til eða eru dæmd til að vera fjarvistum við. Þegar fer að líða á dvalartíma sumarbarna fara þau að tala um, að nú séu þau að fara heim til mömmu og pabba.

⁸⁴ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 9.

⁸⁵ BSR. FR-239. Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 4. maí 1960.

⁸⁶ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 8. Minnisblað Þorkels Kristjánssonar um sumardvöl á Silungapollu, dags. 7. maí 1960.

Hvernig er þá líðan þeirra barna, sem eftir verða þarna, sem engar mæður eiga, eða veikar mæður og verða að dvelja á barnaheimilinu ófyrirsjáanlegan tíma?

Margt fleira mætti telja, sem mælir á móti því að reka á Silungapólli árs- og sumarheimili og hæpið er að slíkt geti staðist ef hugsað er um velferð barnanna.

Í febrúar 1961 afhenti Þorkell Kristjánsson borgarstjóra afrit af ofangreindu minnisblaði og lýsti borgarstjóri sig „mjög sammála þeim umræðum, sem þar [komu] fram [...]“. Í kjölfarið fól hann Guðmundi Vigni Jósefssyni formanni barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Jónasi B. Jónssyni fræðslustjóra að athuga hvort hægt væri að koma sumardvalarbörnum fyrir á öðrum stað.⁸⁷ Leiddi þetta til þess að vistheimilamál borgarinnar voru tekin til endurskoðunar en um vorið 1961 fékk Jónas B. Jónsson þá Símon Jóh. Ágústsson prófessor og Jónas Pálsson forstöðumann Sálfræðideildar skóla til að taka til nýrrar athugunar tillögu barnaheimilanefndar frá árinu 1957 og hélt Jónas nokkra fundi með þeim ásamt formanni barnaverndarnefndar Reykjavíkur um málið á meðan álitsgerðin var í vinnslu.⁸⁸

Álitsgerð Símonar Jóh. Ágústssonar og Jónasar Pálssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík var fullgerð í júní 1961. Um Silungapoll segir í álitsgerðinni:⁸⁹

Forstöðukona Silungapolls og barnaverndarnefnd Reykjavíkur eru sammála um, að ekki sé fært að reka barnaheimilið þar áfram öllu lengur með sama fyrirkomulagi og verið hefur undanfarin ár, þ.e. að hælið sé jafnframt rekið sem sumardvalarheimili á sumrin. Kemur þá tvennt til greina: a) að leggja niður sumardvalarstarfsemina og ársheimilið verði rekið áfram með sama sniði og áður, eða b) að ársstarfseminni verði fengið annað húsnæði. Allir virðast vera sammála um, að húsið á Silungapólli sé af ýmsum ástæðum (eldhætta, kuldi, herbergjaskipun) óhentugt til ársstarfsemi og ekki til frambúðar.

Ennfremur bentu þeir á að ef leggja ætti niður starfsemina á Silungapólli þá þyrftu tvö vistheimili sem þeir höfðu gert tillögur um að vera til staðar, þ.e. annars vegar nýbygging á lóð vöggustofunnar á Hlíðarenda fyrir börn á aldrinum 1½-3 ára og hins vegar upptökuheimili fyrir 20-30 börn á aldrinum 3-7 ára. Lögðu þeir því til að framkvæmdir við þessi heimili skyldu hafa forgang og þeim yrði lokið innan tveggja ára. Á grundvelli álitsgerðarinnar gerði Jónas B. Jónsson tillögur að byggingu barnaheimila í Reykjavík

⁸⁷ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 8. Minnisblað Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra til Jónasar B. Jónssonar fræðslustjóra, dags. 23. febrúar 1961.

⁸⁸ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Jónas B. Jónsson fræðslustjóri til borgarstjóra, dags. 3. nóv. 1961.

⁸⁹ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Álitsgerð Símonar Jóh. Ágústssonar og Jónasar Pálssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júní 1961.

næstu árin og sendi borgarstjóra. Lagði Jónas til að á árinu 1962 yrði veitt 2 milljónum króna til byggingar uppeldisheimilis fyrir 30-40 börn á aldrinum 3-7 ára. Bygging skyldi hafin árið 1962 og henni lokið vorið 1963 og vistheimilið að Silungapólli þá lagt niður og „aðeins höfð þar sumardvalarstarfsemi á vegum R.K.Í. eða annarra aðila.“⁹⁰ Sumarið 1963 kom enn fram á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur andstaða við sumardvalir barna á Silungapólli. Þá lét Gyða Sigvaldadóttir, fyrrverandi forstöðukona á Silungapólli og þáverandi nefndarmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur, færa til bókar að hún áteldi að börn væru enn látin á Silungapóll til sumardvalar „þrátt fyrir að dvöl þeirra þar verði að teljast á allan hátt neikvæð fyrir þau börn, sem þar eru að alast upp.“⁹¹

Í nóvember 1962 voru að nýju settar fram tillögur um vistheimilamál í Reykjavík, að þessu sinni af þeim Jónasi B. Jónssyni og Jónasi Pálssyni. Þeir settu m.a. fram tillögur um að byggt yrði upptöku- og vistheimili fyrir 30 börn á aldrinum 3-16 ára, vistheimili fyrir 12-16 börn á aldrinum 2-7 ára og að keypt yrði íbúð fyrir fjölskylduheimili fyrir fimm börn, fjögurra ára og eldri.⁹² Barnaverndarnefnd Reykjavíkur tók tillögurnar til umræðu á fundum nefndarinnar í febrúar 1963 og sendi borgarstjóra álitsgerð í mars 1963. Taldi barnaverndarnefnd að brýnust væri þörfin fyrir upptöku- og vistheimili fyrir börn á aldrinum 3-16 ára og jafnframt að gerð yrði tilraun með að starfrækja fjölskylduheimili. Í næsta áfanga taldi nefndin að nauðsyn væri á að reisa heimili fyrir 2-7 ára börn í stað þess sem þá var rekið að Silungapólli „við lélegan og óhagstæðan húsakost.“ Til nánari skýringar við ályktun nefndarinnar sagði:⁹³

Í þriðja lið ályktunarinnar er talið, að brýnust þörf sé fyrir vistheimili eða upptökuheimili. Er þá gert ráð fyrir að þetta heimili verði fyrst um sinn rekið jöfnum höndum sem vistheimili og upptökuheimili. Er slíkt heimili nú mjög aðkallandi, þar sem þau heimili, sem nú eru rekin, eru oftast yfir setin, en jafnvel á einni viku getur þurft að ráðstafa mörgum börnum, sem í rauninni er ekkert pláss fyrir. Rétt þykir að taka fram, að ekki er talið, að þetta heimili geti leyst af hólmi barnaheimilið að Silungapólli, sem þó er mikil þörf á að byggja upp. Er ekki talið fært að leggja það heimili niður, nema annað heimili komi í staðinn, fyrir þau börn, sem þar dvelja, og er lagt til, að það verði reist í næsta áfanga.

⁹⁰ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Tillögur Jónasar B. Jónssonar fræðslustjóra til borgarstjóra um byggingu barnaheimila í Reykjavík næstu árin, dags. 3. nóvember 1961.

⁹¹ BSR. FR-240. Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 21. júní 1963.

⁹² BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar varðandi ráðstafanir vegna barna, sem geta ekki dvalizt á heimilum sínum af ýmsum orsökum, ódags. í nóvember 1962.

⁹³ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Umsögn barnaverndar Reykjavíkur ásamt áætlun um byggingu vistheimila 1963-1968, dags. 10. mars 1963.

Samkvæmt áætlun um byggingu vistheimila árin 1963-1968 sem fylgdi tillögunum og umsögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur var gert ráð fyrir að byrjað yrði á upptökuheimili við Dalbraut árið 1963 og því lokið árið 1964, því næst að fjölskylduheimili yrði byggt eða keypt árið 1965 og að árið 1966 hæfist bygging vistheimilis fyrir 12-16 börn á aldrinum 2-7 ára. Því ætti að vera lokið árið 1967 og kæmi þá í staðinn fyrir Silungapoll.⁹⁴

Í samningi Reykjavíkurborgar og Barnasumardvalarfélags Oddfellow um afnot borgarinnar af Silungapoll var tiltekið að hann rynni út 1. nóvember 1964. Í nóvember 1962 ritaði stjórn félagsins bréf til fræðslustjóra Reykjavíkur og bauð eignina til kaups. Fræðslustjóri mælti með því við borgarstjóra að eignin yrði keypt en lagði einnig áherslu á að húsnæðið væri óhentugt sem is og því væri réttast að flytja starfsemi vistheimilisins annað en nota Silungapoll áfram sem sumardvalarheimili á vegum borgarinnar.⁹⁵ Á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur hinn 8. apríl 1965 var eftirfarandi tillaga Gyðu Sigvaldadóttur samþykkt: „Þar sem Reykjavíkurborg hefur keypt barnaheimilið Silungapoll og þar með létt af þeirri kvöð, að taka til sumardvalar börn á vegum R.K.Í., vill barnaverndarnefnd fara þess á leit við hlutaðeigandi aðila, að hún fái til ráðstöfunar öll þau pláss, sem þar er um að ræða enda ber til þess brýna þörf.“⁹⁶ Nokkuð dró úr fjölda sumardvalarbarna á Silungapoll á fyrri hluta sjöunda áratugarins, t.d. voru sumardvalarbörn á vegum Rauða krossins 35 árið 1962 og 20 árið 1964. Frá og með sumrinu 1965 lögðust sumardvalir á vegum félagsins á Silungapoll af.⁹⁷ Eftir það ráðstafaði barnaverndarnefnd Reykjavíkur alfarið börnum á Silungapoll.⁹⁸

Ekkert varð af því að hafist yrði handa við framkvæmdir við vistheimili sem leysa myndi Silungapoll af hólmi, líkt og gert hafði verið ráð fyrir í áætlun um byggingu vistheimila árið 1963. Á hinn bóginn tók til starfa árið 1965 á vegum borgarinnar fjöl-

⁹⁴ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Umsögn barnaverndar Reykjavíkur ásamt áætlun um byggingu vistheimila 1963-1968, dags. 10. mars 1963.

⁹⁵ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Stjórn Líknar- og styrktarsjóðs Oddfellow til Jónasar B. Jónssonar fræðslustjóra, dags. 27. nóvember 1962; Jónas B. Jónsson fræðslustjóri til borgarstjóra, dags. 9. febrúar 1963.

⁹⁶ BSR. FR-240. Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 8. apríl 1965.

⁹⁷ *Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1962.* – *Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1964 til 31. desember 1966*, bls. 64. Sbr. og *Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1967 til 31. desember 1968*, bls. 44-45. – *Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1969 til 31. desember 1970*, bls. 32-33.

⁹⁸ BSR. FR-C/428. Minnisblað varðandi sumardvalarheimili að Silungapoll, dags. 2. mars 1971.

skylduheimili að Skála við Kaplaskjólsvæg sem ætlað var fyrir allt að átta börn sem ráðstafa þyrfti til lengri tíma. Þá hófust framkvæmdir við upptökuheimili Reykjavíkurborgar við Dalbraut árið 1963 og snemma árs 1966 tók það að nokkru til starfa í þeim hluta byggingarinnar sem þá var tilbúinn. Fullbúið skyldi heimilið á Dalbraut rúma 45 börn og átti þar að vera athugunarstöð fyrir börn og unglinga, áður en þeim var ráðstafað annað auk þess sem þar skyldu vistuð börn sem koma þyrfti fyrir um stundarsakir.⁹⁹ Árið 1967 hófst undirbúningur að byggingu nýrrar álmu við Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.¹⁰⁰ Viðbótarálman átti að rúma 14 börn og var einkum ætluð þeim börnum sem orðin voru of gömul til að dveljast á þeim hluta Vöggustofunnar sem þá var í rekstri. Þá var einu fóstunarheimili komið á fót árið 1967 og var það hið fyrsta sinnar tegundar. Í ársskýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur fyrir árið 1967 var fyrirkomulagi fóstunarheimila lýst nánar og í framhaldinu hver stefnan væri í vistheimilamálum:¹⁰¹

Samið er við einkaaðila, venjuleg hjón, að þau, gegn ákveðinni þóknun, taki að sér fáein börn í einu til skemmri dvalar. Kostir fóstunarheimila eru einkum þeir, að vegna smæðar þeirra er hægt að búa börnum persónulegra og heimilislegra umhverfi en á stærri barnaheimilum. Þá er og dvalarkostnaður venjulega nokkru minni. Fyrirhugað er að koma upp fleiri fóstunarheimilum á næsta ári.

Með stækkun upptökuheimilisins við Dalbraut, vöggustofunnar á Hlíðarenda og með fleiri fóstunarheimilum ætti, í fyrirsjáanlegri framtíð, að vera unnt að fullnægja þörf vegna barna, sem vista þarf vegna tímabundinna heimilisástandna.

Vistunarúrræði barnaverndarnefndar Reykjavíkur urðu fleiri og fjölbreyttari við þessar breytingar. Árið 1969 var ákveðið að leggja starfsemi Silungapolls af í þeirri mynd sem verið hafði.¹⁰² Fram kom í máli Sveins Ragnarssonar þáverandi félagsmálastjóra Reykjavíkur við skýrslutöku hjá vistheimilanevnd að það hefði verið meðal fyrstu verka Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, sem tók til starfa í ársbyrjun 1968 og hafði m.a. alla umsjón með rekstri vistheimila borgarinnar, að taka ákvörðun um að loka skyldi Silungapollu. Í árslok 1969 var rekstri Silungapolls hætt þar sem húsakynni voru ekki lengur talin til þess fallin að halda uppi rekstri þar allt árið.¹⁰³ Í tilefni af því gerði barnaverndarnefnd

⁹⁹ *Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1965. – Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1966.*

¹⁰⁰ Eins og rakið var í 4. hluta skýrslunnar var starfsemi vöggustofunnar að Hlíðarenda flutt árið 1963 í nýbyggt húsnæði sem Thorvaldsensfélagið fjármagnaði og lét reisa. Eftir það var vöggustofan oftast nefnd Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins þó að starfsemin væri alfarið á vegum Reykjavíkurborgar.

¹⁰¹ *Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1967.*

¹⁰² BSR. FR-240. Fundargerð félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar, dags. 24. júlí 1969.

¹⁰³ BSR. FR-C/428. Minnisblað varðandi sumardvalarheimili að Silungapollu, dags. 2. mars 1971.

Reykjavíkur félagsmálaráði kunnugt að hún teldi „brýna nauðsyn [vera] á að reka áfram sumardvalarheimili að Silungapólli, nema því aðeins að samskonar aðstaða fyrir sumardvöl barna [yrði] tryggð með öðrum hætti.“¹⁰⁴ Félagsmálaráð Reykjavíkur ákvað að reka í tilraunaskyni sumardvalarheimili á vegum borgarinnar fyrir 30 börn sumarið 1970. Þrátt fyrir góða reynslu af heimilinu þótti ekki rétt, með tilliti til mikils rekstrarkostnaðar, að halda uppi rekstri sumardvalarheimilis að Silungapólli sumarið 1971.¹⁰⁵

2. Lagagrundvöllur starfsemi Silungapólls

Við gildistöku laga um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 var í fyrsta skipti með beinum hætti kveðið á um skyldu ríkisvaldsins að setja á stofn og reka vist- eða meðferðarheimili fyrir börn *sem ratað höfðu á siðferðilega glapstigu eða framið höfðu lögbrot*.¹⁰⁶ Á hinn bóginn voru lög nr. 29/1947 fáorð um skyldu ríkisins, sveitarfélaga eða annarra varðandi stofnun og rekstur vistheimila fyrir börn sem bjuggu við bágar heimilis- aðstæður. Þrátt fyrir að lög nr. 29/1947 hafi ekki með *beinum* hætti kveðið á um *skyldu* tiltekins aðila til að setja á stofn og reka vistheimili fyrir börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður hefur vistheimilanefnd áður lagt til grundvallar að ráða megi af ákvæðum laganna að gert hafi verið ráð fyrir tilvist slíkra stofnana. Mælt var fyrir um skyldu sveitarfélaga til að hafa tiltæk *úrræði* fyrir þau börn og ungmenni sem vista varð utan heimilis ef orsakir voru annars eðlis en lögbrot eða ungmenni væru á siðferðilegum glapstigum, svo vísað sé til hugtakanotkunar laga nr. 29/1947.¹⁰⁷

Með lögum um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 var í fyrsta skipti *beinlínis* kveðið á um verkaskiptingu ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar varðandi

¹⁰⁴ BSR. FR-C/428. Björn Björnsson formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur til félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar, dags. 6.1.1969.

¹⁰⁵ BSR. FR-C/428. Minnisblað varðandi sumardvalarheimili að Silungapólli, dags. 2. mars 1971.

¹⁰⁶ Í 3. kafla í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1 eru rakin fyrir mæli laga um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 og laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 um lagagrundvöll fyrir stofnun og starfrækslu vistheimila fyrir börn. Telur nefndin þó samhengisins vegna nauðsynlegt að rekja í þessum kafla að hluta þá umfjöllun sem þar er að finna um lagagrundvöll stofnunar og starfrækslu vistheimila fyrir börn sem var ólíkur eftir eðli viðkomandi stofnunar, staðsetningu hennar og þeim börnum sem stofnuninni var ætlað að vista.

¹⁰⁷ Í kafla 1 í II. hluta áfangaskýrslu nr. 1, var rakið að við gildistöku laga um eftirlit með ungmennum o.fl. nr. 62/1942, var lagður grunnur að verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga sem í stórum dráttum er í gildi í dag um ráðstöfun barns utan heimilis og jafnframt þau úrræði sem grípa skyldi til í málefnum einstakra barna. Þannig hefur löngum verið í barnaverndarlögum með skýrum hætti skilið á milli leiða til úrlausna í málefnum barna sem nauðsynlega ber að hafa afskipti af vegna eigin hegðunar (*barn sem gerandi*) og barna sem búa við erfiðar heimilisaðstæður, vanrækslu eða ofbeldi (*barn sem þolandi*).

skyldur þeirra til að setja á stofn og reka vistheimili eða stofnanir fyrir börn. Ríkisvaldinu var samkvæmt 1. mgr. 39. gr. skylt að setja á stofn og reka vist- eða meðferðarheimili fyrir börn sem ratað höfðu á siðferðilega glapstigu eða framið höfðu lögbrot. Í 3. mgr. 39. gr. var kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að setja á stofn og starfrækja stofnanir fyrir börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður. Þá var sérstaklega mælt fyrir um í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 um heimild menntamálaráðherra til að veita leyfi til reksturs vistheimilis eða annarrar slíkrar uppeldisstofnunar að uppfylltum tilteknum skilyrðum.¹⁰⁸

Ekki hefur verið unnt að afla skjallegra gagna um leyfisveitingu fyrir starfsemi Silungapolls, hvorki til handa barnaverndaryfirvöldum í Reykjavík né Rauða kross Íslands sem rak sumardvalarstarfsemi á heimilinu á sumrin. Þrátt fyrir það telur vistheimilanevnd að þau skjallegu gögn sem hún hefur aflað um stofnun og starfsemi Silungapolls varpi nægjanlega skýru ljósi á þær forsendur sem lágu til grundvallar starfseminni og þann lagagrundvöll sem starfsemin byggðist á.

Í kafla 1 hér að framan er rakinn aðdragandi að stofnun vistheimilisins Silungapolls og þær forsendur sem lágu til grundvallar starfseminni, en ljóst er að um var að ræða stofnun sem starfrækt var af Reykjavíkurborg, en ekki af ríkinu. Þá var stofnunin á tímabilinu 1950-1965 samhliða rekin sem sumardvalarheimili fyrir börn en eins og rakið er í kafla 1 hafði Rauði kross Íslands afnot af heimilinu á sumrin og vistaði að jafnaði um 60 börn hvert sumar á fyrrgreindu tímabili. Það er því afstaða vistheimilanevndar með vísan til fyrirliggjandi frumgagna að telja verði að vistheimilið Silungapollur hafi í

¹⁰⁸ Reglugerð nr. 105/1970 um vernd barna og ungmenna var sett árið 1970. Í III. kafla hennar voru ítarleg ákvæði um vistheimili fyrir börn og ungmenni, fóstur á einkaheimilum til skamms tíma og dagvistun. Í 1. og 2. mgr. 36. gr. var efnislega sambærilegt ákvæði og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 um heimild menntamálaráðherra til að veita leyfi til reksturs vistheimila fyrir börn. Í g. lið 32. gr. var sérstaklega kveðið á um að óheimilt væri að hefja rekstur barnaheimilis fyrr en að fengnu leyfi menntamálaráðuneytis og skyldi leyfið ekki veitt, nema fyrir lægju upplýsingar um öll atriði, þar á meðal upplýsingar um stjórnendur heimilisins og annað starfsfólk. Skyldi að jafnaði leitað álits barnaverndarnefndar á staðnum og Barnaverndarráðs áður en leyfi til rekstrar væri veitt. Þá var kveðið á um að leyfisbréf og læknisvottorð skyldi alltaf vera til staðar svo eftirlitsmenn gætu séð þau án tafar.

Í 1. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar var sérstaklega kveðið á um skyldu ríkisstjórnarinnar að setja á stofn eða hlutast til um að sett yrði á stofn hverskonar vistheimili fyrir börn og ungmenni, sem hún að tillögum barnaverndarnefnda, Barnaverndarráðs eða annarra þar til bærra aðila, teldi nauðsynlegt til að fullnægja ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna. Var þannig kveðið á um frumkvæði ríkisstjórnarinnar varðandi uppbyggingu barnaverndarstofnana. Jafnframt var í 3. mgr. 38. gr. reglugerðarinnar sambærilegt ákvæði og í 3. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 um skyldu sveitarfélaga til að reka vistheimili fyrir börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður.

merkingu laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 haft það hlutverk að vera stofnun þar sem vistuð skyldu börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður, einkum vegna háttsemi, veikinda og vanrækslu foreldra. Á heimilið átti því ekki að vista börn vegna atvika er vörðuðu háttsemi þeirra sjálfra. Þá hafi heimilið einnig verið starfrækt sem sumardvalarheimili. Þær efnisreglur sem fram komu í reglum nr. 31/1963 um sumardvalarheimili hafi því gilt um starfsemi heimilisins frá árinu 1963 er reglur um starfsemi sumardvalarheimila voru fyrst settar hér á landi, þ.m.t. reglur um aðbúnað, fjölda barna, heilbrigðis- eftirlit.

Samkvæmt 1. gr. fyrrgreindra reglna um sumardvalarheimili nr. 31/1963 taldist hvert það heimili sumardvalarheimili sem tæki fimm börn eða fleiri til sumardvaldar. Menntamálaráðherra veitti heimild til stofnunar eða reksturs slíks heimilis að fengnum meðmælum hlutaðeigandi barnaverndarnefndar og héraðslæknis og með samþykki Barnaverndarráðs Íslands. Umsóknnum um heimild til að reka sumardvalarheimili skyldu fylgja nánar tiltekin gögn, þ.m.t. umsögn barnaverndarnefndar, heilbrigðisvottorð heimilisfólks, umsögn héraðslæknis um húsakynni, brunahættu o.fl.¹⁰⁹

Samkvæmt því sem að framan er rakið telur vistheimilanefnd að atvik að baki stofnun Silungapolls og starfsemi stofnunarinnar leiði *í fyrsta lagi* til þeirrar ályktunar að heimilið hafi haft það hlutverk að vera úrræði fyrir barnaverndarnefndir þar sem vistuð skyldu börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður, einkum vegna háttsemi, veikinda og vanrækslu foreldra. Á heimilinu átti því ekki að vista börn vegna atvika sem vörðuðu hátterni þeirra sjálfra, s.s. vegna lögbrota. Vistun slíkra barna var á hendi ríkisins og var gert ráð fyrir því að sérstakar stofnanir hefðu það hlutverk. *Í öðru lagi* telur nefndin að leggja verði til grundvallar að heimilið hafi einnig haft það hlutverk að vera

¹⁰⁹ Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 31/1963 voru gerðar lágmarkskröfur um húsakynni sumardvalarheimila, þar sem m.a. var kveðið á um að drengir og stúlkur skyldu vera í sérherbergi, hvert barn skyldi sofa í sér rúmi, o.fl. Áður en starfræksla heimilisins hæfist skyldi fara fram læknisskoðun á heimilisfólki og starfsfólki og fylgja skyldi heilbrigðisvottorð hverju barni sem tekið yrði til sumardvalar. Ef slíkt vottorð fylgdi ekki bar forstöðumanni umsvifalaust að fá héraðslækni til að kanna heilbrigði þess. Þá var í 5. gr. sérstaklega kveðið á um eftirlitshlutverk barnaverndarnefnda. Bar þeim að fylgjast rækilega með rekstri barnaheimila í umdæmi sínu og heimsækja þau minnst tvisvar á sumri og oftár, ef þörf væri á, til þess að kynna sér sem best aðbúð og líðan barnanna og beita sér fyrir því að bætt yrði þegar úr ágöllum, ef í ljós kynnu að koma. Þá bar viðkomandi barnaverndarnefnd að tilkynna Barnaverndarráði ef hún yrði vör við alvarlegar misfellur í starfi barnaheimilis. Þá var í 7. gr. sérstaklega kveðið á um eftirlitsskyldu Barnaverndarráðs. Skyldi fulltrúi ráðsins a.m.k. einu sinni á sumri koma á sumardvalarheimili sem löggilt hefðu verið, til leiðbeiningar og eftirlits. Skyldi hann kynna sér allan aðbúnað barna á heimilum og gæta þess að fylgt væri í öllu lögum og reglum um barnaheimili.

sumardvalarheimili í samræmi við þær efnisreglur sem fram komu í þágildandi reglum um sumardvalarheimili nr. 31/1963.

3. Almennt um starfsemi Silungapolls

3.1 Gagnaöflun nefndarinnar

Frumgögn um málefni Silungapolls er að finna á Borgarskjalasafni Reykjavíkur, í skjalasöfnum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og í málafni borgarstjóra. Þá er einnig að finna gögn í skjalasafni Barnaverndarráðs Íslands á Þjóðskjalasafni Íslands. Gögn um einstaklingsmál þeirra barna sem vistuð voru á Silungapollum er að finna í skjalasafni Félagsmálastofnunar Reykjavíkur á Borgarskjalasafni en öll börn sem vistuð voru á Silungapollum á árunum 1950-1969, að frátöldum börnum sem voru í sumardvöl á vegum Rauða kross Íslands, voru vistuð af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Eins og fram hefur komið sá fræðsluskrifstofa Reykjavíkur um rekstur og starfsmannahald á Silungapollum fram til ársins 1968 og barnaverndarnefnd Reykjavíkur sá um vistun barna á heimilið. Almenn gögn um fjárhagslegan rekstur Silungapolls, starfsmannahald og húsnæðismál auk ýmissa annarra bréfaskepta um málefni heimilisins fram til ársins 1968 er því helst að finna í skjalasafni fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Í skjalasafni Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, en þar eru m.a. skjöl barnaverndarnefndar Reykjavíkur og skrifstofu félagsmálastjóra, er einnig að finna gögn sem almennt varða málefni Silungapolls. Þar er einnig að finna gögn um þau börn sem dvöldu á Silungapollum á vegum barnaverndarnefndar, bæði almenn gögn, svo sem nafnalistar, heilsufarsskýrslur og eyðublöð yfir komu- og brottfarardaga einstakra barna, og jafnframt einstaklingsgögn varðandi málefni þeirra barna sem vistuð voru, svonefnd einstaklingsmál. Frá og með 1. janúar 1968 annaðist Félagsmálastofnun Reykjavíkur rekstur heimilisins og almenn gögn um þau efni er að finna í skjalasafni Félagsmálastofnunar varðandi síðustu tvö starfsárin. Í málafni borgarstjóra er gögnum sem varða málefni Silungapolls haldið saman í einni málmöppu. Að auki er gögnum sem almennt varða barnavernd haldið saman í einu máli. Mikið til eru þetta skýrslur, tillögur og umsagnir um vistheimilamál almennt en þar er þó víða vikið að málefnum Silungapolls.

Með bréfi dags. 26. maí 2008 óskaði vistheimilanefnd eftir því við Borgarskjalasafn Reykjavíkur að almenn gögn um starfsemi þeirra vistheimila og sérskóla sem nefndin hafði ákveðið að taka til könnunar yrðu afrituð og afhent, þar með talin almenn gögn um starfsemi Silungapolls. Í september 2008 bárust nefndinni afrit um vistheimilamál úr málafni borgarstjóra og í október og nóvember 2009 fékk nefndin afhent almenn gögn um Silungapoll úr skjalasöfnum fræðslustjóra Reykjavíkur og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur. Í febrúar og mars 2009 og á tímabilinu febrúar til maí 2010 fór starfsmaður vistheimilanefndar á Borgarskjalasafn og yfirfór með skipulögðum hætti fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1950-1969 með það fyrir augum að kanna hvort þar væri að finna einhverjar bókanir um málefni Silungapolls umfram það sem nefndin hafði þá þegar undir höndum.

Þá var leitað til Borgarskjalasafns Reykjavíkur með beiðni um afrit af einstaklingsmálum fyrrverandi vistmanna á Silungapoll. Vistheimilanefnd er með upplýsingar um 951 barn sem dvaldi á vegum barnaverndarnefndar um lengri eða skemmri tíma á Silungapoll á árunum 1950-1969. Á fundi vistheimilanefndar dags. 28. október 2009 var ákveðið að ekki yrði óskað eftir einstaklingsmálum allra fyrrverandi vistmanna heimilisins sökum umfangs starfseminnar og fjölda vistmanna. Þess í stað yrði notast við þau einstaklingsmál sem nefndin hafði þegar undir höndum vegna könnunar á öðrum barnaverndarstofnunum, m.a. vistheimilinu Reykjahlíð, vistheimilinu Kumbaravogi og vistheimilinu Breiðavík, en margir þeirra sem dvöldu þar höfðu einnig verið vistaðir á Silungapoll. Til viðbótar við þau mál skyldi tekið úrtak af handahófi af nafnalista nefndarinnar yfir fyrrverandi vistmenn Silungapolls en þó skyldi leitast við að afla einstaklingsmála sem veittu upplýsingar um tildrög vistunar og málsmeðferð barnaverndarnefndar allan starfstíma heimilisins. Í apríl og maí 2010 afhenti Borgarskjalasafn 93 einstaklingsmál en fyrir hafði vistheimilanefnd undir höndum einstaklingsmál 132 fyrrverandi vistmanna á Silungapoll sem einnig höfðu verið vistaðir á ofangreindum heimilum. Hafði vistheimilanefnd því undir höndum mál 225 einstaklinga sem vistaðir höfðu verið á Silungapoll af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur, eða 23,7% þeirra sem vistaðir voru þar á árunum 1950 til 1969.

Í skjalasafni Barnaverndarráðs Íslands á Þjóðskjalasafni er bréfum og öðrum gögnum, er almennt varða málefni Silungapolls haldið saman í einni málsmöppu. Í

skjalasafninu eru einnig skýrslur um eftirlitsheimsóknir fulltrúa Barnaverndarráðs á Silungapoll sem og fundargerðabækur ráðsins. Afrit úr málsmöppu Barnaverndarráðs um Silungapoll voru afhent vistheimilanefnd í september 2008. Í febrúar og mars 2009 og á sama tímabili árið 2010 fór starfsmaður nefndarinnar yfir safn Barnaverndarráðs og leitaði að fleiri gögnum um Silungapoll. Fundargerðir ráðsins frá árunum 1950-1969 voru skoðaðar og farið var skipulega yfir allar eftirlitsskýrslur tímabilsins. Afhenti Þjóðskjalasafn nefndinni afrit skjala jafnharðan og beiðnir þess efnis bárust.

3.2 Fjöldi vistmanna, aldursskipting og dvalartími

Samkvæmt þeim gögnum sem vistheimilanefnd hefur undir höndum dvaldi 951 barn á Silungapoll á árunum 1950-1969, 534 drengir og 417 stúlkur. Hér eru aðeins talin þau börn sem voru vistuð á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur á Silungapoll en ekki börn sem komu til sumardvalar á vegum Rauða kross Íslands. Þess ber að geta að ekki liggja fyrir í gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur heildstæðir nafnalistar yfir vistbörn á Silungapoll fyrir hvert ár og byggist því eftirfarandi á greiningu vistheimilanefndar á öllum þeim gögnum sem tiltæk eru í skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Það eru m.a. nafnalistar, sem eru flestir frá sjötta áratugnum, skýrslur um komu- og brottfarardaga barna á Silungapoll frá árunum 1960-1965 og árinu 1969, heilsufarskýrslur barna á Silungapoll frá árunum 1961-1969 og einstaklingsmál þeirra barna sem dvöldu á Silungapoll og nefndin fékk afhent.

Í ársskýrslum Barnaverndarráðs Íslands og ársskýrslum barnaverndarnefndar Reykjavíkur er að finna upplýsingar um árlegan fjölda barna sem vistuð voru á Silungapoll árin 1959-1969 og fjölda dvalardaga fyrir öll starfsárin. Þá eru í almennum gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur upplýsingar um árlegan fjölda barna fyrir árin 1950-1955. Þessar upplýsingar hafa verið teknar saman í töflu 1.

Oftast dvöldu um lengri eða skemmri tíma um 79-109 börn árlega á Silungapoll, þar af voru börnin 90 eða fleiri í níu ár af þeim 17 sem nefndin hefur upplýsingar um. Hér er átt við fjölda þeirra barna sem vistuð voru á heimilinu á hverju ári en ekki hversu mörg börn dvöldu þar samtímis. Að meðaltali voru 85 börn vistuð á ári á þeim árum sem nefndin hefur upplýsingar um. Gert var ráð fyrir að á Silungapoll væri rúm fyrir allt að

Tafla 1 Silungapollur. Árlegur fjöldi vistbarna, dvalardagar og meðalnýting

Ár	Fjöldi barna á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur	Fjöldi dvalardaga	Meðalnýting - %	Fjöldi sumardvalarbarna á vegum RKÍ
1950	36	3108	56,7	69
1951	51	7558	69,0	54
1952	60	10742	98,1	57
1953	83	11046	100,8	60
1954	94	12119	110,6	60
1955	94	13536	123,6	60
1956	-	14589	133,2	60
1957	-	11469	104,7	60
1958	-	12697	115,9	60
1959	90	10720	97,8	60
1960	109	10700	97,7	70
1961	83	11566	105,6	45
1962	79	10747	98,1	35
1963	103	11686	106,7	25
1964	100	11023	100,6	20
1965	95	12507	114,2	48
1966	98	11167	102,0	
1967	94	9783	89,3	
1968	86	9599	87,7	
1969	46	5084	46,4	

30 börn samtímis en dæmi eru um að raunin hafi verið önnur. Þannig kom fram í greinargerð Jónasar B. Jónssonar um barnaheimili á vegum Reykjavíkur frá árinu 1956 að um þær mundir hefðu „verið látin þangað allt að 50 börn til dvalar í einu, og [væri] það alltof mikið miðað við aðstæður.“¹¹⁰ Þá kemur einnig fram í eftirlitsskýrslum Barnaverndarráðs að sumarið 1962 hefðu 34 börn verið á Silungapalli auk 35 sumardvalarbarna og að sumarið 1967 hefðu 42 börn verið þar.¹¹¹ Vistheimilanevnd er ekki með upplýsingar um heildarfjölda vistaðra barna á Silungapalli árið 1956 en fjöldi dvalardaga og meðalnýting rýma á Silungapalli það ár gefur til kynna að samtímis hafi dvalið þar mun fleiri en þau 30 börn sem gert var ráð fyrir að heimilið rúmaði. Meðalnýting var mælikvarði sem

¹¹⁰ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Greinargerð fræðslufulltrúa Reykjavíkur um barnaheimili á vegum Reykjavíkur ásamt tillögum um breytingar og umbætur, dags. 14. júní 1956.

¹¹¹ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 22. ágúst 1962. – ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 1989-B/34. Eftirlitsskýrsla Bergljótar Líndal, dags. 21. júlí 1967.

rekstraraðilinn notaði til að meta nýtingu þeirra rýma sem í boði voru.¹¹² Full nýting á Silungapolti voru 10950 dagar á ári, þ.e. 30 rými x 365 dagar. Athygli vekur hve meðalnýtingin er mikil á árunum 1954-1956 eða 110,6%-133,2% og svo aftur árin 1958 og 1965 eða 115,9% fyrrnefnda árið og 114,2% síðarnefnda árið. Þessi mikla nýting gefur það til kynna að þessi ár hafi um tíma fleiri en 30 börn dvalið þar samtímis. Frá 1967 dró úr nýtingu rýma á Silungapolti frá því sem áður var og leiða má líkur að því að það tengist þeim auknu vistunarúrræðum sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði yfir að ráða á þeim tíma.

Út frá fyrirliggjandi gögnum hefur verið unnt að greina dvalartíma 658 barna úr hópi þeirra 951 sem dvöldu á Silungapolti á árunum 1950-1969. Af þeim voru 205 börn sem vistuðust tvisvar eða oft og er lengd 925 vistana á tímabilinu kunn.

Tafla 2 Silungapollur. Lengd vistana

	<2	2-4	4-6	6-12	>12	Alls
Fjöldi mánaða	<2	2-4	4-6	6-12	>12	
Fjöldi vistana	361	286	86	119	73	925
Hlutfall %	39,0	30,9	9,3	12,9	7,9	100,0

Eins og sjá má á töflu 2 voru samtals 647 vistanir (69,9%) styttri en fjórir mánuðir. Af þeim 73 sem dvöldu lengur en eitt ár á Silungapolti var 51 barn (5,5%) sem dvaldi á annað ár og 22 (2,4%) sem dvöldu í tvö ár eða lengur. Sá einstaklingur sem lengst dvaldi á Silungapolti var þar í 69 mánuði eða í tæp sjö ár og tveir einstaklingar dvöldu þar í fjögur ár annars vegar og fimm ár hins vegar. Meðallengd vistunar á Silungapolti var 4,7 mánuðir en hún var 3,3 mánuðir ef frá eru teknir þeir sem dvöldu í eitt ár eða lengur.

Flest börnin voru á aldrinum tveggja til sjö ára þegar þau dvöldu á Silungapolti. Af 951 barni sem dvaldi á Silungapolti á árunum 1950-1969 hefur nefndin upplýsingar um aldur 852 þeirra við upphaf vistunar. Börn yngri en tveggja ára voru 48 talsins (5,6%), börn á aldrinum tveggja til sjö ára voru 762 talsins (89,4%) og á aldrinum 8-17

¹¹² Sbr. t.d. BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar. Lagt fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

ára voru 42 (4,9%) börn, þar af öll nema eitt á aldrinum átta til ellefu ára. Meðalaldur barnanna við upphaf vistunar var 4,2 ár.

3.3 Menntun og reynsla forstöðumanna og starfsmanna

Guðrún Hermannsdóttir var fyrsta forstöðukona Silungapolls og hóf hún störf 1. júlí 1950. Guðrún var fædd 1. maí 1918 á Glitstöðum í Norðurárdal, Mýrasýslu. Hún lauk kennaraprófi árið 1939 og kenndi í Eyrarsveit á Snæfellsnesi og við barnaskóla Patreksfjarðar á árunum 1939-1944 og 1944-1950 við heimavist Lauganesskóla.¹¹³ Guðrún sagði starfi sínu á Silungapalli lausu frá og með 1. september 1955 en ári áður hafði henni verið veittur styrkur Barnaverndarfélags Reykjavíkur til náms erlendis til að læra kennslu vangefinna með það að markmiði að taka við forstöðu Skálatúns í Mosfellssveit.¹¹⁴ Guðrún Hermannsdóttir lést 8. maí 2003.

Gyða Sigvaldadóttir tók við forstöðunni af Guðrúnu Hermannsdóttur haustið 1955. Gyða var fædd 6. júní 1918 á Brekkulæk í Miðfirði, Vestur-Húnavatnssýslu. Hún lauk burtfararprófi frá Uppeldisskóla Sumargjafar árið 1950 og hafði starfað á barnaheimilum í Reykjavík áður en hún hóf nám við skólann og á meðan á því stóð. Eftir að námi lauk starfaði hún á barnaheimilum Barnavinafélagsins Sumargjafar í Reykjavík og var forstöðukona við leikskólann Barónsborg frá 1. mars 1953.¹¹⁵ Gyða var forstöðukona á Silungapalli í eitt ár en hún sagði starfi sínu lausu frá og með 1. október 1956.¹¹⁶ Gyða Sigvaldadóttir lést 11. júlí 2007.

Dagbjört Eiríksdóttir var ráðin forstöðukona haustið 1956 og gegndi hún því starfi allt þar til að starfsemin á Silungapalli var lögð niður í árslok 1969. Dagbjört var fædd 26. júlí 1918 á Staðahrauni við Reyðarfjörð. Hún lauk burtfararprófi frá Uppeldisskóla Sumargjafar árið 1956 og hafði starfað í eitt ár á leikskólanum Barónsborg áður en hún hóf nám. Sumarið 1956 starfaði hún sem forstöðukona á Silungapalli í sumarleyfi þáverandi forstöðukonu heimilisins. Að því loknu hélt hún til Noregs þar sem hún starfaði á vistheimili fyrir börn sem rekið var af Oslóarborg um tveggja mánaða skeið áður en hún

¹¹³ *Kennaratal á Íslandi* I, bls. 220.

¹¹⁴ Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 109-110.

¹¹⁵ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn, askja F-31. Gyða Sigvaldadóttir til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 12. ágúst 1955. – *Leikskólakennaratal* I, bls. 312-313.

¹¹⁶ BSR. FR-148. Gyða Sigvaldadóttir til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 29. ágúst 1956.

sneri aftur út til Íslands og tók við forstöðu Silungapolls.¹¹⁷ Dagbjört Eiríksdóttir lést 31. desember 1989.

Vistheimilanevnd er með upplýsingar um fjölda starfsfólks 11 af þeim 20 árum sem Silungapollur var starfræktur. Á þessum tíma voru fastir starfsmenn hverju sinni 11-15 og að meðaltali 13 talsins.¹¹⁸ Starfsfólki var fjölgað yfir sumartímann á meðan sumar-dvalarbörn dvöldu á heimilinu, t.d. störfuðu 11-12 stúlkur aukalega sumrin 1952-1954 og sumarstarfsmenn voru 14 talsins sumarið 1958 þannig að á þessum árum voru í heildina 23-27 starfsmenn á Silungapollum yfir háannatímann.¹¹⁹ Vistheimilanevnd er með upplýsingar um að 118 einstaklingar hafi starfað á heilsársvistheimilinu að Silungapollum á árunum 1950-1969 en gera verður þann fyrirvara um þennan fjölda að ekki eru til starfsmannalistar fyrir öll starfsár heimilisins. Ekki kemur skýrt fram í þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum hver verkaskipting starfsfólksins var, en sem dæmi má þó nefna að haustið 1956 störfuðu 13 konur á Silungapollum auk forstöðukonu, þar af sex fóstrur, ein ráðskona, ein eldhússtúlka, ein gangastúlka, ein borðstofustúlka, tvær starfsstúlkur og ein kona sem sá um næturvörslu.¹²⁰ Árið 1967 voru starfskonur á Silungapollum 14 talsins, sex sem önnuðust börnin, þar af þrjár fóstrur, auk átta stúlkna í „eldhúsi, borðstofu, þvottahúsi og afleysingum.“¹²¹ Þá voru árið 1969 tíu starfskonur auk forstöðukonu og var verkaskipting þannig að við fóstrustörf og ræstingar voru tvær stúlkur á hvorri deild, ein stúlka annaðist næturvörslu, í eldhúsi og borðstofu vann matráðskona og aðstoðarstúlka hennar, ein stúlka var í þvottahúsi og við fataviðgerðir og tvær stúlkur unnu í afleysingum.¹²² Fjöldi fóstura á Silungapollum er aðeins tilgreindur fyrir fimm af 20 starfsárum Silungapolls. Haustið 1956 störfuðu sex fóstrur á Silungapollum og árið 1957 voru þær fjórar, þar af þrjár á sínu öðru starfsári og ein með fimm ára starfs-

¹¹⁷ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafafn, askja F-31. Dagbjört Eiríksdóttir til skrifstofu fræðslufulltrúa Reykjavíkur, dags. 20.9.1956. – *Leikskólakennaratal* I, bls. 202.

¹¹⁸ Þetta eru árin 1950, 1952-1956, 1958, 1964 og 1967-1969, sbr. BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafafn. F-31. – BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 9. – ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 1989-B/34.

¹¹⁹ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 9.

¹²⁰ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafafn. F-31. Meðmælabréf 13 starfsstúlkna á Silungapollum til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 29. september 1956.

¹²¹ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 1989-B/34. Eftirlitsskýrsla Bergljótar Líndal, dags. 21. júlí 1967.

¹²² BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafafn. F-31. Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar. Lagt fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

reynslu. Árin 1967 og 1968 störfuðu þrjár fóstur á Silungapólli og sumarið 1969 voru fjórar fóstur þar starfandi.¹²³

4. Viðtöl við fyrrverandi vistmenn og starfsmenn Silungapólls og opinbera starfsmenn

Í kafla 2 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1 er gerð grein fyrir málsmeðferð nefndarinnar, verklagi og aðferðum í tilefni af könnun nefndarinnar. Þar er í kafla 2.4 gerð grein fyrir tilhögun viðtala, verklagi, markmiði og framkvæmd þeirra við fyrrverandi vistmenn og fyrrverandi nemendur þeirra stofnana sem nefndin hefur nú tekið til könnunar og vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Þá er í kafla 2.5 gerð grein fyrir sömu þáttum varðandi viðtöl við fyrrverandi starfsmenn. Í kafla 2 í I. hluta í þessari skýrslu vistheimilaneftar er þó, samhengisins vegna, gerð í stuttu máli grein fyrir sömu atriðum og vísast hér til þeirra umfjöllunar.

Á haustdögum 2009 var útbúinn nafnalisti yfir fyrrverandi vistmenn Silungapólls. Á skrá hjá nefndinni yfir fyrrverandi vistmenn, sem vistaðir voru af hálfu barnaverndarnefndar í Reykjavík, er 951 einstaklingur og til viðtals við vistheimilaneft komu 74 einstaklingar, en úr þeim hópi dvöldu 11 á heimilinu í sumardvöl á vegum Rauða kross Íslands. Eins og greint er frá í kafla 2 í I. hluta tók nefndin ákvörðun um að birta í fjölmiðlum auglýsingar þess efnis að öllum þeim sem dvöldu á Silungapólli á starfstíma heimilisins gæfist kostur á viðtali við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni. Var sú ákvörðun tekin á þeirri forsendu að hátt í eitt þúsund börn voru þar vistuð og erfiðleikum væri bundið að senda öllum þeim sem nefndin hafði upplýsingar um skriflegt erindi og bjóða þeim til viðtals. Auglýsingar voru birtar tvívegis haustið 2009 og þá voru einnig sendar fréttatilkynningar til fjölmiðla um möguleika fyrrverandi vistmanna á viðtali. Flestir stærstu fjölmiðlar landsins, prentmiðlar, netmiðlar, ljósvakamiðlar og fréttastöðvar, fluttu í kjölfarið fréttir þess efnis.

¹²³ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Meðmælabréf 13 starfsstúlkna á Silungapólli til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 29. september 1956. – BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 9. Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur til endurskoðunardeildar Reykjavíkur, dags. 16. júlí 1957. – ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 1989-B/34. Eftirlitsskýrsla Bergljótar Líndal, dags. 21. júlí 1967. – BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 9. Starfsmannaskrá fyrir árið 1968, ódags. – BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-31. Rekstur barnaheimila Reykjavíkurborgar. Lagt fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

Þegar lokið var við stærstan hluta skjallegrar gagnaöflunar og tekin höfðu verið viðtöl við þá einstaklinga sem dvöldu á Silungapólli og óskuðu eftir viðtali við nefndina, voru teknar skýrslur af starfsmönnum sem telja mátti að gætu varpað ljósi á atvik og aðstæður í starfsemi heimilisins öll starfsár þess. Nefndin hefur upplýsingar um 118 einstaklinga sem störfuðu á heimilinu á starfstíma þess en þar af eru 20 látnir. Nefndin tók skýrslur af 16 fyrrverandi starfsmönnum heimilisins en allar fyrrverandi forstöðukonur þess eru látnar. Óskað var eftir viðtali við starfsmenn heimilisins svo heildarmynd fengist af dvöl barnanna á heimilinu, eins og hún horfði við starfsmönnum. Við mat á því hvaða starfsmenn nefndin óskaði eftir að taka viðtal við var sérstaklega litið til þess að aflað yrði upplýsinga um hvert starfsár heimilisins. Einnig var litið til þess hvort framburður vistmanna gæfi tilefni til að athuga nánar vísbendingar sem fram komu í viðtölum við þá um illa meðferð eða ofbeldi á starfstíma heimilisins. Nefndin tók skýrslur af starfsfólki sem starfaði á mismunandi tímum öll starfsár heimilisins að undanskildum fyrstu tveimur árunum, þ.e. starfsárunum 1950 og 1951 og síðasta starfsári heimilisins, 1969. Nánar verður fjallað um efni framburða úr viðtölum við þá einstaklinga sem komu fyrir nefndina og ályktanir nefndarinnar á þeim grundvelli í kafla 5 hér síðar.

Við undirbúning áfangaskýrslu nr. 1 höfðu verið teknar skýrslur af þáverandi félagsmálastjóra Reykjavíkur, fyrrverandi nefndarmanni í barnaverndarnefnd Reykjavíkur á árunum 1966-1974, fyrrverandi starfsmanni barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1966-1970 og fyrrverandi starfsmanni Barnaverndarráðs Íslands á árunum 1966-1971. Upplýsingar sem þar koma fram hafa komið að notum við könnun nefndarinnar á þeim stofnunum sem fjallað er um í þessari skýrslu en nánar er gerð grein fyrir efni þeirra eftir því sem við á í kafla 5 hér á eftir.

5. Ályktanir og niðurstöður nefndarinnar

5.1 Um tildrög vistunar barna á Silungapólli

5.1.1 Lagagrundvöllur stjórnvaldsákvarðana um vistun barna og málsmeðferð

Ákvörðunartaka um vistun barna á uppeldisstofnunum var í höndum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966. Í kafla 2 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1 hefur verið gerð grein fyrir lagaumhverfi barnaverndarmála, þ.m.t.

efnislegum ástæðum og forsendum fyrir afskiptum barnaverndarnefndar af málefnum einstakra barna og fjölskyldna þeirra og við hvaða aðstæður þær skyldur yrðu virkar. Þá hefur jafnframt verið gerð grein fyrir þeim reglum sem giltu um málsmeðferð barnaverndaryfirvalda samkvæmt ákvæðum sömu laga og vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Verða því hér samhengisins vegna áréttuð þau meginsjónarmið sem eftirfarandi umfjöllun um tildrög vistunar barna á Silungapólli miðast við.

Áður en lengra er haldið tekur nefndin þó fram að samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 tekur starf vistheimilanefndar aðeins til þess að kanna starfsemi „vist- og meðferðarheimila fyrir börn“ sem starfandi voru á árum áður. Eitt af meginverkefnum nefndarinnar er að lýsa tildrögum þess að börn voru „vistuð“ á hlutaðeigandi stofnun á því tímabili sem um ræðir, sbr. a-lið 2. mgr. 1. gr. sömu laga. Af þessu leiðir að umfjöllun nefndarinnar um tildrög vistunar barna á Silungapólli einskorðast að lögum við könnun á aðdraganda og ástæðum að baki vistun barna þar af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Það fellur því utan við lögbundin verkefni nefndarinnar að fjalla um forsendur að baki dvöl barna þar að sumri til á vegum Rauða kross Íslands, en þangað fóru þau að ósk foreldra en ekki fyrir ákvörðun barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Vistheimilið Silungapóllur var eins og vistheimilið Reykjahlíð, sjá kafla 2 í VI. hluta, stofnun sem starfrækt var af hálfu Reykjavíkurborgar og af þeim skjallegu gögnum sem nefndin hefur undir höndum um starfsemi Silungapólls er það niðurstaða vistheimilanefndar að vistheimilið í merkingu laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 hafi haft samskonar hlutverki að gegna og vistheimilið Reykjahlíð. Takmörkuðust heimildir barnaverndarnefndar Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966, við að vista barn á Silungapólli, einkum við atvik eða aðstæður er vörðuðu sjálfa foreldra barns, svo sem vegna andlegra eða siðferðilegra annmarka, líkamlegrar eða andlegrar vanheilsu, drykkjuskapar, eiturfjaneyslu o.s.frv. Þá verður að minna á að samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 29/1947 og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 53/1966 var fortakslaust bann við að taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna. Við þær aðstæður er örbirgð foreldra var forsenda fyrir ósk þeirra um vistun barns bar barnaverndarnefnd að leiðbeina foreldrum um rétt þeirra til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr

bæjar- eða sveitarsjóði. Þá verður að minna á að það var hlutverk ríkisins að starfrækja vistheimili fyrir börn sem ratað höfðu á siðferðilega glapstigu eða framið lögbrot.¹²⁴

Með þessi lagasjónarmið að leiðarljósi telur vistheimilanefnd að við könnun á tildrögum vistunar barna á vistheimilinu Silungapollu verði að gera grein fyrir vistun barna af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur þegar lög nr. 29/1947 og lög nr. 53/1966 giltu um það efni. Nefndin telur á hinn bóginn ekki ástæðu til að skipta umfjöllun upp eftir gildistíma laganna frá 1947 annars vegar eða laganna frá 1966 hins vegar þar sem engar breytingar urðu við gildistöku þeirra um forsendur vistunar eða málsmeðferð.

5.1.2 Ályktanir af skjalglegum gögnum og öðrum heimildum

Eins og rakið er hér fyrr í kafla 3.2 var, eftir því sem vistheimilanefnd kemst næst, 951 einstaklingur vistaður á Silungapollu af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1950-1969. Í apríl og maí 2010 afhenti Borgarskjalasafn 93 einstaklingsmál til nefndarinnar. Nefndin hafði þegar mál 132 einstaklinga vegna könnunar á starfsemi annarra heimila og samtals hafði vistheimilanefnd því undir höndum mál 225 einstaklinga sem dvalið höfðu á Silungapollu sem börn af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur, eða 23,8% heildarfjöldans.

Í þeim gögnum sem nefndin hefur fengið afhent frá Borgarskjalasafni er í flestum tilvikum að finna gögn sem veita nefndinni upplýsingar um tildrög þess að barnaverndarnefnd Reykjavíkur taldi ástæðu til afskipta af málefnum einstakra fjölskyldna og hvaða efnislegu ástæður og forsendur lágu að baki því að þörf var talin á vistun barna á vistheimilinu Silungapollu. Þau gögn eru sem fyrr einkum fundargerðir barnaverndarnefndar, heimiliseftirlitsskýrslur starfsmanna nefndarinnar og skráning vistunarsögu á einstökum stofnunum áður en ráðstöfun á Silungapoll átti sér stað. Þá bárust nefndinni einnig gögn barnaverndarnefndar og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur um málefni hluta einstaklinganna eftir að dvöl þeirra á vistheimilinu lauk. Varpa þau gögn í sumum

¹²⁴ Vistheimilið Breiðavík í Rauðasandshreppi sem starfrækt var á tímabilinu 1952-1979 var rekið af hálfu ríkisins fyrir börn sem ratað höfðu á siðferðilega glapstigu eða framið höfðu lögbrot. Þá var stúlknaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi sem starfrækt var af hálfu Hjalpræðishersins á Íslandi á tímabilinu 1965-1967 ætlað stúlkum sem ratað höfðu á siðferðilega glapstigu eða sem framið höfðu lögbrot. Varðandi niðurstöður vistheimilanefndar um könnun á starfsemi þeirra, sjá Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, kaflar 9-11 í III. hluta og Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1, kafli 5 í VIII. hluta.

tilvikum ljósi á ástæður og forsendur vistunar barna á Silungapólli þar sem fyrri afskipti barnaverndarnefndar af málefnum þeirra er oft og tíðum rakin.

Oftast má rekja upphafleg afskipti, ástæður og forsendur fyrir ákvörðun um vistun barna á Silungapólli til bágra uppeldisskilyrða, einkum áfengisneyslu foreldra, líkamlegra eða andlegra veikinda þeirra og vanrækslu. Er sú niðurstaða sambærileg við niðurstöðu nefndarinnar um tildrög vistunar barna í Reykjahlíð sem rakin er hér síðar í kafla 5.1 í VI. hluta skýrslunnar. Þá finnast þess einnig dæmi að forsendur vistunar megi rekja til fátæktar á heimili eða þörf foreldra, oftast móður, fyrir tímabundna gæslu fyrir börn sín vegna vinnu utan heimilis, t.d. vegna andláts föður eða skilnaðar eða vegna tíma-bundinnar sjúkrahúsvistar, t.d. vegna fæðingar barns eða lækni meðferðar. Þá má einnig finna dæmi um að andlega og líkamlega fötluð börn hafi verið vistuð á Silungapólli. Í fæstum þeim tilvikum þar sem tildrög vistunar tengjast þörf móður á gæslu fyrir börn sín verður séð að við erfiðleika af öðrum toga hafi jafnframt verið að stríða, svo sem áfengisneyslu, andleg eða líkamleg veikindi. Í þeim málum má sjá töliverðan mun á fjölda og efnislegu innihaldi þeirra gagna er varða málefni hlutaðeigandi fjölskyldu. Eru dæmi um að einu gögnin í máli séu bókun í fundargerð barnaverndarnefndar um að móðir hafi nýlega orðið ekkja eða einstæð móðir í kjölfar skilnaðar og hún óski eftir aðstoð nefndarinnar þar sem hún hafi ekki tók á að hafa börn sín heima sökum vinnu utan heimilis. Þá benda gögn þeirra einstaklinga sem voru andlega eða líkamlega fötluð og dvöldu á Silungapólli til þess að erfiðleikar á heimili þeirra eða hjá foreldrum hafi ekki verið meginástæða vistunar þeirra á Silungapólli.

Í þeim tilvikum þar sem tildrög vistunar má rekja til bágra uppeldisskilyrða, verður ráðið að reglubundið eftirlit hafi verið haft með viðkomandi heimilum og að hlutverk eftirlitsfólks barnaverndarnefndar hafi fyrst og fremst verið að aðstoða fjölskyldur. Ekki verður að mati vistheimilaneftndar annað séð en að í flestum tilvikum hafi starfsfólk barnaverndarnefndar lagt sig fram um að aðstoða fjölskyldur með það að markmiði að koma málefnum þeirra í eðlilegt horf áður en ákvörðun var tekin um vistun barna á Silungapólli. Þá eru þess dæmi að starfsfólk barnaverndarnefndar hafi í allt að tvö til þrjú ár, og í sumum tilvikum mun lengur, leitast við að aðstoða fjölskyldur áður en ákvörðun var tekin um vistun. Liður í þeirri aðstoð hafi verið neyðarvistanir um skamman tíma, ýmist á Silungapólli, Upptökuheimili ríkisins á Elliðahvammum og hluti þeirra barna

sem var vistaður á Silungapólli hafði einnig verið vistaður á vöggustofum, t.d. Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins eða Hlíðarenda.

Á hinn bóginn hefur vakið athygli vistheimilaneftirlyftisskýrslum, að eftirlit virðist að mestu hafa verið fólgið í eftirliti með foreldrum, einkum móður, og líðan hennar. Í fæstum tilvikum eru skráðar athugasemdir um líðan barns eða barna, heldur eingöngu skráðar upplýsingar um klæðnað og hreinlæti þeirra. Þá má ráða af gögnunum að slæmt heilsufar, vanlíðan og ofneysla móður á áfengi eða lyfjum virðist hafa verið talin grunnforsenda fyrir töku barns af heimili, en atvik eða aðstæður er vörðuðu föður ekki ráðið miklu.¹²⁵

Þá hefur vistheimilaneftirlyftisskýrslur einnig yfirfarið tiltækar fundargerðir og önnur frumgögn frá barnaverndarneftirlyftisskýrslur Reykjavíkur á tímabilinu 1950-1969 til að kanna hvernig málsmeðferð og afgreiðslu ákvarðana var hagað um vistun barna á Silungapólli.¹²⁶ Í tengslum við könnun á starfsemi vistheimilisins Kumbaravogs, stúlknaheimilisins Bjargs og vistheimilisins Reykjahlíðar fór fram greining á fundargerðum barnaverndarneftirlyftisskýrslur Reykjavíkur á tímabilinu 1956-1984.¹²⁷ Við könnun á starfsemi Silungapólls hefur nefndin að hluta stuðst við þau gögn sem af því tilefni var aflað.

Af þeim fundargerðum sem eru fyrir hendi telur vistheimilaneftirlyftisskýrslur að í mörgum tilvikum hafi barnaverndarneftirlyftisskýrslur Reykjavíkur ekki lagt mál um vistun einstakra barna á heimilið í lögformlegan farveg og er sú niðurstaða samhljóma niðurstöðu nefndarinnar við könnun á starfsemi vistheimilisins Breiðavík á tímabilinu 1952-1979, vistheimilisins Kumbaravogs á tímabilinu 1965-1984, stúlknaheimilisins Bjargs á tímabilinu 1965-1967.¹²⁸ Í fundargerðum barnaverndarneftirlyftisskýrslur er í meirihluta tilvika aðeins bókað að viðkomandi barn hafi farið á Silungapóll tiltekinn dag, en að jafnaði er ekki bókað um

¹²⁵ Sjá einnig til hliðsjónar rannsókn Guðrúnar Kristinsdóttur (1991) um þróun fagmennsku í barnavernd en þar er vísað til þess hvernig athygli beindist ójafnt að fjölskyldumeðlimum varðandi afskipti, íhlutun og eftirlit í hefðbundinni opinberri barnaverndarþjónustu, sbr. Guðrún Kristinsdóttir: *Child Welfare and Professionalization*, bls. 96-100. Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur áratug síðar (2002) kom fram að tilvísunarferlið einkennist af þessu sama fyrirbæri, þ.e. að móðirin var í aðalhlutverki, athyglin beindist fyrst og fremst að henni og hún var hinn eiginlegi samstarfsaðili. Barnið var ráðstöfunarviðfang, en faðirinn ósýnilegur og ógjarnan aðili að ákvörðuninni, sbr. Sigrún Júlíusdóttir: *Ævintýri á fjöllum*, bls. 61-63 og 133-140.

¹²⁶ BSR. FR 240. Fundargerðir barnaverndarneftirlyftisskýrslur Reykjavíkur 1965-1969.

¹²⁷ Niðurstöður könnunar nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á starfsemi vistheimilisins Kumbaravogs og stúlknaheimilisins Bjargs eru birtar í áfangaskýrslu nefndarinnar nr. 1 er afhent var forstætisráðherra 31. ágúst 2009.

¹²⁸ Sjá Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, kafla 9 í III. hluta og Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1, kafla 5.1 í VII. og VIII. hluta.

töku ákvörðunar um vistun og þá eru einnig dæmi um að engar bókanir sé að finna í fundargerðum um vistun barna á heimilið. Sjaldnast er tilefni vistunar rakið í bókun nefndarinnar eða afstaða nefndarinnar til hennar. Eru tiltölulega fá dæmi þess að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi á fundi tekið formlega ákvörðun um vistun barns á Silungapollu en þess finnast hins vegar dæmi að bókað hafi verið á fundi nefndar að tiltekinn einstaklingur hafi verið sendur á Silungapoll, þá yfirleitt nokkrum vikum áður, án þess að athugasemdir eða afstaða nefndarinnar til vistunarinnar komi þar fram. Í málefnum þeirra 225 einstaklinga sem nefndin hefur kannað, kvað barnaverndarnefnd upp tvo formlega úrskurði um töku barna af heimili en eins og áður er rakið fór nefndin kerfisbundið yfir allar fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1950-1969 og gögn fyrrgreindra einstaklinga sem vistaðir voru á heimilinu með það fyrir augum að kanna hvernig málsmeðferð hafi verið hagað í málefnum barna sem vistuð voru á Silungapollu. Þrátt fyrir þetta benda skráningar í svokallaðar heimiliseftirlitsskýrslur til þess að starfsmenn nefndarinnar hafi oftast en fundargerðabækur benda til, fengið afstöðu nefndarinnar til einstakra vistana. Þannig er stundum skráð í heimiliseftirlit að fyrirhugað sé að senda barn á Silungapoll og að nefndin hafi tekið ákvörðun þar um án þess að það sé bókað sérstaklega í fundargerðabók.

Þá eru einnig dæmi um að skjálleg gögn einstaklinga varpi engu ljósi á hvernig staðið hafi verið að ákvörðun um vistun. Þá er hvorki að finna bókanir í fundargerðabækur né skráningu í heimiliseftirlit um afstöðu nefndarinnar til vistunar. Í þeim tilvikum er afar erfitt að mati nefndarinnar að draga þá ályktun að ákvörðun um vistun barns á Silungapollu hafi að réttu lagi verið í formi stjórnvaldsákvörðunar eins og lög nr. 29/1947 og lög nr. 53/1966 gerðu ráð fyrir. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að ekki hafi alltaf verið farið eftir skráðum eða óskráðum reglum um framkvæmd ákvarðana fjölskipaðra stjórnslunefnda á borð við barnaverndarnefndir, s.s. um ályktunarhæfi o.fl., sem í gildi voru á þessum tíma. Því til stuðnings skal tekið fram að í skýrslu sem fyrrverandi nefndarmaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1966-1974 gaf fyrir vistheimilanefnd við undirbúning áfangaskýrslu nr. 1, kemur fram að hún telji að mál hafi í einhverjum tilvikum verið undirbúin af starfsmönnum nefndarinnar, þeir tekið ákvörðun um vistun á heimilið og að barnaverndarnefnd hafi síðar verið upplýst um þær ráðstafanir.

Í þessu sambandi má geta þess að við greiningu á heimiliseftirlitsskýrslum sem skráðar voru af starfsmönnum barnaverndarnefndar má í allmörgum tilvikum sjá að ákvörðun um vistun virðist í reynd hafa verið tekin af starfsfólki barnaverndarnefndar og oft í samráði við foreldra. Mörg dæmi eru um að skráð hafi verið í kjölfar heimsóknar starfsfólks nefndarinnar á tiltekið heimili að „rætt hafi verið við móður um að senda X á Silungapoll um tíma“ og þá skráð í skýrsluna að foreldrar, oftast móðir, séu því samþykkir. Þá finnast þess einnig dæmi að foreldrar hafi óskað eftir því við starfsfólk barnaverndarnefndar þegar það kom í heimiliseftirlit, að börn þeirra yrðu tekin til dvalar á Silungapalli og orðið hafi verið við þeirri ósk. Á hinn bóginn er í fæstum tilvikum bókað um slíkar óskir foreldra í fundargerðir barnaverndarnefndar eða afstöðu nefndarinnar til þess hvort efnislegar ástæður hafi verið fyrir vistun barnanna á Silungapalli.

Í þessu sambandi ítrekar vistheimilanefnd einnig þau sjónarmið sem hún hefur áður sett fram í skýrslum sínum að samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947 og 10. gr. laga nr. 53/1966 gátu barnaverndarnefndir haft á að skipa fulltrúa er annast skyldi „dagleg störf“ nefndarinnar í „umboði hennar“, en í síðarnefnda ákvæðinu var talað um „sérhæft“ starfslið. Undir „dagleg störf“ í þessari merkingu fólst fyrst og fremst almenn meðferð einstakra mála, svo sem eftirlitsheimsóknir, gagnaöflun og aðstoð við foreldra o.s.frv. Ekki verður séð að fyrrgreind lagaákvæði hafi haft að geyma fullnægjandi heimild fyrir barnaverndarnefndir til að fela fulltrúa eða sérhæfðu starfsliði að taka efnislegar ákvarðanir um vistun barns á stofnun á borð við vistheimilið Silungapoll hvort sem slík ákvörðun var tekin gegn vilja foreldra eða með samþykki þeirra. Í tíð laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 kann barnaverndarnefnd að hafa verið heimilt að láta hjá líða að ákveða vistun barns á Silungapalli í skriflegum, rökstuddum úrskurði og þá að fullnægðum kröfum um samþykki aukins meirihluta nefndarmanna, sbr. 13. gr. laga nr. 29/1947 og 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1966. Þá eingöngu í þeim tilvikum þegar ótvírætt samþykki foreldra lá fyrir, sbr. 20. gr. laga nr. 29/1947 og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 53/1966. Á hinn bóginn verður ekki séð að beiðni foreldris eða jákvæð afstaða þess til vistunar barns á Silungapalli hafi samkvæmt fyrrgreindum lögum getað leitt til þess að slík ákvörðun væri ekki sem slík afgreidd fyrirfram með formlegri samþykkt, a.m.k. meirihluta barnaverndarnefndar á ályktunarhæfum fundi. Um slíkar ákvarðanir og þá málsmeðferð sem lá henni til grundvallar, þ.á m. um fyrirbyggjandi gögn, bar ritara

nefndarinnar að halda nákvæma fundarbók sbr. 9. gr. laga nr. 29/1947 og 9. gr. laga nr. 53/1966. Í þessu sambandi bendir vistheimilanefnd á að það var hlutverk barnaverndarnefndar að gæta hagsmuna barns og réttaröryggis þess. Jákvæð afstaða foreldra gat eins og lögnum var háttáð ekki ein og sér verið ráðandi um það hvort lagaskilyrðum væri fullnægt fyrir vistun barns á stofnun á borð við Silungapoll en þess voru nokkur dæmi.

Þá ítrekar vistheimilanefnd einnig þau sjónarmið sem hún hefur áður sett fram í skýrslum sínum, að samkvæmt 14. gr. laga nr. 29/1947 og 15. gr. laga nr. 53/1966 var formanni, eða fulltrúa í umboði hans, heimilt að framkvæma ráðstöfun ef vinda þurfti bráðan bug að henni, enda væri ráðstöfunin lögð til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur væri. Að mati vistheimilanefndar, eftir könnun á þeim gögnum sem nefndin hefur aflað um málefni fyrrgreindra 225 einstaklinga sem vistaðir voru á Silungapoll, er ljóst að í einhverjum tilvikum hafa atvik eða aðstæður verið með þeim hætti að formanni, eða fulltrúa nefndar, í umboði hans hafi verið heimilt að framkvæma neyðarráðstöfun á borð við vistun á Silungapoll þegar í stað. Á hinn bóginn verður ekki séð af fyrirbyggjandi gögnum, einkum fundargerðabókum barnaverndarnefndar Reykjavíkur, að slíkar ráðstafanir hafi almennt verið lagðar til fullnaðarákvörðunar skömmu eftir framkvæmd þeirra eða „svo fljótt sem kostur er“, sbr. ákvæði 14. gr. laga nr. 29/1947 og 15. gr. laga nr. 53/1966. Því til stuðnings skal tekið fram að í skýrslu sem áður nefndur nefndarmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur á árunum 1966-1974 gaf fyrir vistheimilanefnd kom fram að slíkar ákvarðanir hafi almennt verið teknar af starfsmanni nefndarinnar og hugsanlega í samráði við formann hennar en almennt ekki lagðar fyrir nefndina til formlegrar afgreiðslu og ákvarðanatöku.

Með vísan til alls ofangreinds er það í *fyrsta lagi* niðurstaða vistheimilanefndar að ekki séu forsendur til að fullyrða annað en að tilefni upphaflegra afskipta barnaverndarnefndar Reykjavíkur og síðar tilefni ákvarðana um vistun barna á vistheimilinu á Silungapoll hafi í flestum tilvikum fallið innan lögbundinna marka 26. gr. laga nr. 29/1947 og 26. gr. laga nr. 53/1966 og börn þá fyrst og fremst vistuð vegna bágra heimilsaðstæðna sem rekja mátti til háttsemi foreldra, veikinda eða vanrækslu. Á hinn bóginn telur nefndin að í nokkrum tilvikum kunni að hafa leikið vafi á því að forsendur fyrir slíkum ákvörðunum hafi stuðst við nægjanlegan lagagrundvöll. Hafi þá börn verið vistuð vegna fátæktar á heimili eða þarfar móður eða foreldra fyrir gæslu fyrir börn sín, en ekki

beinlínis eða í meginatriðum vegna bágra uppeldisaðstæðna, sem rekja hafi mátt til veikinda, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra. Þá eru þess einnig dæmi að andlega og líkamlega fötluð börn hafi verið vistuð á Silungapólli en vistheimilanevnd telur vafa leika á því að ákvarðanir um vistun þeirra á heimilið hafi stuðst við fullnægjandi laga-grundvöll.

Í öðru lagi er það niðurstaða nefndarinnar að vafi leiki á því að málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi á tímabilinu verið í samræmi við skyldur sem hvíldu á nefndinni samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966, enda hafi ákvarðanir í einstökum málum ekki verið teknar með þeim hætti sem fyrrgreind lög gerðu ráð fyrir, annað hvort á ályktunarhæfum fundi með samþykki meirihluta nefndarmanna í þeim tilvikum þegar ótvírætt samþykki foreldra fyrir ráðstöfun lá fyrir eða með skriflegum og rökstuddum úrskurði í þeim tilvikum þegar andstaða foreldra var við ráðstöfun barns. Þá telur nefndin að í fæstum tilvikum hafi neyðarráðstafanir starfsmanna barnaverndarnefndar verið lagðar fyrir barnaverndarnefnd til formlegrar afgreiðslu og ákvarðanatöku sbr. fyrrgreind ákvæði laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 er giltu um töku ákvörðunar um neyðarvistanir og málsmeðferð í kjölfar hennar.

5.2 Sættu vistmenn á Silungapólli illri meðferð eða ofbeldi?

5.2.1 Almennt um ályktunargrundvöll nefndarinnar og mat

Um aðferðir vistheimilanefndar og grundvöll ályktana um einstaka efnisþætti, þ.á m. um hvort ill meðferð eða ofbeldi hafi átt sér stað á einhverjum tíma í sögu þeirra stofnana sem könnun nefndarinnar beinist að, hefur verið gerð grein fyrir í kafla 2.6 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1 og vísast hér til þeirrar umfjöllunar.

Það skal þó áréttað að tilgangur könnunar nefndarinnar er ekki að leggja mat á sannleiksgildi frásagna um dvöl hvers og eins þeirra sem komu til viðtals við nefndina enda tæpast mögulegt að framkvæma slíkt mat þannig að niðurstöður geti talist áreiðanlegar, meðal annars vegna þess að margir þeirra einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina voru mjög ungir að árum þegar þeir dvöldu á heimilinu og þá eru um 40-60 ár síðan einstaklingarnir dvöldu þar. Af þessum sökum hefur nefndin í störfum sínum leitast við að varpa almennu ljósi á sannleiksgildi frásagna. Þá er nánar tiltekið átt við að lagt hefur verið mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum hvort telja verði, þegar á

heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að ill meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem nánar hefur verið rakin í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar, hafi átt sér stað á starfstíma vistheimilisins Silungapolls. Með því er lagt til grundvallar að ekki séu af hálfu nefndarinnar forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi einstakra frásagna sem mynda þá heild sem ályktunargrundvöllur hennar er reistur á. Með þessu móti telur nefndin að heildarmat hennar og ályktanir af munnlegum framburði séu reistar á viðhlítandi forsendum með þeim fyrirvörum sem greint hefur verið frá í kafla 2.6 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1.

Á grundvelli þeirra skjállegu gagna sem nefndin hefur undir höndum og þeirra upplýsinga sem fyrrverandi vistmenn og starfsfólk Silungapolls hafa veitt nefndinni í formi viðtala er ljóst að starfsemin hefur ekki beinlínis verið kaflaskipt þann tíma sem könnun nefndarinnar beinist að. Kemur þar *í fyrsta lagi* til að Dagbjört Eiríksdóttir gegndi forstöðu vistheimilisins lengst af, á árunum 1956-1969 eða í 14 ár á tæplega 20 ára starfstíma heimilisins, og *í öðru lagi* voru flestir einstaklingar ungir þegar þeir voru vistaðir á heimilið en meðalaldur þeirra sem komu til viðtals við nefndina var 4,9 ár þegar þeir dvöldu á heimilinu og þær minningar sem þeir eiga frá dvöl sinni eru að jafnaði ekki tengdar við tiltekið tímabil eða tilteknar persónur sem þar störfuðu. Þá verður ekki merkt, ef litið er í heild sinni á efni viðtala sem nefndin tók við fyrrverandi starfsfólk og fyrrverandi vistmenn heimilisins, að starfsemin hafi verið ólík frá einum tíma til annars. Í ljósi þess telur nefndin ekki forsendur til að skipta eftirfarandi umfjöllum upp eftir tímabilum.

5.2.2 Ályktunargrundvöllur nefndarinnar og mat

Á starfstíma Silungapolls á árunum 1950-1969 var eftir því sem vistheimilanefnd kemst næst 951 einstaklingur vistaður á heimilið af hálfu barnaverndaryfirvalda í Reykjavík. Voru flestir á aldrinum tveggja til sjö ára þó dæmi hafi verið um að börn yngri en tveggja ára og börn eldri en sjö ára væru vistuð á heimilið. Á hverju ári voru að meðaltali vistuð 85 börn, þó ekki samtímis, flest árið 1960, eða 109 börn, og fæst árið 1969, eða 46 börn, en nánar er fjallað um aldur og dvalartíma vistmanna á Silungapólli í

kafla 3.2.¹²⁹ Eins og þar er rakið voru á árunum 1950-1965 einnig vistuð börn á heimilið í sumardvöl á vegum Rauða kross Íslands. Voru það að jafnaði um 60 börn hvert sumar og fjölgaði því vistbörnum á Silungapolti umtalsvert á sumrin þegar börn í sumardvöl bættust í hóp þeirra sem dvöldu á heimilinu af hálfu barnaverndaryfirvalda.

Til viðtals við nefndina komu 74 þeirra einstaklinga sem dvöldu á Silungapolti, 36 konur og 38 karlar. Úr hópi þeirra dvöldu 62 á heimilinu á vegum barnaverndaryfirvalda, 11 í sumardvöl á vegum Rauða kross Íslands og einn einstaklingur var í sumardvöl á þeirra vegum en dvöl hans var framlengd fram á vetur af hálfu barnaverndaryfirvalda. Dvöldu þeir einstaklingar sem komu í viðtal á mismunandi tíma allan starfstíma heimilisins, að frátöldum síðustu tveimur árunum, þ.e. árunum 1968 og 1969.

Eins og rakið er í kafla 5.1 um tildrög vistunar barna á Silungapolti einskorðast könnun vistheimilaneftar við könnun á tildrögum vistunar þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á heimilið af hálfu barnaverndaryfirvalda en nær ekki til þeirra sem dvöldu í sumardvöl á vegum Rauða kross Íslands. Aðrar forsendur lágu að baki vistun þeirra á heimilið en þangað fóru þau að ósk foreldra en ekki fyrir ákvörðun barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í þessu sambandi telur nefndin þó rétt að geta þess að við mat nefndarinnar á því hvort fyrrverandi vistmenn á Silungapolti hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi hefur verið litið til frásagna allra þeirra einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina, líka þeirra sem voru í sumardvöl á vegum Rauða kross Íslands enda voru börnin í sama húsnæði og sama starfsfólkið annaðist þau.

Af þeim 74 einstaklingum sem komu til viðtals við nefndina mundu 11 afar lítið frá dvöl sinni á Silungapolti og gátu gefið mjög takmarkaðar upplýsingar, en þeir komu einnig til viðtals vegna dvalar á öðru vistheimili. Í umfjölluninni hér á eftir um efni viðtala við fyrrverandi vistmenn verður þar af leiðandi ekki litið til frásagna þeirra. Þá komu einnig til viðtals þrjú einstaklingar sem dvöldu á Silungapolti á tímabili sem ekki sætir könnun nefndarinnar. Tveir þeirra dvöldu á heimilinu fyrir árið 1950 en eins og fram kemur í kafla 1 hóf Reykjavíkurborg rekstur barnaverndarstofnunar á Silungapolti árið 1950 en fyrir þann tíma höfðu einkaaðilar starfrækt þar sumardvöl. Þar er einnig rakið að barnaverndaryfirvöld í Reykjavík hafi hætt starfsemi heilsársvistheimilis fyrir

¹²⁹ Árið 1950 voru 35 börn vistuð á Silungapolti en heimilið starfaði einungis í sex mánuði það ár. Er þar af leiðandi ekki tekið mið af því starfsári er getið er um fjölda vistbarna ár hvert.

börn á Silungapollu árið 1969 en þriðji einstaklingurinn var í sumardvöl á heimilinu eftir þann tíma. Verður þar af leiðandi ekki litið til frásagna þeirra þegar lagt er mat á starfsemi heimilisins þann tíma sem könnun nefndarinnar nær til. Verður því hér í framhaldinu gerð grein fyrir frásögnum 60 einstaklinga úr hópi þeirra 74 sem komu til viðtals við nefndina.

Til viðbótar þeim sem komu til viðtals við nefndina höfðu fimm fyrrverandi vistmenn Silungapolls símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni af dvölinni en þeir þáðu ekki boð um viðtal við nefndina. Þeir dvöldu á heimilinu á árunum 1951-1958 en þó ekki samtímis. Þá hafði einnig móðir barns sem vistað var á heimilinu símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni af dvöl sonar síns á heimilinu. Einnig sendu átta einstaklingar tölvupóst til nefndarinnar til að greina henni frá reynslu sinni en þeir þáðu ekki boð um viðtal hjá nefndinni. Þeir dvöldu á heimilinu á árunum 1953-1970. Þá sendi dóttir konu sem starfaði á Silungapollu tölvupóst til nefndarinnar en hún bjó þar á meðan móðir hennar var þar starfsmaður. Einnig sendi móðir barns sem vistað var á heimilinu tölvupóst til að greina frá reynslu sinni af vistun dótturinnar á heimilinu.

Samkvæmt þeim skjallegu gögnum sem nefndin hefur aflað um starfsemi Silungapolls störfuðu þar 118 einstaklingar. Úr hópi þeirra eru 20 látnir og tókst ekki að afla fullnægjandi persónuupplýsinga um 56 einstaklinga svo unnt væri að komast í samband við þá skriflega eða símleiðis til að óska eftir viðtali. Upplýsingar um starfsfólk á Silungapollu eru af skornum skammti í þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum. Oftast er aðeins tilgreindur fjöldi starfsfólks eða einungis getið um nöfn þeirra en ekki fæðingardag, nafnnúmer, þáverandi heimilisfang eða gefnar aðrar upplýsingar sem nefndin hefði getað notað til að komast í samband við viðkomandi. Konurnar þrjár sem gegndu forstöðu heimilisins eru látnar. Til viðtals við nefndina komu 16 einstaklingar sem störfuðu á vistheimilinu.

Eins og gerð er grein fyrir hér að framan í kafla 5.2.1 var ekki að merkja af frásögnum þeirra einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina að starfsemin hafi verið kaflaskipt. Þá voru flestir ungir að árum þegar þeir dvöldu þar, minningar þeirra margra frekar takmarkaðar og tengdu þeir minningar sínar að jafnaði ekki við tiltekið tímabil í starfsemi heimilisins. Í því ljósi telur nefndin ekki forsendur til að skipta umfjöllun eftir

tímabilum. Þess í stað verður umfjöllun skipt upp með þeim hætti að tekið verður mið af afstöðu vistmanna til dvalarinnar, þ.e. fyrst verður gerð grein fyrir frásögnum þeirra sem voru þegar á heildina er litið jákvæðir varðandi dvöl sína og síðan þeirra sem voru neikvæðir. Í kjölfarið verður gerð grein fyrir frásögnum fyrrverandi starfsmanna heimilisins og annarra sem gáfu skýrslu fyrir nefndinni. Að lokum verður gerð grein fyrir ályktun nefndarinnar um hvort telja verði þegar á heildina er litið að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn á Silungapólli hafi þurft að sæta illri meðferð eða ofbeldi á starfstíma heimilisins.

Þá tekur nefndin að lokum fram að í mati sínu á framburði fyrrverandi vistmann á Silungapólli, en meðalaldur þeirra var einungis 4,8 ár þegar þeir dvöldu á heimilinu, hefur hún horft til þess, sem fram kemur í kafla 4 í III. hluta um rannsóknir á minni barna. Samkvæmt þeim er upprifjun fólks á minningum frá því snemma í æsku almennt háð minnisleysi og því beri að taka skipulegar minningar fólks af smáatriðum sem eiga að hafa gerst fyrir sjö ára aldur með fyrirvara. Þá beri að hafa sérstakan fyrirvara á minningum um atburði sem eiga að hafa gerst fyrir fimm ára aldur

5.2.2.1 Frásagnir fyrrverandi vistmanna

Í upphafi hvers viðtals var leitast við að afla upplýsinga um hversu vel einstaklingarnir mundu eftir dvöl sinni en þeir voru tiltölulega ungir þegar þeir dvöldu á vistheimilinu en meðalaldur þeirra einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina var 4,8 ár þegar þeir dvöldu á heimilinu. Mundu þeir misjafnlega vel eftir dvöl sinni á heimilinu, húsakynnum, starfsfólki, öðrum vistmönnum og þess háttar. Einkennandi fyrir frásagnir þeirra var að flestir áttu tiltekin minningarbrot frá dvölinni en ekki samfellda minningu frá öllum dvalartímanum. Lýstu þeir t.d. minningarbrotum um húsakynni, svefnaðstæður, útileiki, gönguferðir og matmálstíma. Frásagnir þeirra innbyrðis voru ólíkar og flestar tengdar persónulegri reynslu viðkomandi, t.d. tilteknum atburði eða atviki sem henti þá sjálfa eða tilteknum samskiptum þeirra sjálfra við vistmenn eða starfsmenn heimilisins.

Úr hópi þeirra 60 einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina áttu 23 nær eingöngu jákvæðar minningar um dvöl sína á heimilinu þegar á heildina er litið, 12 karlar og 11 konur. Af þessum hópi voru fjórir vistaðir á heimilið í sumardvöl á vegum Rauða kross Íslands en hinir 19 á vegum barnaverndarnefndar í Reykjavík. Dvöldu einstaklingarnir á mismunandi tíma frá árinu 1950 til ársins 1968. Voru 12 einstaklingar

vistaðir einu sinni á heimilið og 10 einstaklingar oftast en einu sinni en nefndin hefur ekki nægjanlegar upplýsingar um dvalartíma og fjölda vistana eins af þessum einstaklingum en þó staðfestar upplýsingar um að hann hafi dvalið á heimilinu í upphafi sjötta áratugarins. Af þeim 10 sem voru vistaðir á heimilið oftast en einu sinni voru sex einstaklingar vistaðir tvisvar sinnum, einn þrisvar sinnum og þrjár fjórum sinnum eða oftast.

Vistheimilanefnd hefur upplýsingar um aldur 22 úr hópi þessara 23 einstaklinga þegar þeir dvöldu á heimilinu. Voru flestir á aldrinum tveggja til sjö ára en einn var tíu ára, einn 11 ára og einn 17 ára. Meðalaldur þeirra var 4,9 ár. Ef litið er til aldurs þessara einstaklinga þegar dvöl þeirra lauk var einn þeirra fjögurra ára þegar dvöl hans lauk, fimm einstaklingar fimm ára, sjö einstaklingar sjö ára, einn átta ára, einn níu ára og aðrir tíu ára eða eldri. Vistheimilanefnd hefur upplýsingar um lengd dvalar 21 einstaklings úr hópi þessara 23 einstaklinga. Dvalartími var frá einni viku til sex ára en meðalvistunartími var 15 mánuðir. Þar af dvöldu 12 einstaklingar skemur en í 12 mánuði, fimm einstaklingar í 12-24 mánuði og fjórir einstaklingar lengur en í 24 mánuði.

Einstaklingarnir 23 greindu allir frá því að eiga jákvæðar minningar tengdar starfsfólki vistheimilisins. Komu fram margar frásagnir um að starfsfólk hefði annast börnin vel, leitast við að gera dvöl þeirra ánægjulega og þeir ættu engar neikvæðar minningar um samskipti við starfsfólk heimilisins.

Margir greindu frá því að eiga tiltekna jákvæðar minningar frá dvölinni og nefndu þau dæmi um eftirminnilegar gönguferðir, söng, leiki o.þ.h. Ein kona minntist þess sérstaklega að forstöðukona heimilisins hefði annast hana vel. Hún hefði oft fengið að dvelja inni í vistarverum hennar þar sem voru leikföng sem hún hefði haft mikla ánægju af að leika sér með. Þá átti hún einnig góðar minningar um annað starfsfólk. Hún hefði fengið að dvelja mikið með starfsfólki og fundist hún mæta góðu viðmóti af þeirra hálfu. Nefndi hún dæmi um að hafa fengið að vera með starfsfólki í eldhúsinu og þvottahúsinu og að þær minningar væru mjög jákvæðar í hennar huga. Þá greindi önnur kona einnig frá því að eiga góðar minningar um forstöðukonuna. Hún hefði við upphaf vistunar á heimilið sofð inni hjá henni og ætti hún góðar minningar því tengdar. Ofarlega í huga hennar væri minning um mikið hreinlæti og kvaðst hún muna sérstaklega eftir góðri lykt af sængurfötum sem hún svaf með inni hjá forstöðukonunni. Þá greindi einn karlmaður frá því að starfsfólk hefði annast hann og systur hans vel og að ein kona úr

hópi starfsmanna hefði farið langt út fyrir starfsskyldur sínar í umönnun þeirra. Hún hefði til að mynda tekið hann og systur hans með sér heim þegar hún fór í frí yfir jólin en þau hefðu ekki átt kost á því að dvelja hjá foreldrum sínum yfir jólin. Kvaðst hann hafa átt ánægjuleg jólin með starfskonunni og fjölskyldu hennar. Þá tók annar karlmaður sem dæmi um góða umönnun á heimilinu að hann hefði alltaf getað leitað til starfsfólksins á kvöldin þegar hann átti erfitt með að sofna og ætti hann minningar um að hafa oft þegar hann gat ekki sofnað fengið að horfa með þeim á sjónvarpið þegar önnur börn á heimilinu voru sofnuð. Þá greindi einn karlmaður til viðbótar frá því að dvöl hans á Silungapollu hefði verið svo ánægjuleg að hann hefði um haustið þegar kom að því að hann átti að fara heim kvatt heimilið og starfsfólkið með söknuði.

Fimm einstaklingar úr hópi þessara 23 einstaklinga sem voru jákvæðir þegar á heildina er litið, áttu nokkrar neikvæðar minningar. Tvær konur greindu frá því að hafa fundist erfitt að fá ekki heimsókn frá foreldrum sínum en þær töldu að heimsóknir til vistmanna hefðu ekki verið leyfðar. Önnur þeirra kvaðst hafa vaknað einn morguninn með gjöf við hliðina á sér í rúminu og verið tjáð af starfsfólki að móðir hennar hefði komið eftir að hún var sofnuð kvöldið áður og skilið gjöfina eftir. Þessi atburður hefði valdið henni vanlíðan og aukið við þá heimþrá sem hún kvaðst hafa liðið af meðan hún dvaldi á heimilinu. Einn karlmaður greindi frá því að hafa fundist starfsemin töluvert „stofnanaleg“, mikil regla hefði verið á öllu, t.d. matmálstímum, baðtímum, háttatímum og þess háttar. Allir vistmenn hefðu farið í röð er kom að því að sinna hópnum, t.d. við böðun. Sú minning væri í huga hans frekar neikvæð og honum fannst umönnunin hafa verið vélræn og ópersónuleg. Tók hann þó fram að þrátt fyrir að umönnun barnanna hefði verið með þeim hætti sem hann lýsti ætti hann ekki neikvæðar minningar um starfsfólk og það hefði annast hann vel. Þá nefndi einn karlmaður að starfsfólk hefði átt það til að hóta honum þegar hann var óþekkur sem hefði valdið honum ótta og vanlíðan. Á heimilinu hefðu um tíma starfað iðnaðarmenn við viðhald á húsakynnum og starfsfólkið hefði átt það til að hóta honum því að þeir yrðu látnir taka hann ef hann hegðaði sér ekki vel. Þessi hótun starfsskvanna hefði komið mjög illa við hann og hann óttast mjög að hún yrði að veruleika. Hann tók sérstaklega fram að starfsfólkið hefði samt sem áður annast hann vel að öðru leyti. Þá greindi ein kona til viðbótar frá því að á heimilinu hefði dvalið drengur sem var í hópi eldri vistmanna. Kvaðst hún hafa orðið vitni að því er hann gekk á

milli kofa í svefnal barnanna og átti við einhverjar stúlkur sem þar sváfu. Hún hefði á þeim tíma áttað sig á því að eitthvað óeðlilegt væri að eiga sér stað. Að öðru leyti lýsti konan ekki háttsemi drengsins en að mati nefndarinnar var frásögn hennar mjög óljós.

Aðspurðir um illa meðferð eða ofbeldi greindu allir einstaklingarnir 23 frá því að hafa aldrei orðið fyrir slíku eða orðið vitni að því gagnvart öðrum, hvorki af hálfu starfsmanna né annarra vistmanna. Þá greindu flestir frá því að refsingar hefðu ekki tíðkast en þrjár einstaklingar, tvær konur og einn karlmaður, greindu frá því að hafa sætt minniháttar refsingum. Önnur konan greindi frá því að hafa verið látin vera í einhverskonar skammakrök fyrir að hafa bitið annað barn, hin konan kvaðst hafa verið látin dvelja inni við í refsingarskyni og kalmaðurinn greindi frá því að hafa verið látinn sitja yfir mat sem hann neitaði að borða.

Ellefu einstaklingar höfðu símasamband eða sendu tölvupóst til að greina nefndinni frá jákvæðri reynslu af Silungapólli. Þetta voru níu fyrrverandi vistmenn, dóttir fyrrverandi starfskonu sem bjó á heimilinu á meðan móðir hennar var þar starfsmaður og móðir barns sem vistað var á Silungapólli. Sögðu öll að vel hefði verið hugsað um vistmenn og þeir sem dvöldu á Silungapólli greindu frá því að þeir ættu eingöngu jákvæðar minningar frá dvölinni. Kvaðst enginn þeirra hafa orðið fyrir eða vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart vistmönnum.

Úr hópi þeirra 60 einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina voru 37 einstaklingar í heild neikvæðir varðandi dvöl sína á heimilinu, 16 karlar og 21 kona. Af þessum hópi dvöldu sjö á heimilinu í sumardvöl á vegum Rauða kross Íslands en hinir 30 á vegum barnaverndarnefndar í Reykjavík. Dvöldu einstaklingarnir á mismunandi tímabilum á árunum 1950-1968. Voru 24 einstaklingar vistaðir einu sinni á heimilið og 12 oftast en einu sinni en nefndin hefur ekki nægjanlegar upplýsingar um dvalartíma og fjölda vistana eins þeirra. Af þeim 12 sem voru vistaðir á heimilið oftast en einu sinni voru sjö vistaðir tvisvar sinnum og fimm þrisvar sinnum eða oftast.

Vistheimilanefnd hefur upplýsingar um aldur 36 þessara einstaklinga þegar þeir dvöldu á heimilinu. Voru þeir flestir á aldrinum tveggja til sjö ára eða 92,7% þeirra. Meðalaldur þeirra var 4,7 ár. Ef litið er til aldurs þessara einstaklinga þegar dvöl þeirra lauk var einn þriggja ára, þrjár voru fjögurra ára, 10 voru fimm ára, 12 sex ára, fjórir sjö ára og hinir, sex talsins, átta ára eða eldri. Vistheimilanefnd hefur upplýsingar um lengd

dvalar 33 einstaklinga úr hópi þessara 37. Einstaklingarnir dvöldu frá 2 mánuðum til tæplega fjögurra ára en meðalvistunartími þeirra var 9,6 mánuðir. Þar af dvöldu 23 skemur en 12 mánuði, fimm einstaklingar í 12-24 mánuði og fimm einstaklingar lengur en í 24 mánuði.

Einstaklingarnir 37 greindu allir frá því að eiga neikvæðar minningar um samskipti við starfsfólk vistheimilisins. Áberandi voru frásagnir þess efnis að þeim hefði fundist starfsfólkið í takmörkuðum mæli sýna þeim hlýju og umhyggju. Þá hefðu þeir upplifað að verulega hefði skort á persónulega athygli frá starfsfólki og þeir ekki náð að mynda tengsl við það en eins og að ofan greinir dvöldu sumir þessara einstaklinga lengur en 24 mánuði á heimilinu. Margir greindu frá því að hafa grátið mikið og verið vansælir á meðan á dvölinni stóð og það hefðu mörg hinna barnanna gert líka. Í minningunni fyndist þeim eins og að starfsfólk hefði ekki sinnt þeim við þær aðstæður. Nokkrir þessara einstaklinga minntust þess að hafa grátið þangað til þeir gáfust upp og ein kona nefndi sérstaklega að hún hefði verið sett í kojuna sem hún svaf í og verið „látin grenja úr sér“.

Hluti einstaklinganna sagðist eiga neikvæðar minningar um svefnaðstæður á heimilinu og umönnun þeirra á kvöldin og næturnar. Lýstu þeir því að hafa sofið í svefnsal þar sem margar kojur voru. Hurð hefði verið á svefnsalnum og hurðarhúnninn verið það hátt uppi að ekki hefði verið unnt fyrir börnin að opna hurðina og fara fram til starfsfólks til að leita huggunar eða aðstoðar á kvöldin og næturnar þegar þau þurftu þess með. Sögðu margir að þessar aðstæður hefðu valdið þeim mikilli vanlíðan. Þau hefðu upplifað sig ein og yfirgefin og þeim hefði ekki fundist þau eiga möguleika á því að leita sér aðstoðar. Greindi ein kona t.d. frá því að hafa verið afar myrkfælin sem barn. Sá ótti sem hún fann fyrir í myrkrinu í svefnsalum hefði verið mjög erfiður. Þá greindi önnur kona frá því að hún hefði reynt að komast fram til starfsfólks á kvöldin og næturnar þar sem henni hefði liðið illa í svefnsalum. Hún teldi að sökum þess hefði starfsfólkið bundið hana við kojuna með bandi til að hún kæmist ekki fram. Myndi hún eftir því að hafa setið í blautu og köldu rúmi þar sem hún hafði pissað undir en ekki getað sótt sér aðstoð starfsfólks.

Nokkrar frásagnir komu fram um háttsemi sem viðkomandi upplifði sem illa meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsfólks en þær frásagnir voru ólíkar. Þannig sagðist einn karlmaður hafa í eitt skipti verið rassskelltur fyrir að geta ekki sofnað. Tveir karlmenn

greindu frá því að starfskonur hefðu þvingað þá ofan í kojur þeirra þegar þeir gátu ekki sofnað. Einn karlmaður og ein kona greindu frá því að matur hefði verið þvingaður ofan í börnin með harðneskjulegum aðferðum. Karlmaðurinn sagði að þrjár starfskonur hefðu haldið um höfuð hans og neytt hann til að borða og greindi konan frá því að hafa verið látin borða mat af diskum sem hún hafði kastað upp á. Auk þessa sagði ein konan frá því að starfskonur hefðu átt það til að klípa hana í kinnarnar eða handleggina og þá hefðu hún verið látin sitja klukkustundum saman yfir mat sem hún vildi ekki borða. Þá greindi ein kona frá því að hafa verið vitni að því er starfskona hefði sett höfuð systur hennar undir krana og skrúfað frá honum þannig að vatnið fór á höfuð hennar. Þá komu fram fáeinir frásagnir til viðbótar um aðra háttsemi af hálfu starfsmanna en voru þær, eins og flestar þær sem hér hafa verið raktar, einangraðar frásagnir sem eiga sér ekki stoð í frásögnum annarra.

Nefndinni bárust upplýsingar í síma og tölvupósti frá þremur öðrum vistmönnum sem áttu neikvæðar minningar um dvölinna, tveimur konum og einum karlmanni. Voru þau vistuð á heimilið á sjötta áratugnum. Voru frásagnir þeirra mjög áþekkar þeim sem hér hefur verið lýst. Gagnrýni kom fram á viðmót starfsfólks, það hefði verið kuldalegt og framkoman vélræn og maturinn hefði verið vondur eða einhæfur. Önnur konan sagði að hún hefði á þessum tíma pissað undir og ekki hefði verið hugað að því að skipta um sængurfatnað í kojunni sem hún svaf í. Hin konan taldi að börnin hefðu ekki fengið nægjanlega persónulega athygli. Karlmaðurinn greindi frá því að minningar hans væru frekar takmarkaðar en þær sem hann ætti væru neikvæðar, þó hann myndi ekki eftir neinu „misjöfnu“. Greindi hann frá því að í minningunni hefði verið mikill agi á heimilinu og eitthvað hefði verið um að börn hefðu verið rassskellt. Einnig hringdi kona til að greina frá upplifun sinni af dvöl sonar síns á heimilinu. Nefndi hún að hann hefði verið gjörbreyttur þegar dvölinni lauk, m.a. orðið þögull og fáskiptinn og farið að fá martraðir á næturnar sem hún teldi afleiðingu af dvölinni á vistheimilinu.

5.2.2.2 Frásagnir fyrrverandi starfsmanna

Eins og áður segir komu sextán konur sem störfuðu á Silungapólli til viðtals við nefndina. Var leitast við að boða til viðtals starfsfólk frá öllum starfsárum heimilisins þannig að heildarmynd fengist af starfsemi þess eins og hún horfði við þeim. Tókst nefndinni að fá til viðtals starfskonur frá öllum starfsárunum, að undanskildum árunum

1950-1951 og árinu 1969. Hefur nefndinni ekki verið unnt að afla nægjanlegra persónu-upplýsinga um starfsfólk vistheimilisins þau ár þrátt fyrir ítrekaða leit á viðkomandi skjalasöfnum. Nefndin óskaði auk þess eftir viðtali við tvær aðrar konur en þær báðust undan viðtali vegna aldurs og veikinda en þær eru báðar á áttæðisaldri. Önnur þeirra starfaði á heimilinu árið 1950 og hin árið 1955. Engu að síður tóku þær fram að þær ættu eingöngu góðar minningar frá starfsárunum á Silungapólli. Vel hefði verið annast um börnin og þær hefðu aldrei orðið vitni að óeðlilegri háttsemi af hálfu starfsmanna gagnvart börnunum.

Í viðtölum voru starfskonurnar sextán spurðar um starfsemina og einstök atriði sem fram höfðu komið í viðtölum við vistmenn. Greint verður frá viðtölum við konurnar eftir því hvenær þær unnu á Silungapólli.

Af ofangreindum sextán konum störfuðu fjórar á Silungapólli á tímabilinu 1952 til 1955. Sú er lengst starfaði var frá 1953 til ársins 1955, eða í tvö ár, en sú sem starfaði skemmstan tíma starfaði á heimilinu þrjá fyrstu mánuði ársins 1954. Frásagnir þeirra um starfsemi heimilisins voru að flestu leyti áþekkar. Greindu allar frá því að starfsemin hefði að þeirra áliti verið eðlileg og vel hefði verið búið að heimilinu hvað varðar mat og þess háttar. Þá hefði starfsfólk annast vistmenn eins vel og frekast var unnt. Konurnar sögðu að mikil regla hefði verið á starfseminni, börnin borðað og farið að sofa á ákveðnum tímum og umönnun þeirra hefði gengið mjög vel. Ein þeirra greindi frá því að á þeim tíma sem hún starfaði á heimilinu, sem hefði verið um tveggja ára skeið, hefðu líklega á hverjum tíma verið vistuð um 50 börn á heimilinu, flest innan við sex ára aldur.

Konurnar greindu allar frá því að hafa aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart vistmönnum og ekki vanrækslu og fálæti eins og fram kom í mörgum viðtölum við þá einstaklinga sem dvöldu á heimilinu. Þrjár þeirra sögðust aldrei hafa orðið varar við vanlíðan hjá börnunum né óeðlilega háttsemi starfsmanna gagnvart þeim. Sú fjórða sagði á hinn bóginn að mikið hefði borið á vanlíðan hjá börnunum og einkum er þau komu fyrst til dvalar á heimilið. Mikil viðbrigði hefðu verið fyrir þau að koma á stofnun eins og Silungapóll, innan um ókunnugar konur og börn en starfsfólkið hefði að hennar áliti verið sér meðvitað um það álag og þá vanlíðan sem því fylgdi og leitast hefði verið við að gera dvöl barnanna eins góða og unnt var.

Konurnar fjórar voru gagnrýnar á nokkur atriði. Ein þeirra greindi frá því að húsakynni hefðu ekki verið með þeim hætti sem æskilegt hefði verið, það hefði verið mjög kalt á köldum vetrardögum og fatnaður ekki eins góður og hann væri nú. Önnur taldi að mikið skipulag hefði hugsanlega leitt til þess að sum barnanna hefðu farið á mis við einstaklingsathygli eða hlýju frá starfsfólki og þá hefði henni fundist starfsemin bera frekar yfirbragð stofnunar en heimilis. Enda þótt starfsfólkið hefði leitast við að láta börnunum líða vel hefði starfsfólk verið of fátt til að sinna þeim nægjanlega vel. Hver starfskona hefði þurft að annast hátt í 20 börn og það hefði verið langt frá því að vera ásættanlegt.

Til viðtals við nefndina komu fimm konur sem störfuðu á heimili á tímabilinu 1956 til 1960 en mismengi þó. Sú sem lengst var starfaði í þrjú ár samfelld, þrjár í tvö ár og ein þeirra í tvö sumur en hún var ein úr hópi starfsmanna sem kom til starfa á vorin er sumardvalarbörn hófu dvöl á Silungapólli. Ein þeirra vann aðallega í eldhúsi og þvottahúsi en hinar við umönnun barnanna.

Lýsingar þeirra á starfseminni í heild voru að flestu leyti áþekkar lýsingunum hér að framan. Greindu þær frá því að reglufesta hefði einkennt starfið, enda hefðu börnin verið mörg og lögð hefði verið áhersla á að þau fengju nóg að borða. Starfsfólkið hefði verið góður og samhentur hópur. Þeim hefði almennt liðið vel á vistheimilinu en þær hefðu búið þar og sumar með sín eigin börn. Ein þeirra var þó gagnrýnin á húsakynni vistheimilisins. Lýsti hún þeim sem „skraufþurrum hjalli“ og lítið hefði verið hugað að eldvörnum. Þá hefði húsið ekki verið betur einangrað en svo að krökkt hefði verið af músunum á milli þilja. Minntist hún þess sérstaklega að hafa heyrt krafsið og atganginn í músunum innan veggjanna þegar hún var á næturvakt og börnin hefðu mörg hver verið afar hrædd sökum þessa.

Konurnar greindu allar frá því að leitast hefði verið við að annast börnin vel og að vel hefði verið búið að þeim. Mörg þeirra hefðu þó verið með heimþrá og saknað foreldra sinna en þær ekki merkt annað en að þeim hefði yfirleitt liðið vel. Þá hefðu ástæður fyrir vistun barnanna verið mismunandi, í sumum tilvikum andlát föður eða móður, vanræksla eða ofbeldi, sem hefði haft áhrif á líðan barnanna. Konan, sem starfaði aðallega í eldhúsi og þvottahúsi, greindi frá því að mörg börnin hefðu komið illa á sig komin og nefndi hún sem dæmi að sum hefðu verið mjög skítug, lúsug eða með sár í munn. Þá hefðu sum

barnanna aldrei séð baðkar eða verið böðuð í baðkari. Greindi hún jafnframt frá því að líðan barnanna hefði verið misjöfn. Reglurnar á Silungapollu hefðu örugglega reynst mörgum þeirra erfiðar og viðbrigðin sennilega verið mikil fyrir þau sem komu úr agalausum umhverfi. Starfskonur hefðu samt leitast við að láta börnunum líða sem best, taka þau í fangið og sýna þeim eins mikla athygli og unnt var miðað við fjölda barna og fjölda starfsfólks. Ein starfskonan greindi í þessu sambandi sérstaklega frá því að á næturvöktum hefði starfað einstök kona sem sýndi börnunum mikla ástúð og annaðist þau vel. Önnur starfskona upplýsti um að hún hefði gert sér fulla grein fyrir því að mörgum börnunum hefði liðið illa vegna aðskilnaðar frá foreldrum en þau furðulega lítið látið þá vanlíðan í ljós með gráti eða öðrum hætti. Það kæmi henni ekki á óvart ef einhverjir úr hópi fyrrverandi vistmanna greindu frá því að hafa fundist umönnun þeirra ópersónuleg, skorta athygli af hálfu starfsfólks eða að stofnanabragur hefði einkennt heimilið. Börnin hefðu verið komin á ókunnugan stað og innan um ókunnugt fólk. Hún gæti hins vegar ekki tekið undir að starfsfólk hefði ekki sinnt börnunum nægjanlega vel, en hugsanlega hefðu börnin ekki verið móttækileg fyrir athygli og ástúð sem þeim hefði verið sýnd af hálfu starfsfólks sökum vanlíðunar og vegna þess að þau söknuðu foreldra sinna. Auk þessa greindi ein starfskonan frá því að hugsanlega hefði hún og annað starfsfólk ekki verið sér nægjanlega meðvitað um vanlíðan barnanna. Mjög mörg börn hefðu verið vistuð á heimilinu og mikið álag hefði verið á starfsfólkinu.

Tvær þessara kvenna lýstu atvikum sem þær upplifðu sem illa meðferð eða ofbeldi. Önnur kvaðst hafa orðið vitni að því þegar starfsstúlka sló barn utan undir í matmálstíma og hin að hafa séð sömu starfsstúlku binda barn við stól og þvinga það til að borða mat. Þetta væru einu atvikin sem þær myndu eftir og gætu flokkast sem ill meðferð eða ofbeldi gagnvart barni á Silungapollu þann tíma sem þær störfuðu á heimilinu. Við háttsemi starfsstúlkunnar hefði verið brugðist og hún verið látin hætta störfum.

Þá komu til viðtals við nefndina fimm konur sem störfuðu á heimilinu á árunum 1961 til 1965. Sú sem lengst var starfaði í fjögur ár en hinar í eitt ár eða skemur. Lýsingar þeirra á starfseminni voru áþekkar lýsingum hinna sem vitnað var í hér að framan. Greindu þær allar frá því að vistmenn hefðu aldrei verið beittir illri meðferð eða ofbeldi af neinum toga, vel hefði verið hugsað um börnin, en tvær þeirra voru gagnrýnar á tiltekna þætti í starfsemi heimilisins. Önnur þeirra greindi frá því að umönnun barnanna við

böðun og þess háttar hefði mátt vera með öðrum hætti. Aðferðir hefðu verið vélrænar, börnin hefðu staðið í röðum þar til kom að þeim og að sjálf böðunin hefði tekið mjög skamma stund. Þá fannst henni gagnrýniverð að stundum hefði starfsfólki verið skammtaður betri matur en börnunum en allir hefðu snætt saman í matsal. Til dæmis myndi hún eftir því að einu sinni hefði terta verið sett á borð starfsmanna á sunnudegi en ekki hjá börnunum og það hefði henni þótt miður. Þá hefði henni ekki fundist heppilegt að blanda saman sumardvalar- og barnaverndarstarfi. Á sumrin hefði húsið fyllst af börnum sem búið hefðu við venjulegar eða góðar aðstæður og þau dvalið þar ásamt þeim sem kölluð voru „vetrarbörn“ en það hefðu verið börn sem vistuð voru af hálfu barnaverndarnefndar. Þá hefðu þrengsli verið afar mikil á sumrin sem komið hefði niður á börnunum. Sagðist hún samt aldrei hafa orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart þeim. Starfsfólkið hefði reynt þeim afar vel og annast börnin eins vel og unnt hefði verið miðað við aðstæður. Greindi hún sérstaklega frá konu sem starfað hefði sem næturvakt á vistheimilinu. Hún hefði af öðrum borið hvað varðar hlýju og ástúð gagnvart börnunum og frásagnir fyrrverandi vistmanna um að hafa ekki fengið athygli eða umönnun á næturnar kæmu henni á óvart.

Hin konan sem var gagnrýnin á tiltekna þætti í starfsemi vistheimilisins sagði að þótt starfsfólk hefði verið einstaklega gott gæti hún að ákveðnu marki tekið undir frásagnir fyrrverandi vistmanna um að þeir hefðu fengið takmarkaða umönnun og athygli en að hennar áliti voru starfsmenn ekki nægjanlega margir. Þá gæti hún einnig tekið undir frásagnir fyrrverandi vistmanna um að umönnun hefði að ákveðnu marki verið vélræn. Ákveðnar reglur hefðu verið hafðar í heiðri um matmálstíma, baðferðir, háttatíma og þess háttar og sama regla hefði gilt um alla vistmenn óháð aldri. Til að mynda hefðu öll börnin farið að sofa á sama tíma og minntist hún þess að mörgum þeirra hefði reynt erfitt að sofna. Í þeim tilvikum hefðu þau verið látin liggja í rúminu þangað til þau sofnuðu og skýrar reglur hefðu verið um þetta. Hún sagðist aldrei hafa orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart vistmönnum en minntist þess þó að hafa í eitt skipti séð starfskonu slá til barns. Á hinn bóginn treysti hún sér ekki til að leggja mat á hvort það hefði verið eðlileg háttsemi eða ekki.

Að síðustu verður greint frá viðtölum við tvær konur sem störfuðu á heimilinu árið 1967 og 1968. Önnur þeirra var fóstura og hafði sjálf leitast eftir að vinna á Silunga-

polli þar sem starfsemin hefði haft góða ímynd og mjög gott orð farið af henni. Báðar höfðu svipaða sögu að segja og aðrir starfsmenn um starfsemina í heild og urðu þær ekki varar við illa meðferð eða ofbeldi. Önnur þessara kvenna vann einungis um nokkurra mánaða skeið á heimilinu. Hún ákvað sjálf að hætta eftir stuttan tíma þar sem henni leið ekki vel. Hún hefði sjálf verið vistuð á sambærilegri stofnun sem barn og sem starfsmaður endurlifað það ófrelsi og vanlíðan sem því fylgdi. Til dæmis hefðu hurðarhúnar verið mjög hátt uppi á hurðum þannig að útilokað hefði verið fyrir börnin að komast inn og út um lokaðar dyr en því hefði eðli málsins samkvæmt fylgt ófrelsi sem henni þætti gagnrýniverð. Greindi hún frá því að mörgum börnum hefði liðið illa og að þau hefðu grátið mjög mikið. Á hinn bóginn hefði starfsfólkið leitast við að annast börnin vel og hugga þau ef þau grétu og að aldrei hefði hún orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart þeim. Hin konan, sem var menntuð fóstra, sagði líka að börnunum hefði oft liðið illa og sumum verr en öðrum, en að starfsfólkið hefði gert sér grein fyrir líðan barnanna. Starfskonur hefðu að ákveðnu marki reynt að koma börnunum í móðurstað, hugga þau og veita þeim þá athygli sem þau þurftu, t.d. hefðu þær séð til þess að hverju barni liði vel þegar þau voru komin í rúmin á kvöldin og hefðu bangsann sinn og dúkku ef þau vildu það. Vel hefði verið vakað yfir því ef börnin fóru að gráta og brugðist hefði verið strax við. Gæti hún ekki tekið undir frásagnir fyrrverandi vistmanna heimilisins um að starfsfólk Silungapolls hefði ekki annast börnin eins vel og unnt var. Leitast hefði verið við að hugsa um hvert barn þannig að því liði vel. Þá hefði hún aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi á meðan hún starfaði á heimilinu.

5.2.2.3 Ályktun nefndarinnar

Til viðtals við nefndina komu 74 fyrrverandi vistmenn sem dvöldu sem börn á Silungapólli, þar af voru 63 vistaðir þar á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur, en 11 dvöldu þar að sumarlagi á vegum Rauða kross Íslands. Úr þeim hópi mundu 11 ekkert eftir dvöl sinni, en þeir komu einnig til viðtals vegna dvalar á öðru vistheimili Þá komu til viðtals við nefndina þrír sem dvöldu á heimilinu á þeim tíma er félagasamtök sáu alfarið um rekstur þess og koma því frásagnir þeirra ekki til álita þegar lagt er mat á starfsemi heimilisins. Í þessu ljósi liggja því til grundvallar mati nefndarinnar frásagnir 60 fyrrverandi vistmanna sem dvöldu á heimilinu.

Eins og rakið er nánar í kafla 3.2 var 951 barn vistað á vegum barnaverndarnefndar á tímabilinu 1950-1969 sem könnun nefndarinnar tekur til. Þá fær nefndin ekki annað séð en að jafnaði hafi u.þ.b. 60 börn dvalið að sumri til á Silungapólli á vegum Rauða kross Íslands á árunum 1950-1965. Heildarfjöldi barna á hverju ári á því tímabili var 105-179 börn. Er því ljóst að fjöldi þeirra fyrrum vistmanna sem veittu nefndinni viðtal er verulega lítill hlutfallslega eða ekki nema 6,6% ef miðað er við börn sem vistuð voru á vegum barnaverndarnefndar og 4,1% ef miðað er við áætlaðan heildarfjölda barna. Vistheimilaneftnd telur því einsýnt að af þessum framburðum sé ekki fært að draga almennar ályktanir um starfsemi Silungapólls á árunum 1950-1969. Ályktanir nefndarinnar af frásögnum þeirra 60 vistmanna sem gátu gefið nefndinni haldbærar upplýsingar um dvöl sína geta því eðli máls samkvæmt aðeins tekið til þess hvort meiri líkur en minni séu á því að vistmenn í þessum hópi hafi almennt séð sætt illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem hér er lögð til grundvallar.

Af frásögnum þeirra 60 vistmanna, sem nefndin hefur þannig horft til í mati sínu, verður ráðið að frásagnir þeirra sem áttu neikvæðar minningar um athafnir starfsmanna eða eftir atvikum annarra vistmanna, sem kunna að falla undir hugtökin ill meðferð eða ofbeldi, voru í grundvallaratriðum trúverðugar. Komu þó fram frásagnir um refsingar og harðneskjulegar aðferðir á matmálstímum sem telja verður einangraðar þannig að þær hafi ekki átt stoð í frásögnum annarra. Tvö tilvik styðjast þó við frásagnir tveggja starfskvenna, en önnur kvaðst hafa sé starfsstúlku slá barn utan undir í matmálstíma og hin hafa séð sömu starfsstúlku binda barn við stól og þvinga það til að borða mat. Við háttsemi starfsstúlkunnar var að sögn starfskvennanna brugðist og hún látin hætta störfum. Ein starfskona til viðbótar minntist þess einnig að hafa í eitt skipti séð starfskonu slá til barns, en ekki er ljóst hvort þar hafi hún verið að vísa til sama tilviks og að framan greinir.

Að mati vistheimilaneftndar er með öllu vafalaust að háttsemi á borð við það að slá barn utan undir og að binda barn við stól og þvinga það til að borða mat teljist til ofbeldis í þeirri merkingu sem nefndin hefur lagt til grundvallar í störfum sínum. Af heildstæðu mati á fyrirliggjandi frásögnum fyrrverandi vistmanna og starfsmanna á Silungapólli verður hins vegar ekki dregin sú ályktun að slík tilvik hafi verið regluleg eða tíðkanleg í starfsemi stofnunarinnar né heldur verið liðin. Í því sambandi bendir nefndin jafnframt á

Það að til viðtals við nefndina komu 16 fyrrverandi starfskonur heimilisins. Greindu þær allar í megindráttum frá því að hafa ekki merkt annað en að vistmönnum hefði liðið vel, annast hefði verið vel um þá og þær aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart vistmönnum, hvorki af hálfu annarra vistmanna né starfsmanna. Nefndin áréttar að ekki er þó tilefni til að draga í efa þær frásagnir sem gerð er grein fyrir hér að framan um háttsemi tiltekinnar starfskonu. Af þeim verða hins vegar, eins og atvikum er háttað, ekki dregnar almennar ályktanir að mati nefndarinnar um starfsemi heimilisins í þessu sambandi. Að þessu virtu er það niðurstaða vistheimilaneftndar að ekki séu forsendur til að álykta með þeim hætti að meiri líkur en minni séu á því að þeir vistmenn, sem komu fyrir nefndina, hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á Silungapólli í þeirri merkingu sem rakin hefur verið í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Af frásögnum flestra þeirra 37 vistmanna, sem áttu neikvæðar minningar, er ljóst að dvöl þeirra á Silungapólli hafi verið flestum þeirra afar erfið. Margir hafa fundið fyrir mikilli vanlíðan við komu á heimilið og þeim hefur fundist starfsfólk heimilisins í takmörkuðum mæli hafa sýnt þeim hlýju og umhyggju. Þá hafi þeir upplifað litla persónulega athygli frá starfsfólki og þeir ekki náð að mynda tengsl við það, en vistheimilaneftnd áréttar að hluti þessara vistmanna dvaldi í nokkur ár á heimilinu. Engin ástæða er til að draga trúverðugleika þessara frásagna í efa, enda leikur ekki vafi á því að dvöl barna á stofnun á borð við Silungapoll geti orðið mörgum börnum þungbær lífsreynsla vegna aðskilnaðar frá fjölskyldu, skorts á tilfinningalegri umönnum og erfiðra aðstæðna á stofnuninni sjálfri. Styðjast frásagnirnar einnig við framburð nokkurra starfsskvanna, sem að framan er gerð grein fyrir.

Í þessu sambandi tekur vistheimilaneftnd fram að verulega gagnrýnivert er að ákveðið hafi verið að nýta Silungapoll í þágu barnaverndarstarfs með því að vista þar annars vegar börn um langa hríð sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður og hins vegar börn sem dvöldu aðeins sumarlangt á vegum félagasamtaka. Fyrir liggur, eins og rakið er í kafla 1 hér að framan, að þessi skipan mála var þegar á þessum árum gagnrýnd af hálfu starfsmanns barnaverndarneftndar og utanaðkomandi sérfræðinga, en þær gagnrýnisraddir virðast ekki hafa leitt til viðbragða af hálfu yfirvalda. Þá telur vistheimilaneftnd ljóst að aðstæður og húsakostur á Silungapólli hafi lengst af starfstímabilinu verið ófullnægjandi miðað við þá starfsemi sem þar var stunduð, allt of mörg börn hafi þar verið vistuð sum

árin, bæði miðað við húsakost og starfsmannafjölda. Ótvírætt er að þessar aðstæður hafi verið til þess fallnar að gera dvöl vistbarnanna miklum mun erfiðari en ella. Má enda rekja flestar þær neikvæðu minningar sem fram hafa komið frá vistmönnum sem veittu nefndinni viðtal, beint eða óbeint til þessara aðstæðna á Silungapólli.

Ekki er hins vegar fært að álykta svo að framangreindar aðstæður á Silungapólli verði almennt séð flokkaðar sem ill meðferð eða ofbeldi í framangreindri merkingu. Hvað sem því líður telur vistheimilanefnd ástæðu til að taka það sérstaklega fram að starfsemi Silungapólls, eins og hún endurspeglast í fyrirliggjandi frásögnum vistmanna og starfsmanna, var að mati nefndarinnar að þessu leyti ekki í samræmi við þau grundvallarviðmið í barnaverndarstarfi um að gætt yrði að velferð barna sem ráða mátti m.a. af þágildandi lögum um barnavernd og komu einnig fram hjá sérfræðingum á þessu sviði sem létu þessi mál til sín taka á starfstíma heimilisins, sbr. nánar umfjöllun í kafla 1 hér að framan. Nefndin áréttar þó að lokum þann fyrirvara, sem að framan er rakinn, um þann hlutfallslega litla fjölda vistmanna sem gaf nefndinni upplýsingar í formi viðtals.

5.3 Eftirlit með starfsemi Silungapólls

5.3.1 Almenn atriði um opinbert eftirlit með starfsemi Silungapólls

Í kafla 4. í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1 eru rakin fyrirmæli laga um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 og laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 um eftirlit með vist- og meðferðarheimilum sem giltu á þeim tíma sem vistheimilið Silungapóllur var starfandi frá árinu 1950 fram til ársins 1969 er félagsmálayfirvöld í Reykjavík lögðu starfsemina niður og vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Verða því hér aðeins dregin fram nokkur meginsjónarmið sem eftirfarandi umfjöllun um eftirlit með starfsemi Silungapólls miðast við.

Af þeim lagafyrirmælum sem í gildi voru á starfstíma vistheimilisins Silungapólls verður að mati nefndarinnar ekki annað ráðið en að löggjafinn hafi efnislega gert ráð fyrir raunhæfu og virku eftirliti barnaverndarnefndar.¹³⁰ Í gildistíð laga nr. 29/1947 og laga nr.

¹³⁰ Ákvæði um eftirlit barnaverndarnefnda með uppeldisstofnunum á borð Silungapóll og börnum er þar voru vistuð, frá árinu 1950 er félagsmálayfirvöld í Reykjavík hófu þar starfsemi vistheimilisins fram til þess að ný lög um vernd barna og ungmenna tóku gildi árið 1966 var í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947. Þar var mælt fyrir um að barnaverndarnefnd bæri að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skyldi hún fylgjast með hvað yrði um börn sem tekin væru af slíkum hælum eða stofnunum og samþykka þá staði sem þau færu til ef ekki væri um heimili

53/1966 var eftirlit með vistheimilinu Silungapólli í höndum barnaverndarnefndar Reykjavíkur en vistheimilið var staðsett í umdæmi hennar og barnaverndarnefndin sá um allar vistanir barna á heimilið. Eins og fram kemur í kafla 3.2 voru eingöngu börn sem búsett voru í Reykjavík vistuð á Silungapólli á starfstíma heimilisins.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga, eins og áður er rakið, að Rauði kross Íslands starfrækti á árunum 1950-1965 sumardvalarstarfsemi á heimilinu en um hana giltu reglur nr. 31/1963 um sumardvalarheimili. Ákvæði þeirra giltu því einnig um eftirlit með vistheimilinu síðustu þrjú árin sem Rauði krossinn rak sumardvalarstarfsemi á heimilinu, þ.e. árin 1963, 1964 og 1965 en reglur um sumardvalarheimili voru fyrst settar árið 1963. Ákvæði 5. gr. reglnanna er varðaði m.a. eftirlitsskyldur barnaverndarnefnda með sumardvalarheimilum var svohljóðandi:

Barnaverndarnefndum ber að veita væntanlegu forstöðufólki sumardvalarheimila upplýsingar og leiðbeiningar.

Þær skulu fylgjast rækilega með rekstri barnaheimila í umdæmi þeirra og koma á þau minnst tvisvar á sumri og oftár, ef þörf gerist, til þess að kynna sér sem best aðbúð og líðan barnanna og beita sér fyrir því, að bætt sé þegar í stað úr ágöllum, ef í ljós kunna að koma.

Ef svo alvarlegar misfellur koma fram í rekstri barnaheimilis, að nefndinni þygi orka tvímælis, hvort rétt sé, að það starfi áfram, skal hún tafarlaust gera Barnaverndarráði Íslands viðvart.

Kostnaður vegna eftirlits barnaverndarnefnda greiðist af hlutaðeigandi dvalarheimili, nema eftirlitið sé falið öðrum.

Í 7. gr. fyrrgreindra reglna var sérstaklega kveðið á um skyldu Barnaverndarráðs til að hafa eftirlit með þeim heimilum sem rekin voru á grundvelli þeirra. Ákvæði 7. gr. var svohljóðandi:

Fulltrúi frá Barnaverndarráði Íslands skal a.m.k. einu sinni á sumri koma á sumardvalarheimili, sem löggilt hafa verið, til leiðbeiningar og eftirlits. Skal hann kynna sér allan aðbúnað barna á heimilunum og að fylgt sé í öllu ákvæðum laga og reglna um barnaheimili. Kostnaður vegna þess eftirlits greiðist úr ríkissjóði.

Þá ber einnig að geta þess að samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 var *yfirumsjón* með öllum barnahælum og uppeldisstofnunum í landinu á hendi Barnaverndarráðs og auk þess voru lagðar sérstakar *eftirlitsskyldur* á herðar ráðsins með stofnunum sem starfræktar voru á grundvelli barnaverndarlaga sem þó voru breytilegar

foreldra að ræða. Jafnframt skyldi nefndin sjá til þess að í umdæmi hennar væru ekki rekin hæli eða stofnanir sem ekki hefðu hlotið löggildingu lögum samkvæmt. Við gildistöku laga nr. 53/1966 hélt þetta ákvæði að meginstefnu óbreytt í 2. mgr. 37. gr. laganna.

eftir eðli hvernar stofnunar.¹³¹ *Beinar eftirlitsskyldur* Barnaverndarráðs með vist- og meðferðarheimilum voru einskorðaðar við heimili eða stofnanir sem ætluð voru viðtöku börnum og unglingum hvaðanæva af landinu og vistuðu börn vegna eigin hegðunar þeirra eða lögbrota eins og vistheimilið Breiðavík í Rauðasandshreppi og vistheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi. Á hinn bóginn hafði Barnaverndarráð *yfirumsjón* allra barnahæla/heimila og uppeldisstofnana í landinu og yfirumsjón með starfi allra barnaverndarnefnda. Þar af leiðandi verður að gera ráð fyrir að Barnaverndarráð hefði reglulegt og virkt eftirlit með því hvort barnaverndarnefnd Reykjavíkur rækti starf sitt á tímabilinu 1950-1969 innan þeirra lagaskyldna sem á nefndina voru lagðar. Þá var það einnig verkefni Barnaverndarráðs að tryggja að framkvæmd áðurnefndra barnaverndarlaga um eftirlit með vistheimilinu væri í samræmi við efnisreglur og markmið laganna og fyrrgreindra reglna um sumardvalarheimili.

Að framangreindu virtu, verður við mat á því hvort eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1950-1969 og Barnaverndarráðs á sama tíma með starfsemi Silungapolls og þeim börnum sem þar voru vistuð hafi verið fullnægjandi, að horfa til þess hvernig skipulagi eftirlitskerfisins og framkvæmd þess var háttað. Um það verður einkum að draga ályktanir af þeim skjallegu gögnum sem vistheimilanefnd hefur undir höndum. Auk þess verður að líta til munnlegrar upplýsingagjafar, í formi viðtala vistheimilanefndar við fyrirverandi vistmenn og starfsmenn heimilisins og aðra þá sem gáfu skýrslu fyrir nefndinni.

Eins og vistheimilanefnd hefur áður í skýrslum sínum lagt til grundvallar í þessu sambandi verður þannig, við mat á því hvort opinbert eftirlit með vistheimilinu Silungapollu hafi verið fullnægjandi og í samræmi við lög, að gera annars vegar greinarmun á því sem kalla má *ytra eftirlit* af hálfu þeirra stjórnvalda á sviði barnaverndarmála sem að lögum og reglum var falið að hafa umsjón og eftirlit með líðan og velferð þeirra barna sem vistuð voru á Silungapollu og hins vegar framkvæmd þess þáttar sem kalla má *innra eftirlit*, þ.e. umsjónar- og eftirlitsskyldum sem hvíldu á herðum forstöðukonu og eftir atvikum annarra starfsmanna undir hennar stjórn. Undir ytra eftirlit fellur í *fyrsta lagi* almennt eftirlit Barnaverndarráðs með störfum barnaverndarnefndar Reykjavíkur og

¹³¹ Ítarlega hefur verið fjallað um hlutverk og verkefni Barnaverndarráðs í kafla 2.3 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1.

vistheimilinu sjálfu í ljósi yfirumsjónar ráðsins og ákvæða reglna nr. 31/1963 um sumar-dvalarheimili og *í öðru lagi* eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1950-1969 með vistheimilinu.

Vistheimilanefnd hefur við mat sitt á því hvort eftirlit með vistheimilinu Silungapólli hafi verið fullnægjandi ekki talið ástæðu til að skipta athugun sinni upp eftir tímabilum. Kemur þar *í fyrsta lagi* til að við gildistöku laga nr. 53/1966 urðu engar breytingar á eftirlitsskyldum barnaverndarnefndar Reykjavíkur eða Barnaverndarráðs með heimilinu og *í öðru lagi* urðu engar breytingar á innra skipulagi eða starfsemi heimilisins sem hafa þýðingu við mat vistheimilanefndar á því hvort innra eftirlit hafi verið fullnægjandi.

5.3.2 Ályktanir af skjallægum gögnum og öðrum heimildum

Vistheimilanefnd kannaði fundargerðir Barnaverndarráðs Íslands á Þjóðskjalasafni Íslands, fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur á Borgarskjalasafni og aðrar heimildir á fyrrgreindum skjalasöfnum um störf ofangreindra aðila. Þá voru einnig könnuð skjallæg gögn úr skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur á Borgarskjalasafni um málefni 225 einstaklinga sem vistaðir voru á vistheimilið Silungapólli.

Samkvæmt frumgögnum sem nefndin hefur aflað um starfsemi Silungapólls er á tímabilinu frá árinu 1950 til ársins 1969 einungis þrisvar sinnum bókað í fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur um eftirlit með heimilinu. Fyrsta bókunin í fundargerðabók um eftirlitsferð nefndarmanna er skráð í fundargerð hinn 15. febrúar 1956 en þar segir einungis: „Jónína og Valgerður höfðu farið að Silungapólli og voru þær mjög ánægðar með störf forstöðukonunnar þar.“¹³² Þá er að finna bókun í fundargerð nefndarinnar hinn 27. mars 1957 um að nefndin hefði farið í eftirlitsferð á Silungapóll en í bókuninni er ekki getið um hvenær sú heimsókn hafi verið farin, í hverju eftirliti hafi verið fólgið eða hvort einhverjar athugasemdir hafi verið gerðar um starfsemi heimilisins eða umönnun vistmanna.¹³³ Þá er að finna bókun í fundargerð nefndarinnar hinn 18. september 1957 um eftirlitsferð nefndarinnar á heimilið en þar segir: „Nefndin hafði farið að Reykjahlíð og Silungapólli. Valgerður hóf máls á því að henni þætti heimilið [Silungapóllur] ekki í því standi er það þyrfti, bæði vantaði húsgögn og það þyrfti að kenna

¹³² BSR. FR-239. Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 15. febrúar 1952.

¹³³ BSR. FR-239. Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 27. mars 1957.

börnunum handavinnu. Málinu frestað til næsta fundar.¹³⁴ Engar bókanir er síðar að finna í fundargerðum barnaverndarnefndar um eftirlit með vistheimilinu Silungapólli næstu 13 árin, en eins og fram kemur í kafla 1 var starfsemi Silungapólls lögð niður árið 1969.

Þá hefur vistheimilanevnd undir höndum bréf barnaverndarnefndar Reykjavíkur til Jónasar B. Jónssonar, fræðslufulltrúa í Reykjavík um eftirlitsferð nefndarinnar árið 1952. Í bréfinu sem er dagsett 1. október 1952 kemur fram að nefndin hefði hinn 17. september farið í eftirlitsferð á Silungapóll og um þá ferð segir: „Á Silungapólli virðist ekki vera nægur kostur leikfanga, sérstaklega ekki fyrir yngri börnin. Er þess hér með beint til yðar, herra fræðslufulltrúi, til vinsamlegrar athugunar og þess vænst, að þér ráðið bót á því sem áfátt er.“¹³⁵

Á hinn bóginn virðist starfsfólk barnaverndarnefndar Reykjavíkur í einhverjum mæli hafa haft eftirlit með vistheimilinu og þeim börnum sem þar voru vistuð. Við greiningu á skjalgum gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur um mögulegar eftirlitsferðir af hálfu starfsmanna nefndarinnar hefur vistheimilanevnd tekist að afla upplýsinga úr einstaklingsmálum nokkurra barna sem vistuð voru á heimilið en skráningarnar eru fáar. Er í nokkrum málum skráð að starfsmaður hafi hringt á Silungapóll og rætt við forstöðukonu um líðan viðkomandi barns og þá er í nokkrum málum að finna skráningu um að starfsmaður hafi farið á Silungapóll í heimsókn, en þetta eru eingöngu fáeinir skráningar í málum nokkurra einstaklinga af þeim 225 einstaklingsmálum sem nefndin hefur aflað. Í þessu sambandi ítrekar vistheimilanevnd þau sjónarmið sem hún hefur áður sett fram í skýrslum sínum að samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947 og 10. gr. laga nr. 53/1966 gátu barnaverndarnefndir haft á að skipa fulltrúa er annast skyldir „dagleg störf“ í umboði hennar. Undir „dagleg störf“ fólst fyrst og fremst almenn meðferð einstakra mála, svo sem eftirlitsheimsóknir en ekki lagaheimild til að taka að öllu leyti ákvarðanir um eftirlitsheimsóknir á Silungapóll, án þess að slíkt hefði a.m.k. verið efnislega rætt á fundum barnaverndarnefndar. Eins og að ofan greinir hefur vistheimilanevnd kerfisbundið

¹³⁴ BSR. FR-239. Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 18. september 1957.

¹³⁵ BSR. Aðfr. 6776. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til Jónasar B. Jónssonar fræðslufulltrúa í Reykjavík, dags. 1. október 1952.

kannað allar bókanir í fundargerðabækur nefndarinnar á tímabilinu 1950 til 1969 og þar er einungis að finna þrjár bókanir um eftirlit nefndarinnar með heimilinu.¹³⁶

Þá hefur vistheimilanefnd fundið dæmi þess að sérfræðingur hafi verið fenginn til að leggja mat á andlegt heilbrigði nokkurra vistbarna. Að beiðni barnaverndarnefndar Reykjavíkur kannaði prófessor Símon Jóh. Ágústsson þroska nokkurra barna á Silungapólli í febrúar 1953 og að beiðni forstöðukonu heimilisins í október 1957. Í fundargerð nefndarinnar hinn 23 október 1957 er bókað að lögð sé fram skýrsla prófessors Símonar Jóh. Ágústssonar um greindarþroska nokkurra barna sem dvöldu á Silungapólli.¹³⁷ Við yfirferð þeirra 225 einstaklingsmála sem vistheimilanefnd fékk afhent frá Borgarskjalasafni má ráða að læknir hafi reglulega komið á heimilið til að kanna heilsufar vistbarna. Í flestum einstaklingsmálanna er að finna skýrslu læknis um heilsufarsskoðun þar sem m.a. er skráð hæð og þyngd vistbarna og athugasemdir um heilsufar og líðan og oft er um margar skráningar í hverju máli að ræða sem bendir til þess að læknisskoðun hafi reglulega verið framkvæmd á vistbörnum.

Eins og getið er um í kafla 4 komu 16 fyrrverandi starfskonur Silungapólls til viðtals við nefndina. Störfuðu þær á mismundandi tímum frá árinu 1952 til ársins 1968 og var því nefndinni unnt að fá upplýsingar um starfsemi heimilisins flest starfsár að undanskildum fyrstu tveimur og síðasta starfsárinu. Greindu flestar frá því að læknir hefði komið af og til á heimilið og líklega um einu sinni í hverjum mánuði. Börnin hefðu undirgengist læknisskoðun og vel hefði verið fylgst með líkamlegri heilsu þeirra. Minntust þær þess flestar að opinberir aðilar hefðu komið af og til á heimilið og töldu þær líklegt að um starfsfólk eða nefndarmenn barnaverndarnefndar hefði verið að ræða. Þeir aðilar hefðu eingöngu rætt við forstöðukonuna, drukkíð með henni kaffi, gengið um húsa-kynni og að því loknu yfirgefið heimilið. Minntist enginn þeirra þess að hafa verið gert að ræða við eftirlitsaðila eða gefa skýrslu um starfsemi heimilisins eða líðan og umönnun þeirra barna sem þar voru vistuð. Þá greindu þær allar frá því að hafa ekki verið sérstaklega upplýstar um líðan barnanna eða um bakgrunn þeirra og fjölskylduaðstæður. Þær

¹³⁶ BSR. FR-239. Fundargerðabækur barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1951-1961. – BSR. FR-240. Fundargerðabækur barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1962-1970. – BSR. Aðfr. 6776. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til Jónasar B. Jónssonar fræðslufulltrúa í Reykjavík, dags. 1. október 1952.

¹³⁷ BSR. FR-148. Skýrsla Símonar Jóh. Ágústssonar um athugun á börnum á Silungapólli, dags. 19. febrúar 1953; Skýrsla Símonar Jóh. Ágústssonar um athugun á börnum á Silungapólli, dags. 21. október 1957. – BSR. FR-239. Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 23. október 1957.

upplýsingar hefði forstöðukonan líklega haft undir höndum. Einnig greindu sumar þeirra frá því að af og til hefði komið kona sem framkvæmt hefði heilbrigðiseftirlit en hún hefði t.d. tekið sýni í eldhúsi, kannað ástand matvæla, kannað hreinlæti í vistarverum barnanna o.s.frv.

Þá benda upplýsingar, sem fyrrverandi félagsmálastjóri Reykjavíkur veitti nefndinni, til þess að starfsmenn barnaverndarnefndar hafi í einhverjum mæli heimsótt vistheimilið. Kvaðst hann einnig sjálfur hafa komið á vistheimilið og þá til að líta yfir starfsemina, kanna húsakynni og þess háttar. Vistheimilanefnd hefur engin skjallag gögn um slíkar heimsóknir og getur þar af leiðandi ekki tekið af allan vafa um hversu oft slíkar ferðir hafi verið farnar eða um inntak slíkra heimsókna. Þá benda upplýsingar sem fyrrverandi starfskonur heimilisins greindu frá í skýrslu fyrir nefndinni til þess að inntak eftirlitsheimsókna nefndarmanna og/eða starfsmanna barnaverndarnefndar hafi fyrst og fremst verið í formi eftirlits með ytri aðbúnaði á heimilinu en ekki beinlínis með þeim börnum sem vistuð voru af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Þá bendir bókun í fundargerð Barnaverndarráðs Íslands á tímabilinu til þess að eftirlit með vistheimilinu af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi á tímabilinu ekki verið í réttu lagi samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga um vernd barna og ungmenna. Í bókun í fundargerð Barnaverndarráðs hinn 28. apríl 1967 er sérstaklega gerð grein fyrir því að prófessor Símon Jóh. Ágústsson, sem var einn ráðsmanna á þessum tíma, hafi rætt við formann barnaverndarnefndar Reykjavíkur um að nefndin auki eftirlit með þeim heimilum þar sem börn frá nefndinni eru vistuð.¹³⁸

Eins og fyrr er getið hafði Barnaverndarráð að lögum yfirumsjón með barnaverndarnefndum og öllum barnahælum á landinu og beinar eftirlitsskyldur með heimilinu frá gildistöku reglna um sumardvalarheimili nr. 31/1963 í febrúar 1963 fram til þess að sumardvöl Rauði kross Íslands var lögð niður að hausti 1965. Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum úr skjalasafni Barnaverndarráðs fór ráðið í 11 eftirlitsferðir á Silungapoll á því tæplega 20 ára tímabili sem hér er til umfjöllunar. Fyrst er bókað um eftirlit Barnaverndarráðs með heimilinu í fundargerðabók dags. 21. apríl 1951 að 10. maí það ár hafi ráðið farið á Silungapoll og skoðað heimilið. Er þess svo getið að þar væru rúm fyrir 30 börn og að reksturinn virtist vera í góðu lagi en það væri

¹³⁸ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 28. apríl 1967.

heimilinu til mikils бага að hafa ekki síma. Er því næst bókað að formanni sé falið að ræða það mál við bæjarstjórn.¹³⁹ Í fundargerð 9. ágúst sama ár er bókað að sr. Jakob Jónsson, sem sæti átti í ráðinu á þessum tíma, hafi farið í eftirlitsheimsókn á Silungapoll. Er þar bókað að á Silungapollu dvelji 83 börn. Heilsufar þeirra sé gott, reksturinn í lagi, en skorti síma og leikföng fyrir börnin.¹⁴⁰ Í fundargerð ráðsins 3. september 1953, eða tveimur árum síðar, er getið um aðra heimsókn sr. Jakobs á heimilið. Þar er bókað að starfsemin sé í lagi en þó sé áberandi skortur á leikföngum handa börnunum.¹⁴¹ Þá er að finna bókanir í fundargerðir Barnaverndarráðs 3. október 1955 um eftirlitsheimsókn hinn 13. ágúst sama ár, bókun í fundargerð þremur árum síðar, eða 29. október 1958, um eftirlitsheimsókn 23. júlí sama ár og þá er að finna bókun í fundargerð ráðsins 9. september 1959 um eftirlitsheimsókn hinn 29. júlí.¹⁴² Næsta eftirlitsheimsókn var farin í júlí 1961 þegar sr. Gunnar Árnason og prófessor Símon Jóh. Ágústsson, sem á þessum tíma var ráðgjafi Barnaverndarráðs, fóru í eftirlitsheimsókn á Silungapoll.¹⁴³ Um þá heimsókn er eftirfarandi ritað í fundargerðabók dags. 12. ágúst 1961:

Silungapollur. Þar starfrækir Reykjavíkurbær upptökuheimili allt árið og eru þar oft 35-40 börn eða fleiri. Auk þess eru tekin þar í 8 vikur börn til sumardvalar á vegum RKÍ. eru þar nú 87 börn alls. Forstöðukona: Dagbjört Eiríksdóttir. Starfsstúlkur: 24 í allt. Læknir: Kristbjörn Tryggvason. Nokkur brögð hafa verið að influensu og hlaupabólu. Forstöðukona telur ákaflega óheppilegt að taka sumardvalarbörn á Silungapoll, vegna hinna barnanna, sem fyrir eru, en húsakynni hins vegar mjög óhentug til ársstarfa. Annars virtist rekstur heimilisins vera í góðu lagi.

Samskonar bókun er að finna í fundargerð dags. 22. ágúst 1962 en þar segir m.a. að á heimilinu dvelji 34 börn á aldrinum 2-6 ára auk 35 sumardvalarbarna og að það séu talsvert færri en undanfarin ár. Þá er bókað að skoðunarmenn vilji taka sérstaklega fram nauðsyn þess að hafa kaðla í herbergjum starfsfólks sem séu á efri hæð hússins ef eldur brytist út í húsakynnum.¹⁴⁴ Þá hefur vistheimilanefnd skýrslu dags. 15. júlí 1964 og skýrslu frá árinu 1967 um eftirlitsheimsóknir ráðsins á Silungapoll. Er þar í stuttu máli

¹³⁹ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/1. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 21. apríl 1951.

¹⁴⁰ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/1. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 9. ágúst 1951.

¹⁴¹ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/1. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 3. september 1953.

¹⁴² ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2001-A/1. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 3. október 1955. – ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 29. október 1958; Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 9. september 1959.

¹⁴³ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 12. ágúst 1961.

¹⁴⁴ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 22. ágúst 1962.

m.a. getið um fjölda vistbarna, aldur þeirra og aðbúnaði á heimilinu lýst.¹⁴⁵ Að öðru leyti hefur nefndin ekki vísbendingar um að frekara eftirlit af hálfu ráðsins hafi farið fram. Í þessu sambandi áréttar vistheimilanefnd að í 7. gr. reglna nr. 31/1963 um sumardvalarheimili var kveðið á um að fulltrúi Barnaverndarráðs skyldi koma a.m.k. einu sinni á ári á sumardvalarheimili sem löggilt hefðu verið til leiðbeiningar og eftirlits. Fyrrgreindar bókanir í fundargerðir ráðsins benda til þess að tíðni eftirlitsheimsókna ráðsins hafi ekki verið í samræmi við ákvæði 7. gr. reglnanna.

Nefndin telur að við mat á því hvort eftirlit með vistheimilinu Silungapólli hafi verið fullnægjandi verði einnig að meta hvernig skipulagi og framkvæmd þess þáttar sem kalla má *innra eftirlit* með starfsemi vistheimilisins hafi verið háttað, þ.e. umsjónar- og eftirlitsskyldum af hálfu forstöðukvenna og starfsmanna undir þeirra stjórn.

Í kafla 5.2.2.3 hér að framan eru raktar niðurstöður nefndarinnar um að ekki verði talið, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi á starfstíma heimilisins. Á hinn bóginn er þar rakið að meirihluti þeirra einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina greindi frá því að hafa liðið illa á meðan á dvölinni stóð og þeir telji að það hafi m.a. mátt rekja til skorts á persónulegri athygli og umönnun starfsmanna. Þá greindu margir frá því að hafa upplifað að starfsfólk vanrækti vistbörnin og að það hefði ekki gætt nægjanlega að líðan þeirra.

Að mati nefndarinnar er ekki loku fyrir það skotið að á tilteknum tímabilum í starfsemi stofnunarinnar kunni vistbörn að hafa verið það mörg að starfsfólk hafi ekki haft nægjanlega möguleika á því að annast hvert og eitt vistbarna með fullnægjandi hætti. Fleiri starfsmenn hefðu e.t.v. aukið líkur á því að starfsfólk hefði orðið vart við þá vanlíðan sem fyrrverandi vistmenn á Silungapólli virðast hafa upplifað á meðan á dvölinni stóð. Í þessu sambandi ber að geta þess, eins og rakið er í kafla 3.2, að á þeim 20 árum sem heimilið var starfrækt fór meðalnýting rýma á heimilinu í 11 starfsár töluvert yfir 100%, t.d. var meðalnýting rýma á árunum 1955 og 1956 annars vegar 123.6% og hins vegar 133.2%. Við yfirferð nefndarinnar á skjallægum gögnum um starfsmannamál stofnunarinnar hafa engar vísbendingar komið fram um að starfsmönnum hafi verið

¹⁴⁵ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 1989-B/34. Skýrsla Símonar Jóh. Ágústssonar, dags. 15. júlí 1964; Skýrsla Bergljótar Línadal, dags. 21. júlí 1967.

fjölgað þrátt fyrir að nýtingarhlutfall í 11 ár af þeim 20 árum sem heimilið var starfandi hafi farið yfir 100%.

Þá telur nefndin að fyrir liggi vísbendingar um að innra eftirlit með vistbörnum á Silungapólli að næturlagi hafi verið ófullnægjandi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur undir höndum var ein kona að jafnaði á næturvakt, óháð því hversu mörg börn dvöldu á vistheimilinu á hverjum tíman en eins og að ofan er getið var nýtingarhlutfall í nokkrum tilvikum yfir 100%. Í því ljósi telur vistheimilanevnd ekki óvarlegt að álykta sem svo að á hluta starfstíma vistheimilisins hafi skort á að næturvakt hafi verið nægjanlega mönnuð til að sinna þeim mörgu börnum sem dvöldu þar á hverjum tíma en eins og getið er um í kafla 3.2 voru börnin flest mjög ung þegar þau dvöldu á heimilinu og kröfðust eðli málsins samkvæmt töluverðrar umönnunar en vistheimilanevnd telur verulegan vafa leika á því að einn einstaklingur hafi getað annast einn síns liðs tugi barna. Vistheimilanevnd gerir þó þann fyrirvara við þessa umfjöllun að engar upplýsingar liggja fyrir í þeim skjallegu gögnum sem hún hefur undir höndum hvernig skipulagi næturvaktar var hagað á sumrin þegar börn á vegum Rauð kross Íslands dvöldu einnig á heimilinu.

Að öllu ofansögðu telur vistheimilanevnd að ekki verði dregnar aðrar ályktanir en þær að eftirlit með vistheimilinu Silungapólli á tímabilinu 1950-1969 hafi verið takmarkað.

Í fyrsta lagi telur vistheimilanevnd að eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi verið takmarkað en vistheimilanevnd hefur einungis verið unnt að afla skjallegra gagna um fjórar eftirlitsheimsóknir nefndarinnar á Silungapóll. Þá virðist einnig hafa skort á að eftirlitsheimsóknir starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti. Fyrir liggur að aldrei var bókað í fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur um eftirlitsheimsókn starfsmanna og þá benda skráningar í málum þeirra 225 einstaklinga sem nefndin hefur kannað til þess að eftirlit með vistmönnum hafi verið takmarkað. Vistheimilanevnd telur einnig gagnrýniverð að barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem var hið fjölskipaða og lögbundna stjórnvald, sem að lögum átti að hafa beint eftirlit með vistheimilinu og þeim börnum sem þar voru vistuð af hennar hálfu, hafi ekki komið með beinum hætti að töku ákvarðana um einstakar eftirlits-

heimsóknir, skipulag þeirra og tíðni og að því er virðist að öllu leyti falið starfsmönnum nefndarinnar að taka ákvarðanir um einstakar heimsóknir og um inntak þeirra.

Í öðru lagi liggur ekki annað fyrir en að skort hafi á að Barnaverndarráð hafi haft eftirlit með heimilinu, en áður hefur komið fram að ráðið hafi einungis farið í 11 eftirlitsferðir þau tæplega 20 ár sem hér eru til umfjöllunar. Auk þess verður að telja vafa leika á því að inntak þeirra eftirlitsheimsókna sem framkvæmdar voru af hálfu ráðsins hafi verið í samræmi við skyldur ráðsins.

Í þriðja lagi telur vistheimilanefnd vísbendingar um að innra eftirlit hafi að ákveðnu marki verið ófullnægjandi. Í því sambandi bendir nefndin á að á tilteknum tímabilum í starfsemi heimilisins var nýting á vistunarrýmum yfir 100% án þess að gerðar væru sérstakar ráðstafanir til að fjölga starfsfólki. Þá var að jafnaði einungis ein kona á næturvakt en vistheimilanefnd telur ekki óvarlegt að draga þá ályktun að verulegum erfiðleikum hafi verið háð fyrir þann starfsmann að annst einn síns liðs tugi barna.

Nefndin tekur þó fram að ekki eru forsendur til að fullyrða annað af fyrirliggjandi gögnum en að heilbrigðiseftirlit með vistmönnum á Silungapólli hafi farið fram reglulega.

VI. VISTHEIMILIÐ REYKJAHLIÐ

1. Undirbúningur að stofnun og ágríp af sögu Reykjahlíðar

Árið 1956 hóf Reykjavíkurborg starfsemi vistheimilis fyrir börn í Mosfellsdal. Í fyrstu tímabundið í húsakynnum Mæðrastyrksnefndar í Hlaðgerðarkoti en um vorið 1957 í Reykjahlíð. Forsögu heimilisins má rekja til vistheimilis sem Reykjavíkurborg starfrækti á Kumbaravogi við Stokkseyri frá árinu 1945 fyrir börn sem voru munaðarlaus eða bjuggu við erfiðar heimilisaðstæður.¹⁴⁶ Eins og getið var um í IV. hluta var Kumbaravogur fyrsta vistheimilið sem starfrækt var árið um kring á vegum Reykjavíkurborgar. Heimilið var ætlað drengjum og stúlkum á aldrinum 7-14 ára og frá upphafi var gert ráð fyrir að þar væru á hverjum tíma vistuð um 20 börn.¹⁴⁷

Aðdragandi flutnings vistheimilisins frá Kumbaravogi í Mosfellsdal var nokkuð skammur en svo virðist sem fyrstu hugmyndir um nauðsyn þess að flytja starfsemina hafi verið reifaðar í greinargerð sem Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Reykjavíkur ritaði í júní 1956 um barnaheimili á vegum bæjaryfirvalda. Þar kom fram að íbúðarhúsið á Kumbaravogi þarfnaðist mikilla viðgerða þá þegar og sýnt þótti að þær myndu „kosta ærið fé, og [yrði] þó húsið aldrei hentugt.“ Var lagt til að athugaður væri sá möguleiki að flytja starfsemina annað. Í greinargerðinni voru þrjár kostir nefndir en tekið fram að enginn þeirra væri góður. Í fyrsta lagi að flytja börnin að Silungapólli, í öðru lagi að flytja starfsemina í Laugarás í Biskupstungum og í þriðja lagi að flytja starfsemina að Kolviðarhóli á Hellisheiði. „Sá staður er að vísu ekki hentugur“, segir í greinargerðinni, „en eigi að verja fé til umbóta á húsi þar eða til nýbygginga, er eðlilegra að gera það nú

¹⁴⁶ Vistheimili hefur tvívegis verið starfrækt á Kumbaravogi. Reykjavíkurborg starfrækti þar heimili á árunum 1945-1956. Árið 1965 hóf Kristján Friðbergsson starfsemi vistheimilis fyrir börn á Kumbaravogi sem starfrækt var til ársins 1984. Vistheimilanefnd hefur lokið við könnun á starfsemi Kumbaravogs á tímabilinu 1965-1984 og eru niðurstöður um þá könnun birtar í áfangaskýrslu nr. 1 en hana er að finna á heimasíðu forsætisráðuneytisins, <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/2009-09-afangaskyrsla1-konnun-barnaheimila.pdf>

¹⁴⁷ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Greinargerð fræðslustjóra Reykjavíkur um barnaheimili á vegum Reykjavíkur ásamt tillögum um breytingar og umbætur, dags. 14. júní 1956 – Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 35 – *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 136.

og flytja heimilið þangað, heldur en kosta miklu til í Kumbravogi [sic], sem þó yrði ekki til frambúðar.¹⁴⁸

Hinn 15. ágúst 1956 sendi formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur erindi til bæjarráðs Reykjavíkur og greindi frá nauðsyn endurbóta á Kumbravogi og lagði jafnframt til að starfsemin yrði flutt að Reykjahlíð í Mosfellssveit.¹⁴⁹

Nú er svo komið, að húsakynni öll á Kumbravogi [sic] þurfi gagngerðra endurbóta við, ef forsvaranlegt á að vera að reka þar barnaheimili með svipuðu sniði og undanfarið. Barnaverndarnefndin telur, að ekki komi til mála að leggja í þann kostnað, sem af endurbótum mundi leiða, án þess að fyrst séu athugaðir möguleikar á því að koma upp vistheimili á öðrum og heppilegri stað, þar sem reka mætti heimilið til frambúðar. Mér hefur komið til hugar og hefi haft um það samráð við fræðslustjóra, að húseign bæjarins í Reykjahlíð í Mosfellssveit, sem nú er notuð sem íbúð fyrir forstöðumann og starfsfólk Garðyrkjustöðvarinnar þar, gæti verið mjög ákjósanleg fyrir þetta barnaheimili í framtíðinni. Húsakynni eru mjög rúmgóð og vistleg og mundu væntanlega ekki þurfa mikilla breytinga við, til þess að þar væri hægt að starfrækja barnaheimili. Að sjálfsögðu þyrfti þó að gera ýmsar lagfæringar á húsinu áður en til þessara breytinga kæmi, en varla meiri en svo að talist gæti til almenns viðhalds. [...] Búast má við, að nokkurn tíma taki að semja um þessar breytingar, ef úr þeim verður, en Kumbravogsheimilið verður vart notað í vetur, nema kostað verði miklu fé til viðhalds á því, sem þó yrði ekki nema til bráðabirgða. Það er því tillaga mín, að bæjarráð heimili, að hafinn verði undirbúningur að þessum fyrirkomulagsbreytingum nú þegar, en jafnframt verði leitað samninga við Mæðrastyrksnefnd, um leigu á hinum nýju húsakynnum hennar í Mosfellsdal, fyrir barnaheimilið, á meðan beðið er eftir því að hægt verði að flytja inn í Reykjahlíð.

Bréf formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur var lagt fyrir bæjarráð hinn 17. ágúst 1956 og var vísað til umsagnar bæjarverkfræðings og fræðslustjóra.¹⁵⁰ Á fundi bæjarráðs, 4. september 1956, var bréf formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur lagt fram að nýju ásamt meðmælum fræðslustjóra. Bæjarráð gerði í kjölfarið samþykkt í þremur liðum. Í fyrsta lagi var borgarstjóra falið að gera ráðstafanir til að flytja barnaheimilið á Kumbravogi að Reykjahlíð í Mosfellssveit, í öðru lagi var honum falið að gera ráðstafanir til að leigja garðyrkjustöðina í Reykjahlíð og í þriðja lagi var borgarstjóra falið að leita samninga við Mæðrastyrksnefnd um leigu á húseign hennar í Mosfellssveit veturinn 1956-1957.¹⁵¹ Þverpólítísk samstaða var um það í fyrstu að leggja niður starfsemina á Kumbravogi og flytja hana í Reykjahlíð og á fundi 6. september 1956 samþykkti bæjarstjórn samhljóða fyrsta og þriðja lið samþykktar bæjarráðs en afgreiðslu á öðrum lið var

¹⁴⁸ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Greinargerð fræðslustjóra Reykjavíkur um barnaheimili á vegum Reykjavíkur ásamt tillögum um breytingar og umbætur, dags. 14. júní 1956.

¹⁴⁹ BSR. FR-148. Formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur til bæjarráðs Reykjavíkur, dags. 15. ágúst 1956.

¹⁵⁰ BSR. Aðfnr. 4978 A. Fundargerð bæjarráðs Reykjavíkur, dags. 17. ágúst 1956.

¹⁵¹ BSR. Aðfnr. 4978 A. Fundargerð bæjarráðs Reykjavíkur, dags. 4. september 1956.

frestað.¹⁵² Þó kom fram svohljóðandi tillaga frá fulltrúa Alþýðubandalagsins á fundi bæjarstjórnar fimmtudaginn 18. október 1956:¹⁵³

Bæjarstjórnin telur ekki hagkvæmt að leggja í kostnað við breytingu á íbúðarhúsinu í Reykjahlíð til rekstrar barnaheimilis, og felur því borgarstjóra að hlutast til um, að húsameistari bæjarins geri nú þegar uppdrátt að barnaheimilisbyggingu í Reykjahlíðarlandi eða á öðrum stað nálægum, er hentugri þætti, og leggur áherzlu á, að framkvæmdir við bygginguna hefjist hið allra fyrsta.

Tillögunni var vísað til bæjarráðs og var hún lögð þar fram þriðjudaginn 30. október.¹⁵⁴ Ekki kemur fram í fundargerðum bæjarráðs frá þessum tíma hvernig afgreiðslu tillagan fékk en 14. nóvember 1956 var starfsemin á Kumbaravogi lögð niður. Líkt og samþykkt hafði verið á bæjarstjórnarfundum hinn 6. september 1956 var gengið til samninga við Mæðrastyrksnefnd og veturinn 1956-1957 var starfsemi heimilisins til bráðabirgða í Hlaðgerðarkoti í Mosfellsdal. Vorið 1957 fluttist starfsemin í Reykjahlíð þegar nauðsynlegum endurbótum á íbúðarhúsnæðinu var lokið.

Prettán börn sem verið höfðu á Kumbaravogi fluttust með heimilinu í Mosfellsdalinn í nóvember 1956 auk þess sem Guðbjörg Árnadóttir sem verið hafði forstöðukona á Kumbaravogi frá upphafi gegndi áfram forstöðu eftir flutninginn. Miðað var við að börnin væru á aldrinum 7-15 ára og þar skyldu aðallega vistuð börn „sem einhverja hluta vegna [gátu] ekki dvalið á heimilum sínum, vegna veikinda, vanrækslu og óreglu uppalenda.“¹⁵⁵ Þegar vistheimilið var á Kumbaravogi sóttu börn á skólaskyldualdri barnaskólann á Stokkseyri. Eftir flutning starfseminnar töldu skólanefnd Mosfellssveitar og skólastjóri sér í fyrstu ekki fært að taka börnin á vistheimilinu í skóla sveitarinnar. Var þá sérstakur kennari ráðinn á heimilið sem annaðist kennslu barnanna fyrstu þrjá veturna, en frá hausti 1959 fengu öll börn í Reykjahlíð skólavist í Brúarlandsskóla í Mosfellssveit og síðar einnig í Varmárskóla.¹⁵⁶ Rekstrarfyrirkomulag heimilisins var á þá leið að fræðsluskrifstofa Reykjavíkur sá um fjárhagslegan rekstur og starfsmannahald en barna-

¹⁵² BSR. Aðfnr. 4966 A. Fundargerð bæjarstjórnar Reykjavíkur, dags. 6. september 1956.

¹⁵³ BSR. Aðfnr. 4966 A. Fundargerð bæjarstjórnar Reykjavíkur, dags. 18. október 1956.

¹⁵⁴ BSR. Aðfnr. 4978 A. Fundargerð bæjarráðs Reykjavíkur, dags. 30. október 1956.

¹⁵⁵ BSR. FR-148. Þorkell Kristjánsson til Kristjáns Friðbergssonar, dags. 21. febrúar 1963.

¹⁵⁶ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 9. Minnisblað fræðslustjóra Reykjavíkur til menntamálaráðherra, dags. 10. október 1958; Fræðslumálastjóri til formanns skólanefndar Mosfellssveitar, dags. 18. september 1959; Fræðslumálastjóri til fræðslustjóra Reykjavíkur, dags. 19. september 1959; Fræðslustjóri Reykjavíkur til menntamálaráðuneytis, dags. 25. mars 1960; Formaður skólanefndar Mosfellssveitar til forstöðukonu Reykjahlíðar, dags. 13. september 1961.

verndarnefnd Reykjavíkur sá um vistun barna.¹⁵⁷ Hélt það fyrirkomulag til ársins 1968 þegar Félagsmálastofnun Reykjavíkur tók til starfa og færðust þá málefni Reykjahlíðar og annarra vistheimila Reykjavíkurborgar alfarið yfir til hennar.¹⁵⁸

Skömmu eftir að starfsemi á Kumbaravogi var hætt skoðaði Símon Jón. Ágústsson sálfræðingur húsakynni í Reykjahlíð fyrir hönd barnaheimilaneftndar Reykjavíkur og að tilmælum formanns barnaverndarneftndar Reykjavíkur.¹⁵⁹ Niðurstaða athugunarinnar var kynnt formanni barnaverndarneftndar með bréfi, dags. 26. nóvember 1956.¹⁶⁰

Barnaheimilaneftndin telur, að þar megi reka vistheimili fyrir ca. 15 börn til bráðabirgða, eða meðan verið er að reisa nýtt vistheimili. Húsið í Reykjahlíð er sem vænta má óhentugt til slíkrar starfsemi og því ekki til frambúðar, þótt notast megi við það um stundarsakir. Það þarfnast og nokkurrar lagfæringar [...]

Í skjallægum gögnum frá þessum tíma kemur fram að barnaverndarneftnd Reykjavíkur hafi ekki talið byggingu nýs heimilis í stað Reykjahlíðar vera aðkallandi. Kom þetta fram í umsögn nefndarinnar snemma árs 1961 um tillögu fulltrúa Alþýðubandalagsins í bæjarstjórn sem gekk út á að fela bæjarráði og borgarstjóra að undirbúa og hefja byggingu uppeldisheimilis fyrir 10-15 börn sem ekki áttu þess kost að alast upp á sínu heimili. Í umsögn nefndarinnar kom fram að Reykjahlíð gegndi sama hlutverki og heimili það sem tillagan fjallaði um og að brýnni þörf væri á lausn ýmissa annarra vandamála á sviði barna- og unglíngaverndar, svo sem byggingu heimilis fyrir unglíngsstúlkur sem lent hefðu á glapstígum.¹⁶¹

Fleiri tillögur um byggingu nýrra vistheimila og hvernig starfseminni í Reykjahlíð skyldi háttað voru lagðar fram um þetta leyti. Vorið 1961 fól fræðslustjóri Reykjavíkur þeim Símoni Jón. Ágústssyni sálfræðingi og Jónasi Pálssyni forstöðumanni Sálfræðideildar skóla að gera álitserð og tillögur um vistheimili og barnaverndarmál í Reykja-

¹⁵⁷ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 9. Minnisblað fræðslustjóra Reykjavíkur til menntamálaráðherra, dags. 10. október 1958.

¹⁵⁸ Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 34.

¹⁵⁹ Borgarstjóri skipaði hinn 18. október 1956 í barnaheimilaneftnd og skyldi hún hafa það verkefni að „athuga og gera tillögur um barnaheimili í Reykjavík, þ.e. vistheimili, þar með heimavistar skóla, dagheimili og leikskóla.“ Í nefndinni áttu sæti fimm manns og formaður hennar var Símon Jón. Ágústsson prófessor. Barnaheimilaneftnd skilaði tillögum til borgarstjóra hinn 20. mars 1957. Sbr. BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Tillögur og greinargerð barnaheimilaneftndar til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 20. mars 1957. Sjá einnig Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir, bls. 33-34.

¹⁶⁰ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-146. Símon Jón. Ágústsson formaður barnaheimilaneftndar til barnaverndarneftndar Reykjavíkur, dags. 26. nóvember 1956.

¹⁶¹ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-146. Barnaverndarneftnd Reykjavíkur til bæjarráðs Reykjavíkur, dags. 4. janúar 1961 – BSR. Fundargerð bæjarstjórnar Reykjavíkur, dags. 29. nóvember 1960.

vík.¹⁶² Var þar að finna samhljóm með þeim athugasemdum sem Símon Jóh. Ágústsson hafði sett fram árið 1956 en í álitserð þeirra kom fram að húsnæðið í Reykjahlíð væri óhentugt og ekki til frambúðar og að stefna bæri að því að leggja heimilið niður svo fljótt sem unnt væri og þess í stað reisa nýtt vistheimili fyrir 15-20 börn á aldrinum 7-14 ára.¹⁶³ Á grundvelli nefndrar álitserðar ritaði fræðslustjóri Reykjavíkur borgarstjóra síðla árs 1961 og lagði fram tillögur um byggingu barnaheimila í Reykjavík næstu árin. Tillögur varðandi vistheimili voru í átta liðum og í fjórða lið var lagt til að byggt „verði uppeldisheimili fyrir 16-24 börn á aldrinum 7-14 ára í Lambhaga eða annars staðar utan bæjarins á hentugum stað. Byggingin verði reist á árunum 1964 og 1965 og starfsemi sú, sem nú er í Reykjahlíð, flutt þangað.“¹⁶⁴ Í nóvember 1962 voru á ný lagðar fram tillögur í vistheimilamálum og um ráðstöfun barna sem ekki gátu dvalist á heimilum sínum. Tillögurnar sömdu þeir Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Reykjavíkur og Jónas Pálsson forstöðumaður Sálfræðideildar skóla. Að þeirra mati þurftu a.m.k. sjö tegundir af vist- og barnaheimilum að vera fyrir hendi og gerðu þeir ráð fyrir litlum vistheimilum, sem dreift yrði um hverfi borgarinnar eða staðsett í útjaðri hennar. Heimili fyrir 12-16 börn á aldrinum 7-16 ára var ætlað að fullnægja þeirri þörf sem Reykjahlíð hafði fullnægt til þess tíma en á meðan fundin væri heppileg staðsetning fyrir heimilið skyldi vistheimilið í Reykjahlíð starfrækt áfram um sinn.¹⁶⁵ Barnaverndarnefnd Reykjavíkur fékk tillögur þessar til umsagnar og tók í megindráttum undir þær hugmyndir sem settar voru fram um vistheimili, fjölda þeirra, stærð og fyrirkomulag. Taldi barnaverndarnefnd að brýnust væri þörfin á upptöku- og vistheimili fyrir 30 börn á aldrinum 3-16 ára en taldi einnig æskilegt að gerð yrði tilraun með fjölskylduheimili og að nýtt heimili yrði reist í stað Silungapolls. Nefndin var ekki reiðubúin að taka afstöðu til þess í hvaða röð önnur heimili skyldu reist en vildi gjarnan fá að athuga það mál nánar og gera tillögur síðar.¹⁶⁶

¹⁶² BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Fræðslustjóri Reykjavíkur til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 3. nóvember 1961.

¹⁶³ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Álitserð Jónasar Pálssonar og Símonar Jóh. Ágústssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júlí 1961.

¹⁶⁴ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Fræðslustjóri Reykjavíkur til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 3. nóvember 1961.

¹⁶⁵ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar varðandi ráðstafanir vegna barna, sem geta ekki dvalizt á heimilum sínum af ýmsum orsökum, ódags. í nóvember 1962.

¹⁶⁶ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 10. mars 1963.

Rétt eins og í umsögn sinni árið 1961 um tillögu fulltrúa Alþýðubandalagsins í borgarstjórn taldi barnaverndarnefnd Reykjavíkur önnur verkefni meira aðkallandi en að byggja nýtt vistheimili undir starfsemi þá sem fram fór í Reykjahlíð.

Sumarið 1961 hóf Sigríður M. Jónsdóttir störf sem forstöðukona í Reykjahlíð. Í skýrslutöku hjá vistheimilanefnd greindi hún frá því að sér hefði ekki þótt aðbúnaður barna og starfsfólks vera fullnægjandi fyrstu árin. Húsakynnum og lóð heimilisins hefði ekki verið haldið við sem skyldi, kalt vatn verið af skornum skammti, aðeins hefði verið sveitasími á heimilinu og því símasambandslaust á kvöldin þegar símstöðin var lokuð og húsbúnaður og önnur heimilistæki gömul og úr sér gengin. Kvaðst hún hafa eytt miklum tíma og orku í það fyrstu árin að fá aðbúnað bættan, bæði með símtölum og eftir formlegri leiðum. Frá árunum 1961-1965 eru varðveitt fjögur bréf sem Sigríður ritaði Jónasi B. Jónssyni fræðslustjóra Reykjavíkur þar sem útlistaðar eru æskilegar framkvæmdir og úrbætur innan- og utanhúss í Reykjahlíð. Af bréfunum má ráða að brugðist hafi verið við eftir föngum þótt ítreka hafi þurft sumt oftár en einu sinni.¹⁶⁷ Sumarið 1966 fór Símon Jóh. Ágústsson í eftirlitsferð í Reykjahlíð á vegum Barnaverndarráðs Íslands. Um aðbúnað á staðnum segir í skýrslunni: „Mikið hefir verið lagfært úti við og er allt hagkvæmra og snyrtilegra en áður. Forstöðukona kvartaði undan því að kalt drykkjarvatn skorti.“¹⁶⁸

Kaldavatnsskortur var eitt af því sem Sigríður M. Jónsdóttir hafði kvartað yfir vorið 1965 í bréfi til fræðslustjórans í Reykjavík.¹⁶⁹ Í september 1966 ritaði Sigríður enn bréf, í þetta sinn til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, og greindi frá því að hún treysti sér ekki til þess að hafa börn í Reykjahlíð komandi vetur án þess að hafa kalt vatn. Fram kom m.a. í máli hennar að allan undangenginn vetur hefði verið kaldavatnslaust á heimilinu þar sem frosið hefði í bráðabirgðavatnsleiðslu heimilisins í október og ekki þiðnað aftur fyrr en í maí.¹⁷⁰ Var bréfið lagt fram á fundi barnaverndarnefndar skömmu síðar og bar þá svo við að borin var fram tillaga af einum nefndarmanni um að borgarráði yrði tilkynnt

¹⁶⁷ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 9. Sigríður M. Jónsdóttir til fræðslustjóra Reykjavíkur, dags. 17. september 1961; Sigríður M. Jónsdóttir til fræðslustjóra Reykjavíkur, dags. 4. mars 1963; Sigríður M. Jónsdóttir til fræðslustjóra Reykjavíkur, dags. 24. mars 1964; Sigríður M. Jónsdóttir til fræðslustjóra Reykjavíkur, dags. 31. mars 1965.

¹⁶⁸ ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 16. júlí 1966.

¹⁶⁹ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 9. Sigríður M. Jónsdóttir til fræðslustjórans í Reykjavík, dags. 31. mars 1965.

¹⁷⁰ BSR. FR-148. Sigríður M. Jónsdóttir til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 12. september 1966.

að nefndin myndi loka Reykjahlíðarheimilinu ef úrbætur fengjust ekki. Samþykkt var á fundi barnaverndarnefndar að skrifa barnaheimila- og leikvallanefnd áður en formlegt erindi væri sent til borgarráðs.¹⁷¹ Þar kom fram að það væri einróma álit barnaverndarnefndar Reykjavíkur að ekki væri annað fyrirsjáanlegt en að loka þyrfti heimilinu í Reykjahlíð ef skjótar umbætur fengjust ekki í kaldavatnsmálum heimilisins.¹⁷² Í skýrslu um rekstur barnaheimila borgarinnar sem félagsmálaráð lét gera árið 1969 kom fram að lagt hefði verið út í mikinn viðhaldskostnað í Reykjahlíð undangengin fimm ár. Til útskýringar á því hversu hár útgjaldaliður viðhaldskostnaðurinn var segir í skýrslunni:¹⁷³

Þessi liður er áberandi hár hjá þeim barnaheimilum, sem eru í elztum húsakynnum, t.d. Reykjahlíð, enda virðast byggingar þar illa byggðar og miðaðar við allt aðra notkun, en það gerir m.a. alla starfsemi erfiðari og rekstur óhagkvæmari. Viðhaldskostnaður verður þar af leiðandi alltaf mikill á þessu barnaheimili [...] hefur viðhaldskostnaður s.l. 5 ár numið ca. kr. 3.3 miljónir.

Árið 1967 var lagður grundvöllur að skipulagsbreytingum í félagsþjónustu Reykjavíkurborgar en það ár voru í borgarstjórn samþykktar tillögur um endurskipulagningu félagsmála borgarinnar. Tillögurnar miðuðu einkum að því að sameina stofnanir sem að félagsmálum unnu og auka samvinnu. Með þetta að leiðarljósi var komið á fót félagsmálaráði sem skipað var sjö mönnum og fór með æðstu stjórn allra félagsmála borgarinnar. Jafnframt voru skrifstofur barnaverndarnefndar Reykjavíkur og félags- og framfærslumála sameinaðar í Félagsmálastofnun Reykjavíkur og tók hún formlega til starfa 1. janúar 1968. Formaður félagsmálaráðs var Páll Líndal borgarlögmaður en framkvæmdastjóri var Sveinn H. Ragnarsson félagsmálastjóri.¹⁷⁴

Í skýrslutöku hjá vistheimilaneftnd, við undirbúning áfangaskýrslu nr. 1, lýsti Sveinn H. Ragnarsson því hvaða áhrif samþykkt borgarstjórnar árið 1967 hafði á starfsemi í Reykjahlíð. Þegar í kjölfar samþykktarinnar fylgdi ný stefnumótun í vistunarmálum barna. Lögð hefði verið áhersla á að draga úr þörf á vistun barna utan foreldraheimila og auka aðstoð og ráðgjöf við börn og unglinga og fjölskyldur þeirra. Einnig hefði verið lögð áhersla á vistun eða fóstur barna á einkaheimili og á að reka vistheimilin

¹⁷¹ BSR. FR-240. Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 14. september 1966.

¹⁷² BSR. FR-148. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til barnaheimila- og leikvallanefndar Reykjavíkur, dags. 15. september 1966.

¹⁷³ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Greinargerð um rekstur barnaheimila, lagt fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

¹⁷⁴ Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1967, bls. 11.

sem smærri einingar. Í þessum anda hefði það verið eitt fyrsta verk Félagsmálastofnunar Reykjavíkur eftir að hún tók til starfa að draga úr fjölda þeirra barna sem vistuð voru í Reykjahlíð og var meðalfjöldi þau ár sem Félagsmálastofnun rak heimilið 11-13 börn á ári, en meðalfjöldi hafði mest farið upp í 26 börn á ári snemma á sjöunda áratugnum. Í framhaldi af þessu hefði verið farið að leita að nýju húsnæði fyrir starfsemi. Sveinn benti þó á að það hefðu ekki aðeins hugmyndafræðilegar ástæður legið að baki þess að farið var að huga að því að loka Reykjahlíð, einnig hefði skipt máli að húsnæðið var orðið lélegt.

Vistheimilið Reykjahlíð var rekið með þessu sniði næstu árin, þar sem vistbörn voru tiltölulega fá og vistanir styttri en verið hafði. Á fundi félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar hinn 23. mars 1972 var samþykkt að flytja starfsemi vistheimilisins í Reykjahlíð í húsakynni fjölskylduheimilisins Tjarnargötu 35.¹⁷⁵ Í júní sama ár flutti starfsemin og þau fimm börn sem enn voru í Reykjahlíð fluttu á hið nýja heimili ásamt Sigríði M. Jónsdóttur sem áfram gegndi forstöðu.¹⁷⁶

2. Lagagrundvöllur starfsemi Reykjahlíðar

Við gildistöku laga um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 var í fyrsta skipti með beinum hætti kveðið á um skyldu ríkisvaldsins til að setja á stofn og reka vist- eða meðferðarheimili fyrir börn *sem ratað höfðu á siðferðilega glapstigu eða framið höfðu lögbrot*.¹⁷⁷ Á hinn bóginn voru lög nr. 29/1947 fáorð um skyldu ríkisins, sveitarfélaga eða annarra varðandi stofnun og rekstur vistheimila fyrir börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður. Þrátt fyrir að lög nr. 29/1947 hafi ekki með *beinum* hætti kveðið á um *skyldu* tiltekens aðila til að setja á stofn og reka vistheimili fyrir börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður hefur vistheimilanefnd áður lagt til grundvallar að ráða megi af ákvæðum laganna að gert hafi verið ráð fyrir tilvist slíkra stofnana.¹⁷⁸ Mælt var fyrir um skyldu sveitarfélaga til að hafa tiltæk *úrræði* fyrir þau börn og ungmenni sem vista varð

¹⁷⁵ BSR. Aðfnr. 15263. Fundargerð félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar, dags. 23. mars 1972.

¹⁷⁶ Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1973 til 31. desember 1974, bls. 16.

¹⁷⁷ Í 3. kafla í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1 eru rakin fyrir mæli laga um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 og laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 um lagagrundvöll fyrir stofnun og starfrækslu vistheimila fyrir börn. Telur nefndin þó samhengisins vegna nauðsynlegt að rekja í þessum kafla að hluta þá umfjöllun sem þar er að finna um lagagrundvöll stofnunar og starfrækslu vistheimila fyrir börn sem var ólíkur eftir eðli viðkomandi stofnunar og þeim börnum sem stofnuninni var ætlað að vista.

¹⁷⁸ Sjá Skýrsla nefndar samkvæmt lögum 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1, kafla 3 í III. hluta.

utan heimilis ef eðli orsaka væri af öðrum toga en lögbrot eða ungmenni væru á siðferðilegum glapstígum, svo vísað sé til hugtakanotkunar laga nr. 29/1947.¹⁷⁹

Með lögum um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 var í fyrsta skipti *beinlínis* kveðið á um verkaskiptingu ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar varðandi skyldur þeirra til að setja á stofn og reka vistheimili eða stofnanir fyrir börn. Ríkisvaldinu var samkvæmt 1. mgr. 39. gr. skylt að setja á stofn og reka vist- eða meðferðarheimili fyrir börn sem ratað höfðu á siðferðilega glapstígu eða framið höfðu lögbrot. Í 3. mgr. 39. gr. var kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að setja á stofn og starfrækja stofnanir fyrir börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður. Þá var sérstaklega mælt fyrir um í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 um heimild menntamálaráðherra til að veita leyfi til reksturs vistheimilis eða annarrar slíkrar uppeldisstofnunar að uppfylltum tilteknum skilyrðum.¹⁸⁰

Í kafla 1 hér að framan er rakinn aðdragandi að stofnun vistheimilisins Reykja- hlíðar og forsendur þær sem lágu til grundvallar starfseminni, en ljóst er að um var að ræða stofnun sem rekin var af Reykjavíkurborg, en ekki af ríkinu. Þá var heimilinu ætlað að vista börn frá sjö ára aldri sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður svo sem vegna

¹⁷⁹ Í kafla 1 í II. hluta áfangaskýrslu nr. 1 var rakið að við gildistöku laga um eftirlit með ungmennum o.fl. nr. 62/1942, var lagður grunnur að verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga sem í stórum dráttum er í gildi í dag um ráðstöfun barna utan heimilis og jafnframt þau úrræði sem grípa skyldi til í málefnum einstakra barna. Þannig hefur löngum verið í barnaverndarlögum með skýrum hætti skilið á milli leiða til úrlausna í málefnum barna sem nauðsynlega ber að hafa afskipti af vegna eigin hegðunar (*barn sem gerandi*) og barna sem búa við erfiðar heimilisaðstæður, vanrækslu eða ofbeldi (*barn sem þolandi*).

¹⁸⁰ Reglugerð nr. 105/1970 um vernd barna og ungmenna var sett árið 1970. Í III. kafla hennar voru ítarleg ákvæði um vistheimili fyrir börn og ungmenni, fóstur á einkaheimilum til skamms tíma og dagvistun. Í 1. og 2. mgr. 36. gr. var efnislega sambærilegt ákvæði og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 um heimild menntamálaráðherra til að veita leyfi til reksturs vistheimila fyrir börn. Í g. lið 32. gr. var sérstaklega kveðið á um að óheimilt væri að hefja rekstur barnaheimilis fyrr en að fengnu leyfi menntamálaráðuneytis og skyldi leyfið ekki veitt, nema fyrir lögju upplýsingar um öll atriði, þar á meðal upplýsingar um stjórnendur heimilisins og annað starfsfólk. Skyldi að jafnaði leitað álits barnaverndarnefndar á staðnum og Barnaverndarráðs, áður en leyfi til rekstrar væri veitt. Þá var kveðið á um að leyfisbréf og læknisvottorð skyldi alltaf vera til staðar svo eftirlitsmenn gætu séð þau án tafar.

Í 1. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar var sérstaklega kveðið á um skyldu ríkisstjórnarinnar að setja á stofn eða hlutast til um að sett yrði á stofn hverskonar vistheimili fyrir börn og ungmenni, sem hún að tillögum barnaverndarnefnda, Barnaverndarráðs eða annarra þar til bærra aðila, teldi nauðsynlegt til að fullnægja ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna. Var þannig kveðið á um frumkvæði ríkisstjórnarinnar að uppbyggingu barnaverndarstofnana. Jafnframt var í 3. mgr. 38. gr. reglugerðarinnar sambærilegt ákvæði og í 3. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 um skyldu sveitarfélaga til að reka vistheimili fyrir börn sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður.

háttsemi foreldra, veikinda eða vanrækslu.¹⁸¹ Af þeirri lýsingu og skjallægum gögnum, sem nefndin hefur undir höndum, er það því afstaða vistheimilaneftndar að telja verði að vistheimilið Reykjahlíð hafi í merkingu laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 haft það hlutverk að vera stofnun fyrir börn sem vista þurfti utan heimilis af ástæðum er vörðuðu foreldra þeirra. Á heimilinu átti því ekki að vista börn vegna atvika er vörðuðu háttsemi þeirra sjálfra, s.s. vegna lögbrota. Vistun slíkra barna var á hendi ríkisins og var gert ráð fyrir að sérstakar stofnanir hefðu það hlutverk.

3. Almennt um starfsemi Reykjahlíðar

3.1 Gagnaöflun nefndarinnar

Frumgögn um málefni Reykjahlíðar er aðallega að finna á Borgarskjalasafni Reykjavíkur, í skjalasöfnum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og í málasafni borgarstjóra. Þá er einnig að finna gögn í skjalasafni Barnaverndar-ráðs Íslands á Þjóðskjalasafni Íslands og í skjalasafni skólanefndar og barnaverndar-neftndar Mosfellssveitar á héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar. Gögn um einstaklingsmál þeirra barna sem vistuð voru í Reykjahlíð er að finna í skjalasafni Félagsmálastofnunar Reykjavíkur á Borgarskjalasafni en öll börn er vistuðust í Reykjahlíð á starfstíma heimilisins voru vistuð af hálfu barnaverndarneftndar Reykjavíkur.

Eins og fram kom í kafla 1 hér að framan sá fræðsluskrifstofa Reykjavíkur um rekstur og starfsmannahald í Reykjahlíð fram til ársins 1968 og barnaverndarneftnd Reykjavíkur sá um vistun barna á heimilið. Af þessum sökum eru almenn gögn um fjárhagslegan rekstur Reykjahlíðar, starfsmannahald og húsnæðismál auk bréfaskipta forstöðukvenna heimilisins við fræðsluskrifstofuna og skrifstofunnar við aðrar stofnanir um málefni Reykjahlíðar frá árunum 1956-1968 helst að finna í skjalasafni fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Í skjalasafni Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, en þar eru m.a. skjöl barnaverndarneftndar Reykjavíkur og skrifstofu félagsmálastjóra, er einnig að finna gögn sem almennt varða málefni Reykjahlíðar. Þar er einnig að finna gögn um þau börn er dvöldu í Reykjahlíð, bæði almenn gögn, svo sem nafnalistar, umsagnir og eyðublöð yfir

¹⁸¹ BSR. FR-148. Þorkell Kristjánsson til Kristjáns Friðbergssonar, dags. 21. febrúar 1963 – BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Álitsgerð Jónasar Pálssonar og Símonar Jóh. Ágústssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júlí 1961.

komu- og brottfarardaga einstakra barna, og ennfremur einstaklingsgögn um málefni þeirra barna sem vistuð voru, svonefnd einstaklingsmál. Frá og með 1. janúar 1968 annaðist Félagsmálastofnun Reykjavíkur rekstur heimilisins og almenn gögn um þau efni er því að finna í skjalasafni Félagsmálastofnunar frá þeim tíma. Í málafni borgarstjóra er gögnum sem varða málefni vistheimila borgarinnar haldið saman í einu máli. Nokkur skjöl er beinlínis varða Reykjahlíð er þar að finna, en mikið til eru þetta skýrslur, tillögur og umsagnir um vistheimilamál almennt, þar sem þó er víða vikið að málefnum Reykja-
hlíðar.

Með bréfi dags. 26. maí 2008 óskaði vistheimilanefnd eftir því við Borgarskjalasafn Reykjavíkur að *almenn gögn* um starfsemi Reykjahlíðar yrðu afrituð og afhent nefndinni. Ofangreind gögn bárust nefndinni í september 2008. Í maí 2009 og í október 2009 fékk nefndin afhent viðbótargögn sem þá höfðu komið í leitirnar. Þess ber að geta að nær ekkert fannst á safninu af gögnum frá árunum 1970-1972, hvorki almenn gögn né nafnalistar eða önnur gögn sem veita heildstæðar upplýsingar um það hvaða einstaklingar voru vistaðir í Reykjahlíð síðustu þrjú starfsár heimilisins. Nefndin hefur vísbendingar um að nokkru fleiri einstaklingar hafi verið vistaðir á árunum 1970-1972 en fram kemur í gögnunum en ekki hefur tekist að afla nægjanlegra upplýsinga um þá einstaklinga. Í febrúar og mars 2009 og í febrúar 2010 fór starfsmaður vistheimilanefndar á Borgarskjalasafn og yfirfór með skipulögðum hætti fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá árunum 1956-1972 með það fyrir augum að kanna hvort þar væri að finna einhverjar bókanir um málefni Reykjahlíðar og þá einstaklinga sem þar voru vistaðir umfram það sem nefndin hafði þá þegar undir höndum.

Þá var leitað til Borgarskjalasafns Reykjavíkur með beiðni um afrit af *einstaklingsmálum* fyrrverandi vistmanna í Reykjahlíð, sem voru eftir því sem vistheimilanefnd kemst næst 144 talsins. Einstaklingsmál hjá barnaverndaryfirvöldum veita m.a. mikilvægar upplýsingar um aðdraganda og ástæður vistunar, lengd hennar og önnur málsatvik. Út frá almennum gögnum sem borist höfðu í september 2008 var nafnalisti yfir vistmenn í Reykjahlíð á árunum 1956-1972 útbúinn og í kjölfarið var óskað eftir málum viðkomandi einstaklinga úr skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í mars 2009 afhenti Borgarskjalasafn nefndinni mál 64 einstaklinga. Í nóvember 2009 og janúar 2010 afhenti Borgarskjalasafn nefndinni mál 50 einstaklinga til viðbótar. Einnig hafði

nefndin á árunum 2007-2009 fengið afhent frá Borgarskjalasafni, vegna könnunar á starfsemi annarra heimila, mál 26 einstaklinga sem einnig dvöldu í Reykjahlíð. Alls hafði nefndin því undir höndum mál 140 þeirra 144 einstaklinga sem nefndinni var kunnugt um að hefðu verið vistaðir í Reykjahlíð á árunum 1956-1972. Ekki var unnt að óska eftir málum fjögurra einstaklinga þar sem nægjanlegar persónuupplýsingar um þá skorti.

Eins og rakið er í kafla 4 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1 og einnig hér síðar í kafla 5.3 um eftirlit með starfsemi Reykjahlíðar, var opinbert eftirlit samkvæmt ákvæðum þágildandi barnaverndarlaga, nr. 29/1947 og nr. 53/1966, m.a. í höndum barnaverndarnefndar, eftir atvikum skólanefndar, í því umdæmi þar sem viðkomandi stofnun var staðsett. Vistheimilið Reykjahlíð var staðsett í umdæmi skólanefndar og síðar barnaverndarnefndar Mosfellssveitar og var af þeim sökum leitað til héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar og kannað hvort þar væri að finna gögn um eftirlit með starfsemi Reykjahlíðar eða önnur gögn um málefni heimilisins. Í mars 2010 fór starfsmaður nefndarinnar og kannaði það sem til er á safninu, m.a. bréfasafn um barnaverndarmálefni 1958-1963 og bréf barnaverndarnefndar Mosfellssveitar 1967-1969, en barnaverndarnefnd var fyrst skipuð í Mosfellssveit árið 1966 og hélt hún sinn fyrsta fund hinn 9. janúar 1967. Einnig voru könnuð skjöl frá Brúarlandsskóla og Varmárskóla frá árunum 1949-1971 en þar var m.a. að finna bréfasafn skólanefndar. Einu skjölin sem fundust og vörðuðu starfsemi Reykjahlíðar og nefndin hafði ekki þegar undir höndum voru listar yfir nemendur frá Reykjahlíð í Varmárskóla frá árunum 1964-1971 og fékk nefndin afrit af þeim. Fundargerðabækur skólanefndar og barnaverndarnefndar voru ekki meðal þessara skjala og þeim hefur ekki verið skilað til varðveislu á héraðsskjalasafnið. Að beiðni nefndarinnar kannaði héraðsskjalavörður það sérstaklega hvort fundargerðabækurnar væru enn til og hvar þær væru niðurkomnar. Var m.a. haft samband við fyrrverandi ritara barnaverndarnefndar og fyrrverandi kennara og skólastjóra í Varmárskóla en sú eftirgrennslan bar engan árangur.¹⁸² Þá ræddi vistheimilanefnd einnig í þessu sambandi við fyrrverandi nefndarmann í barnaverndarnefndinni á árunum 1967-1969 en var honum ekki kunnugt um hvar fundargerðabækur nefndarinnar frá þeim tíma sem hann sat í nefndinni væri að finna.

¹⁸² Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar til vistheimilanefndar, dags. 29. mars 2010.

Í skjalasafni Barnaverndarráðs Íslands á Þjóðskjalasafni er bréfum og öðrum gögnum er almennt varða málefni Reykjahlíðar haldið saman í einni málsmöppu. Í skjalasafninu eru einnig skýrslur um eftirlitsheimsóknir fulltrúa Barnaverndarráðs í Reykjahlíð sem og fundargerðabækur ráðsins. Afrit úr málsmöppu Barnaverndarráðs um Reykjahlíð voru afhent vistheimilanefnd í september 2008. Í febrúar og mars 2009 og í febrúar 2010 fór starfsmaður nefndarinnar yfir safn Barnaverndarráðs og leitaði að fleiri gögnum varðandi Reykjahlíð. Fundargerðir ráðsins frá árunum 1956-1972 voru skoðaðar, farið var skipulega yfir allar eftirlitsskýrslur tímabilsins og skýrslur sem barnaverndarnefndir sendu Barnaverndarráði um starfsemi sína kannaðar. Afhenti Þjóðskjalasafn nefndinni afrit skjala jafnharðan og beiðnir þess efnis bárust.

3.2 Fjöldi vistmanna, aldurskipting og dvalartími

Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum dvöldu 144 börn í Reykjahlíð á árunum 1956-1972, 90 drengir og 54 stúlkur. Við þennan fjölda verður að gera þann fyrirvara að lítið hefur fundist af gögnum um starfsemi Reykjahlíðar og þá einstaklinga sem þar voru vistaðir á árunum 1970-1972 eins og áður hefur verið rakið.

Fjöldi þeirra barna sem dvöldu á hverju ári í Reykjahlíð var nokkuð mismunandi eftir tímabilum. Hér er átt við fjölda þeirra barna sem vistuð voru á heimilinu í einhvern tíma á tilteknu ári en ekki hversu mörg börn dvöldu þar samtímis. Á tímabilinu 1956-1960 dvöldu 14-20 börn á ári í Reykjahlíð, á tímabilinu 1961-1965 dvöldu 31-52 börn þar árlega en hámarki náði fjöldinn árið 1962 er 52 börn dvöldu þar. Á tímabilinu 1966-1970 fækkaði vistunum barna ár frá ári. Árið 1966 dvöldu 34 börn í Reykjahlíð en næstu þrjú ár voru þau 20-25 og árið 1970 voru þau 14. Árið 1971 dvöldu 11 börn í Reykjahlíð og árið 1972 fækkaði þeim enn frekar þegar fimm börn dvöldu þar.¹⁸³

Sigríður M. Jónsdóttir, forstöðukona í Reykjahlíð á árunum 1961-1972, greindi frá því í skýrslutöku fyrir vistheimilanefnd að henni hefði ekki þótt forsvaranlegur fjöldi þeirra barna sem voru á heimilinu þegar hún tók við sumarið 1961. Það sumar hefðu 26 eða 28 börn verið samtímis í Reykjahlíð og heimilið minnt meira á sumardvalarheimili en

¹⁸³ Tölur yfir fjölda barna árlega eru fengnar úr *Skýrslum um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur* fyrir árin 1962-1967 og 1971-1972. Í skýrslum fyrir árin 1956-1961 er fjöldi barna ekki gefinn upp heldur aðeins heildarfjöldi dvalardaga. Fjöldi barna í Reykjahlíð er heldur ekki gefinn upp í skýrslum árin 1968-1969. Fyrir þau ár er því stuðst við skjalleg gögn sem vistheimilanefnd fékk afhent, svo sem nafnalista yfir vistbörn hvert ár og önnur almenn gögn um vistheimilið.

vistheimili. Fyrstu 2-3 árin hefði „mikið rennerí“ verið á börnum, en þeim síðan fækkað og dvalartími hvers barns orðið lengri. Sveinn H. Ragnarsson fyrrverandi félagsmálastjóri ræddi einnig í áðurnefndri skýrslutöku hjá vistheimilanevnd að í upphafi sjöunda áratugarins hefðu verið of mörg vistbörn. Aðspurður um ástæður þess taldi hann að rekstrar- aðilinn hefði látið undan þrýstingi frá vistunaraðila og enn fremur gerði hann ráð fyrir að þetta hefði smátt og smátt færst í þetta horf.

Þegar Símon Jóh. Ágústsson sálfræðingur skoðaði húsakynni Reykjahlíðar í nóvember 1956 fyrir hönd barnaverndaryfirvalda í Reykjavík, vegna fyrirhugaðs flutnings vistheimilisins frá Kumbaravogi, taldi hann að í Reykjahlíð mætti til bráða- birgða reka vistheimili fyrir 15 börn.¹⁸⁴ Á hinn bóginn gerði barnaverndarnefnd Reykjavíkur ráð fyrir að í Reykjahlíð væri rými fyrir 20 börn eftir því sem kemur fram í árs- skýrslum nefndarinnar á árunum 1956-1965 en árið 1966 segir í ársskýrslu nefndarinnar að Reykjahlíð sé vistheimili fyrir 27 börn. Í ársskýrslu fyrir árið 1967 segir hins vegar að heimilið sé ætlað 13 börnum og er miðað við þann fjölda allt til loka starfseminnar árið 1972.¹⁸⁵

Út frá fyrirbyggjandi gögnum hefur verið unnt að greina vistunartíma 132 barna úr hópi þeirra 144 barna sem dvöldu í Reykjahlíð á árunum 1956-1972. Af þeim voru 20 börn vistuð tvisvar eða oftar en vistanir voru samtals 166 og er vistheimilanevnd með upplýsingar um lengd 159 þeirra. Eftir atvikum var mikill munur á lengd hverrar vistunar fyrir sig og voru þær allt frá einni viku upp í 102 mánuði samfleytt.

Tafla 3 Reykjahlíð. Lengd vistana

	<3	3-6	6-12	12-24	24-36	>36	Alls
Fjöldi mánaða	<3	3-6	6-12	12-24	24-36	>36	
Fjöldi vistana	59	27	25	22	10	16	159
Hlutfall %	37,1	17,0	15,7	13,8	6,3	10,1	100,0

¹⁸⁴ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-146. Símon Jóh. Ágústsson formaður barnaheimilanevndar til barnaverndarnevndar Reykjavíkur, dags. 26. nóvember 1956.

¹⁸⁵ Sbr. *Skýrslur um störf barnaverndarnevndar Reykjavíkur* árin 1956-1972. Sjá BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-146.

Eins og sjá má á töflu 3 var rúmlega þriðjungur barna vistaður í þrjú mánuði eða skemur í Reykjahlíð. Ef tekinn er saman fjöldi vistana sem voruðu 12 mánuði eða skemur, þá voru þær 111 (69,8%) talsins. Á hinn bóginn voru 48 (30,2%) vistanir lengri en eitt ár, þar af 16 (10,1%) sem voru í meira en þrjú ár og af þeim tíu vistanir lengri en fimm ár. Meðaldvalartími á árunum 1956-1972 var 14,5 mánuðir. Á hinn bóginn var meðaldvalartími þeirra sem vistuðust skemur en ár í Reykjahlíð 4,1 mánuður og meðaldvalartími þeirra sem vistuðust lengur en eitt ár var 38,5 mánuðir, eða rétt rúmlega þrjú ár.

Börnin í Reykjahlíð voru á aldrinum 2-17 ára þegar þau dvöldu þar. Af þeim 144 börnum sem dvöldu í Reykjahlíð hefur nefndin upplýsingar um aldur 139 þeirra við upphaf hverrar vistunar. Skiptist það þannig að fimm (3%) börn voru 2-3 ára gömul við upphaf vistunar, 13 (7,8%) börn voru 4-5 ára, 37 (22,3%) börn voru 6-7 ára, 48 (28,9%) börn voru 8-9 ára, 38 (22,9%) börn voru 10-11 ára, 16 (9,6%) börn voru 12-13 ára og níu (5,4%) börn voru 14-16 ára gömul. Meðalaldur barnanna við upphaf vistunar var 8,7 ár.

3.3 Menntun og reynsla forstöðumanna og starfsmanna

Guðbjörg Árnadóttir var forstöðukona vistheimilisins á Kumbaravogi árið 1956 þegar starfsemin fluttist í Mosfellsdalinn og hafði hún gegnt því starfi frá því í ágúst 1945 eða frá stofnun heimilisins. Þegar starfsemin flutti í Reykjahlíð gegndi hún áfram forstöðu heimilisins. Guðbjörg var fædd 7. maí 1893 í Narfakoti í Njarðvíkum, Gullbringusýslu. Hún var hjúkrunarkona að mennt og lauk hjúkrunarnámi við Ríkissjúkrahúsið í Kaupmannahöfn í apríl 1925. Áður en Guðbjörg tók við forstöðu á Kumbaravogi hafði hún starfað sem hjúkrunarkona á Franska spítalanum í Reykjavík á árunum 1919-1926, við Barnaskóla Reykjavíkur árin 1926-1929 og á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja árin 1929-1945. Hinn 28. nóvember 1960 sagði hún starfi sínu í Reykjahlíð lausu og lét af störfum 1. júlí 1961. Guðbjörg Árnadóttir lést 16. desember 1968.¹⁸⁶

Við starfi Guðbjargar tók Sigríður M. Jónsdóttir kennari. Sigríður fæddist 24. júní 1933 á Akureyri. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1952 og kennaraprófi frá Kennaraskólanum árið 1953. Veturinn 1954-1955 lagði hún stund á nám við handíðadeild Kennaraskólans og lærði vefnað við Handíða- og myndlistaskólann á árunum 1957-1959. Sigríður starfaði í kvenlögrelgunni í Reykjavík árin 1954-1955,

¹⁸⁶ *Hjúkrunarkvennatal*, bls. 101-102 – BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 9. Guðbjörg Árnadóttir til fræðslustjóra Reykjavíkur, dags. 28. nóvember 1960.

kennði í Barnaskóla Akureyrar veturinn 1955-1956 og í Lækjarskóla í Hafnarfirði árin 1956-1960. Á árunum 1960-1961 starfaði Sigríður á Sólheimum í Grímsnesi en í júlí 1961 tók hún við sem forstöðukona Reykjahlíðar.¹⁸⁷ Tveir umsækjendur voru um starf forstöðukonu árið 1961 og taldi barnaverndarnefnd Reykjavíkur þá báða hæfa en Sigríði „þó betur undir starfið búna“ og mælti barnaverndarnefnd „einróma með ráðningu hennar til starfans“.¹⁸⁸ Sigríður var forstöðukona í Reykjahlíð fram til ársins 1972 og þegar starfsemi Reykjahlíðar flutti í Tjarnargötu 35 veitti hún því heimili forstöðu um eins árs skeið.

Árið 1958 voru starfsmenn Reykjahlíðar fimm auk forstöðukonu: matreiðslukona, tvær starfsstúlkur, þvottastúlka og ráðsmaður. Til skamms tíma höfðu starfsmenn verið sex en stöðugildi afleysingastúlku hafði nýlega verið lagt niður.¹⁸⁹ Rúmum áratug síðar voru starfsmenn enn fimm auk forstöðukonu en starf ráðsmanns hafði verið lagt niður og stöðugildi afleysingastúlku komið í staðinn. Í eldhúsi og borðstofu unnu matráðskona og aðstoðarstúlka hennar. Ein stúlka starfaði við þvotta og saumavinnu, ein við ræstingar og ein stúlka var í afleysingum.¹⁹⁰ Vistheimilanefnd hefur upplýsingar um 30 einstaklinga sem störfuðu í Reykjahlíð á árunum 1956-1972. Gera verður þann fyrirvara við þennan fjölda að upplýsingar um starfsfólk eru takmarkaðar í þeim gögnum sem nefndin hefur haft aðgang að. Eftir því sem næst verður komist starfaði aldrei sérmenntuð fóstura í Reykjahlíð en Guðbjörg Árnadóttir var hjúkrunarkona að mennt og Sigríður M. Jónsdóttir var kennari að mennt. Fram kom í skýrslu Sigríðar fyrir nefndinni að á meðan hún gegndi forstöðu hefði aldrei menntuð fóstura starfað á heimilinu og ekki hefði heldur verið gert ráð fyrir stöðugildi fyrir sérmenntaða fósturu. Í fyrrgreindum tillögum fræðslustjóra Reykjavíkur og forstöðumanns Sálfræðideildar skóla frá því í nóvember 1962 um vistheimili og ráðstafanir vegna barna sem ekki gátu dvalist á heimilum sínum, var lögð á það áhersla að ráðið yrði sérmenntað starfsfólk á vistheimili borgarinnar. Barnaverndar-

¹⁸⁷ *Kennaratal á Íslandi* II, bls. 97 – *Kennaratal á Íslandi* V, bls. 104.

¹⁸⁸ BSR. Aðfnr. 6776. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 19. maí 1961.

¹⁸⁹ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 9. Guðbjörg Árnadóttir til fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, dags. 6. nóvember 1958.

¹⁹⁰ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Skýrsla Ingimars Hanssonar um starfsmannahald á barnaheimilum Reykjavíkurborgar, dags. 15. júlí 1969. Lögð fram í félagsmálaráði 18. september 1969.

nefnd Reykjavíkur tók undir þetta í umsögn sinni um tillögurnar.¹⁹¹ Á hinn bóginn virðist það ekki hafa gengið eftir eins og fram kom í áðurnefndri skýrslu forstöðukonu Reykjahlíðar.

4. Viðtöl við fyrrverandi vistmenn og starfsmenn Reykjahlíðar og opinbera starfsmenn

Í kafla 2 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1 er gerð grein fyrir málsmeðferð nefndarinnar, verklagi og aðferðum í tilefni af könnun nefndarinnar. Þar er í kafla 2.4 gerð grein fyrir tilhögun viðtala, verklagi, markmiði og framkvæmd þeirra við fyrrverandi vistmenn og fyrrverandi nemendur þeirra stofnana sem nefndin hefur nú tekið til könnunar og vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Þá er í kafla 2.5 gerð grein fyrir sömu þáttum varðandi viðtöl við fyrrverandi starfsmenn. Í kafla 2 í I. hluta í þessari skýrslu vistheimilanefndar er þó, samhengisins vegna, gerð í stuttu máli grein fyrir sömu atriðum og vísast hér til þeirra umfjöllunar.

Á haustdögum 2008 var hafist handa við að útbúa nafnalista yfir fyrrverandi vistmenn vistheimilisins Reykjahlíðar sem búa hér á landi, svo unnt væri að senda þeim bréf og bjóða þeim til viðtals við nefndina. Í kjölfarið voru tekin viðtöl við fyrrverandi vistmenn og síðar skýrslur af starfsfólki. Fyrirhugað var að niðurstöður um könnun á starfsemi Reykjahlíðar yrðu birtar í áfangaskýrslu nr. 1 sem afhenda átti forsætisráðherra 31. júní 2009. Þegar könnun nefndarinnar á starfsemi Reykjahlíðar var vel á veg komin á vormánuðum 2009 bárust nefndinni upplýsingar um 25-30 fyrrverandi vistmenn Reykjahlíðar til viðbótar við þá einstaklinga sem nefndinni var þá kunnugt um að dvalið höfðu á stofnuninni. Þess vegna var ákveðið, á fundi nefndarinnar 3. júní 2009, að fresta birtingu á niðurstöðum könnunar á Reykjahlíð. Taldi nefndin að veita yrði fyrrgreindum einstaklingum kost á að koma til viðtals við nefndina og greina frá reynslu sinni af dvölinni og eru því niðurstöður könnunar á starfsemi Reykjahlíðar birtar í þessari skýrslu, áfangaskýrslu nr. 2.

¹⁹¹ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar varðandi ráðstafanir vegna barna, sem geta ekki dvalizt á heimilum sínum af ýmsum orsökum, ódags. í nóvember 1962; Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 10. mars 1963.

Á skrá hjá nefndinni yfir fyrrverandi vistmenn heimilisins eru 144 einstaklingar en eins og rakið er í kafla 3.2 eru vísbendingar um að fleiri einstaklingar hafi verið vistaðir á heimilinu. Á hinn bóginn hefur nefndinni ekki verið unnt við leit á Borgarskjalasafni að afla upplýsinga um fleiri einstaklinga. Til viðtals við vistheimilanefnd komu 42 einstaklingar (29,1%). Nánari greining og sundurliðun á tölulegum upplýsingum um framkvæmd nefndarinnar á viðtölum við þá er eftirfarandi:

Viðtal	42 einstaklingar
Þáðu ekki boð um viðtal	64 einstaklingar
Látnir	17 einstaklingar
Finnast ekki	4 einstaklingar
Búa erlendis	17 einstaklingar
Samtals	144 einstaklingar

Þegar lokið hafði verið við stærstan hluta skjallegrar gagnaöflunar og tekin höfðu verið viðtöl við þá einstaklinga sem þáðu boð nefndarinnar, hófst skýrslutaka af starfsmönnum sem telja mátti að gætu varpað ljósi á atvik og aðstæður í starfsemi heimilisins öll starfsár þess. Nefndin hefur upplýsingar um nöfn 30 einstaklinga sem störfuðu á heimilinu en þar af eru 13 látnir og ekki tókst að afla nægjanlegra persónuupplýsinga um fjóra svo unnt væri að boða þá til viðtals við nefndina. Nefndin tók skýrslur af níu fyrrverandi starfsmönnum heimilisins auk forstöðukonu. Við mat á því hvaða starfsmenn nefndin óskaði eftir að taka viðtal við var m.a. litið til þess hvort framburður vistmanna gæfi tilefni til að athuga nánar vísbendingar sem þar komu fram um illa meðferð eða ofbeldi sem hefði átt sér stað á starfstíma heimilisins. Þá var einnig leitast við að fá til viðtals við nefndina einstaklinga sem störfuðu einhvern tíma á öllum starfstíma heimilisins þannig að nefndin fengi heildarmynd af starfseminni þau 16 ár sem heimilið var starfrækt. Nefndin tók skýrslur af starfsfólki á mismunandi tímum að frátöldu tímabilinu frá 1956 er starfsemin hófst í Mosfellsdal fram á sumar 1957 og árinu 1962. Einnig var tekið viðtal við einstakling sem bjó í nágrenni vistheimilisins allan starfstíma þess og son fyrrverandi starfskonu en hann bjó þar ásamt móður sinni um árabil. Nánar verður fjallað um efni framburðar úr viðtölum við þá einstaklinga sem komu fyrir nefndina og ályktanir nefndarinnar á þeim grundvelli í kafla 5 hér síðar.

Við undirbúning áfangaskýrslu nr. 1 höfðu verið teknar skýrslur af þáverandi félagsmálastjóra Reykjavíkur, fyrrverandi nefndarmanni í barnaverndarnefnd Reykja-

víkur á árunum 1966-1974, fyrrverandi starfsmanni barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1966-1970 og fyrrverandi starfsmanni Barnaverndarráðs Íslands á árunum 1966-1971. Upplýsingar sem þar koma fram hafa komið að notum við könnun nefndarinnar á þeim stofnunum sem fjallað er um í þessari skýrslu en nánar er gerð grein fyrir efni þeirra eftir því sem við á í kafla 5 hér á eftir. Þá voru tekin símaviðtöl við tvo fyrrverandi nefndarmenn í barnaverndarnefnd Mosfellssveitar á árunum 1967-1974.

5. Ályktanir og niðurstöður nefndarinnar

5.1 Um tildrög vistunar barna í Reykjahlíð

5.1.1 Lagagrundvöllur stjórnvaldsákvæðana um vistun barna og málsmeðferð

Ákvörðunartaka um vistun barna á uppeldisstofnunum var í höndum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966. Í kafla 2 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1 hefur verið gerð grein fyrir lagaumhverfi barnaverndarmála, þ.m.t. efnislegum ástæðum og forsendum fyrir afskiptum barnaverndarnefndar af málefnum einstakra barna og fjölskyldna þeirra og við hvaða aðstæður þær skyldur yrðu virkar. Þá hefur jafnframt verið gerð grein fyrir þeim reglum sem giltu um málsmeðferð barnaverndaryfirvalda samkvæmt ákvæðum sömu laga og vísast hér til þeirrar umfjöllunar.¹⁹² Verða því hér aðeins dregin fram nokkur meginþingarmið sem eftirfarandi umfjöllun um tildrög vistunar barna í Reykjahlíð miðast við.

Barnaverndarlög nr. 29/1947 og lög nr. 53/1966 gerðu ráð fyrir að tilteknum reglum væri fylgt þegar grípa þurfti til úrræða eins og að taka barn frá heimili og eftir

¹⁹² Í kafla 2.4.2 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1 er rakið að árið 1968 var með 1. gr. laga nr. 31/1968 bætt nýrri 5. málsgrein við 6. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna þar sem menntamálaráðherra var veitt heimild til að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra skyldi mæla nánar fyrir um starfssvið í reglugerð. Á þessum lagagrundvelli setti menntamálaráðherra reglugerð nr. 96/1970 um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Með 3. tölulið 3. gr. reglugerðarinnar var félagsmálaráði falin ráðstöfun barns í vist eða fóstur ef hún var með samþykki foreldra eða forráðamanna barns. Að óbreyttu var ráðstöfun barns í vist eða fóstur sem var í andstöðu við vilja foreldra hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Þá tók gildi árið 1970 ný reglugerð um vernd barna og ungmenna nr. 105/1970. Ákvæði hennar voru ítarlegri en laga nr. 53/1966 um vistheimili fyrir börn og ungmenni, fóstur á einkaheimilum til skamms tíma og dagvistun. Ákvæði III. kafla lögðu sérstakar skyldur á rekstraraðila vistheimila fyrir börn varðandi aðbúnað barna og ungmenna, hífýli, fjölda starfsmanna, fjölda vistmanna og heilbrigðiseftirlit. Að öðru leyti var reglugerðin að mestu sambærileg við ákvæði laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966. Í umfjöllun um tildrög vistunar barna í Reykjahlíð frá árinu 1970 ber að hafa þessa verkaskiptingu í huga.

atvikum vista það á stofnun á vegum ríkis, sveitarfélaga eða til einkaaðila. Þær ákvarðanir urðu jafnframt að vera reistar á viðhlítandi forsendum, hvort sem ráðstöfun barns eða taka þess frá heimili væri framkvæmd með samþykki foreldra eða í andstöðu við vilja þeirra. Ef ákvörðun um vistun var tekin gegn vilja foreldris þá féll slík ákvörðun undir hugtakið *meiriháttar ákvörðun* sem taka bar með formlegri ákvörðun ályktunarhæfrar barnaverndarnefndar og var kæránleg til Barnaverndarráðs, sbr. 54. gr. laga nr. 29/1947 og 56. gr. laga nr. 53/1966.¹⁹³

Eins og lagagrundvelli fyrir starfsemi Reykjahlíðar var háttað og rakið er í kafla 2 hér að framan, takmörkuðust heimildir barnaverndarnefndar samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966 til að vista barn í Reykjahlíð einkum við atvik eða aðstæður er vörðuðu sjálfa foreldra barns, svo sem andlega eða siðferðilega annmarka, líkamlega eða andlega vanheilsu, drykkjuskap, eiturlyfjaneyslu o.s.frv. Þá verður að geta þess að samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 29/1947 og síðar 2. mgr. 24. gr. laga nr. 53/1966 var lagt fortakslaust bann við að taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna. Við þær aðstæður er örbirgð foreldra var forsenda fyrir ósk þeirra um vistun barns bar barnaverndarnefnd að leiðbeina foreldrum um rétt þeirra til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr bæjar- eða sveitarsjóði. Þá verður að minna á að það var hlutverk ríkisins að starfrækja vistheimili fyrir börn sem ratað höfðu á siðferðilega glapstigu eða framið lögbrot.¹⁹⁴

Með þessi lagasjónarmið að leiðarljósi telur vistheimilanefnd að við könnun á tildrögum vistunar barna á vistheimilinu í Reykjahlíð verði að gera grein fyrir vistun barna af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur þegar lög nr. 29/1947 og lög nr. 53/1966 giltu um það efni ásamt reglugerðum sem settar voru á grundvelli laganna og hafa nánar verið raktar í kafla 2 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1. Nefndin telur á hinn bóginn ekki ástæðu til að skipta umfjöllun upp eftir gildistíma laganna frá 1947 annars vegar eða

¹⁹³ Sjá nánar kafla 2.3.2 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1.

¹⁹⁴ Vistheimilið Breiðavík í Rauðasandshreppi sem starfrækt var á tímabilinu 1952-1979 var rekið af hálfu ríkisins fyrir börn sem ratað höfðu á siðferðilega glapstigu eða framið höfðu lögbrot. Þá var stúlknaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi sem starfrækt var af hálfu Hjalpræðishersins á Íslandi á tímabilinu 1965-1967 ætlað stúlkum sem ratað höfðu á siðferðilega glapstigu eða sem framið höfðu lögbrot. Varðandi niðurstöður vistheimilanefndar um könnun á starfsemi þeirra, sjá Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, kaflar 9-11 í III. hluta og Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1, kafli 5 í VIII. hluta.

laganna frá 1966 hins vegar þar sem engar breytingar urðu við gildistöku þeirra um forsendur vistunar eða málsmeðferð.¹⁹⁵

5.1.2 Ályktanir af skjallægum gögnum og öðrum heimildum

Í þeim gögnum sem nefndin hefur fengið afhent frá Borgarskjalasafni og varða málefni þeirra 140 einstaklinga af þeim 144 sem vistaðir voru í Reykjahlíð og nefndinni tókst að afla upplýsinga um er í flestum tilvikum að finna gögn sem veita nefndinni upplýsingar um tildrög þess að barnaverndarnefnd Reykjavíkur taldi ástæðu til afskipta af málefnum einstakra fjölskyldna og hvaða efnislegu ástæður og forsendur lágu að baki því að þörf var talin á vistun barna á vistheimilinu Reykjahlíð. Þau gögn eru einkum fundargerðir barnaverndarnefndar, heimiliseftirlitsskýrslur starfsmanna nefndarinnar og skráning vistunarsögu á einstökum stofnunum áður en ráðstöfun í Reykjahlíð átti sér stað. Þá bárust nefndinni einnig gögn barnaverndarnefndar og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur um málefni hluta einstaklinganna eftir að dvöl þeirra á vistheimilinu lauk. Varpa þau gögn að töluverðu leyti ljósi á ástæður og forsendur vistunar í Reykjahlíð þar sem fyrri afskipti barnaverndarnefndar í málefnum þeirra er oft og tíðum rakin.

Í flestum tilvikum má rekja upphafleg afskipti og ástæður fyrir ákvörðun um vistun barna í Reykjahlíð til bágra uppeldisskilyrða, einkum áfengisneyslu foreldra, líkamlegra eða andlegra veikinda þeirra og vanrækslu. Dæmi eru þó um að forsendur vistunar hafi verið eigin háttsemi viðkomandi barna, svo sem hegðunarerfiðleikar. Þá finnast einnig dæmi um að vistun megi rekja til fátæktar á heimili eða þarfar foreldra, oftast móður, fyrir tímabundna gæslu fyrir börn sín vegna vinnu utan heimilis, t.d. vegna andláts föður eða skilnaðar. Í fæstum þeim tilvikum þar sem ástæðu vistunar má rekja til þarfar móður á gæslu fyrir börn sín verður séð að erfiðleikar af öðrum toga hafi jafnframt verið til staðar, svo sem áfengisneysla, andleg eða líkamleg veikindi. Í þeim málum má einnig sjá töluverðan mun á fjölda og innihaldi þeirra gagna er varða málefni hlutað-eigandi fjölskyldu. eru dæmi um að einu gögnin í máli sé bókun í fundargerð barna-

¹⁹⁵ Er hér þá horft til þess að við gildistöku laga nr. 53/1966 urðu ekki meiriháttar breytingar á lagagrundvelli vistunar barna utan heimilis. Þá hefur nefndin einungis upplýsingar um þrjá einstaklinga sem vistaðir voru á heimilinu eftir gildistöku reglugerðar 96/1970 og reglugerðar nr. 105/1970. Í lok umfjöllunar um tildrög vistunar barna í Reykjahlíð verður gerð grein fyrir málsmeðferð þessara þriggja einstaklinga eftir því sem unnt er á grundvelli fyrirliggjandi gagna um málefni þeirra, en eins og fram kemur í kafla 3.2 hafa nefndinni borist afar takmörkuð gögn um þá einstaklinga sem vistaðir voru síðustu starfsár heimilisins.

verndarnefndar um að móðir hafi nýlega orðið ekkja eða einstæð móðir í kjölfar skilnaðar og hún óski eftir aðstoð nefndarinnar þar sem hún hafi ekki tæk á að hafa börn sín heima sökum vinnu utan heimilis.

Í þeim tilvikum þar sem tildrög vistunar má rekja til bágra uppeldisskilyrða verður ráðið að reglubundið eftirlit hafi verið haft með viðkomandi heimilum og að hlutverk eftirlitsfólks barnaverndarnefndar hafi fyrst og fremst verið að aðstoða fjölskyldur. Ekki verður að mati vistheimilanefndar annað séð en að í flestum tilvikum hafi starfsfólk barnaverndarnefndar lagt sig fram um að aðstoða fjölskyldur með það að markmiði að koma málefnum þeirra í eðlilegt horf áður en ákvörðun var tekin um vistun barna í Reykjahlíð. Þá eru þess töluvert mörg dæmi að starfsfólk barnaverndarnefndar hafi í allt að tvö til þrjú ár, og í sumum tilvikum mun lengur, leitast við að aðstoða fjölskyldur áður en ákvörðun var tekin um vistun. Liður í þeirri aðstoð hafi verið neyðarvistanir barna um skamman tíma, ýmist á vistheimilinu Silungapólli, Upptökuheimili ríkisins að Elliða-hvammi eða vistun á vöggustofum, t.d. Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins eða Hlíðar-enda.

Á hinn bóginn hefur vakið athygli vistheimilanefndar að við greiningu á heimilis- eftirlitsskýrslum, virðist eftirlit að mestu hafa verið fólgið í eftirliti með foreldrum, einkum móður, og líðan hennar. Í fæstum tilvikum eru skráðar athugasemdir um líðan barns eða barna, heldur eingöngu skráðar upplýsingar um klæðnað og hreinlæti þeirra. Þá má ráða af gögnunum að slæmt heilsufar, vanlíðan og ofneysla móður á áfengi eða lyfjum virðist hafa verið talin grunnforsenda fyrir ákvörðun barnaverndarnefndar um töku barns af heimili, en atvik eða aðstæður er vörðuðu föður ekki ráðið miklu.¹⁹⁶

Þá hefur vistheimilanefnd einnig yfirfarið tiltækar fundargerðir og önnur frum- gögn frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur á tímabilinu 1956-1972 til að kanna hvernig

¹⁹⁶ Sjá einnig til hliðsjónar rannsókn Guðrúnar Kristinsdóttur (1991) um þróun fagmennsku í barnavernd en þar er vísað til þess hvernig athygli beindist ójafnt að fjölskyldumeðlimum varðandi afskipti, íhlutun og eftirlit í hefðbundinni opinberri barnaverndarþjónustu, sbr. Guðrún Kristinsdóttir: *Child welfare and professionalization*, bls. 96-100. Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur áratug síðar (2002) kom fram að til- vísunarferlið einkennist af þessu sama fyrirbæri, þ.e. að móðirin var í aðalhlutverki, athyglin beindist fyrst og fremst að henni og hún var hinn eiginlegi samstarfsaðili. Barnið var ráðstöfunarviðfang, en faðirinn ósýnilegur og ógjarnan aðili að ákvörðuninni, sbr. Sigrún Júlíusdóttir: *Ævintýri á fjöllum*, bls. 61-63 og 133-140.

málsmeðferð og afgreiðslu ákvarðana var hagað um vistun barna í Reykjahlíð.¹⁹⁷ Í tengslum við könnun á starfsemi vistheimilisins Breiðavík, vistheimilisins Kumbaravogs og stúlknaheimilisins Bjargs var farið yfir fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1952-1984.¹⁹⁸ Við könnun á starfsemi Reykjahlíðar hefur nefndin að hluta stuðst við þau gögn og þær upplýsingar sem af því tilefni var aflað. Þá hefur nefndin, eins og að framan greinir, aflað gagna um 140 einstaklinga sem vistaðir voru í Reykjahlíð og nær könnunin aftur til ársins 1956 er vistheimilið hóf starfsemi sína í Mosfellssveit.

Af þeim fundargerðum sem eru fyrir hendi telur vistheimilanefnd að í fæstum tilvikum hafi barnaverndarnefnd Reykjavíkur lagt mál um vistun einstakra barna á heimilið í lögformlegan farveg og er sú niðurstaða samhljóma niðurstöðu nefndarinnar við könnun á starfsemi vistheimilisins Breiðavík á tímabilinu 1952-1979, Kumbaravogs á tímabilinu 1965-1984, skólaheimilisins Bjargs á tímabilinu 1965-1967 og á Silungapollu á tímabilinu 1950-1969 eins og gerð er grein fyrir í kafla 5.1 í V. hluta skýrslunnar.¹⁹⁹

Í fundargerðum barnaverndarnefndar er í flestum tilvikum aðeins bókað að viðkomandi barn hafi farið í Reykjahlíð tiltekinn dag, en að jafnaði er ekki bókað um töku ákvörðunar um vistun og þá eru einnig dæmi um að engar bókanir sé að finna í fundargerðum um vistun barna á heimilið. Sjaldnast er tilefni vistunar rakið í bókun nefndarinnar eða afstaða nefndarinnar til hennar. Eru tiltölulega fá dæmi þess að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi á fundi tekið formlega ákvörðun um vistun barns í Reykjahlíð en þess finnast dæmi að bókað hafi verið á fundi nefndar að tiltekinn einstaklingur hafi verið sendur í Reykjahlíð, þá yfirleitt nokkrum vikum áður og athugasemdin „samþykkt“ skráð fyrir neðan bókun um för viðkomandi á vistheimilið. Úr hópi þeirra 140 einstaklinga sem vistaðir voru á heimilinu og vistheimilanefnd hefur upplýsingar um, kvað barnaverndarnefnd einungis upp einn formlegan úrskurð um töku barna af heimili, að því er nefndin kemst næst, en það var í málefnum systkinahóps sem

¹⁹⁷ BSR. FR-239. Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1951-1961. – BSR. FR-240. Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1962-1970. – BSR. FR-241. Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1970-1976.

¹⁹⁸ Varðandi niðurstöður könnunar vistheimilanefndar á starfsemi vistheimilisins Breiðavík, sjá Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, kaflar 9-11 í III. hluta og varðandi niðurstöður könnunar á starfsemi vistheimilisins Kumbaravogs og stúlknaheimilisins Bjargs, sjá Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1, kafli 5 í VII. og VIII. hluta.

¹⁹⁹ Sbr. Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, kafli 9.2. – Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1, kafli 5.1 í VII. og VIII. hluta.

búið hafði við afar erfiðar heimilisaðstæður og heimilið verið undir eftirliti um langt skeið.

Þá eru einnig tilvik um að skjálleg gögn tiltekinna einstaklinga varpi engu ljósi á hvernig staðið hafi verið að ákvörðun um vistun og engar bókanir að finna af hálfu barnaverndarnefndar um töku ákvörðunar um vistun eins og að ofan er getið. Í þeim tilvikum er afar erfitt að mati nefndarinnar að draga þá ályktun að ákvörðun um vistun barns í Reykjahlíð hafi að réttu lagi verið í formi stjórnvaldsákvörðunar eins og lög nr. 29/1947 og lög nr. 53/1966 gerðu ráð fyrir. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að ekki hafi alltaf verið farið eftir skráðum eða óskráðum reglum um framkvæmd ákvarðana fjölskipaðra stjórnsýslunefnda á borð við barnaverndarnefndir, s.s. um ályktunarhæfi o.fl. sem í gildi voru á þessum tíma. Í því sambandi skal tekið fram að í skýrslu sem fyrirverandi nefndarmaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1966-1974 gaf fyrir vistheimilanefnd við undirbúning áfangaskýrslu nr. 1, kemur fram að hún telji að mál hafi í einhverjum tilvikum verið undirbúin af starfsmönnum nefndarinnar, þeir tekið ákvörðun um vistun á heimilið og að barnaverndarnefnd hafi síðar verið upplýst um þær ráðstafanir.

Eins og fyrir greinir eru allmörg dæmi þess að barnaverndarnefnd hafi veitt samþykki fyrir ákvörðunum starfsmanna um vistun barna á heimilinu eftir að börnin höfðu verið vistuð þar. Í þessu sambandi má geta þess að við yfirferð á heimiliseftirlitsskýrslum sem skráðar voru af starfsmönnum barnaverndarnefndar má í mörgum tilvikum sjá að ákvörðun um vistun virðist í reynd hafa verið tekin af starfsfólki barnaverndarnefndar og oft í samráði við foreldra. Mörg dæmi eru um að skráð hafi verið í kjölfar heimsóknar starfsfólks nefndarinnar á tiltekið heimili að rætt hafi verið við móður um að senda X í Reykjahlíð um tíma og þá skráð í skýrsluna að foreldrar, oftast móðir, sé því samþykk.

Í þessu sambandi ítrekar vistheimilanefnd þau sjónarmið, sem hún hefur áður sett fram í skýrslum sínum, að samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947 og 10. gr. laga nr. 53/1966 gátu barnaverndarnefndir haft á að skipa fulltrúa er annast skyldi „dagleg störf“ nefndarinnar í „umboði hennar“, en í síðarnefnda ákvæðinu var talað um „sérhæft“ starfslið. Undir „dagleg störf“ í þessari merkingu fólst fyrst og fremst almenn meðferð einstakra mála, svo sem eftirlitsheimsóknir, gagnaöflun og aðstoð við foreldra o.s.frv. Ekki verður

séð að fyrrgreind lagaákvæði hafi haft að geyma fullnægjandi heimild fyrir barnaverndarnefndir til að fela fulltrúa eða sérhæfðu starfsliði að taka efnislegar ákvarðanir um vistun barns á stofnun á borð við vistheimilið Reykjahlíð hvort sem slík ákvörðun var tekin gegn vilja foreldra eða með samþykki þeirra. Í tíð laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 kann barnaverndarnefnd að hafa verið heimilt að láta hjá líða að ákveða vistun barns í Reykjahlíð í skriflegum, rökstuddum úrskurði og þá að fullnægðum kröfum um samþykki aukins meirihluta nefndarmanna, sbr. 13. gr. laga nr. 29/1947 og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1966. Átti það eingöngu við í þeim tilvikum þegar ótvírætt samþykki foreldra lá fyrir, sbr. 20. gr. laga nr. 29/1947 og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 53/1966. Á hinn bóginn verður ekki séð að beiðni foreldris eða jákvæð afstaða þess til vistunar barns í Reykjahlíð hafi samkvæmt fyrrgreindum lögum getað leitt til þess að slík ákvörðun væri ekki sem slík afgreidd fyrirfram með formlegri samþykkt a.m.k. meirihluta barnaverndarnefndar á ályktunarhæfum fundi. Um slíkar ákvarðanir og þá málsmeðferð sem lá henni til grundvallar, þ.á m. um fyrirleggjandi gögn, bar ritara nefndarinnar að halda nákvæma fundar- bók sbr. 9. gr. laga nr. 29/1947 og 9. gr. laga nr. 53/1966. Í þessu sambandi bendir vistheimilaneftnd á að það var hlutverk barnaverndarnefndar að gæta hagsmuna barns og réttaröryggis þess. Jákvæð afstaða foreldra gat eins og lögunum var háttað ekki ein og sér verið ráðandi um það hvort lagaskilyrðum væri fullnægt fyrir vistun barns á stofnun á borð við Reykjahlíð en þess voru nokkur dæmi.²⁰⁰

Þá hefur nefndin sérstaklega yfirfarið tiltækar fundargerðir og önnur frumgögn frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur og Félagsmálastofnun Reykjavíkur á tímabilinu 1970-1972 eða síðustu þrjú ár á starfstíma heimilisins. Eins og áður hefur verið getið um hefur erfiðlega gengið að afla nægjanlega haldbærra gagna frá því tímabili og verulega skortir á að þau gögn sem vistheimilaneftnd hefur þó tekist að afla varpi nægjanlega skýru ljósi á forsendur vistunar og málsmeðferð við töku einstakra ákvarðana af hálfu barnaverndar- yfirvalda um vistun barna á vistheimilinu.

Við greiningu á málefnum þeirra þriggja einstaklinga sem nefndinni hefur tekist að afla upplýsinga um og voru vistaðir heimilið á tímabilinu 1970-1972, og nefndinni hefur tekist að afla upplýsinga um, má ráða að forsendur og tildrög vistunar hafi verið bág uppeldisskilyrði, í öllum tilvikum vegna veikinda eða ofneyslu foreldra á áfengi og

²⁰⁰ Sjá kafla 2.4.2 í III. hluta í Skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1.

telur vistheimilanevnd ekki forsendur til að fullyrða annað en að ákvarðanir um vistun þeirra hafi fallið innan lögbundinna marka laga nr. 53/1966 og reglugerðar um vernd barna og ungmenna nr. 105/1970. Á hinn bóginn telur vistheimilanevnd að barnaverndar-yfirvöld í Reykjavík hafi ekki hagað málsmeðferð og afgreiðslu ákvarðana um vistun þeirra í Reykjahlíð í samræmi við ákvæði þágildandi laga og reglugerða. Í kafla 2.4.2 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1 er rakið að við gildistöku reglugerðar nr. 96/1970 um verka-skiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur var vistun barna falin félagsmálaráði ef hún var með samþykki foreldra en var að óbreyttu hjá barnaverndar-nefnd Reykjavíkur ef hún var í andstöðu við vilja þeirra. Skjalleg gögn um málefni fyrrgreindra þriggja einstaklinga bera ekki með sér að samþykki foreldra hafi verið fyrir ráðstöfun þeirra á vistheimilið í Reykjahlíð og þar af leiðandi hefði átt að leggja mál þeirra fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur til formlegrar afgreiðslu og úrskurðar. Við athugun á þeim gögnum sem nefndinni hafa borist og þá einkum fundargerðabókum barnaverndarnefndar Reykjavíkur verður ráðið að barnaverndarnefnd í Reykjavík kom aldrei með formlegum hætti að töku ákvarðana um vistun fyrrgreindra einstaklinga á tímabilinu 1970-1972 og virðist hún hafa verið í höndum starfsmanna Félagsmála-stofnunar Reykjavíkur.

Með vísan til alls ofangreinds er það *í fyrsta lagi* niðurstaða vistheimilanefndar að ekki séu forsendur til að fullyrða annað en að tilefni upphaflegra afskipta barnaverndar-nefndar Reykjavíkur og síðar tilefni ákvarðana um vistun barna á vistheimilinu í Reykja-hlíð hafi í flestum tilvikum fallið innan lögbundinna marka 26. gr. laga nr. 29/1947 og 26. gr. laga nr. 53/1966 og börn þá fyrst og fremst verið vistuð vegna bágra heimilisaðstæðna sem rekja mátti til veikinda, ofneyslu foreldra á áfengi og lyfjum, vanrækslu o.þ.h. Á hinn bóginn telur nefndin að í sumum tilvikum kunnist að hafa leikið vafi á því að for-sendur fyrir ákvörðunum hafi stuðst við nægjanlegan lagagrundvöll. Hafi þá börn verið vistuð fyrst og fremst vegna eigin hegðunar eða fátæktar á heimili og þá finnast þess einnig dæmi að börn hafi verið vistuð í Reykjahlíð að beiðni foreldra, oftast móður, vegna vinnu utan heimilis en vistheimilanevnd telur vafa leika á því að ákvarðanir á þeim grundvelli hafi stuðst við fullnægjandi lagagrundvöll.

Í öðru lagi er það niðurstaða nefndarinnar að vafi leiki á því að málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi á tímabilinu verið í samræmi við skyldur sem

hvíldu á nefndinni samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966, enda hafi ákvarðanir í einstökum málum ekki verið teknar með þeim hætti sem fyrrgreind lög gerðu ráð fyrir, annaðhvort á ályktunarhæfum fundi með samþykki meirihluta nefndarmanna í þeim tilvikum þegar ótvírætt samþykki foreldra fyrir ráðstöfun lá fyrir eða með skriflegum og rökstuddum úrskurði í þeim tilvikum þegar ótvírætt samþykki foreldra lá ekki fyrir um ráðstöfun barns.

Í þriðja lagi er það niðurstaða nefndarinnar að vafi leiki á því að málsmeðferð barnaverndaryfirvalda í Reykjavík, félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar hafi á tímabilinu 1970-1972 verið í samræmi við skyldur sem hvíldu á þeim samkvæmt lögum nr. 53/1966, reglugerð nr. 105/1970 um vernd barna og ungmenna og reglugerð nr. 96/1970 um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

5.2 Sættu vistmenn Reykjahlíðar illri meðferð eða ofbeldi?

5.2.1 Almennt um ályktunargrundvöll nefndarinnar og mat

Um aðferðir vistheimilaneftndar og grundvöll ályktana um einstaka efnisþætti, þ.á m. um hvort ill meðferð eða ofbeldi hafi átt sér stað á einhverjum tíma í sögu þeirra stofnana sem könnun nefndarinnar beinist að hefur verið gerð grein fyrir í kafla 2.6 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1 og vísast hér til þeirrar umfjöllunar.

Það skal þó áréttað að tilgangur könnunar vistheimilaneftndar er ekki að leggja mat á sannleiksgildi frásagna um dvöl hvers og eins þeirra sem komu til viðtals við nefndina og vistaðir voru á vistheimilinu Reykjahlíð, enda er slík aðferð að mati nefndarinnar að jafnaði ekki fær þannig að niðurstöður geti talist áreiðanlegar. Af þeim sökum hefur nefndin í störfum sínum leitast við að varpa almennu ljósi á sannleiksgildi frásagna. Þá er nánar tiltekið átt við að lagt hefur verið mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að ill meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem nánar hefur verið rakin í kafla 2 í III. skýrslunnar hafi átt sér stað á starfstíma vistheimilisins Reykjahlíðar. Með því er lagt til grundvallar að ekki séu forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi einstakra frásagna sem mynda þá heild sem ályktunargrundvöllur nefndarinnar er reistur á. Með þessu móti telur nefndin að heildarmat hennar og ályktanir af munnlegum framburði séu

reistar á viðhlítandi forsendum með þeim fyrirvörum sem greint hefur verið frá í kafla 2.6 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1.

Á grundvelli þeirra skjallegu gagna sem nefndin hefur undir höndum og þeirra upplýsinga sem fyrirverandi vistmenn og starfsfólk Reykjahlíðar hafa veitt nefndinni í formi viðtala er ljóst að starfsemin hefur verið kaflaskipt þann tíma sem könnun nefndarinnar beinist að. Upplýsingar eru að jafnaði miðaðar við hver gegndi forstöðu heimilisins en eins og fram kemur í kafla 3.3 gegndu tvær konur forstöðu heimilisins, Guðbjörg Árnadóttir frá 1956 til 1961 og Sigríður M. Jónsdóttir frá 1961 til 1972.

Í ljósi ofangreinds er það því niðurstaða nefndarinnar að umfjöllun og ályktunargrundvöllur nefndarinnar um hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að *meiri líkur en minni* séu á því að fyrirverandi vistmenn Reykjahlíðar hafi þurft að sæta illri meðferð eða ofbeldi, verði skipt upp eftir því hver gegndi forstöðu á hverjum tíma enda telur nefndin slíka skiptingu best til þess fallna að varpa ljósi á starfsemi heimilisins á árunum 1956-1972. Eftirfarandi umfjöllun í kafla 5.2.2 verður því samkvæmt framangreindu skipt upp sem hér segir:

Tímabil nr. 1 - 1956-1961 / forstöðukona *Guðbjörg Árnadóttir*, sjá kafla 5.2.2.1

Tímabil nr. 2 - 1961-1972 / forstöðukona *Sigríður M. Jónsdóttir*, sjá kafla 5.2.2.2

5.2.2 Ályktunargrundvöllur nefndarinnar og mat

5.2.2.1 Tímabil nr. 1 – 1956-1961 / forstöðukona nr. 1

Á tímabilinu 1956-1961 voru 47 börn vistuð í Reykjahlíð og voru þau á aldrinum 2-16 ára þegar þau dvöldu á heimilinu, en nánar er fjallað um fjölda vistmanna, aldursskiptingu og dvalartíma í kafla 3.2. Úr hópi þeirra eru sex látnir og 24 þáðu ekki boð um viðtal við nefndina. Þá hafði nefndin ekki nægjanlegar upplýsingar um sjö einstaklinga svo unnt væri að komast í samband við þá skriflega eða símleiðis til að veita þeim kost á viðtali.

Til viðtals við vistheimilanefnd komu tíu fyrirverandi vistmenn sem dvöldu á vistheimilinu á tímabilinu, átta karlmenn og tvær konur, eða 21,3% fyrirverandi vistmanna. Af þeim dvöldu fjórir einnig á vistheimilinu þegar starfsemi þess var að

Kumbaravogi á Stokkseyri. Eins og kemur fram í kafla 1 flutti starfsemin frá Kumbaravogi árið 1956 í Mosfellsdal en um ástæður og aðdraganda þess hefur verið fjallað í þeim kafla. Þá höfðu jafnframt tveir vistmenn símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni af dvölinni, en þeir þáðu ekki boð um viðtal.

Nefndin hefur upplýsingar um nöfn 18 starfsmanna frá þessu tímabili en úr þeim hópi eru 10 látnir og var ekki unnt að afla nægjanlegra persónuupplýsinga um fjóra einstaklinga svo unnt væri að komast í samband við þá skriflega eða símleiðis til að óska eftir viðtali. Forstöðukona vistheimilisins á því tímabili sem hér um ræðir er látin. Vistheimilanevnd tók skýrslur af fjórum konum sem störfuðu á heimilinu á þessu tímabili. Þá var einnig tekið viðtal við konu sem búið hefur í næsta nágrenni vistheimilisins í áratugi og einnig við son konu sem starfaði á heimilinu á tímabilinu og nú er látin, en hann bjó þar ásamt móður sinni á árunum 1957-1972.

5.2.2.1.1 Frásagnir fyrrverandi vistmanna

Eins og að ofan greinir komu til viðtals tíu vistmenn sem dvöldu á heimilinu á tímabilinu, átta karlar og tvær konur. Frásagnir sjö karlmanna af þeim átta sem komu til viðtals við nefndina voru áþekkar og allar jákvæðar varðandi dvölinu á heimilinu. Dvöldu þeir flestir þar um árabíl þegar þeir voru á aldrinum 3-15 ára. Greindu þeir frá því að vistheimilið hefði að þeirra áliti verið eins og venjulegt heimili og lífið frá degi til dags hefði verið í föstum skorðum. Umgengnis- og hegðunareglur hefðu verið eðlilegar, t.d. varðandi matmálstíma og háttatíma. Matur hefði verið nægur og góður, hreinlæti gott og einnig allur aðbúnaður. Á heimilinu hefði starfað hópur af góðu starfsfólki sem flest hefði starfað þar í töluverðan tíma og reynst vistmönnum vel. Ættu þeir einungis góðar minningar um starfsfólk og dvölinu í heild sinni. Þrír greindu sérstaklega frá því að forstöðukona heimilisins hefði verið börnunum góð og sýnt þeim hlýju og nærgætni. Þau hefðu átt þess kost að leita til hennar með vandamál og vanlíðan. Tveir þeirra minntust þess þegar hún var að undirbúa vistmenn undir för frá heimilinu, þá sérstaklega þá sem dvalið höfðu lengi. Hún hefði tekið þá á eintal, lagt þeim lífsreglurnar og í einhverjum tilvikum afhent vistmönnum peninga til að taka með sér við förina frá vistheimilinu. Þá greindu þeir einnig frá því að vistmenn hefðu upplifað mikið frjálrsræði og verið frjálst að leika sér um sveitina. Þeir hefðu kynnst mörgum nágrönnum vistheimilisins, bæði

fullorðnum og börnum þeirra. Þær lýsingar voru jákvæðar og báru vott um að íbúar í Mosfellsdal hefðu sýnt börnunum vinsemd og virðingu.

Aðspurðir um hvort þeir hefðu orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi eða orðið vitni að slíkri háttsemi gagnvart öðrum vistmönnum greindu karlmennirnir sjö frá því að slíkt hefði aldrei átt sér stað. Komið hefði fyrir að starfsfólk hafi ávítt eða skammað vistmenn en það hefði ekki verið meira en eðlilegt gat talist. Stundum hefði kastast í kekki á milli barnanna eða þau verið með óæskilega hegðun en á því hefði verið tekið með eðlilegum hætti. Frekar hefði verið leitast við að ræða við börnin en beita þau refsingum af einhverjum toga.

Einn karlmaður úr hópi þeirra átta karlmanna sem komu til viðtals við nefndina greindi frá því að hafa, þegar á heildina væri litið, liðið vel á heimilinu og starfsfólk hefði reynst honum vel en hann var á þrettánda ári er hann dvaldi á heimilinu. Var frásögn hans í meginatriðum áþekkt frásögn hinna sjö sem að ofan er getið. Á hinn bóginn upplýsti hann nefndina um að hafa, er starfsemi heimilisins var tímabundið í húsakynnum Hlaðgerðarkots veturinn 1956-1957, orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu karlkyns kennara sem starfaði á heimilinu en það hefði átt sér stað þegar hann var í einkatímum eða sérkennslu hjá kennaranum. Kennarinn hefði margsinnis þennan vetur þvingað hann til að fróa sér en ofbeldi mannsins hefði hætt þegar starfsemin flutti í Reykjahlíð þar sem kennarinn hefði þá líklega hætt störfum.

Konurnar tvær sem komu til viðtals við nefndina greindu báðar frá því að minningar þeirra um dvölinu í Reykjahlíð væru góðar og umönnun þeirra hefði verið góð. Önnur þeirra dvaldi í um fjóra mánuði á vistheimilinu þegar hún var 10 ára gömul og hin af og til frá 8 til 12 ára aldurs. Greindu þær báðar frá því að forstöðukona heimilisins hefði verið börnunum góð en annarri fannst hún veita drengjunum meiri athygli en stúlkunum. Hún teldi hins vegar að forstöðukonan hefði borið mikla umhyggju fyrir öllum börnunum en líklega verið erfiðleikum háð fyrir hana að veita hverju og einu barnanna athygli sökum þess hversu mörg þau voru. Greindu konurnar báðar frá því að hafa aldrei verið beittar illri meðferð eða ofbeldi eða orðið vitni að því gagnvart öðrum þann tíma sem þær dvöldu á vistheimilinu.

Tveir einstaklingar höfðu símasamband við nefndina til að upplýsa um reynslu sína af dvölinni á heimilinu en þeir þáðu ekki boð um viðtal. Annar þeirra sendi nefndinni

einnig tölvupóst þar sem hann gerði í stuttu máli grein fyrir dvöl sinni. Dvaldi annar þeirra í Reykjahlíð um nokkurra mánaða skeið þegar hann var 11 ára. Hinn dvaldi tvisvar á heimilinu, í fyrra skiptið í rúmt ár þegar hann var 8-9 ára og í seinna skiptið um sex mánuði þegar hann var 10 ára. Greindu báðir einstaklingarnir frá því að eiga góðar minningar frá dvölinni í Reykjahlíð en annar þeirra dvaldi bæði á tíma forstöðukonu nr. 1 og forstöðukonu nr. 2.

5.2.2.1.2 Frásagnir fyrrverandi starfsmanna og annarra

Eins og áður segir tók vistheimilanefnd skýrslur af fjórum fyrrverandi starfskonum. Þær störfuðu á heimilinu á tímabilinu 1957-1961, frá nokkrum mánuðum upp í tvö ár. Greindu þær allar frá því að vel hefði verið hugsað um vistmenn, matur hefði verið nægur og aðbúnaður góður. Starfsfólkið hefði leitast við að annast börnin eins og best var á kosið og greindu þrjár þeirra sérstaklega frá því að forstöðukona heimilisins hefði annast börnin vel en ein greindi frá að hafa tekið eftir að börnin bæru að ákveðnu leyti ótta í hennar garð. Meðal annars kom fram að forstöðukonan hefði verið mjög virðuleg, ávallt gengið í hvítum slopp og gerð hefði verið krafa um að starfsfólk þénaði hana. Hún hefði hugsað um rekstur heimilisins og annast börnin töluvert, m.a. aðstoðað þau við heimanám og þess háttar en önnur störf, eins og matseld og þrif, hefðu verið á hendi starfskvenna.

Aðspurðar um illa meðferð eða ofbeldi greindu allar starfskonurnar frá því að hafa aldrei orðið vitni að slíku. Fram kom hjá tveimur þeirra að börnunum hefði stundum verið refsað með því að vera látin sitja yfir mat sem þau vildu ekki borða, þau hefðu verið send inn á herbergi og þá hefðu þau verið ávítt ef þau voru með óæskilega hegðun en aldrei hefði óeðlilegum aðferðum verið beitt er kom að því að refsa þeim eða ávíta. Í þessu sambandi greindi ein þeirra frá því að hafa sjálf í eitt skipti hleypt drengjum inn í eldhús og gefið þeim að borða fyrir utan hefðbundinn matmálstíma. Forstöðukonan hefði brugðist frekar illa við þessu þar sem fylgja átti reglum um matmálstíma. Á hinn bóginn hefði hún sjálf verið ávítt fyrir þetta en minntist þess ekki að atburðurinn hefði haft neinar afleiðingar fyrir drengina sjálfa sem í hlut áttu nema lítilsháttar skammir. Þá greindu þær allar frá því að samskipti vistmanna innbyrðis hefðu verið eðlileg og kvaðst engin þeirra muna eftir því að hafa orði vitni að eða heyrt um að eitthvað óeðlilegt ætti sér stað í

samskiptum þeirra, ef frá væru talin einstök atvik er ósætti hefði komið upp. Það hefði hins vegar ekki verið meira en eðlilegt gæti talist.

Nefndin tók einnig viðtal við konu sem bjó í nágrenni vistheimilisins allan starfs-tíma þess. Var hún ásamt eiginmanni sínum með garðyrkjustöð í Mosfellsdal og starfaði hluti vistmanna í Reykjahlíð hjá þeim á sumrin. Hún taldi að vel hefði verið hugsað um vistmenn, hefði ekki tekið eftir öðru en að þeim hefði liðið vel og að hegðun þeirra hefði ekki verið frábrugðin hegðun annarra barna. Fjölskylda hennar, þó einkum eiginmaður og synir, hefðu verið í töluverðum samskiptum við börnin um árabíl og sumir vistmenn verið leikfélagar sona hennar og þar af leiðandi komið af og til inn á heimili hennar. Þá hefðu synir hennar oft verið gestkomandi á vistheimilinu og þeir aldrei rætt við hana um að eitthvað óeðlilegt ætti sér þar stað varðandi umönnun vistmanna. Þá greindi hún frá því að hafa ekki vitað um annað en að starfsemi heimilisins hefði verið vel tekið af sveitungum í Mosfellsdal og að vistmenn hefðu átt í töluverðum og góðum samskiptum við íbúa á nærliggjandi bæjum í dalnum.

Þá veitti sonur fyrrverandi starfskonu nefndinni upplýsingar um starfsemi heimilisins en hann bjó þar ásamt móður sinni á árunum 1957-1972 eða í tíð beggja forstöðukvenna heimilisins. Aðspurður um starfsemi heimilisins sagðist hann einungis hafa verið fjögurra ára þegar forstöðukona nr. 1 lét af störfum sumarið 1961. Þrátt fyrir það myndi hann töluvert eftir þeim tíma, starfsfólkinu, forstöðukonunni og eldri vistmönnum. Kvaðst hann eiga jákvæðar minningar tengdar öllum þeim aðilum. Aðspurður um refsingar minntist hann þess ekki að þær hefðu tíðkast. Venjulegar heimilisreglur hefðu verið í gildi og að hann hefði aldrei orðið þess var að börnum væri refsað fyrir brot á þeim eða fyrir óæskilega hegðun af einhverjum toga. Samskipti barnanna hefðu almennt séð gengið vel, ákveðin virðing hefði verið borin fyrir þeim eldri og þau hefðu átt það til að tuska hin yngri til en það hefði ekki verið meira en eðlilegt getur talist í barnahópi.

5.2.2.1.3 Ályktun nefndarinnar

Í ljósi ofangreinds verður nú gerð grein fyrir ályktun nefndarinnar um hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi vistmenn á vistheimilinu Reykjahlíð á tímabilinu 1956-1961 hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin hefur verið í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Til viðtals við nefndina komu tíu fyrrverandi vistmenn sem dvöldu á vistheimilinu á því tímabili sem hér er til umfjöllunar. Frásagnir níu úr þeim hópi, sjö karla og tveggja kvenna, voru þegar á heildina er litið almennt jákvæðar og voru þær áþekkar. Greindu þau öll frá því að vel hefði verið hugsað um þau og að hafa aldrei verið beitt illri meðferð eða ofbeldi, hvorki af hálfu starfsfólks né annarra vistmanna.

Einn fyrrverandi vistmaður greindi á hinn bóginn frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu kennara á meðan starfsemin var tímabundið til húsa í Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit veturinn 1956-1957. Þótt umrædd frásögn sé trúverðug að mati nefndarinnar er einungis um eina afmarkaða frásögn að ræða og telur nefndin því ekki tilefni til að álykta á þeim grundvelli einum að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn í Reykjahlíð hafi sætt kynferðislegu ofbeldi. Í því sambandi áréttar nefndin að hún hefur í störfum sínum lagt til grundvallar að ekki séu af hennar hálfu forsendur til að fjalla sérstaklega um einstakar frásagnir sem mynda þá heild sem ályktunargrundvöllur hennar er reistur á.

Til viðtals við nefndina komu fjórar fyrrverandi starfskonur. Greindu þær allar frá því að hafa ekki merkt annað en að vistmönnum hefði liðið vel, annast hefði verið vel um þá og þær aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart vistmönnum, hvorki af hálfu annarra vistmanna né starfsmanna. Þá var framburður nágretta vistheimilisins og sonar starfskonu á sama veg. Greindu þau frá því að hafa aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart vistmönnum og ekki tekið eftir öðru en að vel hefði verið hugsað um þá.

Í ljósi alls ofangreinds telur nefndin ekki forsendur til að álykta með öðrum hætti en svo að þegar á heildina er litið verði ekki talið að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn í Reykjahlíð á tímabilinu 1956-1961 hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsmanna eða annarra vistmanna. Þá ályktun nefndarinnar styður einnig að tveir vistmenn sem höfðu símasamband við nefndina, greindu báðir frá því að hafa liðið vel á heimilinu og hafa aldrei verið beittir illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvölinni stóð eða orðið vitni að því gagnvart öðrum vistmönnum.

5.2.2.2 Tímabil nr. 2 – 1961-1972 / forstöðukona nr. 2

Á tímabilinu 1961-1972 voru 116 börn vistuð í Reykjahlíð og voru þau á aldrinum 2-16 ára þegar þau dvöldu á heimilinu, en nánar er fjallað um fjölda vistmanna,

aldursskiptingu og dvalartíma í kafla 3.2. Úr hópi þeirra eru níu látnir og 54 þáðu ekki boð um viðtal. Þá hafði nefndin ekki nægjanlegar persónuupplýsingar um 16 vistmenn til að unnt væri að komast í samband við þá skriflega eða símleiðis til að veita þeim kost á viðtali.

Til viðtals við vistheimilanevnd komu 37 fyrrverandi vistmenn sem dvöldu á vistheimilinu á tímabilinu, 25 karlmenn og 12 konur, eða 31.9% fyrrverandi vistmanna. Af þeim dvöldu fimm á vistheimilinu þegar forstöðukona þessa tímabils tók til starfa í júlí 1961. Þá höfðu jafnframt tveir einstaklingar símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni af dvölinni á vistheimilinu en þeir þáðu ekki boð um viðtal.

Vistheimilanevnd hefur upplýsingar um 14 einstaklinga sem störfuðu á heimilinu á tímabilinu. Úr hópi þeirra eru sex látnir og tókst nefndinni ekki að afla nægjanlegra persónuupplýsinga um tvo einstaklinga svo hægt væri að komast í samband við þá skriflega eða símleiðis til að óska eftir viðtali. Nefndin tók skýrslu af fyrrverandi forstöðukonu heimilisins og fimm starfskonum. Þá verður í þessum kafla aftur fjallað um frásögn áðurnefndrar konu sem bjó í nágrenni vistheimilisins í áratugi og áðurnefndan son fyrrverandi starfskonu sem bjó á heimilinu með móður sinni á tímabilinu 1957-1972.

Tveir karlmenn og ein kona sem komu einnig til viðtals við nefndina vegna dvalar á öðru vistheimili mundu afar lítið eftir dvöl sinni í Reykjahlíð enda dvöldu þau á heimilinu í skamman tíma á því tímabili sem hér er til umfjöllunar. Gátu þau þar af leiðandi veitt takmarkaðar upplýsingar um reynslu sína af dvölinni á vistheimilinu. Verður því hér í framhaldinu gerð grein fyrir frásögnum 23 karla og 11 kvenna, eða 34 úr hópi þeirra 37 fyrrverandi vistmanna heimilisins sem komu til viðtals við nefndina.

5.2.2.2.1 Frásagnir fyrrverandi vistmanna

Athygli nefndarinnar vakti sá munur sem var á frásögnum meirihluta þeirra karla sem komu til viðtals og meirihluta þeirra kvenna sem komu til viðtals. Í ljósi þess verður umfjöllun hér á eftir skipt upp með þeim hætti að fyrst verður gerð grein fyrir frásögnum þeirra karla sem komu til viðtals og síðan þeirra kvenna sem komu til viðtals.

Úr hópi þeirra 23 karla sem komu til viðtals við nefndina voru 18 í heild jákvæðir varðandi reynslu sína af dvölinni en tveir úr þeim hópi voru gagnrýnir á tiltekna þætti í starfsemi heimilisins. Fimm af þeim 23 körlum sem komu til viðtals voru neikvæðir varðandi reynslu sína af dvölinni.

Af þeim 18 sem greindu með jákvæðum hætti frá dvöl sinni þegar á heildina er litið dvöldu fimm á heimilinu þegar forstöðukona nr. 2 tók til starfa í júlí 1961 og voru þeir á aldrinum 3-15 ára þegar þeir dvöldu á heimilinu. Greindu fimmmeningarnir frá því að hafa liðið vel á vistheimilinu og engin breyting hefði orðið þar á þegar forstöðukona nr. 2 tók til starfa. Einum þeirra fannst þó starfsemin að ákveðnu leyti breytast úr venjulegu heimili í barnaheimili. Málverk hefðu verið fjarlægð og barnamyndir settar í staðinn og meiri áhersla hefði verið lögð á formlegar uppeldisaðferðir. Þá hefði forstöðukona nr. 2 verið strangari í uppeldi en forstöðukona nr. 1 en þó ekki á neikvæðan hátt. Karlmennirnir fimm greindu allir frá því að starfsfólk heimilisins hefði hugsað vel um vistmenn og að vel hefði verið búið að þeim í mat, klæðnaði og þess háttar. Venjulegar heimilisreglur hefðu gilt um hegðun og umgengni en einn þeirra minntist þess að hafa í refsingarskygni verið látinn sitja yfir mat sem hann vildi ekki borða. Þá greindu sumir þeirra frá því að hafa upplifað töluvert frjálrsæði, verið heimilt að leika sér um sveitina og að eiga ánægjulegar minningar því tengdar og af samskiptum við íbúa í sveitinni. Aðspurðir greindu karlmennirnir fimm frá því að hafa aldrei verið beittir illri meðferð eða ofbeldi eða hafa orðið vitni að því gagnvart öðrum. Þá hefðu samskipti vistmanna verið góð. Hefði komið upp ágreiningur af og til en það hefði ekki verið meira en eðlilegt getur talist.

Frásagnir hinna 13 af þeim 18 karlmönnum sem greindu með jákvæðum hætti frá dvölinni voru áþekkar um starfsemi heimilisins en þeir dvöldu á mismunandi tímum á vistheimilinu það tímabil sem hér er til umfjöllunar. Voru þeir á aldrinum 7-15 ára þegar þeir dvöldu á heimilinu en hluti þeirra dvaldi þar um árabíl. Greindu þeir allir frá því að eiga, þegar á heildina væri litið, jákvæðar minningar frá dvölinni á vistheimilinu og hafa aldrei verið beittir illri meðferð eða ofbeldi eða orðið vitni að því gagnvart öðrum. Tveir úr þessum hópi voru gagnrýnir á tiltekna þætti í starfsemi heimilisins og umönnun þeirra þó að þeir væru þegar á heildina er litið fremur jákvæðir. Voru þeir á aldrinum 7-9 ára þegar þeir dvöldu á heimilinu. Annar þeirra greindi frá því að mörg börn hefðu verið á vistheimilinu og frjálrsæði lítið. Töluverður agi hefði ríkt á heimilinu og komið hefði fyrir að börn hefðu verið flengd. Taldi hann að skort hefði á persónuleg tengsl við starfsfólk heimilisins. Barnahópurinn hefði verið fjölmennur og hann hefði upplifað dvölinna á vistheimilinu og andrúmsloftið þar eins og um venjulegan barnaskóla hefði verið að ræða

en ekki heimili. Greindi hinn einstaklingurinn einnig frá því að hafa verið látinn sitja yfir þeim mat sem hann vildi ekki borða og þá hefði hann einnig verið látinn vera í rúminu daglangt sem refsingu fyrir stök frá vistheimilinu. Að öðru leyti hefði honum ekki verið refsað og hann hefði ekki verið beittur illri meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsfólks og væri jákvæður þegar á heildina væri litið.

Frásagnir þeirra fimm karlmannna sem upplifðu dvölinu á neikvæðan hátt voru um margt ólíkar þó sumt sé þeim sameiginlegt. Einn af þeim dvaldi á heimilinu á fyrri hluta þessa tímabils en hinir fjórir á seinni hluta þess. Þeir tengdu allir vanlíðan sína við samskipti við aðra, ýmist við starfsfólkið, einkum við forstöðukonuna eða við einelti annarra vistmanna.

Í frásögnum um erfið samskipti við starfsfólk nefndu þeir m.a. fálæti og vanrækslu af hálfu starfsfólks. Þrír greindu frá því að forstöðukonan hefði ekki sýnt börnunum hlýju og nærgætni og að hún hefði átt það til að missa stjórn á skapi sínu vegna smávægilegra atvika eða yfirsjóna þeirra. Þá hefði hún átt það til að tala niðrandi um vistmenn og fjölskyldur þeirra fyrir framan önnur vistbörn og starfsfólk heimilisins. Einn þeirra greindi frá því að forstöðukonan hefði lagt á hann hendur í eitt tilgreint skipti en það hefði verið vegna þess að hún hefði reiðst honum fyrir að óhlýðnast henni. Fram kom í máli þeirra að aðbúnaður hefði verið góður og vel hugsað um vistmenn að því er varðar mat, klæðnað og þess háttar.

Tveir greindu frá háttsemi sem þeir túlka sem einelti af hálfu vistmanna. Annar þeirra tók sem dæmi að eldri drengir hefðu útbúið gildirur yfir holur fullar af vatni sem yngri börnin hefðu verið plötuð til að stíga yfir með þeim afleiðingum að þau hefðu fallið í holurnar. Starfsfólkið hefði leitast við að annast vistmenn vel en ekki náð að halda nægjanlega vel utan um starfsemina og hegðun vistmanna og þeir verið að ákveðnu marki sjálfala, eins og hann komst að orði. Aðspurður kvaðst hinn maðurinn ekki muna eftir einstökum tilvikum en greindi frá því að samskipti hans við aðra vistmenn hefðu verið erfið og dvölin í Reykjahlíð þess vegna erfið.

Tveir af þessum fimm körlum greindu frá kynferðislegu ofbeldi. Annar þeirra, en hann dvaldi á heimilinu á fyrri hluta þessa tímabils, sagðist hafa orðið vitni að kynferðislegu ofbeldi gagnvart mjög ungri stúlku sem dvaldi á heimilinu, hún hefði líklega verið tveggja til þriggja ára á þessum tíma. Á heimilinu hefði oft dvalið næturlangt karlmaður

sem tengst hefði forstöðukonunni. Hann hefði í eitt tilgreint skipti orðið vitni að því er karlmaðurinn hefði farið með fingurna upp í kynfæri stúlkunnar. Minntist hann þess að vistmenn á heimilinu hefðu rætt um það sín á milli að maðurinn væri að misnota stúlkur á heimilinu kynferðislega. Sagði hann að lokum að sér fyndist sárt að ræða um þessa minningu og að hún hefði að ákveðnu marki orðið til þess að mynda hjá honum napra afstöðu til karlmanna. Hinn maðurinn greindi frá því að hann hefði mátt þola kynferðislegt ofbeldi af hálfu karlmanns sem starfaði af og til við smíðar og þess háttar á heimilinu. Rétt er að taka fram að ekki er um sama manninn að ræða. Hann hefði mætt góðu viðmóti og athygli frá þessum karlmanni og hænst að honum en hann verið í brýnni þörf fyrir athygli á þessum tíma vegna erfiðra fjölskylduáðstæðna. Maðurinn hefði í eitt tilgreint skipti beitt sig kynferðislegu ofbeldi, bæði með því að þvinga hann til munnmaka og reyna að eiga við hann mök í endaparm. Hann hefði hljóðað upp þegar maðurinn reyndi að setja getnaðarliminn inn í endaparminn. Hann taldi að starfsfólk hefði orðið þess vart að eitthvað óeðlilegt ætti sér stað. Samt sem áður hefði maðurinn ekki látið af störfum og háttsemi mannsins ekki verið kærð til lögreglu. Honum fannst viðmót forstöðukonunnar breytast gagnvart sér eftir þetta atvik. Þetta hefði verið honum erfið lífsreynsla og að hann væri mjög bitur vegna þess.

Tvær konur úr hópi þeirra 11 kvenna sem komu til viðtals við nefndina voru jákvæðar varðandi dvöl sína á vistheimilinu. Þær dvöldu þar báðar fyrri hluta þessa tímabils og voru á aldrinum 6-8 ára þegar þær dvöldu á heimilinu. Önnur dvaldi á heimilinu í samtals tæpa sex mánuði en hin samtals í fimm vikur en þær voru báðar vistaðar tvisvar á heimilinu. Greindu þær báðar frá því að vel hefði verið hugsað um þær og báru þær starfsfólki mjög góða sögu. Önnur greindi frá því að starfsfólk hefði sýnt henni mikla umhyggju í veikindum sem hún þurfti að kljást við á þessum tíma. Hin konan greindi einnig frá því að starfsfólkið hefði reynst henni vel og hún hefði átt þess kost að leita til þess ef hún þurfti þess með. Kvaðst hún hafa verið töluvert hrædd við eldri drengi á heimilinu sem hefðu strítt henni og þess vegna hefði hún leitað eftir því að vera innan um starfsfólkið. Henni hefði ávallt verið tekið vel og fengið að vera eins mikið inni við í kringum starfsfólkið og hún vildi. Báðar konurnar greindu frá því að hafa aldrei verið beittar illri meðferð eða ofbeldi eða orðið vitni að því gagnvart öðrum.

Hinar níu úr hópi þeirra 11 kvenna sem komu til viðtals við nefndina voru neikvæðar varðandi dvöl sína á heimilinu en þær voru á aldrinum 6-16 ára þegar þær dvöldu á heimilinu. Dvöldu konurnar á mismunandi tíma á því tímabili sem hér er til umfjöllunar, frá nokkrum vikum til nokkurra ára. Meirihluti þeirra greindi frá því að aðbúnaður hefði verið góður, matur nægur og góður og vel hefði verið hugsað um hreinlæti og þess háttar. Á hinn bóginn greindu þær allar frá því að hafa liðið afar illa á meðan á dvölinni stóð en tilgreindu mismunandi ástæður fyrir vanlíðan sinni og sumar þeirra tilgreindu margar ástæður fyrir henni.

Fimm konur greindu frá því að vanlíðan þeirra hefði m.a. stafað af framkomu forstöðukonunnar og voru frásagnir þeirra um samskipti við hana áþekkar karlanna hér að framan. Greindu konurnar frá því að hafa fundist hún vera ópersónuleg við börnin og aldrei sýna þeim hlýju eða nærgætni. Þá hefði hún átt það til að missa stjórn á skapi sínu með háreysti og skömmum sem hefði leitt til þess að þær óttuðust hana. Einnig hefði komið fyrir að hún talaði niðrandi um börnin og foreldra þeirra. Ein þeirra sem greindi frá neikvæðum samskiptum og hegðun forstöðukonunnar kvaðst vera gagnrýnin á að starfsfólk skyldi ekki bregðast við framkomu hennar og reyna að stöðva hana en hún hefði átt það til að hegða sér með þeim hætti sem lýst hefur verið fyrir framan börnin og starfsfólk heimilisins.

Frásagnir kvennanna um samskipti þeirra við annað starfsfólk voru almennt séð jákvæðar og báru þær hluta starfskvenna góða sögu. Meirihluti þeirra greindi frá því að þrátt fyrir að starfsfólk hefði annast vistmenn vel hefði þeim ekki fundist þær eiga þess kost að leita til þeirra með vandamál sín og vanlíðan þar sem samskipti við starfsfólkið hefðu verið að ákveðnu leyti ópersónuleg.

Meirihluti kvennanna níu greindi frá því að refsingum og agaviðurlögum hefði verið beitt ef vistmenn brutu reglur heimilisins eða voru með óæskilega hegðun. Í refsingarskygni hefðu þær m.a. verið sendar inn á herbergi og verið gert að dvelja þar en sumar sögðu að þeim hefði verið gert að dvelja þar daglangt. Einnig hefðu vistmenn verið látnir sitja yfir mat sem þeir vildu ekki borða eða þeim hefði verið færður sami matur aftur.

Úr hópi þeirra níu kvenna sem greindu með neikvæðum hætti frá dvöl sinni greindu fjórar frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fyrrgreinds karl-

manns sem tengdur var forstöðukonunni og dvaldi af og til næturlangt á heimilinu. Tvær konur greindu frá því að hafa orðið vitni að því þegar hann beitti stúlkur kynferðislegu ofbeldi en áður hefur verið gerð grein fyrir frásögn karlmanns sem kvaðst hafa orðið vitni að því er maðurinn beitti barnunga stúlku kynferðislegu ofbeldi. Þá greindu aðrar tvær konur frá því að hafa merkt að hegðun vistmanna tók breytingum þegar maðurinn dvaldi á heimilinu. Konurnar sem upplýstu um háttsemi mannsins dvöldu allar á fyrri hluta þessa tímabils, hluti þeirra einnig á síðari hluta tímabilsins, og voru þær á aldrinum 6-16 ára þegar þær dvöldu á heimilinu.

Frásagnir þriggja kvenna úr hópi fyrrgreindra fjögurra sem greindu frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu mannsins voru mjög áþekkar um háttsemi hans. Konurnar voru á aldrinum 6-12 ára á þeim tíma er maðurinn vandi komur sínar á heimilið en hann lést samkvæmt opinberum upplýsingum árið 1966. Greindu þær frá því að hann hefði í skjóli nætur komið inn á herbergi þeirra, sest á rúmstokkinn og beitt þær kynferðislegu ofbeldi. Tvær greindu frá því að hann hefði farið með fingurna inn fyrir nærbuxurnar sem þær klæddust og átt við kynfærin. Ein greindi frá því að hann hefði gert tilraun til þess en ekki tekist en þess í stað nuddað sængina við kynfæri hennar. Fjórdá konan greindi frá því að hafa orðið fyrir mjög grófu kynferðislegu ofbeldi af hálfu mannsins en frásögn hennar var ólík hinna og ótrúverðug að mati nefndarinnar. Tvær konur úr þessum hópi greindu frá því að hafa upplýst forstöðukonuna um kynferðisofbeldi mannsins. Hún hefði brugðist illa við frásögn þeirra og ásakað þær um að segja ósatt um háttsemi hans, látið niðrandi orð falla um þær og beitt þær hótunum ef þær létu ekki af ásökunum í hans garð.

Eins og að ofan er getið greindu tvær konur frá því að hafa orðið vitni að kynferðislegu ofbeldi mannsins gagnvart öðrum stúlkum. Önnur þeirra, sem er ein þeirra þriggja sem að ofan er getið og kvaðst hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu mannsins, greindi frá því að hann hefði beitt stúlkur sem hún deildi herbergi með samskonar ofbeldi og hana sjálfa sem hefði falist í því að hann átti við kynfæri þeirra. Þá greindi kona sem dvaldi á heimilinu á unglingsaldri frá því að hafa orðið vitni að kynferðislegu ofbeldi mannsins gagnvart barnungri stúlku en um sömu stúlku er að ræða og karlmaður sem dvaldi á heimilinu greindi frá að hafa séð verða fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu mannsins. Var frásögn hennar um háttsemi mannsins mjög áþekk lýsingum fyrrgreindra

þriggja kvenna sem greindu frá að hafa sætt kynferðislegu ofbeldi af hálfu mannsins inni á herbergi á vistheimilinu. Kvaðst hún minnst þess sérstaklega að heyra börnin hvísla sín á milli þegar maðurinn kom á heimilið að mögulega færi hann inn til stúlkunnar. Mikil spenna hefði myndast í barnahópnum við komu hans og hún verið mjög kvíðin fyrsta kvöldið sem maðurinn hefði komið á heimilið eftir að dvöl hennar hófst, en hún hefði deilt herbergi með stúlkunni. Maðurinn hefði um kvöldið eða í byrjun nætur komið inn á herbergið. Kvaðst hún hafa heyrt þegar hann settist á rúmið hjá stúlkunni og verið þar í einhvern tíma, líklega 10 mínútur. Hún hefði ekki séð hvað hann var að gera við stúlkuna en heyrt hljóð þegar hann sat á rúminu hjá henni og þá verið sannfærð um að eitthvað óeðlilegt ætti sér stað. Þetta hefði átt sér stað í þetta eina skipti svo hún vissi til en hún hefði fljótlega eftir þennan atburð verið flutt í annað herbergi og því ekki haft vitneskju um hvort fyrrgreindur maður hefði oftast haft í frammi slíka hegðun gagnvart stúlkunni.

Konurnar tvær sem upplýstu um að hegðun vistmanna hefði breyst þegar maðurinn var gestkomandi á heimilinu greindu frá því að ótti eða spenna hefði myndast hjá vistmönnum þegar hann var gestkomandi á heimilinu. Önnur þeirra var á aldrinum 8-9 ára og hin á aldrinum 6-8 ára. Önnur greindi frá því að ein stúlka hefði grátið mikið vegna komu hans á heimilið. Minntist hún þess að stúlkur sem voru með henni í herbergi hefðu verið með beltí á náttfötunum og axlabönd til að varna því, að hún taldi, að hann leitaði á stúlkurnar kynferðislega. Á hinn bóginn kvaðst hún sjálf ekki hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hans hálfu né hafa orðið þess vör að hann hefði slíka háttsemi í frammi við stúlkurnar sem hún deildi herbergi með eða við önnur börn á heimilinu. Hin konan greindi einnig frá því að stúlkur hefðu sofið með beltí og axlabönd að hún teldi til að varna því að maðurinn leitaði á þær kynferðislega. Hún hefði þó ekki orðið fyrir því af hans hálfu eða orðið vitni að því gagnvart öðrum stúlkum. Samt sem áður hefði koma mannsins á heimilið valdið henni vanlíðan og ótta við að hann beitti hana ofbeldi. Auk þessa greindi þriðja konan frá því að hafa sofið með beltí og axlabönd þegar hún dvaldi á heimilinu og hafa fundist það einkennilegt þar sem hún hefði ekki vanist því heima frá sér.

Tvær konur greindu frá því að hafa þurft að þola kynferðislegt ofbeldi af hálfu drengja á heimilinu. Önnur þeirra dvaldi þar á fyrri hluta þessa tímabils þegar hún var 9 ára og hin dvaldi á heimilinu á seinni hluta þessa tímabils þegar hún var 12 ára. Önnur

þeirra greindi frá því að þeir hefðu tekið hana afsíðis, oft nokkrir saman, og beitt hana ofbeldinu en hún kvaðst ekki gera sér grein fyrir hvort þeir hefðu haft samræði við hana. Hún hefði reynt að útiloka þessar minningar úr huganum og myndi ekki einstaka aðferðir eða grófleika ofbeldisins. Þá greindi hin konan frá því að hafa sætt kynferðislegri áreitni af hálfu annarra vistmanna en frásögn hennar var óljós að mati nefndarinnar.

Tvær aðrar konur greindu frá því að samskipti vistmanna hefðu verið erfið. Báðar dvöldu þær á heimilinu fyrri hluta þessa tímabils, önnur þegar hún var 8-9 ára og hin þegar hún var 6-7 ára. Önnur þeirra greindi frá því að eldri vistmenn hefðu haft yfirburði yfir þá yngri og neytt þá til ýmisskonar athafna, t.d. að stela frá starfsfólki. Erfið samskipti vistmanna og kúgun eldri gagnvart yngri hefðu þó að hennar sögn ekki verið á vitorði starfsmanna. Hin greindi frá því að hafa óttast eldri drengi og þess vegna haldið sig í nálægð við starfsfólkið. Sá ótti sem hún fann fyrir í þeirra garð hefði að ákveðnu leyti sett mark sitt á dvölinu.

Þá höfðu tveir einstaklingar símasamband við nefndina til að upplýsa um reynslu sína af dvölinni á heimilinu en þeir þáðu ekki boð um viðtal. Annar þeirra var níu ára þegar hann dvaldi á heimilinu en hinn tíu ára. Veittu þeir nefndinni afar takmarkaðar upplýsingar um dvölinu. Greindi annar þeirra frá því að aðbúnaður hefði verið góður en að öðru leyti myndi hann lítið frá dvölinni. Hinn einstaklingurinn greindi frá því að hafa dvalið á heimilinu í rúma fjóra mánuði. Honum hefði liðið vel og haft ánægju af dvölinni en þó verið með töluverða heimþrá.

5.2.2.2 Frásagnir fyrrverandi starfsmanna og annarra

Undir forstöðukonuna voru bornar frásagnir fyrrverandi vistmanna heimilisins. Greindi hún frá því að hafa sumarið 1961 hafið störf á heimilinu sem forstöðukona. Hún hefði haft hug á að vinna meira með börnum en hún hafði áður gert og því ákveðið að sækja um starfið. Minntist hún þess að hafa fundist ýmislegt gagnrýnivert við starfsemina er hún hóf störf. Til að mynda hefði sími ekki verið tengdur á heimilinu, lítið kalt vatn hefði verið fáanlegt, húsgögn fábrotin og af skornum skammti og húsnæðið ekki hentugt til að vista á þriðja tug barna. Hún hefði þurft að berjast við borgaryfirvöld um úrbætur á heimilinu og í minningunni fyndist henni eins og mestur tími hennar hefði farið í eiga við yfirvöld og aflu ýmissa hluta fyrir heimilið, eins og efnis í fatnað á börnin og ýmislegs annars sem þurfti til að reka vistheimilið. Þá hefði hún ekki haft nægjanlega mikinn tíma

til að sinna börnunum persónulega en þegar á heildina væri lítið hefðu börnin öll verið yndisleg börn, þægileg og góð í umgengni, og minntist hún ekki annars en að lífið frá degi til dags hefði gengið vel fyrir sig. Börnin hefðu verið mjög frjáls, getað leikið sér um sveitina og í raun og veru hefði lítið þurft að hafa fyrir þeim. Á hinn bóginn hefði hún e.t.v. átt að vera sér betur meðvituð um líðan barnanna og þarfir þeirra og greindi hún sérstaklega frá því að barnaverndaryfirvöld í Reykjavík hefðu aldrei upplýst hana um persónulegar aðstæður þeirra barna sem komu til dvalar á heimilið eða um andlegt ástand þeirra eða líðan. Framkvæmdin hefði verið sú að hringt hefði verið á heimilið frá barnaverndarnefnd og henni tilkynnt um komu barna og þá hefði verið sami háttur á þegar börn yfirgáfu heimilið. Sökum þess m.a. hefði hún ekki haft möguleika á að meta líðan hvers barns þar sem hún hefði ekki haft neina vitneskju um bakgrunn þeirra. Á hinn bóginn hefði hún eftir því sem börnin dvöldu lengur smátt og smátt öðlast vitneskju um fortíð þeirra og bakgrunn og þá oft í tengslum við heimsóknir frá foreldrum. Þrátt fyrir að hún hefði sjálf ekki haft nægan tíma fyrir hvert barn persónulega hefði hún verið afar lánsöm með starfsfólk þann tíma sem hún gegndi forstöðu heimilisins. Það hefði aðstoðað hana mikið við dagleg störf og umönnun vistmanna og að starfsemin hefði í raun verið eins og um stórt heimili hefði verið að ræða. Aðspurð um refsingar eða illa meðferð eða ofbeldi af hennar hálfu eða starfsmanna gagnvart vistmönnum greindi hún frá því að refsingar hefðu ekki tíðkast né heldur ill meðferð eða ofbeldi af neinum toga. Á heimilinu hefði starfað yndislegt starfsfólk sem hefði verið mjög gott fólk og annast vistmenn vel. Í hennar tíð sem forstöðukonu hefði hún aldrei liðið slíka meðferð á barni í hennar umsjá. Þá minntist hún þess ekki að börn hefðu verið látin sitja yfir mat ef þau neituðu að borða hann eða verið beitt öðrum viðurlögum.

Undir forstöðukonuna voru sérstaklega bornar frásagnir fyrrverandi vistmanna um meint kynferðislegt ofbeldi fyrrgreinds karlmanns sem var gestkomandi á heimilinu og tengdist henni. Greindi forstöðukonan frá því að hafa þekkt manninn áður en hún kom til starfa í Reykjahlíð og þau verið í sambandi en aldrei búið saman. Þegar hún hóf störf í Reykjahlíð hefði hann komið af og til og gist hjá henni á heimilinu, hann hefði látist árið 1966, en þau slitið sambandi sínu um einu til tveimur árum fyrr. Af og til hefði hann aðstoðað við viðhald, smíðar og slíkt en í sjálfu sér ekki umgengist börnin eða starfsfólk heimilisins. Þá hefði hún aldrei merkt neitt óeðlilegt í samskiptum hans við aðra heimilis-

menn, hvorki vistmenn né starfsmenn, og sagði að frásagnir um meint kynferðislegt ofbeldi af hans hálfu kæmu sér algerlega í opna skjöldu. Frásagnir um að hann hefði í skjóli nætur farið inn á herbergi viststúlkna til að beita þær kynferðislegu ofbeldi væru að hennar áliti ótrúverðugar. Hún hefði sjálf ávallt sofið laust, einkum vegna verkja sem hún hefði haft í höndum á þessum árum vegna uppskurðar sem hún hefði gengist undir. Auk þess hefði oft einhver úr hópi yngstu barnanna sofið inni í vistarverum hennar og þá hefði hún yfirleitt sofið laust þar sem oft hefði þurft að sinna þeim á næturnar. Kvaðst hún telja ótrúlegt að hún hefði ekki vaknað við að maðurinn færi út úr vistarverum hennar og inn til vistmanna á næturnar. Í þessu sambandi greindi hún frá því að herbergi hluta starfsfólks hefðu verið við hlið eða í sama hluta hússins og herbergi vistmanna. Herbergin hefðu öll verið opin á næturnar og hefði maðurinn farið um húsakynnin til að fara inn á herbergi vistmanna þætti henni afar ósennilegt að enginn úr hópi starfsmanna skyldi verða þess var. Aðspurð um fullyrðingar tveggja kvenna sem komu til viðtals við nefndina og greindu henni frá því að hafa upplýst hana um háttsemi mannsins vísaði hún því alfarið á bug. Kvaðst hún aldrei hafa verið upplýst um að slíkt ætti sér stað og ef svo hefði verið, hefði hún samstundið slitið öllum samskiptum við manninn enda slík háttsemi alvarlegur glæpur sem hún hefði aldrei litið fram hjá hefði hún haft grun eða vitneskju um að ætti sér stað.

Þá var borin undir forstöðukonuna frásögn karlmannsins sem kom til viðtals við nefndina og greindi frá því að hafa þurft að sæta kynferðislegu ofbeldi af hálfu karlmanns sem annaðist af og til smíðar og viðhald á vistheimilinu. Minntist hún þess að sá karlmaður hefði unnið um tíma á heimilinu í tengslum við smíðar og þess háttar og verið afar góður við börnin. Kæmi það henni mjög á óvart að heyra frásögn um að hann hefði beitt dreng kynferðislegu ofbeldi. Hún hefði aldrei verið upplýst um slíkt og þætti henni afar ósennilegt ef starfsfólk hennar hefði haft vitneskju um það og ekki upplýst hana um að það ætti sér stað. Þá greindi forstöðukonan frá því að sér þætti afar miður ef slíkir glæpir hefðu átt sér stað á þeim tíma sem hún var forstöðukona heimilisins en ítrekaði í því sambandi að henni þætti afar ósennilegt að slíkt hefði mögulega getað átt sér stað á heimilinu.

Starfskonurnar fimm sem komu til viðtals við nefndina störfuðu á heimilinu á árunum 1963-1972 en þó mislengi. Þrjár þeirra störfuðu í eitt til tvö ár á árunum 1963-

1967 en engin þeirra samtímis og tvær frá árinu 1965 til ársins 1972 þegar heimilið flutti að Tjarnargötu í Reykjavík eða töluvert lengur en fyrrgreindar þrjár starfskonur.

Starfskonurnar þrjár sem störfuðu í eitt til tvö ár á heimilinu greindu með svipuðum hætti frá reynslu sinni af starfinu á heimilinu. Þeim hefði líkað vel á heimilinu og ekki merkt annað en að starfsfólk og vistmenn hefðu upplifað veru sína þar með svipuðum hætti. Starfsfólkið hefði flest allt átt þar heimili og þess vegna hefði starfsemin verið frekar eins og um heimili væri að ræða en stofnun. Þá hefði verið hugsað vel um vistmenn bæði andlega og líkamlega. Forstöðukona heimilisins hefði frekar en aðrir starfsmenn haft það hlutverk að hugsa um börnin og gæta að almennri líðan þeirra frá degi til dags en það verið annarra starfsmanna að sjá um fatnað barnanna, matseld, þrif, þvotta og þess háttar. Á hinn bóginn hefðu, eðli málsins samkvæmt, flestir starfsmenn komið að umönnun barnanna með einum eða öðrum hætti þar sem nálægð vistmanna og starfsmanna hefði verið mjög mikil. Starfsmenn og vistmenn hefðu til að mynda sofið í samhliða herbergjum og oft hefði komið í hlut starfsmanna að vakna til vistmanna á næturnar ef þurfti að sinna þeim. Aðspurðar um refsingar greindu þær allar frá því að þær hefðu ekki tíðkast á heimilinu. Þó minntist ein þess að komið hefði fyrir ef börn hefðu verið með óþekkt eða neitað að borða matinn sinn þá hefði annað slagið verið gripið til þess að láta þau sitja yfir honum eða þau sett í einhverskonar skammakrók. Á hinn bóginn hefðu þær aðferðir ekki verið óeðlilegar heldur notaðar til að halda uppi aga á heimilinu en slíkt hefði verið nauðsynlegt í Reykjahlíð eins og á venjulegum heimilum. Þá greindu konurnar allar frá því að þær hefðu aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart vistmönnum.

Tvær ofangreindra kvenna bjuggu og störfuðu á heimilinu þann tíma sem fyrrgreindur karlmaður tengdur forstöðukonunni dvaldi af og til á heimilinu. Undir konurnar voru bornar frásagnir fyrrverandi vistmanna sem greindu frá að hafa orðið vitni að eða orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu mannsins. Greindu þær báðar frá því að hafa ekki haft nokkurn grun eða vitneskju um að slíkt ætti sér stað. Þær hefðu ekki orðið varar við óeðlileg samskipti hans við börnin. Önnur greindi frá því að maðurinn hefði verið sérstakur í útliti. Hann hefði verið stór og mikill og með sterk svipbrigði. Ein starfskona á heimilinu hefði oft sagt börnunum sögur og þá oft draugasögur. Vissi hún til þess að sú kona hefði sagt börnunum að maðurinn stæli börnum og seldi þau. Teldi hún hugsanlegt

að einhver ótti í garð mannsins hefði skapast hjá börnunum við þessa sögu og að frásagnir um að stúlkur hefðu sofið með axlabönd og belti á náttfötunum megi hugsanlega rekja til þessarar sögu starfskonunnar. Þá greindi hin frá því að sér fyndist ósennilegt að viðkomandi maður hefði getað farið inn í herbergi barnanna án þess að einhver úr hópi starfsfólks yrði þess var. Herbergi starfsfólks hefðu verið samhliða herbergjum vistmanna og hún sjálf hefði oft vaknað á næturnar til að huga að börnum í nálægum herbergjum.

Konurnar tvær sem komu til viðtals við nefndina og störfuðu á heimilinu á árunum 1965-1972 greindu með svipuðum hætti frá starfsemi þess og samskiptum vistmanna og starfsmanna. Greindu þær báðar frá því að starfsemin hefði verið í alla staði eðlileg og vel hefði verið hugsað um vistmenn að þeirra áliti. Forstöðukonan sjálf hefði að mestu annast vistmenn og tiltekin starfskona einnig. Aðrir starfsmenn hefðu haft öðrum hlutverkum að gegna, við þrif, þvotta, matseld og þess háttar. Hvorug þeirra varð vitni að illri meðferð eða ofbeldi eða hafði grun eða vitneskju um að kynferðislegt ofbeldi ætti sér stað. Á heimilinu hefðu eingöngu starfað konur fyrir utan karlmenn sem hefðu komið af og til frá Reykjavíkurborg til sjá um smíðar og viðhald á húsnæðinu. Þá urðu þær hvorugar varar við að samskipti vistmanna innbyrðis væru óeðlileg eða að kynferðislegt ofbeldi ætti sér stað hjá þeim innbyrðis.

Áðurnefndur nágranni heimilisins, en einnig hefur verið gerð grein fyrir frásögn hennar í kafla 5.2.2.1.2, greindi frá því að hún minntist ekki annars en að vel hefði verið hugsað um vistmenn í Reykjahlíð að því marki sem henni var kunnugt um það. Starfsemin hefði blasað við henni eins og um venjulegt fjölskyldulíf væri að ræða, starfsfólkið hefði verið gott og vistmenn í Reykjahlíð hefðu verið eins og venjuleg börn.

Áðurnefndur sonur fyrrverandi starfskonu, en einnig hefur verið gerð grein fyrir frásögn hans í kafla 5.2.2.1.2, greindi frá því að starfsemin hefði að öllu leyti verið eðlileg. Starfsfólk heimilisins hefði verið gott og forstöðukona þess einnig og hugsað vel um vistmenn. Aðspurður um samskipti forstöðukonunnar við vistmenn greindi hann frá því að minnst ekki annars en þau hefðu verið góð. Henni hefði þó legið hátt rómur en aðspurður hvort vistmenn hefðu hugsanlega borið ótta í hennar garð sökum þess taldi hann það ósennilegt. Hún hefði aldrei ávítt börnin óeðlilega að hans áliti eða beitt þau refsingum sem talist geta óeðlilegar. Aðspurður um fyrrgreindan karlmann sem tengdur var forstöðukonunni kvaðst hann muna vel eftir honum. Hann hefði af og til komið á

heimilið og þá gjarnan gíst en ef hann var kenndur hefði hann dvalið í vistarverum forstöðukonunnar en aldrei verið innan um börnin. Aðspurður um hvort hann hefði orðið fyrir eða vitni að óeðlilegri hegðun af hálfu mannsins gagnvart vistmönnum eða að hann beitti börnin kynferðislegu ofbeldi kvaðst hann aldrei hafa orðið vitni að slíku eða heyrt um að það ætti sér stað, hvorki frá móður sinni, starfsmönnum né vistmönnum. Á hinn bóginn hefði maðurinn verið mikill vexti og haft sérstakt yfirbragð og það hugsanlega verið að einhverju marki ógnandi í hugum einhverra vistmanna. Þá greindi hann frá því að hann hefði aldrei orðið vitni að eða haft vitneskju um kynferðisofbeldi af hálfu annarra, hvorki fullorðinna né vistmanna.

5.2.2.2.3 Ályktun nefndarinnar

Í ljósi ofangreinds verður nú gerð grein fyrir ályktun nefndarinnar um hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi vistmenn á vistheimilinu Reykjahlíð á tímabilinu 1961-1972 hafi þurft að sæta illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin hefur verið í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Til viðtals við nefndina komu 37 fyrrverandi vistmenn, 25 karlar og 12 konur, sem dvöldu á heimilinu á tímabilinu. Þrír úr þeim hópi sem komu einnig til viðtals vegna dvalar á öðru vistheimili, mundu afar lítið eftir dvölinni á heimilinu og liggja frásagnir þeirra því ekki til grundvallar þegar lagt er mat á starfsemi heimilisins. Frásagnir 34 vistmanna koma því til álita þegar lagt er mat á starfsemi heimilisins, eða 23 karla og 11 kvenna.

Eins og rakið hefur verið hér að framan voru frásagnir þeirra vistmanna sem komu til viðtals við nefndina ólíkar. Fimm karlmenn voru neikvæðir og níu konur, eða 14 vistmenn úr hópi þeirra 34 sem komu til viðtals við nefndina. Að mati nefndarinnar voru flestar þær frásagnir trúverðugar og töluverðs samræmis gætti á milli einstakra frásagna, einkum um agaviðurlög sem beitt var á heimilinu. Af þessum frásögnum verður á hinn bóginn ekki dregin sú almenna ályktun að mati vistheimilaneftdar að starfsmenn heimilisins eða forstöðukona hafi beitt vistmenn agaviðurlögum í formi illrar meðferðar og ofbeldis í þeirri merkingu sem hér er lögð til grundvallar. Þá voru frásagnir um líkamlegar refsingar í formi ofbeldis af hálfu starfsmanna og forstöðukonu heimilisins fáar og um einangraðar frásagnir var að ræða sem eiga sér ekki stoð í frásögnum annarra. Nefndin telur að á þeim grundvelli einum verði ekki talið að meiri líkur en minni séu á

því að starfsfólk eða forstöðukona heimilisins hafi beitt vistmenn illri meðferð eða ofbeldi, í formi agaviðurlaga, í þeirri merkingu sem hér er lögð til grundvallar.

Þá greindu tveir vistmenn frá því að hafa sætt kynferðislegu ofbeldi eða áreitni af hálfu annarra vistmanna. Auk þess greindi einn vistmaður frá því að hafa sætt kynferðislegu ofbeldi af hálfu karlmanns sem starfaði á heimilinu við smíðar. Frásagnir þeirra voru afar ólíkar innbyrðis og eiga þær sér ekki stoð í frásögnum annarra vistmanna. Í þessu sambandi áréttar nefndin að tilgangur könnunarinnar er ekki að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi einstakra frásagna um dvöl þeirra sem vistaðir voru í Reykjahlíð, enda er slík aðferð að mati vistheimilaneftdar ekki fær þannig að niðurstöður geti talist áreiðanlegar. Í því ljósi telur nefndin að á grundvelli þessara einstöku frásagna sé ekki unnt að draga almennar ályktanir um hvort meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi vistmenn hafi þurft að sæta kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra vistmanna eða starfsmanna. Þá tekur nefndin fram að fimm fyrrverandi starfskonur og fyrrverandi forstöðukona þessa tímabils kváðust ekki hafa merkt annað en að vistmönnum hefði liðið vel, annast hefði verið vel um þá og þær aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart vistmönnum, hvorki af hálfu annarra vistmanna né starfsmanna. Þá báru nágrenni vistheimilisins og sonur starfskonu á sama veg. Greindu þau frá því að hafa aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart vistmönnum og ekki tekið eftir öðru en að vel hefði verið hugsað um þá.

Í frásögnum tveggja vistmanna kom fram að þeir hefðu sætt einelti af hálfu annarra vistmanna. Þær frásagnir voru að nokkru marki ólíkar innbyrðis og settar fram af mjög fáum vistmönnum þegar á heildina er litið. Er því að mati vistheimilaneftdar ekki fært að álykta að vistmenn í Reykjahlíð hafi sætt einelti þannig að til greina komi að telja að þeir hafi á þessum grundvelli einum og sér sætt illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem lögð er til grundvallar af hálfu vistheimilaneftdar.

Framburður þeirra vistmanna sem greindu frá neikvæðum samskiptum við forstöðukonuna og neikvæðri hegðun hennar gagnvart vistmönnum, en þeir voru níu talsins, þ.e. sex konur og þrír karlmenn, veitir að mati nefndarinnar trúverðugar vísendingar um að forstöðukonan hafi í samskiptum við suma vistmenn ekki gætt að þeim lögbundnu skyldum sínum að gæta virðingar, tillits og nærgætni í samskiptum við þá einstaklinga sem henni var falin ábyrgð á. Að virtum fjölda þessara frásagna og innra

samræmi þeirra telur vistheimilanevnd að sú háttsemi hafi hlutlægt séð getað valdið slíkum sársauka eða niðurlægingu hjá einhverjum vistmönnum sem í hlut áttu að hún kunní að falla undir hugtakið illa meðferð í þeirri merkingu sem lögð hefur verið til grundvallar af hálfu nefndarinnar í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar. Nefndin leggur þó á það áherslu að endanleg niðurstaða um einstök tilvik verði að byggja á heildstæðu mati hvers tilviks fyrir sig, en eins og fyrr er rakið er það ekki hlutverk nefndarinnar að taka efnislega afstöðu til einstakra frásagna.

Frásagnir þeirra vistmanna sem upplýstu nefndina um meint kynferðislegt ofbeldi af hálfu karlmannsins sem tengdur var forstöðukonunni voru almennt séð trúverðugar og samræmi var í frásögnum þeirra, þó aðallega þriggja kvenna, hvað varðar þá staði þar sem ofbeldinu var beitt og þær aðferðir sem beitt var. Þá greindu einnig tveir vistmenn frá því að hafa orðið vitni að kynferðislegu ofbeldi mannsins og annar þeirra greindi frá því að vistmenn hefðu rætt sín á milli um kynferðislegt ofbeldi af hálfu þessa manns. Telur nefndin að frásögn einnar konu sem stangast á við frásagnir hinna og framburður starfsmanna um að hafa ekki haft vitneskju um að það ætti sér stað, dragi ekki úr trúverðugleika þeirra sem greindu frá því að hafa orðið fyrir ofbeldinu eða orðið vitni að því er það átti sér stað. Þá ályktun nefndarinnar styður einnig að tveir fyrrverandi vistmanna greindu nefndinni frá því að hafa merkt breytingar á hegðun vistmanna og andrúmsloftinu á heimilinu á meðan maðurinn var þar gestkomandi en að mati nefndarinnar veitir það a.m.k. vísbendingu um að frásagnir fyrrverandi vistmanna eigi við rök að styðjast. Að öllu þessu virtu telur vistheimilanevnd tilefni til að álykta svo að þegar á heildina er litið verði talið að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn í Reykjahlíð hafi sætt kynferðislegu ofbeldi af hálfu gestkomandi einstaklings í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Vistheimilanevnd tekur þó að lokum fram að þrátt fyrir að eiga, þegar á heildina er litið, jákvæðar minningar frá dvölinni greindi hluti vistmanna frá því að hafa liðið illa á meðan á dvölinni stóð sem einkum hefði mátt rekja til aðskilnaðar við fjölskyldur og að sá raunveruleiki að hafa alist upp á barnaheimili meirihluta barnæskunnar hefði haft neikvæðar afleiðingar fyrir þau. Það verður með engu móti dregið í efa að mati vistheimilanevndar að dvölin á vistheimilinu hafi verið þungbær fyrir suma vistmenn, enda voru þeir á barnsaldri á þeim tíma sem þeir dvöldu í Reykjahlíð, fjarri foreldrum eða munaðarlaus.

Ekki verður hins vegar ráðið af framburði vistmanna og starfsmanna, og öðrum fyrir-
liggjandi gögnum, að þessi eðlilega vanlíðan sumra vistmanna hafi með beinum hætti
verið afleiðing af því að þessir vistmenn hafi þurft að þola háttsemi annarra, vistmanna
eða starfsmanna, sem unnt er að flokka sem illa meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu
sem rakin hefur verið í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

5.3 Eftirlit með starfsemi Reykjahlíðar

5.3.1 Almenn atriði um opinbert eftirlit með starfsemi Reykjahlíðar

Í kafla 4 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1 eru rakin fyrirmæli laga um vernd barna
og ungmenna nr. 29/1947 og laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 um eftirlit
með vist- og meðferðarheimilum en þau giltu á þeim tíma sem vistheimilið Reykjahlíð
var starfandi frá árinu 1956 fram til ársins 1972 þegar starfsemi þess var flutt að Tjarnar-
götu í Reykjavík og vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Verða því hér aðeins dregin fram
nokkur megin sjónarmið sem eftirfarandi umfjöllun um eftirlit með starfsemi Reykjahlíðar
miðast við.

Af þeim lagafyrirmælum sem í gildi voru á starfstíma Reykjahlíðar verður að mati
nefndarinnar ekki annað ráðið en að löggjafinn hafi efnislega gert ráð fyrir raunhæfu og
virku eftirliti barnaverndarnefnda sem þó var breytilegt. Í gildistíð laga nr. 29/1947 var
beint eftirlit með vistheimilinu Reykjahlíð og þeim börnum sem þar voru vistuð á hendi
skólanefndar Mosfellssveitar, þar sem heimilið var staðsett í umdæmi hennar.²⁰¹

Við gildistöku laga nr. 53/1966 var áfram mælt fyrir um eftirlit barnaverndar-
nefndar með vistheimilum í umdæmi hennar en í 3. mgr. 37. gr. var nýtt ákvæði sem auk
þess mælti fyrir um eftirlit barnaverndarnefndar með vistheimilum sem hún kynni að reka
í öðru umdæmi en áður hefur komið fram að vistheimilið var starfrækt af Reykjavíkurborg
en var staðsett í Mosfellsdal. Var frá gildistöku laganna því bæði gert ráð fyrir að
barnaverndarnefndin í Mosfellssveit og barnaverndarnefndin í Reykjavík hefðu eftirlit
með vistheimilinu. Í ákvæði 3. mgr. 37. gr. sérstaklega tekið fram að ef sveitarfélag eða
aðilar innan sveitarfélags, stæðu að rekstri barnaheimilis í öðru umdæmi skyldi barna-
verndarnefnd í sveitarfélagi sem ræki heimilið hafa eftirlit með því á þann hátt sem

²⁰¹ Samkvæmt 4. gr. laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna sáu skólanefndir um störf barna-
verndarnefnda utan kaupstaða en frá gildistöku laga nr. 53/1966 var ekki lengur gert ráð fyrir að
skólanefndir hefðu á hendi verkefni barnaverndarnefnda.

ákvæði 2. mgr. 37. gr. kvað á um, þ.e. hafa beint eftirlit með viðkomandi heimili og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Í athugasemdum í frumvarpi því sem lagt var fram til nýrra laga um vernd barna og ungmenna árið 1964 sagði m.a. í skýringum við ákvæði 35. gr. frumvarpsins er varð óbreytt að ákvæði 37. gr. laga nr. 53/1966 þegar frumvarpið var lagt aftur fram á Alþingi ári síðar og varð að fyrrgreindum lögum um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.²⁰²

Í öðru lagi er sú breyting, að barnaverndarnefnd er gert að skyldu að hafa eftirlit með barnaheimili, þótt það sé utan umdæmis þess, ef það er rekið af aðilja í umdæmi þess, t.d. af sveitarstjórn. Slík heimili verða þá [bæði] undir eftirliti barnaverndarnefndar í umdæmi, þar sem heimili er staðsett, svo og nefndar í heimilisumdæmi manns eða stofnunar, sem rekur heimilið. Þykir óhjákvæmilegt að hafa þennan hátt á, og ber brýna nauðsyn til að kveða á um þetta í lögum til þess að taka af tvímæli. Þá er einnig lögð eftirlitsskylda á nefnd að fylgjast með högum barna, er ráðstafað kann að hafa verið úr umdæmi hennar í barnaheimili í öðru umdæmi. Reynslan hefur leitt í ljós, að full þörf er á slíku ákvæði.

Þá ber einnig að geta þess að samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 var *yfirumsjón* með öllum barnahælum og uppeldisstofnunum í landinu á hendi Barnaverndarráðs og auk þess voru lagðar sérstakar *eftirlitsskyldur* á herðar ráðinu með stofnunum sem starfræktar voru á grundvelli barnaverndarlaga sem þó voru breytilegar eftir eðli hvernar stofnunar.²⁰³ *Beinar eftirlitsskyldur* Barnaverndarráðs með vist- og meðferðarheimilum voru einskorðaðar við heimili eða stofnanir sem ætlað var að taka við börnum og unglingum hvaðanæva af landinu og vistuðu börn vegna eigin hegðunar þeirra eða lögbrota eins og vistheimilið Breiðavík í Rauðasandshreppi og vistheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi. Hafði Barnaverndarráð, eins og að ofan er getið, *yfirumsjón* allra barnahæla/heimila og uppeldisstofnana í landinu og *yfirumsjón* með starfi allra barnaverndarnefnda. Í því fólst m.a. virkt eftirlit með því hvort skólanefnd Mosfellssveitar á tímabilinu 1956-1966 og barnaverndarnefnd Mosfellssveitar og barnaverndarnefnd Reykjavíkur á tímabilinu 1966-1972 ræktu starf sitt innan þeirra lagaskyldna sem á þær voru lagðar. Þá var það verkefni Barnaverndarráðs að tryggja að framkvæmd áður-nefndra ákvæða þágildandi barnaverndarlaga um eftirlit með vistheimilinu væri í samræmi við efnisreglur og markmið laganna.

²⁰² *Alþt.* A-deild, 1964, þskj. 7, bls. 189.

²⁰³ Ítarlega hefur verið fjallað um hlutverk og verkefni Barnaverndarráðs í kafla 2.3 í III. hluta áfanga-skýrslu nr. 1.

Að framangreindu virtu verður við mat á því hvort eftirlit Barnaverndarráðs á tímabilinu 1956-1972, skólanefndar Mosfellssveitar á tímabilinu 1956-1966 og barnaverndarnefndar Mosfellssveitar og barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1966-1972, með starfsemi Reykjahlíðar og þeim börnum sem þar voru vistuð, hafi verið fullnægjandi að horfa til þess hvernig skipulagi eftirlitskerfisins og framkvæmd þess var háttað. Um það verður einkum að draga ályktanir af þeim skjallugu gögnum sem vistheimilanevnd hefur undir höndum. Auk þess verður að líta til munnlegrar upplýsingagjafar, í formi viðtala vistheimilanevndar við fyrrverandi vistmenn, forstöðukonu og aðra starfsmenn heimilisins og skýrslutökur af opinberum starfsmönnum og öðrum þeim sem gáfu skýrslu fyrir nefndinni.

Eins og vistheimilanevnd hefur áður í skýrslum sínum lagt til grundvallar í þessu sambandi verður þannig við mat á því hvort opinbert eftirlit með vistheimilinu Reykjahlíð hafi verið fullnægjandi og í samræmi við lög að gera annars vegar greinarmun á því sem kalla má *ytra eftirlit* af hálfu þeirra stjórnvalda á sviði barnaverndarmála sem að lögum og reglum var falið að hafa umsjón og eftirlit með líðan og velferð þeirra barna sem vistuð voru í Reykjahlíð og hins vegar því sem kalla má *innra eftirlit*.²⁰⁴ Undir ytra eftirlit fellur í *fyrsta lagi* almennt eftirlit Barnaverndarráðs með störfum skólanefndar Mosfellssveitar og síðar barnaverndarnefndar og vistheimilinu sjálfu í ljósi yfirstjórnunarhlutverks ráðsins. Í *öðru lagi* hvernig eftirliti skólanefndar og síðar barnaverndarnefndar í Mosfellssveit á árunum 1956-1972 með vistheimilinu var háttað. Í *þriðja lagi* hvernig eftirliti barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1966-1972 var háttað. Undir innra eftirlit fellur hins vegar framkvæmd á umsjónar- og eftirlitsskyldum sem hvíldu á herðum forstöðukonu og eftir atvikum annarra starfsmanna undir hennar stjórn. Vistheimilanevnd hefur að öðru leyti við mat sitt á því hvort *opinbert eftirlit* með vistheimilinu Reykjahlíð hafi verið fullnægjandi skipt athugun sinni í *fyrsta lagi* upp eftir tímabilinu 1956-1966, er ákvæði laga nr. 29/1947 giltu um það efni, og í *öðru lagi* tímabilinu 1966-1972, er ákvæði laga nr. 53/1966 giltu um eftirlit með vistheimilinu. Um *innra eftirlit* verður fjallað jöfnum höndum í hvorum kafla fyrir sig.

²⁰⁴ Sjá kafla 11 í III. hluta í Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952-1979 og kafla 4 í III. hluta í Skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrslu nr. 1.

5.3.2 Ályktanir af skjallelegum gögnum og öðrum heimildum

Af hálfu nefndarinnar voru kannaðar fundargerðir Barnaverndarráðs Íslands á Þjóðskjalasafni Íslands og fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur á Borgarskjalasafni. Þá voru könnuð skjalleg gögn úr skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur á Borgarskjalasafni um málefni þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á vistheimilið Reykjahlíð, en eingöngu börn sem búsett voru í umdæmi barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru vistuð á heimilið. Í umfjöllun hér síðar um eftirlit með vistheimilinu verður gerð grein fyrir efni þeirra skjallegu gagna sem nefndinni hafa verið afhent úr fyrrgreindum skjalasöfnum.

Sökum þess að vistheimilið Reykjahlíð var staðsett í umdæmi skólanefndar og síðar barnaverndarnefndar Mosfellssveitar var af hálfu nefndarinnar óskað eftir því við héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar að fram færi leit að gögnum er kynnu að vera vistuð á héraðsskjalasafninu og vörðuðu starfsemi vistheimilisins, einkum í ljósi lögbundins eftirlitshlutverks skólanefndar fram til gildistöku laga nr. 53/1966 og barnaverndarnefndar frá þeim tíma til ársins 1972. Héraðsskjalavörður veitti starfsmanni vistheimilaneftand góðfúslegt leyfi í mars 2010 til að fara yfir safnið til að kanna hvort þar gæti verið að finna gögn sem nýst gætu nefndinni í störfum hennar. Héraðsskjalavörður hafði áður leitað að skjölum fyrir nefndina en ekkert fundið um starfsemi Reykjahlíðar. Þau skjöl sem til eru á safninu og voru könnuð af hálfu starfsmanns nefndarinnar eru bréfasafn um barnaverndarmálefni 1958-1963, bréf barnaverndarnefndar Mosfellssveitar 1967-1969 og skjöl frá Brúarlandsskóla og Varmárskóla frá árunum 1949-1971 en þar var m.a. að finna bréfasafn skólanefndar. Einu skjölin sem fundust um starfsemi Reykjahlíðar og nefndin hafði ekki þegar aflað úr skjalasafni Barnaverndarráðs á Þjóðskjalasafni Íslands voru listar yfir nemendur frá Reykjahlíð í Varmárskóla á árunum 1964-1971 og fékk nefndin afrit af þeim. Fundargerðabækur skólanefndar og barnaverndarnefndar frá árunum 1956-1972 voru ekki meðal þessara skjala og hefur þeim ekki verið skilað til varðveislu á héraðsskjalasafnið. Að beiðni nefndarinnar kannaði héraðsskjalavörður það sérstaklega hvort mögulegt væri að fundargerðabækurnar væru enn til og hvar þær gætu verið geymdar en eins og rakið er í kafla 3.1 hér að framan fundust þær ekki.

5.3.2.1 Opinbert eftirlit – Tímabilið 1956-1966

Eins og fyrr greinir var lögbundið eftirlit með vistheimilinu Reykjahlíð og þeim börnum sem þar voru vistuð til ársins 1966 í höndum skólanefndar Mosfellssveitar. Með það að markmiði að kanna hvernig eftirliti skólanefndar hefði verið hagað með vistheimilinu í gildistíð barnaverndarlaga nr. 29/1947 leitaði nefndin, eins og að ofan greinir, til héraðsskjalasafnsins í Mosfellsbæ um aðgang að gögnum safnsins en mjög lítið fannst á safninu. Á hinn bóginn fékk nefndin afhent frá Þjóðskjalasafni Íslands afrit af árlegum skýrslum sem skólanefndin sendi Barnaverndarráði í samræmi við ákvæði laga nr. 29/1947 er lagði skyldur á skólanefndir sem fóru með barnaverndarmálefni að senda ár hvert inn skýrslu um starfsemi nefndarinnar undangengið ár. Á skjalasafninu eru varðveittar skýrslur skólanefndarinnar fyrir árið 1958 og árin 1960 til 1963, eða fimm starfsár, og þá fékk nefndin afhent afrit af bréfi skólanefndarinnar til Barnaverndarráðs dags. 14. júní 1961, undirritað af Gísla Kristjánssyni sem sæti átti í nefndinni.

Í skýrslu skólanefndar árið 1958 til Barnaverndarráðs er í þremur tölulíðum gerð grein fyrir starfsemi skólanefndar það árið. Í fyrsta tölulíð segir: „á árinu 1958 hafði barnaverndarnefnd í Mosfellssveit engu hlutverki að gegna. Til hennar var engu máli beint, enda engu barni ráðstafað á vegum nefndarinnar.“ Í þriðja tölulíð er greint frá barnaheimilum í sveitarfélaginu, m.a. Reykjahlíð, en þar segir m.a.: „Barnaheimilið í Reykjahlíð er rekið af Reykjavíkurborg. Afskipti af stjórn og rekstri þessara tveggja heimila er með öllu óháð Mosfellssveitar-sveitarfélagi.“²⁰⁵ Þá kveður við sama tón í skýrslu nefndarinnar fyrir árið 1960 en þar segir um Reykjahlíðarheimilið að „[n]efndinni [sé] ekki kunnugt um að á svæðinu séu börn, sem barnaverndarnefnd [hafi] komið [þar] fyrir, nema í barnaheimilinu Reykjahlíð, sem Reykjavíkurbær rekur og sér um að öllu leyti.“²⁰⁶ Þá kemur fram í áðurnefndu bréfi skólanefndarinnar til Barnaverndarráðs, dags. 14. júní 1961, að skólanefndin telji barnaheimilið í Reykjahlíð „sér með öllu óviðkomandi, jafnvel þó að þar kynni að vera eitt og annað, er gæfi tilefni til athugunar.“²⁰⁷ Þá kemur fram sama afstaða skólanefndarinnar til eftirlits með starfsemi Reykjahlíðar í skýrslum til Barnaverndarráðs fyrir árin 1961 og 1962 en ekki er vikið að starfsemi

²⁰⁵ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-G/1. Skýrsla um störf barnaverndarnefndar árið 1958 í Brúarlands-skóla í Mosfellssveit.

²⁰⁶ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-G/1. Skýrsla um störf barnaverndarnefndar árið 1960 í Mosfells-hreppi.

²⁰⁷ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-G/1. Gíslu Kristjánsson til Barnaverndarráðs, dags. 14. júní 1961.

Reykjahlíðar og eftirlitshlutverki skólanefndar í skýrslu skólanefndarinnar fyrir árið 1963.²⁰⁸ Af öllu ofansögðu verður ekki dregin önnur ályktun af fyrirbyggjandi gögnum en að eftirlit skólanefndar Mosfellssveitar með vistheimilinu Reykjahlíð á fyrstu 10 árum í starfsemi þess, þ.e. á árunum 1956 til ársins 1966, hafi ekkert verið, enda hafi nefndin talið starfsemi heimilisins sér óviðkomandi.

Athugað var skjalasafn barnaverndarnefndar Reykjavíkur sem vistað er á Borgar-skjalasafni, einkum fundargerðir nefndarinnar, með það m.a. að markmiði að kanna hvort þar væri að finna bókanir sem veittu upplýsingar um hvort fjallað hefði verið um heim-sóknir nefndarmanna eða starfsmanna nefndarinnar í Reykjahlíð. Í því sambandi skal áréttað að öll börn sem vistuð voru í Reykjahlíð á starfstíma heimilisins voru vistuð af hálfu barnaverndarnefndarinnar í Reykjavík. Á tímabilinu 1956 til ársins 1966 er aldrei bókað í fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur um heimsókn á vistheimilið Reykjahlíð ef frá er talin eftirlitsheimsókn nefndarmanna sem bókað er um í fundargerð 18. september 1957. Þar kemur fram að barnaverndarnefndin hafi farið í eftirlitsheimsókn í Reykjahlíð og Silungapoll en ekkert er bókað um inntak þeirrar heimsóknar.²⁰⁹

Á hinn bóginn virðist starfsfólk barnaverndarnefndar Reykjavíkur í einhverjum mæli hafa haft eftirlit með vistheimilinu og þeim börnum sem þar voru vistuð. Við yfirferð vistheimilaneftndar á skjallægum gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur um mögulegar eftirlitsferðir starfsmanna nefndarinnar var að finna skráningar um eftirlitsheimsóknir starfsmanna í einstaklingsmálum nokkurra barna úr hópi þeirra 140 sem voru vistuð á heimilið og vistheimilaneftnd hefur skjallegar upplýsingar um, en skráningarnar eru innan við 10 talsins. Dæmi eru um að starfsfólk hafi bæði heimsótt heimilið og haft símasamband til að grennslast fyrir um líðan einstakra barna. Í þessu sambandi skal ítrekað að samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947 gátu barnaverndarneftndir haft á að skipa fulltrúa er annast skyldi „dagleg störf“ í umboði hennar. Undir „dagleg störf“ fólst fyrst og fremst almenn meðferð einstakra mála, svo sem eftirlitsheimsóknir. Vandséð er hins vegar að mati vistheimilaneftndar að ofangreint lagaákvæði hafi haft að geyma fullnægjandi lagaheimild barnaverndarneftndar Reykjavíkur til að fela fulltrúa eða sérhæfðu starfsliði að taka að öllu leyti ákvarðanir um eftirlitsheimsóknir í Reykjahlíð, tíðni þeirra

²⁰⁸ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-G/1. Skýrslur um störf barnaverndarneftndar í Mosfellshreppi árið 1961, 1962 og 1963.

²⁰⁹ BSR. FR- 239. Fundargerð barnaverndarneftndar Reykjavíkur, dags. 18. september 1957.

og inntak, án þess að slíkt hafi a.m.k. verið efnislega rætt að einhverju marki á fundum barnaverndarnefndar en eins og að ofan greinir hefur vistheimilanevnd kerfisbundið kannað allar bókanir í fundargerðabækur barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1956 til 1966 og þar er einungis eina bókun að finna um eftirlitsheimsókn í Reykjahlíð.²¹⁰

Sigríður Jónsdóttir fyrrverandi forstöðukona Reykjahlíðar á tímabilinu 1961 til ársins 1972 greindi frá því við skýrslutöku hjá nefndinni að eftirlit hefði verið mjög takmarkað. Einstaklingar frá fræðsluskrifstofunni, sem hefði verið rekstraraðili heimilisins, hefðu komið af og til. Heimsóknir þeirra hefðu þó fyrst og fremst mátt rekja til undan­ginginna kvartana hennar um það sem þurfti að lagfæra á heimilinu. Hún hefði veitt þeim kaffi og þeir síðan gengið um húsið en ekki haft afskipti af vistbörnum. Þá hefðu aðilar frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur einnig komið af og til. Venjan hefði verið sú að þeir hefðu hringt til að boða komu sína. Eftirlit þeirra hefði að mestu falist í að skoða húsa­kynnin en lítið hefði verið hugað að börnunum og líðan þeirra og minntist hún þess ekki að rætt hefði verið sérstaklega við þau. Í tengslum við eftirlit með heimilinu var forstöðu­konan gagnrýnin á málsmeðferð barnaverndarnefndar. Greindi hún frá því að venjan hefði verið sú að henni hefði verið tilkynnt, oftast símleiðis, um að barn væri að koma í vistun en aldrei verið upplýst um hver væru tildrög þess, hver líðan barnsins væri eða hvort annast þyrfti eitthvert barnanna sérstaklega. Þá kvaðst hún aldrei hafa verið spurð um líðan einstakra barna né hefði álits hennar verið óskað þegar kom að því að ákveða lok vistunar, hvort sem viðkomandi barn átti að fara aftur heim til foreldra sinna, fara á annað vistheimili eða til ættleiðingar eða í fóstur á einkaheimili. Þá hefði hún aldrei á þeim tíma sem hún starfaði á heimilinu verið kölluð á fund nefndarinnar, hvorki til að gefa skýrslu um líðan barnanna á heimilinu né annað er varðaði vistmenn eða heimilið

²¹⁰ BSR. FR-239. Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1951-1961. – BSR. FR-240. Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1962-1970. Auk nokkurra skráninga um eftirlit í einstaklingsmálum fyrrverandi vistmanna í Reykjahlíð hafa vistheimilanevnd verið afhent úr skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur afrit sálfræðiprófa sem framkvæmd voru á tveimur vistdregjum árið 1958 af hálfu Ólafs Gunnarssonar sálfræðings að beiðni barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna hegðunarerfiðleika annars þeirra og mögulegs greindarskorts hins. Þá hefur nefndin einnig undir höndum skýrslu um athugun á börnum á barnaheimilinu frá því í nóvember 1958. Skýrslan hefur að geyma athuganir á sex vistbörnum á skólaskyldualdri. Þá fóru fram athuganir á tveimur drengjum árið 1963 af hálfu Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur að beiðni barnaverndarnefndar Reykjavíkur í tilefni af skólavist drengs á Jaðri. Þá var árið 1963 framkvæmt greindarmat á fimm vistbörnum í Reykjahlíð þar sem skráð er að tilefni prófsins sé skólaganga viðkomandi, sbr. BSR. FR-6. Skýrsla Ólafs Gunnarssonar sálfræðings, dags. 27. febrúar 1958. – BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 9. Skýrsla um athugun á börnum á barnaheimilinu Reykjahlíð, dags. 3. nóvember 1958. – BSR. FR-285. Skýrslur vegna barna 1962-1966.

sem slíkt. Eina skýrslan sem hún hefði verið beðin um að taka saman hefði verið um eignir vistheimilisins, svo sem fjölda hnífa, gaffla og þess háttar. Um aðstæður barnanna hefði hún smátt og smátt aflað sér vitneskju í gegnum persónuleg samskipti við hvert barn og foreldra þegar þeir komu í heimsókn.

Til viðtals komu sex konur sem störfuðu á heimilinu á tímabilinu. Sögðu þær allar frá því að minnst þess að einhverjir eftirlitsaðilar hefðu komið af og til á heimilið. Greindu tvær sérstaklega frá því að mikið hefði verið að gera dagana fyrir slíkar heimsóknir. Eftirlitsaðilar hefðu hringt á undan sér og þá hefði verið hafist handa við að gera hreint og undirbúa heimsókn. Þá greindu allar frá því að þeir aðilar sem komið hefðu á heimilið hefðu jafnan farið beint á fund forstöðukonu, drukkið með henni kaffi, gengið um húsakynnin en aldrei rætt við þær eða börnin á heimilinu. Voru allar konurnar sérstaklega spurðar um hvort þeim hefði á starfstíma sínum verið gert að gefa skýrslu um einstakt barn og líðan þess eða hvort þær hefðu verið teknar í viðtal af því tilefni. Greindu allar frá því að slíkt hefði aldrei gerst. Þá upplýstu þær um að aðstæður barnanna og vandamál þeirra hefðu virst þeim óviðkomandi. Þær hefðu aldrei verið upplýstar um fjölskylduáðstæður þeirra, tildrög þess að þau voru vistuð á heimilið né að eitthvert barnanna þyrfti meiri athygli frá starfsfólki en önnur vegna tiltekinna vandamála. Starfsfólk hefði smám saman kynnst börnunum persónulega og hitt suma foreldra sem komu í heimsókn á heimilið og þannig áttað sig að einhverju marki á hver var persónuleg aðstaða þeirra.

Eins og fyrr er getið hafði Barnaverndarráð að lögum yfirumsjón með barnaverndarnefndum og eftir atvikum skólanefndum og öllum barnahælum á landinu. Vistheimilanefnd hefur yfirfarið skjalasafn Barnaverndarráðs sem varðveitt er á Þjóðskjalasafni Íslands þar sem einkum hefur verið leitast við að afla gagna um samskipti ráðsins við skólanefnd Mosfellssveitar á tímabilinu og upplýsinga um eftirlit ráðsins með vistheimilinu. Við athugun á þeim skjallegu gögnum sem hafa fundist verður ekki annað ráðið en að Barnaverndarráð hafi í engu brugðist við álit skólanefndar varðandi eftirlit með Reykjahlíð, hvorki í formi leiðbeininga né fyrirmæla um eftirlit. Er því ekki óvarlegt að draga þá ályktun að Barnaverndarráð hafi ekki leiðrétt þann misskilning sem virðist hafa verið hjá skólanefndinni í Mosfellssveit um eftirlitshlutverk sitt með vistheimilinu Reykjahlíð á árunum 1956 til 1966.

Þá kannaði nefndin einnig hvernig yfirumsjón Barnaverndarráðs með heimilinu hefði verið háttað í ljósi þeirra augljósu annmarka sem voru á eftirliti skólanefndar Mosfellssveitar. Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum úr skjalasafninu voru sjö eftirlitsferðir farnar á því 10 ára tímabili sem hér er til umfjöllunar. Fyrst er bókað í fundargerðabók á fundi ráðsins 11. nóvember 1957 að 9. nóvember það ár hafi ráðið farið að Reykjahlíð og skoðað heimilið. Er þess svo getið hversu mörg börn eru þar vistuð, að reksturinn virðist ganga vel og að börnunum sé sérstaklega séð fyrir kennslu á heimilinu.²¹¹ Þá er getið um samskonar heimsókn ráðsins í bókun í fundargerð hinn 9. september 1959 og frá því greint að Símon Jóh. Ágústsson sálfræðingur hafi heimsótt Reykjahlíð ásamt ráðsmönnum. Í bókun Barnaverndarráðs 26. júlí 1961 er getið um eftirlitsheimsókn Símonar Jóh. Ágústssonar á heimilið. Greint er frá því að ný forstöðukona hafi tekið til starfa, hversu mörg börn dvelji á heimilinu og að sum börnin séu erfið „þar sem þau komi frá vandræðaheimilum“. Auk þessa er að finna samskonar bókanir í fundargerð 22. ágúst 1962, ódags. fundargerð árið 1963 og fundargerð frá 16. júlí 1966. Þá var einnig að finna skýrslu í skjalasafni ráðsins, sem er óundirrituð og ódagsett en efni hennar ber með sér að einhver, fyrir hönd ráðsins, hafi farið í eftirlitsheimsókn í Reykjahlíð hinn 31. mars árið 1964. Að öðru leyti hefur nefndin engar vísbendingar um að frekari eftirlit af hálfu ráðsins hafi farið fram.

Ljóst er að samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966 bar Barnaverndarráði að hafa yfirumsjón með stofnunum á borð við Reykjahlíð. Af framangreindum frumgögnum verður að draga þá ályktun að ráðið hafi litið svo á að undir það hlutverk hafi m.a. fallið að fara í reglulegar eftirlitsheimsóknir, en eins og að framan er rakið voru farnar sjö ferðir í Reykjahlíð á vegum ráðsins á því 10 ára tímabili sem hér er til umfjöllunar. Fyrrgreindar bókanir í fundargerðir ráðsins benda hins vegar til þess að inntak þess eftirlits sem framkvæmt var hafi í raun að mestu leyti verið fólgið í að kanna ytri aðbúnað vistheimilisins, en hafi að takmörkuðu leyti falist í að kanna heilsufar, þroska eða líðan þeirra barna sem þar dvöldu. Hvergi er vikið að einstökum vistmönnum né getið um athugun á einstökum börnum að því er varðar andlegt eða líkamlegt heilbrigði, hegðun þeirra eða líðan. Einu athugasemdirnar sem skráðar eru um vistmenn eru í bókun nefndarinnar frá 26. júlí 1961 þar sem fram kemur að „sum börnin [væru] mjög

²¹¹ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/1. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 11. nóvember 1957.

erfið enda [kæmu] þau frá vandræðaheimilum.²¹² Að mati vistheimilanefnar verður ekki annað ráðið en að eftirlit með einstökum vistmönnum á heimilinu hafi verið takmarkað af hálfu fulltrúa Barnaverndarráðs á tímabilinu. Þá ályktun styður einnig að forstöðukona heimilisins og starfsfólk upplýsti í skýrslutöku fyrir vistheimilanefnd að eftirlit þeirra aðila sem komið hefðu á heimilið hefði fyrst og fremst verið fólgið í að kanna ytri aðbúnað.

Að mati nefndarinnar verður við mat á því hvort opinbert eftirlit með vistheimilinu Reykjahlíð hafi verið fullnægjandi einnig að meta hvernig skipulagi og framkvæmd þess þáttar sem kalla má *innra eftirlit* með starfsemi vistheimilisins hafi verið háttað, þ.e. umsjónar- og eftirlitsskyldum sem hvíldu á herðum forstöðukvenna og eftir atvikum annarra starfsmanna undir þeirra stjórn.

Eins og fyrr er getið lét Guðbjörg Árnadóttir af störfum sem forstöðukona Reykjahlíðar í júlí 1961 og við starfi hennar tók Sigríður M. Jónsdóttir sem gegndi því til ársins 1972. Samkvæmt þeim upplýsingum sem vistheimilanefnd hefur undir höndum var rekstur vistheimilisins á starfstíma Guðbjargar á árunum 1956-1961 að mestu á hennar hendi en dagleg umönnun og eftirlit með vistmönnum að mestu á hendi almennra starfsmanna. Í kafla 5.2.2.1.3 hér að framan eru raktar niðurstöður nefndarinnar um að ekki verði talið, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi á starfstíma Guðbjargar eða á árunum 1956-1961. Þá hafa frásagnir þeirra einstaklinga sem dvöldu og störfuðu á heimilinu á starfstíma hennar ekki veitt vistheimilanefnd sérstaka ástæðu til að draga þá almennu ályktun að skort hafi á að innra eftirlit með vistmönnum hafi verið fullnægjandi.²¹³ Er því ekki þörf á að ræða þann þátt er lýtur að innra eftirliti heimilisins á þessu tímabili.

Á hinn bóginn eru í kafla 5.2.2.2.3 hér að framan raktar niðurstöður nefndarinnar um að telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að hluti fyrrverandi viststúlkna hafi sætt kynferðislegu ofbeldi af hálfu gestkomandi manns sem tengdur var forstöðukonunni. Dvaldi hann af og til á heimilinu frá árinu 1961 en hann lést árið 1966 samkvæmt opinberum upplýsingum. Þá hafa 14 einstaklingar sem komu til

²¹² ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 26. júlí 1961.

²¹³ Þá voru, eins og rakið er hér að framan í kafla 3.2, vistmenn árlega töluvert færri á árunum 1956-1960 en árunum 1961-1966, eða 14-20 börn fyrra tímabilið og 31-52 seinna tímabilið. Starfsmannafjöldi var sá sami allan þann tíma heimilisins, en starfsmenn voru fimm auk forstöðukonu.

viðtals við vistheimilanevnd og dvöldu á starfstíma Sigríðar, fimm karlmenn og 11 konur, greint frá því að hafa liðið afar illa á meðan á dvölinni stóð sem hafi m.a. stafað af erfiðum samskiptum við forstöðukonuna og lítilla persónulegra tengsla við starfsfólk. Að mati nefndarinnar er rétt að benda á að annars vegar sú staðreynd að fjöldi vistmanna á hverjum tíma í Reykjavíki á tímabilinu 1961-1966 var mikill og breytilegur, og hins vegar að fjöldi starfsmanna var óbreyttur allan tímann, hafi hugsanlega leitt til þess að skort hafi á möguleika starfsmanna að fylgjast nægjanlega vel með vistmönnum. Þá ályktun styður einnig að vistmenn voru á þessum tíma töluvert fleiri en gert var ráð fyrir að vistuðust á hverjum tíma í Reykjavíki.

Í kafla 1 hér að framan kemur fram að Símon Jóh. Ágústsson sálfræðingur, einn helsti sérfræðingur þjóðarinnar á þessum tíma í málefnum barna, skoðaði húsakynni fyrir hönd barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1956 vegna fyrirhugaðs flutnings starfsemi Kumbaravogs í Reykjavíki. Taldi hann að í Reykjavíki mætti til bráðabirgða reka heimili fyrir 15 börn. Á hinn bóginn var mat barnaverndarnefndar Reykjavíkur á þeim fjölda sem mögulegt væri að vista samtímis í Reykjavíki breytilegt. Var matið afar misjafnt, t.d. kemur fram í ársskýrslum nefndarinnar fyrir árin 1956-1965 að rými sé fyrir 20 börn en árið 1966 kemur fram að rými sé fyrir 27 börn. Í ársskýrslu nefndarinnar fyrir árið 1967 segir hins vegar að heimilið sé ætlað 13 börnum og er miðað við þann fjölda allt til loka starfseminnar árið 1972. Hvað sem því líður telur vistheimilanevnd ekkert fram komið um starfsemi heimilisins sem þokað hefur mati Símonar Jóh. Ágústssonar. Engar meiriháttar breytingar voru enda gerðar á húsakynnum, herbergjaskipan eða öðru sem gerði aukinn fjölda vistmanna á hverjum tíma réttlætunlegan umfram það sem fram hafði komið í mati Símonar árið 1956. Fjöldi vistmanna í Reykjavíki var á árunum 1961-1965 um 31-52 börn árlega.

Þá telur vistheimilanevnd í þessu sambandi ekki loku fyrir það skotið að möguleikar forstöðukonu og starfsmanna undir hennar stjórn til að hafa raunhæft og náðið eftirlit með líðan vistbarna hafi verið erfiðleikum háð. *Í fyrsta lagi* kemur þar til að svo virðist sem forstöðukona heimilisins og annað starfsfólk þess hafi að mjög litlu leyti haft vitneskju um persónulegar aðstæður vistmanna, tildrög vistunar eða annað það sem telja verður eina af forsendum þess að starfsfólk hafi haft raunhæfan möguleika á að fylgjast með vistmönnum og líðan þeirra og veita þeim þá aðhlynningu sem þörf var á. *Í öðru lagi*

greindi forstöðukonan frá því í skýrslutöku að hún hefði hugsanlega átt að sinna hverju barni meira en vísað í því sambandi til þess að þann tíma sem hún gegndi forstöðu heimilisins hefði hún haft afar gott starfsfólk sem hefði aðstoðað hana við að annast börnin. Á móti kemur að flestir þeir starfsmenn sem komu til viðtals og störfuðu undir hennar stjórn töldu það aðallega hafa verið í verkahring forstöðukonunnar að annast andlega líðan barnanna. *Í þriðja lagi* telur nefndin ekki óvarlegt að álykta svo að hluti vistmanna hafi veigrað sér við að ræða um líðan sína og leita aðstoðar vegna persónulegra vandamála sinna, en það hafi m.a. mátt rekja til erfiðra samskipta við forstöðukonuna og takmarkaðra tengsla við hana og annað starfsfólk.

Að öllu ofansögðu telur vistheimilanefnd að ekki verði dregnar aðrar ályktanir en þær að eftirlit með vistheimilinu Reykjahlíð hafi á tímabilinu 1956-1966 verið lítið eða a.m.k. takmarkað. *Í fyrsta lagi* verður að telja að skólanefnd Mosfellssveitar hafi á árunum 1956 til ársins 1966, er ný lög um vernd barna og ungmenna tóku gildi, ekki haft eftirlit með vistheimilinu Reykjahlíð. Þá ályktun styður einnig að skólanefnd Mosfellsveitar hafði á árunum 1956 til 1963 ítrekað gert grein fyrir því í skýrslum til Barnaverndarráðs að hún teldi það ekki hlutverk nefndarinnar að hafa eftirlit með heimilinu.

Í öðru lagi telur vistheimilanefnd að eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi einnig verið takmarkað. Þá virðist einnig hafa skort á að eftirlitsheimsóknir starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti og einnig liggur fyrir að einungis einu sinni á tímabilinu er bókað í fundargerðabók barnaverndarnefndar Reykjavíkur um eftirlitsheimsókn í Reykjahlíð.

Í þriðja lagi liggur ekki annað fyrir en að Barnaverndarráð hafi vanrækt að leiðbeina skólanefnd Mosfellssveitar um lögbundið eftirlitshlutverk og þá hafi einnig skort á að Barnaverndarráð hafi haft eftirlit með heimilinu, en áður hefur komið fram að ráðið hafi einungis farið í sjö eftirlitsferðir þau 10 ár sem hér eru til umfjöllunar. Auk þess verður að telja vafa leika á því að inntak þeirra eftirlitsheimsókna sem framkvæmdar voru af hálfu ráðsins hafi verið í samræmi við yfirumsjónarskyldur ráðsins.

Í fjórða lagi telur nefndin ekki óvarlegt að draga þá ályktun að innra eftirlit með vistheimilinu hafi á árunum 1961-1966 verið ófullnægjandi.

5.3.2.2 Opinbert eftirlit – Tímabilið 1966-1972

Við gildistöku barnaverndarlaga nr. 53/1966 var ekki lengur gert ráð fyrir hlutverki skólanefnda í barnaverndarmálum utan kaupstaða og samkvæmt 6. gr. laganna var sú skylda lögð á herðar bæjarstjórnnum í kaupstöðum og hreppsnefndum utan kaupstaða að kjósa í barnaverndarnefnd. Barnaverndarnefnd var fyrst kosin í Mosfellssveit í desember 1966 og hélt nefndin sinn fyrsta fund 9. janúar 1967.²¹⁴

Beint eftirlit með vistheimilinu Reykjahlíð var m.a. í höndum barnaverndarnefndar Mosfellssveitar samkvæmt lögum nr. 53/1966. Af þeim sökum var gerð athugun á héraðsskjalasafninu í Mosfellssveit en fram hefur komið að lítið af gögnum fannst um starfsemi barnaverndarnefndarinnar. Á hinn bóginn var unnt við leit í skjalasafni Barnaverndarráðs Íslands, sem vistað er á Þjóðskjalasafni, að fá afrit af tveimur skýrslum sem barnaverndarnefndin sendi til Barnaverndarráðs fyrir starfsárin 1967 og 1968.²¹⁵ Þrátt fyrir ítarlega leit hafa skýrslur árin 1969-1972 ekki fundist í skjalasafninu. Í skýrslu nefndarinnar fyrir árið 1967 er þess getið að nefndin hefði verið kosin í lok árs 1966 og ástæða þess að hún hefði ekki verið kosin fyrr hefði verið sú að hreppsnefndinni hefði ekki verið kunnugt um gildistöku nýrra barnaverndarlaga, en þau tóku gildi í maí 1966. Þá er getið um skipan nefndarinnar og verkaskiptingu innan hennar, auk þess sem rakin eru þau verkefni sem nefndin hafði með höndum árið 1967. Í niðurlagi skýrslunnar kemur fram að í umdæmi nefndarinnar séu starfrækt þrjú vistheimili fyrir börn og að Reykjahlíð sé eitt þeirra. Þá er þess getið að sú spurning hafði vaknað hjá nýskipaðri barnaverndarnefnd hvort henni bæri að hafa eftirlit með viðkomandi heimilum og að hún hefði leitað álits formanns Barnaverndarráðs, Sveinbjörns Jónssonar hrl., en hann engin svör geta gefið. Þá er þess getið að nefndin líti svo á að eftirlitsskylda með fyrrgreindum heimilum hvíli ekki á henni, nema henni berist úrskurður Barnaverndarráðs annars efnis, en skýrsla nefndarinnar er dagsett 4. febrúar 1968.²¹⁶

Er því ljóst að ekkert eftirlit var af hálfu barnaverndaryfirvalda í Mosfellssveit frá maí 1966, er ný lög um vernd barna og ungmenna tóku gildi, og fram til þess er framan- greind skýrsla var rituð í febrúar 1968. Barnaverndarráð virðist hafa brugðist við yfir-

²¹⁴ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-J/2. Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Mosfellshrepps árið 1967.

²¹⁵ Samkvæmt 54. gr. laga nr. 53/1966 heimti Barnaverndarráð ársskýrslur frá barnaverndarnefndum um störf þeirra.

²¹⁶ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-J/2. Skýrsla um störf barnaverndarnefndar Mosfellshrepps árið 1967.

lýsingu barnaverndarnefndarinnar þar sem þess er getið í skýrslu nefndarinnar til Barnaverndarráðs um störf nefndarinnar fyrir árið 1968 að með bréfi, dags. 10. maí 1968, hafi formaður ráðsins tilkynnt nefndinni að hún skuli fylgjast með heimilunum. Þá er þess getið að formaður nefndarinnar, Arnór Hannibalsson, hafi ásamt einum nefndarmanni, Hauki Þórðarsyni lækni, farið í eftirlitsferðir, m.a. í Reykjahlíð. Í skýrslunni segir: „Þótti okkur sem starfsemin á þessum stöðum væri mjög þokkaleg og engar athugasemdir þyrfti að gera. Þess má geta, að Haukur er oftlega sóttur sem læknir til barna á þessum heimilum, og þekkir hann því starfsemi þeirra mjög vel.“²¹⁷

Í skýrslu sem fyrrgreindur formaður barnaverndarnefndar Mosfellshrepps gaf fyrir vistheimilaneftnd símleiðis, en hann gegndi formennsku nefndarinnar á árunum 1967-1969, kom fram að hann ásamt Hauki Þórðarsyni lækni, sem einnig sat í nefndinni, hefði farið í eftirlitsferðir í Reykjahlíð og önnur barnaheimili í sveitarfélaginu, en hann myndi ekki hversu margar þær hefðu verið. Eftirlitið hefði falist í því að fara á heimilin, líta yfir starfsemina og ræða við starfsfólk og þau börn sem voru nálægt í hverri heimsókn. Á hinn bóginn hefði ekki verið leitast við að ræða við hvert og eitt barnanna sérstaklega. Nefndin hefði metið það svo að vistheimilið Reykjahlíð væri starfrækt með ágætum. Þá hefði Haukur Þórðarson læknir komið oftast en hann á heimilið. Hann hefði verið læknir heimilisins og haft sérstakan áhuga á velferð vistmanna í „læknisfræðilegum tilgangi“. Þá hefðu allar eftirlitsferðir verið bókaðar í fundargerðabækur barnaverndarnefndarinnar en það hefði ritari nefndarinnar alfarið séð um.

Fyrrverandi ritari nefndarinnar á árunum 1967-1974 greindi frá því í viðtali sem átt var við hana símleiðis að hún hefði setið í nefndinni tvö kjörtímabil og verið ritari nefndarinnar þann tíma. Mörg verkefni hefðu komið inn á borð nefndarinnar, svo sem umsagnir um ættleiðingar, búðarhnúpl og eftirlit með einkaheimilum í sveitinni þar sem var óregla. Á hinn bóginn hefði nefndin engin afskipti haft af vistheimilinu Reykjahlíð, hvorki með því að fara þangað í eftirlitsferðir né með öðrum hætti. Reykjavíkurborg hefði starfrækt heimilið og þar af leiðandi hefði nefndin talið í verkahring hennar að hafa eftirlit með því. Þá hefði barnaverndarneftnd í Mosfellssveit engin samskipti átt við barnaverndarneftndina í Reykjavík svo hún myndi, en einhver við Barnaverndarráð. Aðili

²¹⁷ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-J/2. Skýrsla um störf barnaverndarnefndar árið 1968 í Mosfellshreppi.

frá þeim hefði af og til hringt og spurst fyrir um starfsemi nefndarinnar og þá hefði nefndin sent árlega skýrslur til ráðsins um starfsemi hennar.

Barnaverndarnefnd sem tók við börnum til vistunar í sínu umdæmi frá öðrum staðbundnum barnaverndarnefndum bar skylda til að upplýsa þá nefnd sem ráðstafaði barni um líðan og velferð þess, sbr. 29. gr. laga nr. 53/1966. Af þeim sökum var gerð athugun á skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur sem vistað er á Borgarskjalasafni, þar sem eingöngu börn úr Reykjavík voru vistuð á heimilið, með það að markmiði í fyrsta lagi að kanna hvort hugsanlega væri í skjalasafni nefndarinnar að finna einhver gögn sem veittu upplýsingar um möguleg samskipti barnaverndarnefndar í Mosfellssveit við nefndina og í öðru lagi að kanna hvort eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur með vistheimilinu og þeim börnum sem þar hefðu verið vistuð hefði verið í samræmi við lágmarksskyldur 3. mgr. 37. gr. laganna sem áður er rakið. Þrátt fyrir ítarlega leit í fyrrgreindu skjalasafni hafa engin gögn fundist sem veita nokkra vísbendingu um að samskipti hafi farið fram á milli barnaverndarnefndar Reykjavíkur og barnaverndarnefndarinnar í Mosfellssveit á tímabilinu 1967 þegar nefndin var fyrst skipuð til ársins 1972. Þá eru engar bókanir að finna um eftirlit með heimilinu.

Í skýrslu sem nefndarmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur á árunum 1966-1974 gaf fyrir vistheimilanefnd, við undirbúning að gerð áfangaskýrslu nr. 1, kom fram að hún minntist þess ekki að það hefði verið veigamikið hlutverk nefndarinnar að hafa með höndum eftirlit með þeim börnum sem hún vistaði utan heimilis ef frá væru talin sumardvalarheimili sem lutu eftirliti nefndarinnar. Taldi hún líklegt að eftirlit hefði fyrst og fremst verið í höndum starfsmanna nefndarinnar enda hefðu þeir á þessum árum verið öllum hnútum kunnugir, almennt séð þekkt vel til þeirra heimila sem nýtt voru sem úrræði fyrir nefndina.

Við yfirferð nefndarinnar á skjallegum gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur um mögulegar eftirlitsferðir af hálfu starfsmanna nefndarinnar á vistheimilið hefur vistheimilanefnd ekki tekist að afla neinna skjallegra gagna um eftirlitsferðir starfsmanna. Í tilefni af könnun vistheimilanefndar á starfsemi Reykjahlíðar hefur hún aflað allra skjallegra gagna sem til eru um 140 einstaklinga af þeim 144 sem vistaðir voru á heimilinu á starfstíma þess og eru mál margra vistmanna umfangsmikil eða eru í mörgum tilvikum tugir skjala. Í gögnum um þá vistmenn sem dvöldu á heimilinu frá vori 1966 til

ársins 1972, er starfseminni var hætt, er hvergi getið um einstakar eftirlitsheimsóknir, hvergi skráðar upplýsingar um líðan einstakra barna í kjölfar upplýsingaöflunar starfsmanna eða skráðar tilkynningar frá forstöðukonu eða starfsfólki heimilisins um líðan og velferð barnanna. Í þessu sambandi telur nefndin rétt að vekja athygli á því að töluvert stór hópur fyrrverandi vistmanna í Reykjahlíð dvaldi þar árum saman eins og gerð er grein fyrir hér fyrir í kafla 3.2.

Á hinn bóginn benda upplýsingar, sem fyrrverandi félagsmálastjóri Reykjavíkur veitti nefndinni, til þess að starfsmenn stofnunarinnar hafi í einhverjum mæli heimsótt vistheimilið a.m.k. frá þeim tíma er hann tók við starfi félagsmálastjóra í kringum 1968.²¹⁸ Upplýsti hann að hafa komið mörgum sinnum á vistheimilið og þá til að líta yfir starfsemina, kanna húsakynni og þess háttar. Vistheimilanefnd hefur eins og fyrr greinir engin skjallæg gögn um slíkar heimsóknir og getur þar af leiðandi ekki tekið af allan vafa um hversu oft slíkar ferðir hafi verið farnar eða um inntak slíkra heimsókna. Þó benda upplýsingar sem forstöðukonan gaf í skýrslu fyrir nefndinni, en framburður hennar er ítarlega rakin í umfjöllun vistheimilanefndar um eftirlit með heimilinu á tímabilinu 1956-1966, eindregið til þess að inntak eftirlitsheimsókna starfsmanna barnaverndarnefndar og fyrrverandi félagsmálastjóra í Reykjavík hafi fyrst og fremst verið í formi eftirlits með ytri aðbúnaði á heimilinu en ekki beinlínis með þeim börnum sem vistuð voru af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Þá komu til viðtals þrjár konur sem störfuðu á heimilinu á tímabilinu. Kváðust tvær þeirra ekki muna eftir því hvort eftirlitsaðilar hefðu komið á heimilið og gátu því ekki veitt upplýsingar um hvort eftirliti með heimilinu hefði verið sinnst eða hvernig því hefði verið háttað það árabil sem þær störfuðu á heimilinu. Ein greindi frá því að eftirlitsaðilar hefðu komið af og til það ár sem hún hefði starfað á heimilinu. Þá hefði starfsfólk barnaverndar verið í töluverðum samskiptum við heimilið þegar barn kom til vistunar og einnig þegar henni lauk.

²¹⁸ Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti 20. júlí 1967 nýja skipan félagsmála, sem miðaði að því að sameina og samræma félagsmálastarf Reykjavíkurborgar í einni stofnun, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, undir stjórn félagsmálaráðs. Framfærslulögum nr. 80/1947 var breytt og tók félagsmálaráð við störfum framfærslunefndar 1. janúar 1968. Með breytingu á lögum nr. 53/1966 og síðar með setningu reglugerðar nr. 96/1970 var félagsmálaráði falið hlutverk barnaverndarnefndar að hluta. Dagleg starfsemi barnaverndarnefndar Reykjavíkur var felld inn í starfsemi Félagsmálastofnunar við setningu reglugerðar nr. 96/1970. Sérstakur félagsmálastjóri var ráðinn árið 1968 til að hafa með höndum stjórn á almennri starfsemi Félagsmálastofnunar undir stjórn Félagsmálaráðs. Fór því starfsfólk Félagsmálastofnunar jafnhliða með dagleg störf barnaverndarnefndar og Félagsmálastofnunar í Reykjavík. Sjá m.a. *Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1973-31. desember 1974*.

Að mati vistheimilaneftndar er ekki óvarlegt að álykta sem svo að hugsanlegt sé að þær heimsóknir sem farnar voru af hálfu fyrrverandi félagsmálastjóra og starfsmanna stofnunarinnar hafi verið í samræmi við lágmarksskyldur sem hvíldu á barnaverndarneftnd Reykjavíkur í samræmi við 3. mgr. 37. gr. laga nr. 53/1966 er kvað á um að barnaverndarneftnd skyldi a.m.k. einu sinni á ári hafa beint eftirlit með þeim börnum sem hún vistaði utan umdæmis hennar. Vistheimilaneftnd telur þó gagnrýnivert að barnaverndarneftnd Reykjavíkur, sem var hið fjölskipaða og lögbundna stjórnvald sem að lögum átti að hafa beint eftirlit með vistheimilinu og þeim börnum sem þar voru vistuð af hennar hálfu, hafi ekki komið með beinum hætti að töku ákvarðana um einstakar eftirlitsheimsóknir, skipulag þeirra og tíðni og að því er virðist að öllu leyti falið starfsmönnum nefndarinnar að taka ákvarðanir um einstakar heimsóknir og um inntak þeirra. Þá bendir jafnframt bókun í fundargerð Barnaverndarráðs Íslands á tímabilinu til þess að ályktun vistheimilaneftndar, um að eftirlit með vistheimilinu Reykjavíkur af hálfu barnaverndarneftndar Reykjavíkur hafi á tímabilinu ekki verið samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga um vernd barna og ungmenna, sé byggð á nægjanlega haldbærum forsendum. Í bókun í fundargerð Barnaverndarráðs hinn 28. apríl 1967 er sérstaklega gerð grein fyrir því að Símon Jóh. Ágústsson, sem var einn ráðsmanna á þessum tíma, hafi rætt við formann barnaverndarneftndar Reykjavíkur um að nefndin auki eftirlit með þeim heimilum þar sem börn frá nefndinni eru vistuð.²¹⁹

Fram kemur í gögnum Barnaverndarráðs á árunum 1966-1972 að Barnaverndarráð hafi farið í þrjár heimsóknir í Reykjavíkur á tímabilinu og hefur nefndin skýrslur um tvær þeirra. Í ódags. skýrslu starfsmanns ráðsins er þess getið að hún hafi heimsótt Reykjavíkur 8. júlí 1967. Er þar lýst hversu mörg börn dvelji á heimilinu og á hvaða aldri. Aðbúnaði og húsakynnum er því næst lýst og í lokin er þess getið að rekstur og aðbúnaður virtist í lagi.²²⁰ Í bókun í fundargerð 27. september 1968 er getið um eftirlitsheimsókn í Reykjavíkur en þar er þess einungis getið að starfsmaður ráðsins og Sveinbjörn Jónsson ráðsmaður hafi m.a. farið í heimsókn í Reykjavíkur en nefndin hefur undir

²¹⁹ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs, dags. 28. apríl 1967.

²²⁰ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 1989-B/34. Skýrsla Bergljótar Líndal um eftirlit með vistheimilinu Reykjavíkur í júlí 1967.

höndum skýrslu er var unnin um þá heimsókn.²²¹ Þar kemur fram að heimilið sé fósturheimili sem starfrækt sé af hálfu Reykjavíkurborgar og sé heimili fyrir börn sem búi við erfiðar heimilisaðstæður. Þá er þess getið á hvaða aldri börnin séu, hversu mörg og því næst er aðbúnaði lýst. Í niðurlagi skýrslunnar sem er ein blaðsíða að lengd er þess getið að „rekstur og aðbúnaður virtist í lagi“.²²² Þá er bókun í fundargerð 6. ágúst 1970 um að lagðar séu fram skýrslur dr. Símonar Jóh. Ágústssonar um eftirlit með sumardvalarheimilum og barnaheimilum, m.a. Reykjahlíð, en nefndin hefur ekki þær skýrslur undir höndum.²²³ Að öðru leyti var ekki í skjallasafni Barnaverndarráðs að finna skjallæg gögn er veita vísbendingar um frekari eftirlitsheimsóknir Barnaverndarráðs á vistheimilið á tímabilinu 1966-1972.

Við undirbúning áfangaskýrslu nr. 1 tók vistheimilanefnd skýrslu af fyrrverandi starfsmanni Barnaverndarráðs á árunum 1966-1971. Upplýsti hún um að hafa starfað í hlutastarfi fyrir Barnaverndarráð um tvær klukkustundir í hverri viku. Starf hennar hefði einkum falist í innheimtu á skýrslum barnaverndarnefnda um starfsemi þeirra, sem þá hefðu verið á þriðja hundrað í landinu öllu. Töluverðum erfiðleikum hefði verið háð að innheimta skýrslur frá einstökum barnaverndarnefndum og að þær sem bárust hefðu yfirléitt verið mjög jákvæðar um störf nefndanna. Komið hefði fyrir í einstökum skýrslum að gerð hefði verið grein fyrir afskiptum af einstökum börnum eða fjölskyldum þeirra og þess jafnan getið að viðkomandi nefnd hefði leyst úr því máli á farsælan hátt. Kvaðst hún minnst þess að skýrslur einstakra nefnda væru ræddar sérstaklega á fundum Barnaverndarráðs og í einhverjum tilvikum hefði verið kallað eftir frekari skýrslum með bréfskiptum við þær. Aðspurð sérstaklega um eftirlit með vistheimilum greindi hún frá því að hafa sjálf farið í nokkrar, t.d. á Bjarg á Seltjarnarnesi. Upplýsti hún nefndina sérstaklega um að þær eftirlitsheimsóknir sem hún hefði farið í með einstökum ráðsmönnum, t.d. á stúlknaheimilið Bjarg, hefðu fyrst og fremst falist í að kanna ytri aðbúnað á heimilinu, t.d. hreinlæti og slíkt, en lítið hefði verið hugað að líðan einstakra vistmanna og minntist hún þess ekki að sérstaklega hefði verið rætt við vistmenn þeirra heimila sem hún heimsótti. Taldi hún slíkt hafa verið í verkahring Símonar Jóh. Ágústssonar.

²²¹ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 27. september 1968.

²²² ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 1989-B/34. Skýrsla Bergljótar Línal og Sveinbjörns Jónssonar um eftirlit með vistheimilinu Reykjahlíð sumarið 1968.

²²³ ÞÍ. Barnaverndarráð Íslands. 2002-A/2. Fundargerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 6. ágúst 1970.

Vistheimilanevnd hefur einnig tekið til skoðunar hvernig háttáð var *innra eftirliti* frá árinu 1966 til ársins 1972 er starfsemi heimilisins var flutt á Tjarnargötu. Í kafla 5.2.2.2.3 hér að framan er rakið að telja verði þegar á heildina er litið að meiri líkur en minni séu á því að einhverjar stúlkur í Reykjahlíð hafi sætt kynferðislegu ofbeldi af hálfu gestkomandi manns sem tengdur var forstöðukonunni. Fyrrgreindur karlmaður lést árið 1966 og á ályktun nefndarinnar um meint kynferðislegt ofbeldi af hans hálfu því við tímabilið fyrir þann tíma eða 1961-1966. Að mati nefndarinnar verður ekki talið að vistmenn hafi eftir þann tíma sætt illri meðferð eða ofbeldi, hvorki af hálfu starfsmanna né annarra vistmanna, en háttsemi forstöðukonu eða hegðun hennar gagnvart vistmönnum verið gagnrýniverð. Þá fór vistunum umtalsvert fækkandi frá þeim tíma en starfsmannafjöldinn hélst óbreyttur. Á hinn bóginn greindu margir af þeim sem komu til viðtals frá því að hafa liðið illa á meðan á dvölinni stóð, einkum vegna skorts á athygli, nærgætni og hlýju af hálfu meirihluta starfsmanna og einkum forstöðukonu heimilisins. Í skýrslu sem forstöðukonan gaf fyrir vistheimilanevnd kom fram að hún teldi, eftir á að hyggja, að hún hefði mátt veita vistmönnum meiri athygli og umönnun. Almennur rekstur heimilisins hefði verið afar tímafrekur og hún haft lítinn tíma til annars en að eiga samskipti við yfirvöld í Reykjavík um umbætur á húsnæðinu. Í skýrslum sem teknar voru af þeim tveimur konum sem störfuðu við hlið forstöðukonunnar á þessum tíma kom fram að þær hefðu talið það vera frekar hlutverk forstöðukonunnar að annast andlega velferð vistmanna en þeirra. Í ljósi þessa er ekki óvarlegt að álykta sem svo að skort hafi á að innra eftirlit með vistmönnum og líðan þeirra hafi verið fullnægjandi og er sú ályktun nefndarinnar samhljóða ályktun hennar um innra eftirlit með vistheimilinu Reykjahlíð á tímabilinu 1961-1966 sem rakið er í kafla 5.3.2.1 hér að framan.

Þá telur vistheimilanevnd að ekki verði dregnar aðrar ályktanir en þær að opinbert eftirlit af hálfu hinna lögbundnu eftirlitsaðila með vistheimilinu Reykjahlíð á árunum 1966-1972 hafi verið takmarkað. Í *fyrsta lagi* verður að telja að eftirlit barnaverndarnefndar Mosfellssveitar á tímabilinu hafi ekki verið fullnægjandi. Fyrir liggur að nefndin hafði ekki eftirlit með heimilinu fyrr en fyrst á árinu 1968. Í *öðru lagi* telur vistheimilanevnd vísbindingar um að eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi verið takmarkað. Í fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur er aldrei getið um eftirlitsheimsóknir á heimilið og bendir framburður fyrrverandi nefndarmanns í barnaverndarnefnd Reykja-

víkur að nefndin hafi ekki talið veigamikil hlutverk sitt að hafa eftirlit með vistheimilinu. Þó benda upplýsingar sem þáverandi félagsmálastjóri í Reykjavík veitti nefndinni til þess að eftirlit hafi eitthvað verið. Á hinn bóginn virðist hafa skort á að eftirlitsheimsóknir sem farnar voru á heimilið hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti. Í þriðja lagi liggur ekki annað fyrir en að Barnaverndarráð hafi ekki í samræmi við skyldur sínar haft virkt og náið eftirlit með því að barnaverndarnefnd Mosfellssveitar og barnaverndarnefnd Reykjavíkur ræktu eftirlitshlutverk sitt með fullnægjandi hætti. Þá er það einnig niðurstaða nefndarinnar í ljósi þeirra annmarka sem voru á eftirliti barnaverndarnefndar Mosfellssveitar og barnaverndarnefndar Reykjavíkur að eftirlit af hálfu Barnaverndarráðs hafi verið ófullnægjandi.

VII. HEIMAVISTARSKÓLINN AÐ JAÐRI

1. Undirbúningur að stofnun og ágríp af sögu Jaðars

Reykjavíkurbær hóf starfsemi heimavistarskóla að Jaðri í Elliðavatnslandi hinn 5. febrúar 1946. Þingstúka Reykjavíkur hafði þá nýlega lokið við byggingu sumardvalar- og félagsheimilis að Jaðri og leigði Reykjavíkurbær húsnaðið yfir vetrarmánuðina. Á tíu ára starfsafmæli skólans árið 1956 hélt fræðslufulltrúi Reykjavíkur, Jónas B. Jónsson, ræðu þar sem hann lýsti aðdraganda stofnunarinnar og hver aðkoma fræðslufulltrúaembættisins hefði verið.²²⁴

Haustið 1943 er ég tók við núverandi starfi mínu, var eitt fyrsta verk mitt að gera spjaldskrá yfir alla skólaskylda nemendur í barnaskólum bæjarins. Mér þótti sýnt, að þá fyrst væri hægt að sjá hvað væri af nemendum, sem þyrftu sérstakrar umönnunar við, hverjir sæktu illa skóla og hverjir kæmu alls ekki í skóla. Þegar þessi spjaldskrá var fullgerð og skólasókn barna var könnuð, kom í ljós, að allmargir drengir sóttu ekki skóla og aðrir mjög illa. Nánari eftirgrensln hjá skólunum svo og hjá lögreglunni og barnaverndarnefnd sýndi að þeir drengir sem iðkuðu útigang og lausung á kvöldin komu ekki í skóla, þeir voru hnupsamir, þeir reyktu og höfðu oftsinnis komist í kast við lögregluna. Um þetta gerði ég allitarlega skýrslu og sendi bæjarráði.

Skýrsla fræðslufulltrúa sem minnst var á hér að ofan var send bæjarráði í janúar 1944 og þar var bent á að fyrir afbrotadrengr þyrfti að setja á stofn „nokkurs konar heimavistar-skóla, helzt á einangruðum stað [...] sem hafi sterk uppeldisleg áhrif, sem kenni drengjunum til munns og handa, skapi þeim verkefni, góða aðbúð og vellíðan [...]“.²²⁵ Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar og á fundi í febrúar 1944 samþykkti bæjarstjórn „að stofna heimavistarskóla í nágrenni bæjarins fyrir þau börn á skólaskyldualdri, sem heimilin hafa ekki hemil á að dómi fræðslufulltrúa og barnaverndarnefndar.“²²⁶ Fræðslufulltrúa var falið að vinna að athugun málsins og vorið 1944 kom hann með tillögu um að finna skólanum stað í Öxney á Breiðafirði. Tekið var vel í tillöguna í bæjarstjórn en

²²⁴ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Ræða Jónasar B. Jónssonar fræðslufulltrúa Reykjavíkur á tíu ára starfsafmæli heimavistarskólans að Jaðri, dags. 24. janúar 1956.

²²⁵ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Hvað á að gera við vandræðabörnin? Skýrsla fræðslufulltrúa Reykjavíkur til bæjarráðs Reykjavíkur, dags. 14. janúar 1944.

²²⁶ BSR. Aðfnr. 5047. Fundargerð bæjarstjórnar Reykjavíkur, dags. 10. febrúar 1944 – *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 135.

ekkert varð þó úr því að heimavistarskólinn yrði stofnaður þar eða á annarri jörð í sveit.²²⁷ Í lok maí 1945 barst bæjarráði Reykjavíkur bréf frá formanni og ritara Landnáms Templara að Jaðri en svo nefndist stjórnin í Þingstúku Reykjavíkur sem fór með málefni Jaðars. Í bréfinu sagði:²²⁸

Á síðastliðnu ári skoðaði Barnaverndarnefnd og fræðslufulltrúi Reykjavíkur, byggingu þá er við höfðum í smíðum að Jaðri, með tilliti til þess að bærinn tæki hana á leigu í sína þágu, þann tíma árs er við rekum ekki þar okkar eigin starfsemi. Mæltist Barnaverndarnefnd til þess að fá að sitja fyrir, ef húsið yrði leigt til afnota yfir vetrarmánuðina. Með tilvísun til þessa og með því að sýnt er að húsið verður fullgert innan skamms, leyfum við okkur að bjóða bæjarráði húsið til leigu. [...] Við erum reiðubúnir til að leigja húsið 8-9 mánuði ársins fyrir sanngarnt verð.

Bæjarráð óskaði eftir álitum barnaverndarnefndar Reykjavíkur og á fundi nefndarinnar hinn 1. júní 1945 var samþykkt að mæla með því að Reykjavíkurbær tæki tilboði Þingstúku Reykjavíkur um að leigja húsið að Jaðri fyrir heimavistarskóla.²²⁹ Á fundi bæjarstjórnar hinn 16. ágúst 1945 samþykkti bæjarstjórnin að heimila bæjarráði að leigja húsið að Jaðri og var fræðslufulltrúa falið, „í samráði við skólanefndir og borgarstjóra að annast rekstur skólans.“²³⁰ Í janúar 1946 ritaði fræðslufulltrúi Reykjavíkur bréf til fræðslumálastjóra og tilkynnti um fyrirhugaða starfsemi á Jaðri: „Heimavistarskólinn á að vera fyrir skólaskyld börn, sem eiga ekki samleið með öðrum börnum í barnaskólum bæjarins. Tekin verða í fyrstu 10-16 börn, en síðan 24. Skólinn er aðallega ætlaður fyrir drengi.“²³¹

Fyrstu önnina sem skólinn starfaði, vorið 1946, voru 14 nemendur og veturinn 1946-1947 voru nemendur 20. Næstu þrjú veturna voru 22-23 nemendur í skólanum og á sjötta og sjöunda áratuginum voru oftast á bilinu 25-30 nemendur sem dvöldu á Jaðri hvern vetur en nánar er fjallað um aldursskiptingu og námstíma nemenda á Jaðri í kafla 3.2 hér síðar. Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur hafði umsjón með því að ákveða hvaða

²²⁷ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-13. Borgarstjóri til fræðslufulltrúa Reykjavíkur, dags. 25. febrúar 1944; Fræðslufulltrúi Reykjavíkur til borgarstjóra, dags. 20. mars 1944; Fræðslufulltrúi Reykjavíkur til borgarstjóra, dags. 28. apríl 1944. – BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Ræða Jónasar B. Jónssonar fræðslufulltrúa Reykjavíkur á tíu ára starfsafmæli heimavistarskólans að Jaðri, dags. 24. janúar 1956. – *Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51*, bls. 135.

²²⁸ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-146. Landnám Templara að Jaðri til bæjarráðs Reykjavíkur, dags. 30. maí 1945.

²²⁹ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-146. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til bæjarráðs Reykjavíkur, dags. 1. júní 1945.

²³⁰ BSR. Aðfnr. 5047. Fundargerð bæjarstjórnar Reykjavíkur, dags. 16. ágúst 1945. – BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 385. Minnisblað um málefni Jaðars, ódags. í janúar 1964.

²³¹ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Fræðslustjóri Reykjavíkur til fræðslumálastjóra, dags. 24. janúar 1946.

drengir færu á Jaðar en þó í samráði við nokkra aðila, svo sem skólastjóra í viðkomandi barnaskólum, skólastjóra Jaðars og í sumum tilvikum barnaverndarnefnd Reykjavíkur.²³² Frá og með hausti 1961 fór Sálfræðideild skóla með það hlutverk að rannsaka þá drengi sem sótt var um vist fyrir á Jaðri og mæla síðan með því við skólastjóra Jaðars hverjir fengju vist.²³³

Fyrstu veturna starfaði heimavistarskólinn að Jaðri frá október og fram í maí en starfstíminn var lengdur skólaárið 1951-1952.²³⁴ Eftir það hófst kennsla um miðjan september og henni var lokið um miðjan maí.²³⁵ Stundaskráin var þétt skipuð alla daga með kennslu, útivist, heimanámi og kvöldvökum. Í skýrslu til fræðslufulltrúa Reykjavíkur vorið 1946 lýsti þáverandi skólastjóri, Loftur Guðmundsson, fyrirkomulaginu á eftirfarandi hátt:²³⁶

Í skólastofu fór venjulega fram kennsla í 4-5 stundir á degi hverjum, en auk þess fylgdist skólastjóri með námsstarfi nemenda, er þeir voru komnir til herbergja sinna á kvöldin, og veitti þeim þá aðstoð eftir föngum. [...] Hvað kennslu viðvikur, var aðaláhersla lögð á lestrar-, reiknings- og skriftarnám. [...] Ef til vill má þó segja, að mest áhersla hafi verið lögð á að bæta framferði barnanna og hegðun, og venja þau við að hlýta [sic] sanngjörnum aga.

Þegar Björgvin Magnússon tók við skólastjórn árið 1955 var nemendum skipt upp í tvær deildir, yngri og eldri deild. Í yngri deildinni voru ólæsir nemendur en í eldri deildinni hinir læsu. Björgvin gerði grein fyrir skiptingunni og daglegum störfum í skólaskýrslu fyrir veturinn 1959-1960.²³⁷

Námið í vetur gekk annars vel, og varð árangur sæmilegur, í sumum tilfellum ágætur, þótt við erfiðar aðstæður sé við að etja, sem aðallega stafa af mismunandi aldri drengjanna. Aðeins er hægt að skipta í tvær deildir. Eru þeir læsu í annarri, en þeir ólæsu í hinni. – Áður en haldið er lengra vildi ég með fáum orðum lýsa dagskránni hjá okkur, hvernig dagurinn skiptist milli náms, leikja o.fl. Kl. 8 er vakið. Drengirnir klæða sig, þvo og snyrta, síðan er tekið til í herbergjunum. Að því búnu er farið í morgunverð. Þrisvar í viku er morgunleikfimi. Kl. 9-12 er kennsla. Kl. 12 miðdegisverður. Kl. 1-3 er útivist, þá eru drengjunum kenndir leikir ýmiss konar o.s.frv. Kl. 3:30 er drykkja. Kl. 4-6 er svo nám. Kl. 6:30 kvöldverður, kl. 7-8 nám

²³² BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Ræða Jónasar B. Jónssonar fræðslufulltrúa Reykjavíkur á tíu ára starfsafmæli heimavistarskólans að Jaðri, dags. 24. janúar 1956.

²³³ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafn. F-124. Greinargerð um sálfræðiþjónustu í barnaskólum Reykjavíkur og ársskýrslur 1960-1963, ódag.- og árssett. – Prentaða útgáfu greinargerðarinnar er að finna í *Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkur. Skólaárið 1963-1964*, bls. 73-81.

²³⁴ *Árbók Reykjavíkur 1950/51*, bls. 136.

²³⁵ Sbr. t.d. ÞÍ. Heimavistarskólinn að Jaðri. 2002-32. Skýrslur um barnafræðslu skólaárin 1956-1966.

²³⁶ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 357. Skýrsla Lofts Guðmundssonar skólastjóra á Jaðri til fræðslufulltrúa Reykjavíkur, dags. 25. apríl 1946.

²³⁷ *Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkurbæjar. Skólaárið 1959-1960*, bls. 44.

aðallega lesið undir næsta dag. Kl. 8-9:30 eru svo leikir, framhaldssögulestur, kvikmyndasýningar og skátakvöldvökur. Kl. 10 kyrrð.

Á starfstíma Jaðars voru lagðar fram nokkrar tillögur um breyttar áherslur í starfsemi skólans. Fyrstu hugmyndirnar í þá veru komu frá Jónasi B. Jónssyni fræðslufulltrúa Reykjavíkur þegar árið 1950. Það ár rann út leigusamningur Reykjavíkurbæjar við Þingstúku Reykjavíkur og af því tilefni ritaði Jónas bréf til borgarstjóra og lagði til að starfsemin yrði færð að Laugarási í Biskupstungum.²³⁸

Húsakynni þar [að Jaðri] hafa verið hin prýðilegustu, en aðstaða til starfa slæm. Það hefur því vart verið hægt að beina orku drengjanna til jákvæðra starfa, heldur hefur starf kennara mest megnis orðið kennsla og gæzla. Hefur því oftsinnis komið óyndi í drengina og þeir strokið í bæinn, enda hægt um vik sökum nálægðar og góðra samgangna. [...] Segja má, að skilyrði fyrir heimavistarskóla [að Laugarási í Biskupstungum] fyrir þá drengi, sem áður hefur verið minnst á, séu þarna góð. Þarna má hafa fjölþætt starf, alls konar ræktun, alifuglarækt o.fl. Fjarlægðin frá bænum stuðlar að því, að umsjón með drengjunum verður minni og þeir því eðlilega óþvingaðri. Drengirnir geta fengið útrás fyrir orku sína við eðlileg og gagnleg störf.

Hér enduróma upprunalegu hugmyndir fræðslufulltrúans um að best færi á því að heimavistarskóli á borð við Jaðar væri staðsettur í sveit þar sem drengjunum væri bæði kennt „til munns og handa [...]“.²³⁹ Bæjarráð samþykkti á fundi í maí 1950 að fela fræðslufulltrúa að „leita samninga um framlengingu á leigumála um Jaðar, eða leigu á öðrum stað fyrir skólastarfið, sem til þessa hefir verið á Jaðri.“²⁴⁰ Ekkert varð þó af fyrirhuguðum flutningi starfseminnar og leigusamningur um Jaðar var framlengdur síðar á árinu 1950.²⁴¹ Vorið 1951 sendi Bragi Magnússon þáverandi skólastjóri á Jaðri skýrslu til fræðslufulltrúa um þá drengi sem verið höfðu í skólanum undangenginn vetur. Í niðurlagi skýrslunnar lét skólastjórinn það álit sitt í ljós að skóli sem Jaðar ætti ekki aðeins að starfa veturlangt heldur allt árið um kring þar sem margir nemendur hefðu ekki í góð hús að vanda þegar skólastarfi lyki að vori. Mæltist hann því til þess að tilraun yrði gerð með sumardvöl fyrir drengi af Jaðri í heimavist Laugarnesskólans.²⁴² Fræðslufulltrúi tók vel í tilmæli skólastjóra og kannaði möguleikana á því að hafa sumardvöl í heimavist

²³⁸ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Fræðslufulltrúi Reykjavíkur til borgarstjóra, dags. 17. apríl 1950.

²³⁹ Sbr. BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Hvað á að gera við vandræðabörnin? Skýrsla fræðslufulltrúa Reykjavíkur til bæjarráðs Reykjavíkur, dags. 14. janúar 1944.

²⁴⁰ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-141. Borgarstjóri til fræðslufulltrúa Reykjavíkur, dags. 13. maí 1950.

²⁴¹ *Árbók Reykjavíkur 1950/51*, bls. 135.

²⁴² BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 357. Bragi Magnússon skólastjóri að Jaðri til fræðslufulltrúa Reykjavíkur, dags. 7. maí 1951.

Laugarnesskóla en þetta komst þó aldrei í framkvæmd.²⁴³ Fræðslufulltrúi Reykjavíkur ítrekaði þörfina fyrir heilsársstarfsemi á Jaðri í greinargerð um barnaheimili á vegum Reykjavíkurbæjar árið 1956. Þar sem skilyrði á Jaðri „til atvinnu og starfa [voru] nálega engin [...]“ lagði fræðslufulltrúinn til að nýbyggingar fyrir barnaheimili og heimavistar-skóla yrðu reistar „á kyrrlátum stað utan bæjar, þar sem landrými er nóg og staðhættir góðir.“²⁴⁴ Barnaheimilanevnd tók undir þetta sjónarmið í tillögum sínum til borgarstjóra árið 1957 og þar var gert ráð fyrir tveimur heimavistarskólum fyrir 25 drengi hvor og einum fyrir 25 stúlkur sem starfa skyldu allt árið.²⁴⁵

Sumarið 1961 skrifuðu Jónas Pálsson forstöðumaður Sálfræðideildar skóla og Símon Jóh. Ágústsson prófessor álitsgerð um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík. Gerðu þeir athugasemd við það að í stað þess að á Jaðri „dveldust drengir, sem vanrækja nám og skólasókn [...]“, eins og upphaflega var ætlast til, væri reyndin sú að „aðalástæðan til vistunar allmargra drengja þar [væru] vondar heimilisástæður, sem jafnframt hafa þá truflað nám þeirra.“ Töldu þeir æskilegt að Jaðri yrði ætlað skýrar afmarkað hlutverk og þar vistaðir drengir sem vanræktu nám og skóla og væru haldnir áberandi hegðunarvandkvæðum í skóla. Einnig var gagnrýnt í álitsgerðinni að allmargir nemendur dveldu þar í 3-4 vetur og var lagt til að dvalartíminn yrði yfirleitt eitt skólaár og að enginn dveldi þar lengur en tvö skólaár. Að lokum var lagt til að nemendur yrðu ekki teknir í skólann „nema á undan hafi farið athugun sérfræðinga á þeim, og sálfræðingur sé til ráðuneytis um rekstur skólans, sitji t.d. fundi með skólastjóra og starfsfólki tvisvar í mánuði.“²⁴⁶ Sálfræðideild skóla tók við síðastnefnda hlutverkinu en hún hafði verið sett á laggirnar árið 1960. Björgvin Magnússon skólastjóri á Jaðri gat þessa í skólaskýrslu fyrir skólaárið 1961-1962:²⁴⁷

Í vetur varð sú breyting á hér í sambandi við skólann, að allir drengir, sem hingað koma, eru rannsakaðir og prófaðir af Sálfræðideild skóla, og hefur nú deildin ásamt fræðsluskrifstofunni ákvörðun um, hverjir eru sendir hingað í skólann. Forstöðumaður deildarinnar, Jónas Pálsson,

²⁴³ ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1986-BB/28. Fræðslufulltrúi Reykjavíkur til borgarstjóra, dags. 8. maí 1951.

²⁴⁴ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Greinargerð Jónasar B. Jónssonar fræðslufulltrúa Reykjavíkur um barnaheimili á vegum Reykjavíkur ásamt tillögum um breytingar og umbætur, dags. 14. júní 1956.

²⁴⁵ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Tillögur barnaheimilanevndar um vistheimili, dags. 20. mars 1957.

²⁴⁶ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Álitsgerð Jónasar Pálssonar og Símonar Jóh. Ágústssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júní 1961.

²⁴⁷ *Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkur. Skólaárið 1961-1962*, bls. 101.

sálfræðingur, kom svo hingað einu sinni í viku og hélt fund með kennurum og húsmóður skólans.

Í nóvember 1962 settu Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Reykjavíkur og Jónas Pálsson forstöðumaður Sálfræðideildar skóla fram tillögur varðandi vistheimili og ráðstafanir vegna barna sem gátu ekki dvalist á heimilum sínum. Þar áréttuðu þeir að afmarka þyrfti hlutverk Jaðars skýrar:²⁴⁸

Að því er stefnt, að heimavistarskólinn á Jaðri gegni því aðalhlutverki enn frekar en nú er, að vera heimili til enduruppeldis og sérstakrar meðferðar (milieu-behandling) á börnum, sem eru taugaveikluð; sýna hegðunarvandkvæði eða eru afbrigðileg að öðru leyti, en þó innan „normal“ marka að greindarþroska. Skróp, uppeldisvandráði og taugaveiklun eiga sér afar oft sameiginlegar rætur í lélegri heimilisaðstöðu barnsins, enda þótt um mörg þessara afbrigðilegu barna verði ekki sagt, að heimili þeirra í efnahagslegu né félagslegu tilliti séu léleg.

Af minnisblaði sem Jónas Pálsson forstöðumaður Sálfræðideildar skóla ritaði árið 1967 má ráða að ekki hafi fyllilega gengið eftir að afmarka hlutverk Jaðars skýrar eins og lagt var til í álitsgerðinni árið 1961 og tillögunum frá árinu 1962. Í minnisblaðinu kom fram að ákvörðun um ráðstöfun drengja á Jaðar byggðist að „langmestu leyti á félagslegri og uppeldislegri aðstöðu barnanna, þ.e. hve þörf þeirra [væri] brýn fyrir bættu heimilis- og uppeldisaðstöðu.“ Af þessu leiddi að heimavistarskólinn að Jaðri gegndi fyrst og fremst hlutverki vistheimilis en ekki „hlutverki meðferðastofnana (milieubehandling hjem eða observationskole) nema að takmörkuðu leyti, enda [væru] engar beinar heimildir í lögum eða reglugerðum um rekstur slíkra sérkennslustofnana.“²⁴⁹

Árið 1970 tilnefndi Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Reykjavíkur nefnd sem fjalla skyldi um starfrækslu heimavistarskólanna að Jaðri og Hlaðgerðarkoti og tengd verkefni. Í nefndinni sátu Þorsteinn Sigurðsson sérkennslufulltrúi, Ragnar Georgsson skólafulltrúi og Jónas Pálsson forstöðumaður Sálfræðideildar skóla sem var formaður nefndarinnar. Í júní 1971 kynnti nefndin tillögur sínar ásamt greinargerð.²⁵⁰ Lagði nefndin m.a. til að innan skólanna á skyldustiginu í Reykjavík yrði komið á fót stuðningskennslu og meðferð í smáum hópum þar sem nemendur yrðu áfram kyrrir í almennum bekkjum en fengju

²⁴⁸ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar varðandi ráðstafanir vegna barna, sem geta ekki dvalist á heimilum sínum af ýmsum orsökum, ódags. í nóvember 1962.

²⁴⁹ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 700. Greinargerð Jónasar Pálssonar um Jaðar og Hlaðgerðarkot, dags. 2. nóvember 1967.

²⁵⁰ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 346. Jónas Pálsson til Jónasar B. Jónssonar fræðslustjóra Reykjavíkur, dags. 21. júní 1971.

hjálp sérmenntaðra kennara en einnig að þar yrðu sérbekkir, svokallaðir „observations-bekkir“. Þá var lagt til að utan skólanna yrðu á vegum fræðsluráðs og félagsmálaráðs sett á laggirnar skólaheimili, heimavistir fyrir vanrækt börn og unglinga og meðferðarheimili fyrir taugaveikluð börn og unglinga undir stjórn Sálfræðideildar skóla. Tillaga nefndarinnar varðandi Jaðar var á þá leið að skólaárið 1971-1972 yrði starfsemi skólans með svipuðu sniði og verið hefði en stefnt skyldi að því að flytja kennslu- og meðferðarþátt starfseminnar til borgarinnar jafnóðum og aðstaðan og úrræðin í framkomnum tillögum nefndarinnar væru komin í gagnið.²⁵¹

Tillögur nefndarinnar voru í anda svokallaðrar blöndunarstefnu sem ruddi sér til rúms á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar en með henni var leitast við að finna stöðugt fleiri börnum stað í almenna skólakerfinu og færa sérkennslu frá stofnunum og inn í skólana.²⁵² Veturna 1971-1972 og 1972-1973 var starfsemi á Jaðri óbreytt nema að því leyti að nemendur voru færri en áður eða 18 og 17 hvorn vetur. Skólahlald hófst með venjubundnum hætti haustið 1973 en skömmu síðar var ákveðið að hætta starfseminni frá og með 1. desember 1973 og var öllum starfsmönnum sagt upp.²⁵³ Veturinn 1973-1974 var komið á fót sérdeild við Réttarholtsskóla fyrir nemendur með geðræna erfiðleika og hegðunarvandkvæði og tók hún við því hlutverki sem Jaðar hafði gegnt. Á árunum 1974-1979 voru samskonar sérdeildir stofnaðar við sex aðra skóla í Reykjavík, svonefnd skólaathvörf.²⁵⁴

2. Lagagrundvöllur starfsemi Jaðars

Eins og fram kemur í II. hluta áfangaskýrslu nr. 1 hefur vistheimilanefnd lagt til grundvallar að við ákvörðun hennar um hvaða stofnanir athugun hennar nær til á grundvelli erindisbréfs forsætisráðherra dags. 11. apríl 2008, skuli í fyrsta lagi horft til þeirra vist- og meðferðarheimila sem ekki voru starfandi við gildistöku laga nr. 26/2007,

²⁵¹ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 346. Tillögur nefndar um úrræði til aðstoðar atferlistrufluðum og vanræktum nemendum, dags. 21. júní 1971.

²⁵² Þorsteinn Sigurðsson: *Þættir úr sögu sérkennslunnar*, bls. 45-47, 58-59. – Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson o.fl.: *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*, bls. 286-291. – Arthur Morthens: *Heimavistarskólinn að Jaðri 1946-1973*.

²⁵³ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 8. Samrit af bréfi fræðsluskrifstofu Reykjavíkur til starfsmanna á Jaðri, dags. 22. nóvember 1973.

²⁵⁴ Þorsteinn Sigurðsson: *Þættir úr sögu sérkennslunnar*, bls. 86-89. – Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson o.fl.: *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*, bls. 280.

sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. *Í öðru lagi* telur nefndin að athuganir hennar geti tekið til sérskóla sem ekki eru lengur starfandi.²⁵⁵ Er ótvírætt af lögskýringargögnum að baki lögum nr. 26/2007 að það hafi verið ætlun löggjafans að nefndin gæti eftir atvikum fjallað um slíkar stofnanir ef ástæða þætti til.²⁵⁶

Á þeim grundvelli var sú ákvörðun tekin af hálfu vistheimilaneftndar á fundi hennar hinn 29. apríl 2008 að tvær sérkennslustofnanir skyldu sæta könnun hennar, Heyrnleysingjaskólinn sem starfræktur var af hálfu ríkisins og heimavistarskólinn að Jaðri sem starfræktur var af hálfu Reykjavíkurborgar. Niðurstöður könnunar nefndarinnar á starfsemi Heyrnleysingjaskólans eru birtar í VI. hluta áfangaskýrslu nr. 1 en niðurstöður könnunar nefndarinnar á starfsemi heimavistarskólans að Jaðri eru birtar í þessum hluta áfangaskýrslu nr. 2.

Í kafla 2 í IV. hluta áfangaskýrslu nr. 1 er stuttlega gerð grein fyrir sögu sérkennslu hér á landi og yfirstjórn fræðslumála rakin. Þar er einnig gerð grein fyrir laga- grundvelli sérkennslu á árunum 1947-1992 en ákvæði eldri löggjafar um það efni rakin í stuttu máli og vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Verða því hér aðeins dregin fram nokkur meginþingarmið sem eftirfarandi umfjöllun um lagagrundvöll sérkennslu og starfsemi heimavistarskólans að Jaðri miðast við.

Í löggjöf um almenna skólaskyldu sem gerð er grein fyrir í kafla 4 í IV. hluta áfangaskýrslu nr. 1, þ.e. lögum nr. 59/1907 um fræðslu barna, lögum nr. 40/1926 um fræðslu barna og lögum nr. 94/1936 um fræðslu barna, var ekki gert ráð fyrir tilvist sérstakra stofnana er skyldu veita börnum sem voru undanþegin skólavist kost á námi eða þjónustu. Í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1936 um fræðslu barna sem í gildi voru þegar heimavistarskólinn að Jaðri hóf starfsemi sína sagði: „skólaneftnd varnar þeim börnum skólavistar, sem að dómi skólastjóra og kennara eru óhafandi með öðrum börnum sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni“. Af þessu leiðir að börn sem vegna eigin hegðunar voru ekki hæf til náms í almennum skólum voru undanþegin skólaskyldu og ekki var í lögnum gert ráð fyrir skyldu ríkisins eða sveitarfélaga að veita þeim kost á námi á stofnun eða í skóla utan hins almenna skólakerfis. Á hinn bóginn voru tiltekin sérkennslu- úrræði þó fyrir hendi utan hins almenna skólakerfis fyrir hluta þeirra barna sem voru

²⁵⁵ Áfangaskýrsla nr. 1 er birt á heimasíðu forsætisráðuneytis, sjá

<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/2009-09-afangaskyrsla1-konnun-barnaheimila.pdf>

²⁵⁶ *Alþr.* 2007-1008, A-deild, þskj. 1019.

undanþegin almennri skólaskyldu. Sérskóli fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta einstaklinga hafði verið starfræktur frá árinu 1867 og var skólaskylda fyrir þann hóp einstaklinga lögleidd árið 1872 með *Tilskipun handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja o.fl.*²⁵⁷ Í lögum nr. 18/1936, um fávitahæli, var í 1. gr. kveðið á um að stofnuð yrðu skólaheimili fyrir „unga vanvita og hálfvita eða börn og unglinga, sem kenna má ofurlítið til munns eða handa.“ Hins vegar kom fram í sömu grein að það væri háð því að fé væri veitt til þess í fjárlögum, auk þess sem ekki var hér um skólaskyldu að ræða, sbr. greinargerð með 3. gr. laganna.²⁵⁸

Heimavistarskólinn að Jaðri hóf starfsemi í febrúar árið 1946 eða í gildistíð laga nr. 94/1936 um fræðslu barna. Eins og að ofan er rakið gerðu þau lög ekki ráð fyrir tilvist skóla eða stofnunar sem veita skyldi þeim börnum sem undanþegin voru skólaskyldu, m.a. vegna slæmrar hegðunar í skóla, rétt til náms. Í því ljósi fær vistheimilanevnd ekki annað ráðið en að skort hafi á að starfsemi heimavistarskólans að Jaðri byggðist á nægjanlega haldbærum lagagrundvelli enda hvorki kveðið á um heimild eða skyldu ríkisins eða sveitarfélaga til að starfrækja slíka stofnun.

Árið 1946 voru sett lög nr. 22/1946 um skólakerfi og fræðsluskyldu, lög nr. 34/1946 um fræðslu barna og lög nr. 48/1946 um gagnfræðanáám. Var í fyrsta sinn kveðið á um skyldu til að veita *öllum börnum* uppeldi eða fræðslu við þeirra hæfi, án undantekninga, ýmist í almennum skólum eða á sérhæfðri stofnun. Almenn skólaskylda var nú átta ár, frá 7 til 13 ára aldurs í barnaskólum, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 34/1946, og til 15 ára aldurs í gagnfræðaskólum þar sem tekið skyldi unglingapróf, sbr. 11. gr. laga nr. 48/1946. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir að hið almenna skólakerfi lagaði sig að sérkennsluþörfum barna á skólaskyldualdri, þeim þörfum skyldi mætt með öðrum hætti. Við gildistöku laga nr. 34/1946 var lagður grunnur að stofnanavæðingu sérkennsluúræða næstu áratugi á eftir.²⁵⁹

Í 5. gr. laga nr. 34/1946 var tiltekinn hópur barna undanþeginn skólaskyldu og samkvæmt 6. gr. laganna skyldi þörfum þeirra mætt með vist í skóla eða á stofnun. Ákvæði 5. og 6. gr. voru svohljóðandi:

5.gr.

²⁵⁷ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands. Þriðja bindi 1870-1875*, bls. 286.

²⁵⁸ *Alþt.* 1935, A-deild, bls. 407.

²⁵⁹ Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson o.fl.: *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*, bls. 273.

Undanþegin frá að sækja almenna barnaskóla eru:

[...]

c. börn, sem að dómi hlutaðeigandi kennara, skólustjóra og skólalæknis skortir hæfileika til þess að stunda nám í almennum barnaskóla;

d. börn, sem að dómi sömu aðila spilla góðri reglu í skólanum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum;

e. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám.

6. gr.

Þeim börnum, sem um getur í c-, d- og e-liðum 5. gr., skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

Heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða þessum börnum námstíma einu eða tveimur árum lengri en öðrum börnum.

Í athugasemdum við 6. gr. í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögunum var gerð nánari grein fyrir þeim hugmyndum sem lágu að baki fyrrgreindri stofnana-væðingu sem átti eftir að verða áberandi áratugina á eftir:²⁶⁰

Þau börn, sem hér um ræðir, geta ýmist ekki stundað nám í venjulegum barnaskólum sakir heilsubreysts eða annarra líkamlegra annmarka (svo sem blindu, heyrnarleysis o. fl.) eða þau eru til spillis starfi skólanna. Um hin fyrrtöldu þarf varla að fara mörgum orðum. Sú mannúð er fyrir löngu viðurkennd – í orði kveðnu a. m. k. – að eigi megi neinn gjalda þess í mannréttindum, að heilsa hans sé ekki heil. Um hin síðartöldu, vandræðabörnin, gegnir raunar sama máli. Á þau ber að líta sem andlega vanheil og fara með þau eftir því. Sú er niðurstaða allra uppeldisráðgjöfinga, sem gerðar hafa verið á þeim. Skynsamlegar uppeldisráðstafanir er hin eina lækning, sem hægt er að veita þeim. Með þeim ráðum einum er hægt að firra þjóðfélagið þeim vandræðum, sem af þeim stafa ella, og gera þau í sumum tilfellum nýta þegna, og til þess verður að sjá þeim fyrir vist í sérstökum skólum eða stofnunum við þeirra hæfi.

Námstími eða öllu heldur uppeldistími þessara barna er skoðaður sem lækningatími. Því þykir rétt, að heimild sé til að áætla hann lengri en skyldunámstíma heilbrigðra barna.

Ákvæði efnislega sambærileg 5. og 6. gr. laga nr. 34/1946 um fræðslu barna var að finna í 15. og 17. gr. laga nr. 48/1946 um gagnfræðanám varðandi hið lögboðna nám í gagnfræðaskólum. Með þessum breytingum á fræðslulöggjöfinni árið 1946 var lagður grunnur að nálgun sérkennslumála næstu áratugina. Hið almenna skólakerfi átti ekki að bera ábyrgð á uppfræðslu barna og unglunga sem krefðust sérstakrar athygli af þeim ástæðum sem lýst er hér að ofan, heldur skyldi mæta þörfum þeirra á sérhæfðri stofnun eins og fyrr er getið.²⁶¹

²⁶⁰ *Alþt.* 1945, A-deild, bls. 140.

²⁶¹ Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson o.fl.: *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*, bls. 273.

Þessi skipan sérkennslu hélst óbreytt þar til sett voru ný lög um grunnskóla nr. 63/1974 en það er fyrir utan viðfangsefni vistheimilaneftndar í þessum hluta að fjalla um skipan sérkennslu frá gildistöku þeirra laga. Starfsemi heimavistarskólans að Jaðri var lögð niður árið 1973 og miðast því umfjöllun nefndarinnar um lagagrundvöll sérkennslunnar fyrir þann tíma.

Af því sem að framan er rakið telur vistheimilaneftnd vafa leika á því að stofnun heimavistarskólans að Jaðri í febrúar 1946 hafi stuðst við nægjanlegan lagagrundvöll enda ekki mælt fyrir um skyldu ríkis eða sveitarfélaga að starfrækja menntastofnun fyrir þann hóp barna sem ekki áttu samleið með öðrum börnum í almenna skólakerfinu sökum síðleysis eða einstakrar óhlýðni, svo vísað sé til orðanotkunar laga nr. 94/1936. Á hinn bóginn verður ekki annað ráðið en Jaðar hafi verið skóli eða stofnun í skilningi 6. gr. laga nr. 34/1946. Þá hafi skólinn fyrst og fremst haft það hlutverk að vera skóli fyrir börn sem „að dómi hlutaðeigandi kennara, skólastjóra og skólalæknis [spilltu] reglu [...] og [voru] miður heppilegt fordæmi öðrum börnum;“, sbr. d. liður 5. gr. laga nr. 34/1946 en samkvæmt 6. gr. sömu laga skyldi þeim börnum séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitti þeim fræðslu eða uppeldi við þeirra hæfi. Þá verður ekki annað ráðið ef litið er til þeirra skjallegu gagna sem vistheimilaneftnd hefur aflað um almennan rekstur Jaðars að skólinn hafi verið menntastofnun í skilningi laga nr. 34/1946 sem kostuð skyldi sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Því til stuðnings hefur nefndin undir höndum skjallæg gögn um kostnaðarskiptingu ríkisins og Reykjavíkurborgar. Fór um hann með sama hætti og aðrar menntastofnanir sem starfræktar voru á þessum tíma, þ.e. kostnaði var skipt í samræmi við 13. gr. laga nr. 34/1946 er mælti fyrir um skiptingu kostnaðar á milli ríkis og sveitarfélaga við rekstur þeirra menntastofnana sem lögin tóku til.

3. Almenn um starfsemi Jaðars

3.1 Gagnaöflun nefndarinnar

Frumgögn um málefni heimavistarskólans að Jaðri er að finna á Borgarskjalasafni Reykjavíkur, í skjalasöfnum fræðsluskrifstofu Reykjavíkur málasafni borgarstjóra, Þjóðskjalasafni Íslands í skjalasafni menntamálaráðuneytis og skjalasafni Jaðars. Gögn um einstaklingsmálefni þeirra drengja sem dvöldu á Jaðri er að finna í skjalasöfnum fræðslu-

skrifstofu Reykjavíkur og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur á Borgarskjalasafni og í skjalasafni Jaðars á Þjóðskjalasafni.

Starfræksla heimavistarskólans að Jaðri var í höndum fræðsluskrifstofu Reykjavíkur allan starfstímann frá 1946-1973. Almenn gögn um fjárhagslegan rekstur, starfsmannahald, húsnæðismál og bréfaskipti sem almennt varða starfsemina er því að finna í skjalasafni fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og bréfa- og málafni fræðslustjóra Reykjavíkur á Borgarskjalasafni. Þar er einnig að finna almenn gögn um nemendur skólans, svo sem nemendalista frá árunum 1950-1968 og prófskýrslur frá árunum 1947-1949 og 1954-1973. Í málafni borgarstjóra er helst að finna gögn um aðdraganda að stofnun Jaðars auk greinargerða og skýrslna um starfsemina frá skólastjórum Jaðars og fræðslustjóra Reykjavíkur.

Með bréfi dags. 26. maí 2008 óskaði vistheimilanefnd eftir því við Borgarskjalasafn Reykjavíkur að almenn gögn um starfsemi heimavistarskólans að Jaðri yrðu afrituð og afhent nefndinni. Ofangreind gögn bárust nefndinni í september 2008. Í maí 2009 bárust vistheimilanefnd viðbótargögn um starfsemi og rekstur Jaðars frá Borgarskjalasafni sem komið höfðu í ljós við nánari eftirgrennslan starfsmanna safnsins í skjalasafni fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og bréfa- og málafni fræðslustjóra Reykjavíkur.

Þá var leitað til Borgarskjalasafns Reykjavíkur með beiðni um afrit af einstaklingsmálum fyrrverandi nemenda á Jaðri, sem voru eftir því sem vistheimilanefnd kemst næst 378 talsins. Einstaklingsmál hjá barnaverndar- og í þessu tilviki einnig fræðsluyfirvöldum veita m.a. mikilvægar upplýsingar um aðdraganda og ástæður námsdvalar, lengd hennar og önnur málsatvik. Út frá almennum gögnum sem bárust nefndinni í september og október 2008 var nafnalisti útbúinn yfir fyrrverandi nemendur á árunum 1946-1973. Vistheimilanefnd ákvað að óska eftir úrtaki einstaklingsmála og var leitast við að nefndin hefði mál a.m.k. 25% nemenda hvert skólaár og þannig upplýsingar um tildrög námsdvalar og málsmeðferð allan starfstíma skólans. Í einstaklingsmálunum koma m.a. fram upplýsingar um afskipti barnaverndarnefndar Reykjavíkur af viðkomandi einstaklingi og fjölskyldu hans auk þess sem gögn um viðkomandi einstaklinga í skjalasafni fræðsluskrifstofu Reykjavíkur voru afrituð, svo sem spjaldskrárspjald um skólaferil í barnaskólum Reykjavíkur, nafnalistar og prófskýrslur frá Jaðri og skýrslur frá Sálfræði-

deild skóla. Á tímabilinu apríl til október 2009 afhenti Borgarskjalasafn Reykjavíkur vistheimilanevnd 170 einstaklingsmál fyrirverandi nemenda á Jaðri. Til viðbótar fékk nefndin afhent frá Þjóðskjalasafni Íslands úr skjalasafni heimavistarskólans að Jaðri nemendaskýrslur um 154 nemendur frá árunum 1946-1957 og skýrslur Sálfræðideildar skóla um 36 nemendur frá árunum 1962-1966. Samtals hafði vistheimilanevnd upplýsingar um aðdraganda og ástæður námsdvalar og málsmeðferð hjá 230 (60,8%) nemendum af þeim 378 sem voru á Jaðri á árunum 1946-1973.

Skjalasafn heimavistarskólans að Jaðri er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Í skjalasafninu eru annars vegar nemendaskýrslur frá árunum 1946-1957 og hins vegar bréfasafn frá árunum 1955-1968. Veturinn 1947-1948 var byrjað að fylgja stöðluðu formi við gerð námsskýrslna. Þar voru skráðar grunnupplýsingar um barnið, foreldra þess eða uppallendur auk upplýsinga um heimilisaðstæður, umhverfi utan skóla og heimilis, umsögn kennara eða skólastjóra, ástand barnsins við komuna á Jaðar og að lokum umsögn skólastjóra Jaðars að lokinni dvöl þar. Yngstu nemendaskýrslurnar með þessu staðlaða formi eru frá skólaárinu 1956-1957. Í bréfasafninu eru ýmis bréf til skólastjóra Jaðars, svo sem frá menntamálaráðuneyti, fræðslustjóra Reykjavíkur, frá öðrum skólastjórum um nemendur og bréf vegna heilbrigðiseftirlits. Einnig eru þar afrit skýrslna um starfsemi skólans sem skólastjóri sendi fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, m.a. prófskýrslur árin 1960 og 1963-1968 og skýrslur um barnafræðslu frá árunum 1956-1966 auk nokkurra starfsmannalista frá árunum 1955-1966. Í bréfasafninu eru engin bréf eða skjöl úr tíð fyrri skólastjóra á Jaðri, að undanskildum fyrrnefndum nemendaskýrslum, né frá tímabilinu 1969-1973. Í september 2008 yfirfór starfsmaður vistheimilanevndar skjalasafn Jaðars á Þjóðskjalasafni og óskaði eftir afritum. Þjóðskjalasafn Íslands afhenti nefndinni umbeðin afrit í október 2008.

Í skjalasafni menntamálaráðuneytis á Þjóðskjalasafni eru tvær skjalaöskjur um málefni Jaðars og eru skjölin frá árunum 1951-1973. Ríkissjóður greiddi laun kennara á Jaðri og laun ráðskonu að hálfu og menntamálaráðuneyti skipaði kennara og skólastjóra skólans. Gögn menntamálaráðuneytis um Jaðar varða því alfarið þessi mál. Menntamálaráðuneyti kallaði eftir gögnum úr skjalasafni ráðuneytisins á Þjóðskjalasafni og afhenti vistheimilanevnd í október 2008.

3.2 Fjöldi nemenda, aldursskipting og dvalartími

Samkvæmt þeim gögnum sem vistheimilanevnd hefur undir höndum voru 378 nemendur á Jaðri á árunum 1946-1973. Við nemendafjöldann verður þó að gera þann fyrirvara að nemendalista fyrir skólaárin 1956-1957 og 1957-1958 vantar. Að öðru leyti er nefndin með heildstæðan nafnalista yfir alla nemendur á Jaðri fram til ársins 1956 og að auki prófskýrslur fyrir öll ár á tímabilinu 1950-1973 að skólaárunum 1956-1958 undanskildum.

Tafla 4 Fjöldi nemenda hvert skólaár

Skólaár	Nemendafjöldi
1946	14
1946-1947	20
1947-1948	20
1948-1949	23
1949-1950	22
1950-1951	22
1951-1952	25
1952-1953	26
1953-1954	30
1954-1955	30
1955-1956	27
1956-1957	27
1957-1958	30
1958-1959	30
1959-1960	31
1960-1961	28
1961-1962	29
1962-1963	27
1963-1964	27
1964-1965	25
1965-1966	22
1966-1967	27
1967-1968	28
1968-1969	25
1969-1970	23
1970-1971	23
1971-1972	18
1972-1973	17

Í opinberum skólaskýrslum og almennum gögnum um starfsemi heimavistar-skólans er að finna upplýsingar um fjölda nemenda hvert skólaár á árunum 1946-1973. Eins og sjá má á töflu 4 dvöldu oftast 25 nemendur eða fleiri á Jaðri hvert skólaár og á 18 ára tímabili, frá skólaárinu 1951-1952 og til og með skólaárinu 1968-1969, voru nemendur aðeins einu sinni færri en 25 talsins. Nemendur voru flestir á árunum 1953-1964 þegar þeir voru 27-31 á vetri en síðustu tvö starfsár skólans voru þeir fæstir, eða 17-18 talsins. Að meðaltali voru 24,8 nemendur á Jaðri á árunum 1946-1973. Þegar skólinn tók til starfa árið 1946 var gert ráð fyrir að þar væri rúm fyrir 24 drengi á vetri og svo var enn gert árið 1956.²⁶² Árið 1963 má á hinn bóginn sjá dæmi um að miðað væri við að á Jaðri dvöldu 24-28 drengir.²⁶³ Í þessu sambandi er vert að geta þess að í tillögum barnaheimilaneftndar um vistheimili árið 1957 var gert ráð fyrir tveimur heimavistar-skólum, sambærilegum þeim sem var að Jaðri, fyrir alls 50 drengi enda var talið að Jaðar fullnægði „hvergi nærri þörf né eftirspurn.“²⁶⁴

Út frá fyrirliggjandi gögnum hefur verið unnt að greina námslengd 369 nemenda af þeim 378 sem nefndinni er kunnugt um að hafi verið á Jaðri á árunum 1946-1973.

Tafla 5 Námslengd drengja á Jaðri

								Alls
Fjöldi skólaára	1/2	1	2	3	4	5	6	
Fjöldi nemenda	9	192	90	42	27	7	2	369
Hlutfall %	2,4	52,0	24,4	11,4	7,3	1,9	0,5	100,0

Algengast var að nemendur dvöldu einn vetur á Jaðri (52,0%) og alls 291 af 369 voru þar í tvo vetur eða skemur (78,9%). Alls 69 nemendur voru 3-4 vetur (18,7%) en níu einstaklingar dvöldu á Jaðri í 5-6 vetur (2,4%).

Nemendur voru á aldrinum 6-16 ára þegar þeir dvöldu á Jaðri. Af þeim 378 nemendum sem voru á Jaðri á árunum 1946-1973 hefur vistheimilaneftnd upplýsingar um

²⁶² BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Fræðslustjóri Reykjavíkur til fræðslumálastjóra, dags. 24. janúar 1946. – *Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkurbæjar. Skólaárið 1956-1957*, bls. 63.

²⁶³ ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1989-B/1505. Fræðslustjóri Reykjavíkur til fræðslumálastjóra, dags. 10. október 1963.

²⁶⁴ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Tillögur barnaheimilaneftndar um vistheimili, dags. 20. mars 1957.

aldur 361 þeirra við upphaf dvalar. Skiptist það þannig að tíu nemendur voru 6-7 ára við komuna á Jaðar, 103 nemendur voru 8-9 ára, 149 nemendur voru 10-11 ára, 97 nemendur voru 12-13 ára og tveir nemendur voru 14 ára gamlir. Meðalaldur nemenda við upphaf dvalar á Jaðri var 10,3 ár.

3.3 Menntun og reynsla skólastjóra og starfsmanna

Fyrsti skólastjóri heimavistarskólans að Jaðri var Loftur Guðmundsson. Hann var fæddur 6. júní árið 1906 í Þúfukoti í Kjósarhreppi. Loftur lauk kennaraprófi frá Kennaraskólanum árið 1931 og leikfimikennaraprófi frá Lýðháskólanum í Tärna í Svíþjóð árið 1932. Loftur var kennari við barnaskólann á Stokkseyri árin 1932-1933, barnaskólann í Vestmannaeyjum 1933-1945 og Austurbæjarskóla haustið 1945. Hann var ráðinn skólastjóri að Jaðri 1. janúar 1946 og gegndi því starfi fram á vor 1947.²⁶⁵ Loftur Guðmundsson lést árið 1978.

Friðbjörn Benónýsson kennari tók við skólastjórástöðunni af Lofti Guðmundssyni árið 1947. Friðbjörn var fæddur 12. desember árið 1911 í Laxárdal í Bæjarhreppi í Strandasýslu. Hann lauk kennaraprófi frá Kennaraskólanum árið 1937 og lagði stund á nám í uppeldisfræði við Stokkhólmsháskóla á árunum 1945-1947. Friðbjörn starfaði sem forfallakennari við Austurbæjarskóla 1937-1938 og var kennari við barnaskólann í Vestmannaeyjum á árunum 1940-1945. Hann gegndi stöðu skólastjóra á Jaðri í tvo vetur, frá hausti 1947 og fram á vor 1949.²⁶⁶ Friðbjörn Benónýsson lést árið 1973.

Pegar Friðbjörn Benónýsson lét af störfum var Pálína Jónsdóttir ráðin sem skólastjóri Jaðars. Pálína fæddist 28. júlí 1924 á Hesteyri í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraskólanum árið 1944 og prófi í uppeldisfræði um afbrigðileg börn árið 1949 í Zürich í Sviss. Áður en Pálína hélt til Sviss hafði hún starfað sem kennari við barnaskólann á Patreksfirði á árunum 1944-1947. Samhliða námi sínu í Sviss á árunum 1947-1949 starfaði Pálína auk þess á uppeldisheimilum þar í landi og á uppeldisheimili í Danmörku sumarið 1949. Pálína Jónsdóttir gegndi stöðu skólastjóra á Jaðri veturinn 1949-1950.²⁶⁷

²⁶⁵ *Kennaratal á Íslandi I*, bls. 456.

²⁶⁶ *Kennaratal á Íslandi I*, bls. 140.

²⁶⁷ *Kennaratal á Íslandi II*, bls. 43.

Haustið 1950 tók Bragi Magnússon við skólastjórn á Jaðri. Bragi fæddist 1. febrúar 1922 á Akureyri. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1942 og íþróttakennaraprófi árið 1943. Að því loknu hélt hann til Bandaríkjanna og lauk B.S.-prófi við University of Minnesota árið 1945 og M.Ed.-prófi í uppeldis- og kennslufræði frá sama skóla árið 1946. Bragi var kennari við Íþróttakennaraskólann veturinn 1947-1948 auk þess að starfa sem leiðbeinandi við skóla vandræðabarna í Minneapolis, Minnesota, í rúm tvö ár og sem forstöðumaður drengja- og karladeildar Community Settlement House í St.Paul í eitt ár áður en hann tók við stöðunni á Jaðri. Bragi Magnússon var skólastjóri á Jaðri til ársins 1955 eða í fimm vetur samfleytt.²⁶⁸

Árið 1955 sagði Bragi Magnússon stöðu sinni lausri og fluttist búferlum til Bandaríkjanna. Starfið var þá auglýst og sóttust þrír eftir stöðunni. Einn þeirra var Björgvin F. Magnússon kennari við gagnfræðaskóla Austurbæjar. Fræðsluráð Reykjavíkur mælti með ráðningu Björgvins og menntamálaráðuneyti setti hann sem skólastjóra á Jaðri um eins árs skeið frá 1. september 1955 að telja og hann var skipaður skólastjóri árið 1956.²⁶⁹ Björgvin F. Magnússon fæddist í Reykjavík 29. september 1923. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1946 og hóf þá um haustið guðfræðinám við Háskóla Íslands. Samhliða háskólanámi var Björgvin stundakennari við gagnfræðaskólann í Reykjavík við Lindargötu og síðar við gagnfræðaskóla Austurbæjar. Haustið 1952 var Björgvin skipaður kennari við gagnfræðaskóla Austurbæjar og á árunum 1953-1955 var hann jafnframt stundakennari við Iðnskólann í Hafnarfirði.²⁷⁰ Um mitt sumar 1946 tók Björgvin við skólastjórn skátaskólans að Úlfjótuvatni. Skólinn var starfræktur um þriggja mánaða skeið hvert sumar og Björgvin gegndi þessu starfi áfram eftir að hann varð skólastjóri á Jaðri.²⁷¹ Til undirbúnings hinu nýja starfi fór Björgvin í námsferð til Bandaríkjanna sumarið og haustið 1955 og kynnti sér starfsemi ýmissa skóla og uppeldisheimila. Árið 1966 fór Björgvin öðru sinni til námsdvalar í Bandaríkjunum.

²⁶⁸ *Kennaratal á Íslandi* I, bls. 89. – ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1989-B/1505. Bragi Magnússon til menntamálaráðuneytis, dags. 24. júní 1956.

²⁶⁹ ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1989-B/1505. Fræðslumálastjóri til menntamálaráðuneytis, dags. 3. október 1955; Menntamálaráðuneyti til Björgvins Magnússonar, dags. 8. október 1955; Fræðslumálastjóri til menntamálaráðuneytis, dags. 18. október 1955; Menntamálaráðuneyti til Björgvins Magnússonar, dags. 14. júlí 1956.

²⁷⁰ *Kennaratal á Íslandi* I, bls. 74. – Þorgrímur Gestsson: *Meistari ævintýrsins*, bls. 67-71. – ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1989-B/1505. Björgvin Magnússon til menntamálaráðuneytis, dags. 14. september 1955.

²⁷¹ ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1989-B/1505. Björgvin Magnússon til menntamálaráðuneytis, dags. 14. september 1955. – Þorgrímur Gestsson: *Meistari ævintýrsins*, bls. 74-79.

Stundaði hann nám við State College í San Francisco og lauk prófi í námsráðgjöf og meðferð afbrigðilegra barna. Þá lauk hann kennaraprófi frá Kennaraskólanum árið 1967.²⁷² Björgvin Magnússon gegndi stöðu skólastjóra í heimavistarskólanum að Jaðri allt þar til skólinn var lagður niður haustið 1973.

Vistheimilanevnd er með upplýsingar um 61 starfsmann og kennara sem störfuðu á Jaðri á árunum 1946-1973 en gera verður þann fyrirvara við þennan fjölda að nefndin hefur ekki undir höndum starfsmannalista fyrir öll ár starfseminnar. Þegar heimavistar-skólinn að Jaðri tók til starfa í febrúar 1946 voru fjórir starfsmenn við skólann: Skólastjóri, ráðskona, þjónustustúlka og umsjónarmaður. Í mars 1946 var eldhússtúlka ráðin þar sem sýnt þótti að það var of mikið fyrir tvær konur að sjá um öll innanhússtörf. Skólastjóri taldi vorið 1946 að næsta vetur yrði óhjákvæmilegt að fjölga starfsfólki enn frekar og ráða kennara og eina starfsstúlku.²⁷³ Haustið 1946 var einu stöðugildi bætt við á Jaðri og kennari ráðinn við skólann.²⁷⁴ Starfsmenn voru orðnir átta við skólann haustið 1947 en auk skólastjóra og kennara störfuðu þar sex manns: ráðskona, umsjónarmaður, eldhússtúlka, þjónustustúlka, þvottakona og gangastúlka.²⁷⁵ Starfsmenn og kennarar voru að jafnaði 8-10 talsins hvern vetur upp frá þessu allt til loka starfseminnar árið 1973.²⁷⁶ Á sjötta áratugnum var kennurum á Jaðri fjölgað í tvo og var annar fastráðinn en hinn lausráðinn. Ekki kemur skýrt fram í þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum hvenær þessi breyting varð en elsta heimildin um þetta er frá skólaárinu 1956-1957.²⁷⁷ Í október 1963 óskaði fræðslustjóri Reykjavíkur eftir því við fræðslumálastjóra að heimilað yrði að fastráða einn kennara til viðbótar við Jaðar enda hefði „jafnan verið erfitt að fá kennara

²⁷² *Kennaratal á Íslandi III*, bls. 177. – Þorgrímur Gestsson: *Meistari ævintýrsins*, bls.132-137, 176-178.

²⁷³ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Greinargerð um starfsemi heimavistarskólans að Jaðri, dags. 27. mars 1946.

²⁷⁴ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Fræðslufulltrúi Reykjavíkur til fræðslumálastjóra, dags. 2. október 1946.

²⁷⁵ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Fræðslufulltrúi Reykjavíkur til endurskoðanda Reykjavíkurbæjar, dags. 31. október 1947.

²⁷⁶ ÞÍ. Heimavistarskólinn að Jaðri. 2002-26. Starfsmannaskrár heimavistarskólans að Jaðri skólaárin 1955-1958, 1960-1961, 1965-1966. – BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 385. Starfsmenn við heimavistar-skólann að Jaðri skólaárið 1966-1967, dags. 31. okt. 1966. – ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1986-BB/28. Skýrsla til menntamálaráðuneytis um starfsemi heimavistarskólans að Jaðri skólaárið 1972-1973, dags. 3. ágúst 1973.

²⁷⁷ ÞÍ. Heimavistarskólinn að Jaðri. 2002-26. Starfsmannaskrá heimavistarskólans að Jaðri skólaárið 1956-1957.

þangað án fastráðningar [...]“ og t.a.m. enginn fengist þá um haustið.²⁷⁸ Fræðslumálastjóri studdi erindið og í mars 1964 samþykkti menntamálaráðuneyti að bæta við einum föstum kennara við skólann.²⁷⁹ Það varð þó ekki fyrr en haustið 1967 sem annar fastur kennari var ráðinn þar sem ekki hafði verið fram til þess tíma „völ á kennara sem hafði hug á að leggja fyrir sig kennslu barna á Jaðri eða hliðstæðum skóla.“²⁸⁰

4. Viðtöl við fyrrverandi nemendur og starfsmenn Jaðars

Í kafla 2 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1 er gerð grein fyrir málsmeðferð nefndarinnar, verklagi og aðferðum í tilefni af könnun nefndarinnar. Þar er í kafla 2.4 gerð grein fyrir tilhögun viðtala, markmiði og framkvæmd þeirra við fyrrverandi vistmenn og fyrrverandi nemendur þeirra stofnana sem nefndin hefur nú tekið til könnunar og vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Þá er í kafla 2.5 gerð grein fyrir sömu þáttum varðandi viðtöl við fyrrverandi starfsmenn. Í kafla 2 í I. hluta í þessari skýrslu vistheimilaneftar er þó, samhengisins vegna, gerð í stuttu máli grein fyrir sömu atriðum og vísast hér til þeirra umfjöllunar.

Á haustdögum 2008 var hafist handa við að útbúa nafnalista yfir fyrrverandi nemendur Jaðars sem búa hér á landi, svo unnt væri með beinum hætti að senda þeim bréf og bjóða þeim til viðtals við nefndina. Í kjölfarið voru tekin viðtöl við fyrrverandi nemendur skólans og síðar skýrslur af starfsfólki. Fyrirhugað var að niðurstöður um könnun á starfsemi Jaðars yrðu birtar í áfangaskýrslu nr. 1 sem afhenda átti forsætisráðherra hinn 1. júlí 2009. Þegar könnun nefndarinnar á starfsemi Jaðars var vel á veg komin á vormánuðum 2009 bárust nefndinni upplýsingar um 50-60 fyrrverandi nemendur Jaðars til viðbótar við þá einstaklinga sem nefndinni var þá kunnugt um að höfðu verið í skólanum. Þess vegna var ákveðið, á fundi nefndarinnar 3. júní 2009, að fresta birtingu á niðurstöðum könnunar á Jaðri. Taldi nefndin að veita yrði fyrrgreindum einstaklingum kost á að koma til viðtals við nefndina og greina frá reynslu sinni af dvölinni og eru því niðurstöður könnunar á starfsemi Jaðars birtar í þessari skýrslu, áfangaskýrslu nr. 2.

²⁷⁸ ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1989-B/1505. Fræðslustjóri Reykjavíkur til fræðslumálastjóra, dags. 10. október 1963.

²⁷⁹ ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1989-B/1505. Fræðslumálastjóri til menntamálaráðuneytis, dags. 19. febrúar 1964; Menntamálaráðuneyti til fræðslumálastjóra, dags. 2. mars 1964.

²⁸⁰ ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1986-BB/28-3. Fræðslumálastjóri til menntamálaráðuneytis, dags. 7. september 1967.

Á skrá hjá nefndinni yfir fyrrverandi nemendur skólans eru 378 einstaklingar. Til viðtals við vistheimilaneftnd komu 54 einstaklingar eða 14,3% fyrrverandi nemenda skólans. Nánari greining og sundurliðun á tölulegum upplýsingum um framkvæmd nefndarinnar á viðtölum við þá er eftirfarandi:

Viðtal	54 einstaklingar
Þáðu ekki boð um viðtal	201 einstaklingur
Látinir	53 einstaklingar
Finnast ekki	52 einstaklingar
Búa erlendis	18 einstaklingar
Samtals	378 einstaklingar

Nefndin hefur upplýsingar um nöfn 61 einstaklings sem starfaði í skólanum en þar af eru 17 látinir, fjórir búa erlendis og ekki tókst að afla nægjanlegra persónuupplýsinga um 14 svo unnt væri að boða þá til viðtals við nefndina. Nefndin tók skýrslur af 16 fyrrverandi starfsmönnum skólans, átta kennurum, sex starfsmönnum, skólastjóra skólans veturinn 1949-1950 og skólastjóra skólans á tímabilinu 1955-1973. Við mat á því hvaða starfsmenn nefndin óskaði eftir að taka viðtal við var sérstaklega litið til þess að aflað yrði upplýsinga um hvert starfsár skólans svo heildarmynd fengist af starfsemi þau ár sem hann var starfræktur. Einnig var litið til þess hvort framburður fyrrverandi nemenda skólans gæfi tilefni til að athuga nánar vísbendingar sem fram komu í viðtölum við þá um illa meðferð eða ofbeldi á starfstíma skólans. Nefndin tók skýrslur af starfsfólki sem starfaði á mismunandi tíma á starfstíma skólans að frátöldum árunum 1950-1955 og skólaárinu 1962-1963, ef frá er talinn skólastjóri skólans á árunum 1955-1973. Nefndin hefur takmarkaðar upplýsingar um starfsmenn skólans á árunum 1950-1955 og þá er einnig hluti þeirra látinn og tveir búa erlendis. Nánar verður fjallað um efni framburða úr viðtölum við þá einstaklinga sem komu fyrir nefndina og ályktanir nefndarinnar á þeim grundvelli í kafla 5 hér síðar.

5. Ályktanir og niðurstöður nefndarinnar

5.1 Um tildrög náms nemenda á Jaðri

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn og erindisbréfi forsætisráðherra dags. 11. apríl

2008, er hlutverk vistheimilaneftndar m.a. að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, hlutverki hennar í barnaverndar- og uppeldismálum og *tildrögum* þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir. Um tildrög dvalar eða náms einstaklinga á heimavistarskólanum að Jaðri lágu aðrar og ólíkar forsendur að baki en dvalar einstaklinga á stofnunum sem störfuðu á grundvelli barnaverndarlaga. Á hinn bóginn gerðu þágildandi lög um fræðslu barna nr. 94/1936 og 34/1946 ráð fyrir að tilteknar forsendur lægju að baki námsdvöl barna á stofnun á borð við Jaðar og að ákvarðanir um nám einstaklinga við skólann væru teknar af þar til bærum aðilum. Í ljósi ofangreinds ákvæðis 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 og erindisbréfs forsætisráðherra dags. 11. apríl 2008, telur vistheimilaneftnd hlutverk hennar vera að gera grein fyrir tildrögum náms barna við skólann, þ.á m. að leggja mat á hvort efnislegar og lögbundnar forsendur hafi legið þar að baki og hvaða verklag hafi verið viðhaft þegar ákvarðanir voru teknar þar að lútandi.

5.1.1 Lagagrundvöllur náms einstaklinga við skólann

Eins og áður er rakið í kafla 2 hér að framan var í gildistíð laga nr. 94/1936 um fræðslu barna ekki gert ráð fyrir tilvist sérstakra menntastofnana sem veita skyldu þeim börnum sem voru undanþegin skólavist nám eða þjónustu en það voru m.a. börn sem „voru óhafandi með öðrum börnum sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni“, sbr 3. mgr. 3. gr. laganna. Á hinn bóginn hefur vistheimilaneftnd, ef litið er til aðdraganda að stofnun skólans, lagt til grundvallar að heimavistarskólinn að Jaðri hafi verið stofnun eða skóli sem ætlaður var börnum sem undanþegin voru frá því að sækja almenna skóla sökum eigin hegðunar.

Eins og áður er rakið var við gildistöku laga nr. 34/1946 um fræðslu barna í fyrsta skipti mælt fyrir um skyldu til að veita öllum börnum á aldrinum 7-13 ára uppeldi eða fræðslu við þeirra hæfi, án undantekninga, ýmist í almennum skólum eða sérhæfðri stofnun. Í d. lið 5. gr. laga nr. 34/1946 kom fram að undanþegin frá að sækja almennan barnaskóla voru „börn, sem að dómi sömu aðila [hlutaðeigandi kennara, skólustjóra og skólalækni] [spilltu] góðri reglu í skólanum og [voru] miður heppilegt fordæmi öðrum börnum.“ Þá skyldi samkvæmt 6. gr. sjá þeim börnum fyrir vist í skóla eða á stofnun sem veitti þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi. Þegar litið er til fyrrgreindra lagaákvæða verður ráðið að skólinn var stofnun eða skóli í merkingu 6. gr. laga nr. 34/1946 fyrir börn sem áttu ekki samleið með öðrum börnum í almenna skólakerfinu sökum eigin hegðunar.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 34/1946 um fræðslu barna skyldi í hverju héraði vera fræðsluráð skipað fimm mönnum og samkvæmt 26. gr. skyldi í hverju skólahverfi vera starfandi skólanefnd skipuð þremur mönnum. Í 2. mgr. þeirrar greinar var kveðið á um að í kaupstöðum væri heimilt að fela fræðsluráði störf skólanefndar, ef fræðslumálastjórn mælti svo fyrir og hlutaðeigandi bæjarstjórn samþykkti.²⁸¹ Hinn 1. apríl 1947 var fræðsluráð í Reykjavík skipað og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 26. gr. voru fræðsluráði falin störf skólanefnda í Reykjavík. Hlutverk skólanefndar, eftir atvikum fræðsluráðs, var m.a. að sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu nytu lögboðinnar fræðslu. Þá skyldi hún samkvæmt fyrirmælum fræðslumálastjórnar gera skýrslu um þau börn í skólahverfinu sem ekki sæktu hinn almenna barnaskóla.

Eins og ráðið verður af framangreindu telur vistheimilaneftnd að við könnun á tildrögum náms barna á Jaðri verði í fyrsta lagi að taka til athugunar hvaða forsendur lágu að baki skólavist nemendanna. Í öðru lagi verði að taka til athugunar hvernig málsmeðferð var hagað við töku ákvörðunar um innritun nemenda í skólann. Í því sambandi verður *annars vegar* að kanna hver var aðkoma kennara, skólastjóra og skólalæknis í heimaskóla við mat á því hvort eigin hegðun viðkomandi nemanda var þess eðlis að hann væri undanþeginn skólavist í almenna skólakerfinu. *Hins vegar verður að kanna* hvaða aðilar tóku ákvörðun um innritun nemenda á Jaðar.

Áður er rakið að í febrúar 1946, er starfsemi Jaðars hófst, voru í gildi lög nr. 94/1936 um fræðslu barna. Ný lög um fræðslu barna nr. 34/1946 tóku gildi í maí 1946 og giltu fram til ársins 1974 er ný lög um grunnskóla nr. 63/1974 tóku gildi. Giltu því um starfsemi skólans fyrsta skólaárið, sem varaði frá því í febrúar 1946 til maí sama ár, lög nr. 94/1936. Þar sem lög nr. 94/1936 giltu einungis fyrstu þrjú mánuði í starfsemi skólans telur vistheimilaneftnd ekki ástæðu til að skipta umfjöllun um tildrög náms einstaklinga við skólann eftir gildistíma fyrrgreindra laga, þ.e. annars vegar laganna frá 1936 og hins vegar laganna frá 1946. Verður því hér síðar í kafla 5.1.2 jöfnum höndum fjallað um tildrög náms nemenda allan starfstíma skólans, þ.e. frá því í febrúar 1946 fram til ársins 1973 er starfsemi skólans var hætt.

²⁸¹ Um yfirstjórn fræðslumála er nánar fjallað í kafla 3. í IV. hluta áfangaskýrslu nr. 1.

5.1.2 Ályktanir af skjallægum gögnum og öðrum heimildum

Nefndin hefur tiltæk gögn um málefni 230 af 378, eða 60,8%, fyrrverandi nemenda á Jaðri á starfstíma skólans 1946-1973. Um töluvert magn skjala er að ræða, bæði úr skjalasafni fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og barnaverndarnefndar Reykjavíkur sem vistuð eru á Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Þá hefur nefndin einnig fengið afhent frá Þjóðskjalasafni Íslands nemendaskýrslur frá árunum 1946-1957.²⁸² Í þeim gögnum er í flestum tilvikum að finna upplýsingar um heimilisaðstæður viðkomandi einstaklinga og í þeim flestum eru einnig upplýsingar um viðkomandi einstakling, t.d. skólasókn hans, hegðun á heimili eða í skóla. Þar er einnig að finna gögn sem varpa að nokkru ljósi á töku ákvarðana um nám þeirra á Jaðri.

Ljóst er að lög um fræðslu barna nr. 94/1936 og lög nr. 34/1946 veittu fræðsluyfirvöldum nokkurt svigrúm á þessum tíma til að meta hvort forsendur væru fyrir námsvist nemanda á Jaðri. Þannig var heimavistarskólinn ætlaður börnum sem að mati kennara, skólastjóra eða skólalæknis spilltu starfi í skóla eða voru miður heppileg fordæmi öðrum börnum. Af þessu leiðir að skólanum var ekki ætlað að veita viðtöku börnum sem vista varð utan heimilis eingöngu vegna aðstæðna eða atvika er vörðuðu foreldra barns, svo sem vegna veikinda þeirra, ofneyslu áfengis, ofbeldis eða vanrækslu. Samkvæmt ákvæðum þágildandi barnaverndarlaga nr. 29/1947 og 53/1966 var það á hendi barnaverndarnefndar Reykjavíkur að fara með málefni þeirra barna og eftir atvikum að ákvarða vistun þeirra utan heimilis hvort sem slík ákvörðun var með samþykki foreldra eða í andstöðu við vilja þeirra.²⁸³ Það var hlutverk barnaverndarnefndar Reykjavíkur að gæta að hagsmunum og réttaröryggi barna sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður eða barna sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum, svo vísað sé til hugtakanotkunar þágildandi barnaverndarlaga. Ákvarðanir um málefni þeirra bar barnaverndarnefnd að taka að undangenginni málsmeðferð sem sérstaklega var mælt fyrir um, m.a. með formlega rökstuddum úrskurði ef samþykki foreldra lá ekki fyrir slíkri

²⁸² Um gagnaöflun nefndarinnar í tilefni af könnun á starfsemi heimavistarskólans að Jaðri er fjallað í kafla 3.1.

²⁸³ Í III hluta áfangaskýrslu nr. 1 er gerð grein fyrir lagaumhverfi barnaverndarmála á tímabilinu 1947-1992. Þar eru rakin ákvæði barnaverndarlaga um skyldur barnaverndarnefnda til verndar börnum og þau úrræði sem grípa skyldi til í einstökum málum.

ráðstöfun.²⁸⁴ Í umfjöllun um tildrög náms barna á Jaðri ber að hafa í huga þá lögbundnu verkaskiptingu sem var á milli fræðslufirvalda annars vegar og barnaverndaryfirvalda hins vegar en að því verður vikið sérstaklega hér síðar í umfjöllun um tildrög náms nemenda á Jaðri á starfstíma skólans. Í þessu sambandi bendir vistheimilanevnd á að samkvæmt ákvæðum þágildandi laga um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 og nr. 53/1966 var sérstaklega mælt fyrir um tilkynningarskyldu opinberra starfsmanna ef þeir yrðu í störfum sínum varir við misfellur í uppeldi og aðbúð barna og ungmenna. Þannig var samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1947 mælt sérstaklega fyrir um að „kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og þeim sem [fóru] með framfærslumál, [væri] skylt að fylgjast eftir fögnum með hegðun og uppeldi barna og ungmenna og hafa náið samstarf við barnaverndarnefnd“. Þá var sömu aðilum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef þeir urðu í starfa sínum áskynja um bágar uppeldisaðstæður barna. Efnislega sambærilegt ákvæði var í 18. gr. laga nr. 53/1966. Af þessu leiðir að ofangreindum aðilum bar skylda til að tilkynna barnaverndarnefnd Reykjavíkur um grun um slæman aðbúnað barns.

Eins og áður greinir hefur vistheimilanevnd aflað skjallegra gagna um málefni 230 fyrrverandi nemenda skólans. Við greiningu á þeim gögnum er ljóst að margvíslegar ástæður hafa legið að baki dvöl einstakra nemenda á Jaðri, í sumum tilvikum m.a. hegðunarferðileikar og skróp í skóla. Í almennum gögnum um Jaðar er að finna nokkuð af bréfum frá sjötta áratugnum þar sem sótt er um vist fyrir drengi að Jaðri. Bregða þau skýru ljósi á aðstæður drengjanna og ástæður þess að leitað var eftir þessu úrræði. Skólastjóri Miðbæjarskólans sendi t.d. fræðslufulltrúa eftirfarandi bréf í apríl 1956: „[NN] hefur sótt skóla mjög óreglulega í vetur og nú um skeið alls ekki komið í skólann. Kennari [NN] og ég höfum oft rætt þetta við móður hans, en án árangurs. Ég tel því óhjákvæmilegt, að drengnum sé komið úr bænum sem fyrst.“²⁸⁵ Fræðslufulltrúi áframsendi bréfið til skólastjóra Jaðars og biður hann um að reyna að taka drenginn. Sem hann og gerði því samkvæmt nemendalistum var umræddur drengur skráður meðal nemenda vorið 1956 og aftur veturinn 1956-1957.

²⁸⁴ Um málsmeðferð barnaverndarnefndar samkvæmt lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og lögum nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna er fjallað í kafla 2.4.4 í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1.

²⁸⁵ ÞÍ. Heimavistarskólinn að Jaðri. 2002-26. Skólastjóri Miðbæjarskólans til fræðslufulltrúa Reykjavíkur, dags. 7. apríl 1956.

Vistheimilanevnd telur sig ekki hafa forsendur til að fullyrða annað en að ákvarðanir fræðslufirvalda í Reykjavík um námsvist þeirra einstaklinga á Jaðri hafi í þeim tilvikum er forsenda fyrir námsvist var skróp í skóla eða hegðunarvandkvæði fallið innan lögbundinna marka d. liðar 5. gr. laga nr. 34/1946. Á hinn bóginn hefur vakið athygli vistheimilanevndar að meirihluti þeirra einstaklinga sem stunduðu nám á Jaðri bjuggu við bágar heimilisaðstæður sem m.a. stöfuðu af fátækt, barnmergð á heimili, ofdrykkju foreldra, vanrækslu og/eða ofbeldi. Þá er að sjá á mörgum fyrrgreindra mála að margir þessara þátta hafa verið forsenda fyrir ákvörðun um nám viðkomandi á Jaðri en ekki í meginatriðum eigin hegðun viðkomandi barns. Í þeim tilvikum telur vistheimilanevnd að vafi leiki á því að forsendur fyrir ákvörðun um innritun nemenda á Jaðri hafi stuðst við fullnægjandi lagagrundvöll. Hafi börn þá verið vistuð að Jaðri fyrst og fremst vegna háttsemi foreldra, veikinda þeirra og í nokkrum tilvikum verður ekki annað ráðið en að forsendur náms nemenda á Jaðri hafi einungis mátt rekja til fátæktar á heimili. Þá eru nokkur dæmi um að hvorki hegðunarerfiðleikar né erfiðar heimilisaðstæður hafi verið forsenda skólavistar nemenda á Jaðri. Úr hópi þeirra nemenda sem stunduðu nám á Jaðri fyrsta skólaárið, þ.e. frá því í febrúar 1946 fram til vors sama ár, var ástæða skólavistar hluta þeirra á Jaðri sú að þeir bjuggu í nágrenni við skólann.

Á tíu ára starfsafmæli skólans árið 1956 tók Jónas B. Jónsson fræðslufulltrúi Reykjavíkur saman tölfræði yfir fjölda nemenda og greindi hvaða ástæður lágu að baki veru þeirra. Alls höfðu 158 drengir dvalið á Jaðri þessi tíu ár. Erfiðar félagslegar aðstæður hjá drengjum og erfiðleikar í barnaskólanámi, svo sem fjarvistir eða önnur óæskileg hegðun, voru helstu ástæður þess að sótt var um vist á Jaðri. „Það má segja að 90 drengir hafi verið teknir beinlínis fyrir skróp eða útivist og 42 drengir fyrir hnupl, en stundum hefur þetta farið saman. En svo hafa þeir einnig verið teknir fyrir það, að heimilin hafa vanrækt þá og þeir svo að segja heimilislausir.“²⁸⁶

Í greinargerð Sálfræðideildar skóla frá árinu 1963 sagði um ástæður dvalar nemenda á Jaðri.²⁸⁷

²⁸⁶ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Ræða Jónasar B. Jónssonar fræðslufulltrúa Reykjavíkur á tíu ára starfsafmæli heimavistarskólans að Jaðri, dags. 24. janúar 1956.

²⁸⁷ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-124. Greinargerð um sálfræðiþjónustu í barnaskólum Reykjavíkur og ársskýrslur 1960-1963, ódag,- og ársett.

Þorri nemenda að núverandi heimavistarskóla að Jaðri eru þar sökum ófullnægjandi heimilisaðstöðu, sem smátt og smátt hefir leitt til uppeldis- og aðlögunarerfiðleika. Með öðrum orðum er um að ræða uppeldisleysi og lélega venjumyndun, samfara nokkrum tilfinningalífstruflunum, sem þó eru í fæstum tilfellum djúpstæðar og ættu að geta lagast við bætta aðbúð og öryggi.

Þá lýsti Jónas Pálsson forstöðumaður Sálfræðideildar skóla í bréfi til fræðsluráðs Reykjavíkur 7. janúar 1965 að flestar umsóknir um skólavist á Jaðri væru vegna bágra heimilisaðstæðna nemendanna, en þar segir m.a.:²⁸⁸

Flestar umsóknir um vist virðast sprottnar af brýnni þörf og raunverulegri. Við teljum einnig, að í mörgum – sennilega flestum tilfellum – sé um heimilis- og uppeldis vandamál að ræða, sem sé svo almenns eðlis og djúpstætt, að ekki sé réttlætjanlegt, að skilgreina það sem skólavandamál sérstaklega. Það er að vísu rétt, að hálfgert eða algert heimilis- og uppeldisleysi hefir oft leitt til skólavandræða, svo sem skróps, lélegs námsárangurs og hegðunaryvandamála, en þeir erfiðleikar verða í mörgum tilvikum að telja eðlileg og næsta óhjákvæmileg afleiðing, en ekki orsök vandamálsins í heild. Við teljum með öðrum orðum, að hér sé um almennt barnaverndarmál að ræða og útvegum heimilis- og uppeldisaðstöðu, fremur en skólavandamál í venjulegum skilningi.

Hingað til hefir sálfræðiþjónusta barnaskólanna reynt eftir getu að leysa vandræði barna þessara, aðstandenda þeirra og viðkomandi skóla með ýmsum – og óneitanlega oft- ófullnægjandi úrræðum. Erfiðustu eða verst settu drengirnir hafa fengið vist á Jaðri, en annars reynt með viðræðum, aukakennslu, stuðningi og aðhaldi frá kennurum og fleiri aðilum að draga úr skröpi og stuðla að skynsamlegri uppeldisháttum. Hins vegar hefir Sálfræðideild skóla nær aldrei tilkynnt formlega til annarra aðila, t.d. barnaverndarnefndar eða framfærslunefndar, um hagi þessara barna né heldur beinlínis krafist þess, að þeir létu málið til sín taka.

Við vitum, að fræðsluráð Reykjavíkur er þetta vandamál ljóst, en viljum þó alveg sérstaklega vekja athygli þess á vandanum. Hvernig haga skal afgreiðslu og meðferð mála af því taki, sem skýrt er frá hér að framan.

Í minnisblaði Jónasar Pálssonar frá árinu 1967 kom fram að ákvörðun um töku nemenda á Jaðar byggðist að „langmestu leyti á félagslegri og uppeldislegri aðstöðu barnanna, þ.e. hve þörf þeirra [væri] brýn fyrir bætta heimilis og uppeldisaðstöðu.“ Af þessu leiddi að heimavistarskólinn að Jaðri gegndi fyrst og fremst hlutverki vistheimilis en ekki „hlutverki meðferðastofnana (milieubehandling hjem eða observationskole) nema að takmörkuðu leyti, enda [væru] engar beinar heimildir í lögum eða reglugerðum um rekstur slíkra sérkennslustofnana.“²⁸⁹

Árið 1971 var gerð könnun á högum fjölskyldna þeirra drengja sem dvalið höfðu á Jaðri á árunum 1968-1971 og þeirra stúlkna sem dvalið höfðu í Hlaðgerðarkoti á sama

²⁸⁸ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 5. Jónas Pálsson til Fræðsluráðs Reykjavíkur, dags. 7. janúar 1965.

²⁸⁹ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 700. Greinargerð Jónasar Pálssonar um Jaðar og Hlaðgerðarkot, dags. 2.11.1967.

tíma. Niðurstaða könnunarinnar var áþekk því sem kom fram í greinargerð Sálfræðideildar skóla tæpum áratug fyrr: „[Fullyrða] má að 2/3 nemenda séu valdir vegna afleitra heimilisaðstæðna (langoftast samfara skólavandamáli og einhverri atferlistruflun), en ca 1/3 er valinn í skólana sökum fjarvista úr skóla eða atferlistruflana þótt heimilið sé efnahagslega og félagslega viðunandi.“²⁹⁰

Björgvini Magnússyni fyrrverandi skólustjóra á Jaðri var einnig tíðrætt um heimilisaðstæður nemenda sinna í endurminningabók sinni:²⁹¹

Helmingurinn af þessum strákum sem ég fékk voru fínir drengir en frá heimilum sem voru svakaleg. Og hvar voru þau? Jú, það var Bjarnaborg, það voru Pólarnir og það voru herskálakamparnir: Laugarneskampur, Múlakampur, Kamp Knox og Balbó-kampur [...] En mér fannst braggarnir þó skárri en ástandið í Pólunum. Þar voru bara tveggja herbergja íbúðir, ekkert rennandi vatn, engin klósett – þar voru útikamrar. Líka í Bjarnaborg, þar voru bara kamrar. Það var mikið úr svona hverfum sem ég fékk strákana. [...] Svo lagaðist þetta mikið þegar fólkið fór í Skúlagötuhausin og Höfðaborgina, sem borgin lét byggja fyrir húsnæðislaust fólk sem fór úr bröggunum, og þau voru mjög þokkaleg þótt það færi náttúrulega eftir því hver á hélt, snyrtilegt hjá sumum en þar sem var óregla var farið illa með íbúðirnar.

Auk þess má í þessu sambandi geta þess að árið 1961 rituðu Jónas Pálsson þáverandi forstöðumaður Sálfræðideildar skóla og Símon Jóh. Ágústsson prófessor álitgerð um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík. Komu þar fram athugasemdir um að aðalástæða vistunar margra nemenda á Jaðri væru erfiðar heimilisaðstæður. Töldu þeir að afmarka yrði skýrar hlutverk Jaðars og þar skyldu einungis stunda nám börn sem vanræktu nám í skóla eða væru með áberandi hegðunarvandkvæði.²⁹² Þá voru sömu sjónarmið, eins og rakið er í kafla 1 hér að framan, í álitgerð Jónasar B. Jónssonar fræðslustjóra í Reykjavík og Jónasar Pálssonar forstöðumanns Sálfræðideildar skóla sem þeir rituðu í nóvember 1962 og í minnisblaði sem Jónas Pálsson ritaði árið 1967.²⁹³

Þá hefur vistheimilanefnd einnig yfirfarið tiltæk gögn frá fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og gögn frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur á tímabilinu 1946-1973 til að kanna hvernig *málsmeðferð og afgreiðslu ákvarðana* var hagað um innritun eða vistun

²⁹⁰ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 346. Greinargerð nefndar um úrræði til aðstoðar atferlistrufludum og vanræktum nemendum, dags. 21. júní 1971.

²⁹¹ Þorgrímur Gestsson: *Meistari ævintýrsins*, bls. 142-143.

²⁹² BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Álitgerð Jónasar Pálssonar og Símonar Jóh. Ágústssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júní 1961.

²⁹³ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málafsn. F-31. Tillögur Jónasar B. Jónssonar og Jónasar Pálssonar varðandi ráðstafanir vegna barna sem ekki geta dvalizt á heimilum sínum af ýmsum orsökum, ódags. í nóvember 1962. BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur. Askja 700. Greinargerð Jónasar Pálssonar um Jaðar og Hlaðgerðarkot, dags. 2. nóvember 1967.

barna á Jaðri. Bæði er um að ræða almenn gögn sem nefndin hefur aflað og gögn um málefni þeirra einstaklinga sem stunduðu nám á Jaðri en eins og fyrr er getið afhenti Borgarskjalasafn vistheimilaneftnd einstaklingsgögn 230 fyrrverandi nemenda á Jaðri.

Af þeim gögnum sem eru fyrir hendi telur vistheimilaneftnd vafa leika á því að í mörgum tilvikum hafi fræðslufirvöld í Reykjavík lagt mál um innritun nemenda á Jaðri í lögformlegan farveg. Hafi málefni meirihluta þeirra barna sem stunduðu nám á Jaðri verið þess eðlis að leggja hefði átt þau fyrir barnaverndarneftnd Reykjavíkur til fullnaðarafgreiðslu í stað þess að fræðslufirvöld í Reykjavík tækju einstakar ákvarðanir. Hér að ofan er rakið að ástæður náms meirihluta þeirra barna sem stunduðu nám á Jaðri hafi ekki verið reistar á fullnægjandi lagagrundvelli, enda hafi ákvörðun um námsvist á Jaðri verið tekin vegna erfiðra heimilisaðstæðna nemenda en ekki vegna eigin hegðunar. Þá benda gögn meirihluta fyrrverandi nemenda Jaðars til þess að bæði viðkomandi heimaskólar og fræðsluskrifstofa Reykjavíkur hafi í einhverjum tilvikum brugðist þeirri skyldu sinni að tilkynna barnaverndarneftnd Reykjavíkur um bágar heimilisaðstæður hluta nemenda á Jaðri. Finnast hlutfallslega fá gögn sem veita vísbendingar um að stjórnendur heimaskóla viðkomandi barna hafi tilkynnt barnaverndarneftndar um bágar aðstæður barnanna. Veitir það a.m.k. vísbendingu um að stjórnendum heimaskóla viðkomandi barna eða starfsfólki þeirra hafi láðst að tilkynna um málefni einstakra barna til barnaverndarneftndar Reykjavíkur, sbr. áðurneftnd ákvæði 18. gr. laga nr. 29/1947 og 18. gr. laga nr. 53/1966.

Í almennum gögnum um Jaðar er að finna nokkuð af bréfum frá sjötta áratugnum þar sem sótt er um vist fyrir drengi að Jaðri. Í flestum tilvikum eru bréfin frá skólastjórum viðkomandi skóla til fræðslufulltrúa Reykjavíkur en einnig eru dæmi um að barnaverndarneftnd Reykjavíkur hafi haft samband við fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og óskað eftir að drengur eða drengir yrðu teknir í skólann. Þá finnast þess einnig dæmi að foreldrar eða forráðamenn hafi sett sig í beint samband við fræðsluskrifstofu eða skólastjóra Jaðars og óskað eftir vist.

Fræðslufulltrúi Reykjavíkur lýsti því ferli í áðurneftndri ræðu sinni á tíu ára starfsafmæli skólans:²⁹⁴

²⁹⁴ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 777. Ræða Jónasar B. Jónssonar fræðslufulltrúa Reykjavíkur á tíu ára starfsafmæli heimavistarskólans að Jaðri, dags. 24. janúar 1956.

Þegar skólustjórar eða kennarar verða þess varir að drengur er hættur að læra, byrjaður að skröpa, og fortölur og heimsóknir breyta þar engu um, senda þeir skýrslur til færðslu-skrifstofu [sic] bæjarins. Þar er málið athugað. Stundum athugar barnaverndarnefnd heimilið, stundum er drengurinn greindarprófaður o.s.fr. Að lokum kynnir skólustjóri Jaðars sér heimilið. Ef öllum ber saman um, að Jaðar sé réttur staður fyrir drenginn, er hann tekinn þangað með samþykki foreldra eða aðstandenda. Fyrir kemur, að drengurinn á ekki þar heima, og þá er hann sendur aftur heim til sín, og tekur þá barnaverndarnefnd við málinu.

Árið 1960 var Sálfræðideild skóla sett á laggirnar og henni m.a. falið það verkefni að rannsaka þá drengi sem sótt var um vist fyrir á Jaðri og mæla síðan með við skólustjóra hverjir fengju vist. Þá hélt Sálfræðideild skóla einnig reglulega fundi með skólustjóra, kennurum og skólalækni þar sem rætt var um einstök börn, dagleg vandamál og rekstur skólans.²⁹⁵

Af þeim einstaklingsmálum sem nefndin hefur aflað um nemendur Jaðars er ljóst að barnaverndarnefnd hefur komið að málefnum hluta þeirra. Af þeim má ráða að verulega hafi skort á að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi lagt mál þeirra í lögformlegan farveg. Í fundargerðum barnaverndarnefndar er í fæstum tilvikum bókað um afstöðu nefndarinnar til ráðstöfunar. Í nokkrum tilvikum er einungis bókað í fundargerð að sótt hafi verið um vist fyrir viðkomandi barn á Jaðri eða bókað að viðkomandi hafi farið á Jaðar, oft nokkrum vikum fyrr. Sjaldnast er tilefni ákvörðunar rakið í bókun í fundargerð eða afstaða nefndarinnar til hennar. Eru þess nánast engin dæmi að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi tekið formlega ákvörðun um að fara þess á leit við fræðslufirvöld í Reykjavík að taka barn til dvalar á Jaðri. Þá eru einnig tilvik um að skjallæg gögn varpi engu ljósi á hvernig barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi staðið að ákvörðun um að fara þess á leit við fræðslufirvöld að koma því fyrir á Jaðri. Í þeim tilvikum er afar erfitt að draga þá ályktun að ákvörðun um ósk um námsvist á Jaðri hafi verið að réttu lagi í formi stjórnvaldsákvörðunar eins og þágildandi barnaverndarlög gerðu ráð fyrir að tekin yrði formlega á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Með vísan til framangreinds er það *í fyrsta lagi* niðurstaða vistheimilanefndar að ekki séu forsendur til að fullyrða annað en að tilefni náms hluta nemenda á Jaðri hafi stuðst við fullnægjandi lagagrundvöll, enda hafi börnin verið vistuð vegna eigin hegðunar. Á hinn bóginn telur vistheimilanefnd að í hluta tilvika kunni að leika vafi á því að forsendur fyrir slíkri ákvörðun hafi stuðst við fullnægjandi lagagrundvöll. Hafi þá börn

²⁹⁵ BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-124. Greinargerð um sálfræðiþjónustu í barnaskólum Reykjavíkur og ársskýrslur 1960-1963, ódag.- og ársett.

verið vistuð á Jaðri fyrst og fremst vegna bágra uppeldisaðstæðna, sem hafi mátt rekja til fátæktar á heimili, veikinda foreldra, vanrækslu, ofbeldis eða óreglu foreldra.

Í öðru lagi er það niðurstaða vistheimilaneftndar að vafi leiki á því að málsmeðferð fræðslufirvalda í Reykjavík og barnaverndarneftndar í Reykjavík hafi verið í samræmi við skyldur sem hvíldu á þeim aðilum samkvæmt þágildandi fræðslulöggjöf og þágildandi löggjöf um vernd barna og ungmenna. Að mati vistheimilaneftndar verður vart séð að ákvarðanir barnaverndarneftndar Reykjavíkur að óska eftir vist barna á Jaðri hafi verið teknar með samkvæmt lögum. Þá telur vistheimilaneftnd vafa undirorpið að fræðslufirvöld í Reykjavík hafi verið heimilt að koma börnum fyrir á Jaðri vegna erfðra heimilisaðstæðna enda einungis í verkahring barnaverndarneftndar Reykjavíkur að taka ákvarðanir þar að lútandi.

5.2 Sættu nemendur á Jaðri illri meðferð eða ofbeldi?

5.2.1 Almenn um ályktunargrundvöll nefndarinnar

Um aðferðir vistheimilaneftndar og grundvöll ályktana um einstaka efnisþætti, þ.á m. um hvort ill meðferð eða ofbeldi hafi átt sér stað á einhverjum tíma í sögu þeirra stofnana sem könnun nefndarinnar beinist að, hefur verið gerð grein fyrir í kafla 2.6 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1 og vísast hér til þeirrar umfjöllunar.

Það skal þó áréttað að tilgangur könnunar nefndarinnar er ekki að leggja mat á sannleiksgildi frásagna um dvöl hvers og eins þeirra sem voru nemendur í heimavistar-skólanum að Jaðri, enda er slík aðferð að mati nefndarinnar að jafnaði ekki fær þannig að niðurstöður geti talist áreiðanlegar. Af þeim sökum hefur nefndin í störfum sínum leitað við að varpa almennu ljósi á sannleiksgildi frásagna. Þá er nánar tiltekið átt við að nefndin hefur lagt mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að ill meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem nánar hefur verið rakin í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar, hafi átt sér stað á starfstíma Jaðars. Með því er lagt til grundvallar að ekki séu af hálfu nefndarinnar forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi einstakra frásagna sem mynda þá heild sem ályktunargrundvöllur hennar er reistur á. Með þessu móti telur nefndin heildarmat sitt og ályktanir af munnlegum framburði reistar á viðhlítandi forsendum með þeim fyrirvörum sem greint hefur verið frá í kafla 2.6 í I. hluta áfangaskýrslu nr. 1.

Af frásögnum þeirra einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina má ráða að starfsemin hefur ekki beinlínis verið kaflaskipt í hugum þeirra. Þeir sem voru í skólanum í fleiri en einn vetur tengdu frásagnir af einstökum atburðum eða atvikum sjaldnast við tiltekinn vetur enda mundu fæstir eftir því nákvæmlega hvaða vetur atburðirnir áttu sér stað.

Á starfstíma skólans voru fimm einstaklingar við stjórn hans. Loftur Guðmundsson frá stofnun skólans í febrúar 1946 fram til vors 1947, Friðbjörn Benónýsson frá 1947 til 1949, Pálína Jónsdóttir frá 1949 til 1950 og Bragi Magnússon frá 1950 til 1955. Þá gegndi Björgvin Magnússon stöðu skólastjóra frá 1955 fram til ársins 1973 þegar starfsemi skólans var lögð niður. Flestir þeir einstaklingar sem komu til viðtals við nefndina miðuðu að jafnaði ekki upplýsingar sem þeir veittu nefndinni við þann skólastjóra sem var við stjórn skólans á þeim tíma þegar þeir voru nemendur hans. Á hinn bóginn virðast hafa orðið ákveðin þáttaskil þegar Björgvin Magnússon tók við stjórn skólans árið 1955. Verður því umfjöllun og ályktunargrundvöllur nefndarinnar um hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að *meiri líkur en minni* séu á því að fyrirverandi nemendur heimavistar-skólans að Jaðri hafi þurft að sæta illri meðferð eða ofbeldi skipt upp í tvö tímabil. Fyrst verður fjallað um tímabilið frá því í febrúar 1946 til vors 1955 en til viðtals við nefndina komu sex einstaklingar sem voru nemendur í skólanum á því tímabili og þá höfðu níu fyrirverandi nemendur skólans símasamband til að tjá henni reynslu sína. Síðan verður fjallað um tímabilið 1955-1973 en 48 einstaklingar sem voru nemendur í skólanum á því tímabili komu til viðtals við nefndina og 11 einstaklingar höfðu símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni.

Vegna þess að tímabilið 1955-1973 er langt, eða 18 skólaár samtals, og hlutfallslega flestir þeir sem komu til viðtals við nefndina stunduðu nám við skólann á þessum tíma, eða 48 einstaklingar af þeim 54 sem komu til viðtals, verður umfjölluninni hér á eftir, þegar gerð verður grein fyrir efni viðtala við fyrirverandi nemendur skólans og fyrirverandi starfsfólki hans á tímabilinu 1955-1973, skipt upp í tvö tímabil. Annars vegar tímabilið frá hausti 1955 til vors 1963, *tímabil A*, og hins vegar tímabilið frá hausti 1963 til vors 1973, *tímabil B*. Kemur þar í *fyrsta lagi* til að fjöldi þeirra einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina skiptist nánast jafnt á bæði tímabilin, þ.e. 26 einstaklingar sem stunduðu nám við skólann á tímabili A og 25 einstaklingar sem stunduðu nám við

skólann á tímabili B. Þá skarast einungis þrjú viðtöl með þeim hætti að einstaklingar voru í skólanum á þeim báðum. Í öðru lagi störfuðu aðeins tveir starfsmenn skólans á báðum tímabilum að frátöldum skólastjóra skólans. Þá verður í lok hvers tímabils gerð grein fyrir ályktunum nefndarinnar um hvort telja verði þegar á heildina er litið að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi nemendur heimavistarskólans að Jaðri hafi þurft að sæta illri meðferð eða ofbeldi á því tímabili. Eftirfarandi umfjöllun verður því samkvæmt framangreindu skipt upp sem hér segir:

1) Tímabil nr. 1 – febrúar 1946 – vor 1955

2) Tímabil nr. 2 – haust 1955 – vor 1973

Tímabil A: Haust 1955 – vor 1963

Tímabil B: Haust 1963 – vor 1973

5.2.2 Ályktunargrundvöllur nefndarinnar og mat

5.2.2.1 Tímabil nr. 1 – 1946-1955

Á tímabilinu frá stofnun skólans í febrúar 1946 fram til vors 1955 voru 148 nemendur á Jaðri á aldrinum 6-15 ára. Hvert skólaár stunduðu að meðaltali 23 nemendur nám við skólann, en vorið 1946 voru þeir fæstir, eða 14, en skólinn starfaði þá einungis hluta úr vetri. Skólaárin 1953-1955 voru þeir flestir, eða 30 nemendur hvort ár. Af þeim 148 sem voru nemendur við skólann á þessu tímabili eru 41 látnir og 76 þáðu ekki boð um viðtal hjá nefndinni. Þá hafði nefndin ekki nægjanlegar persónuupplýsingar um 25 til að unnt væri að komast í samband við þá skriflega eða símleiðis til að veita þeim kost á að koma til viðtals við nefndina.

Til viðtals við vistheimilanefnd komu sex einstaklingar sem voru í skólanum á tímabilinu eða 4,1% fyrrverandi nemenda skólans á þessu tímabili. Einn úr þeim hópi var nemandi við skólann 1947-1951 og var hann sá er dvaldi þar lengst, eða fjóra vetur. Einn var þar veturinn 1949-1950, einn veturinn 1950-1951, tveir veturinn 1953-1954 og sá sjötti í tvo vetur, eða 1953-1955. Var því nefndinni unnt að fá frásagnir fyrrverandi nemenda skólans um öll skólaárin að frátöldu vorinu 1946, skólaárinu 1946-1947 og skólaárinu 1952-1953. Þá höfðu níu fyrrverandi nemendur skólans á tímabilinu síma-samband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni en þeir þáðu ekki boð um

viðtal við nefndina. Voru þeir á Jaðri eitt eða fleiri skólaár á tímabilinu 1947-1955. Auk þeirra hafði einn einstaklingur símasamband sem kvaðst hafa verið nemandi á Jaðri í átta skólaár samtals, eða frá hausti 1954 til vors 1962. Nefndinni hefur þó, þrátt fyrir töluverða eftirgrennslan, ekki tekist að afla fullnægjandi upplýsinga um nám hans við skólann og þá voru þær upplýsingar sem hann veitti nefndinni að takmörkuðu leyti tengdar við starfsemi skólans, starfsfólk hans eða nemendur. Verður þar af leiðandi ekki litið til frásagnar hans þegar lagt verður mat á starfsemi skólans.

Nefndin hefur upplýsingar um nöfn 23 einstaklinga sem störfuðu í skólanum á tímabilinu. Af þeim eru 11 látnir og ekki var unnt að afla nægjanlegra persónuupplýsinga um fimm svo unnt væri að komast í samband við þá skriflega eða símleiðis til að boða þá til viðtals. Tveir af þeim fjórum einstaklingum sem gegndu stöðu skólastjóra á tímabilinu eru látnir og einn býr erlendis. Til viðtals við nefndina kom einn af skólastjórum skólans sem var við stjórn hans veturinn 1949-1950. Auk þess átti nefndin viðtal við fyrrverandi kennara sem starfaði við skólann 1946-1947 og eina fyrrverandi starfsstúlku sem starfaði við skólann 1948-1950. Þá mætti ein fyrrverandi starfsstúlka skólans ekki til viðtals þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir nefndarinnar þess efnis.

5.2.2.1.1 Frásagnir fyrrverandi nemenda

Frásagnir þeirra sex einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina voru ólíkar að efni til, tveir voru neikvæðir varðandi dvöl sína en fjórir jákvæðir þegar á heildina er litið. Annar þeirra sem greindi með neikvæðum hætti frá dvöl sinni var nemandi í skólanum 1947-1951, eða í fjóra vetur, en hinn veturinn 1949-1950. Hinir fjórir voru nemendur í skólanum á árunum 1950-1955, einn veturinn 1950-1951, tveir veturinn 1953-1954 og einn 1953-1955, eða í tvo vetur.

Eins og að ofan greinir voru fjórir sem komu til viðtals við nefndina og stunduðu nám á Jaðri á þessu tímabili jákvæðir þegar á heildina er litið í afstöðu sinni til dvalar sinnar í skólanum. Greindu þeir allir fjórir frá því að starfsfólkið hefði reynst drengjunum vel og aldrei beitt þá illri meðferð eða ofbeldi. Í því sambandi minntist einn þeirra drengs sem var starfsfólki skólans sérstaklega erfiður. Kvaðst hann aldrei hafa séð starfsmenn eða kennara beita þann nemanda hörðum refsingum þrátt fyrir það. Samkvæmt hans minningu hefði frekar verið reynt að ræða við drengina ef þeir sýndu af sér óeðlilega hegðun. Upplýstu þessir fjórir um að leitast hefði verið við að hugsa vel um nemendur,

aðbúnaður hefði verið góður og matur einnig. Þá hefðu samskipti drengjanna innbyrðis einnig verið jákvæð en einn þeirra greindi frá því að honum hefði verið strítt að einhverju leyti en hann myndi þó lítið eftir dvöl sinni á Jaðri. Þá greindi einn þeirra frá því að Bragi Magnússon hefði verið skólastjóri þann vetur sem hann var við nám og hann hefði reynt nemendum vel og þeir litið upp til hans. Þá hefði hann við kennsluna notað aðferðir eins og hópefli nemenda, látið þá ástunda hnefaleika og þess háttar en minna hefði verið lagt upp úr hefðbundnu námi.

Einstaklingarnir tveir sem voru neikvæðir varðandi dvöl sína á Jaðri upplýstu báðir um að hafa verið mjög ósáttir við að vera gert að dvelja þar og þess vegna ítrekað strokið frá skólanum. Greindu báðir frá því að samskipti nemenda hefðu verið afar erfið og eldri drengir kúgað þá yngri og gengið í skrokk á þeim. Mikil harka hefði verið innan drengjahópsins og annar þeirra sagði að þeir hefðu beitt aðferðum eins og að sparka í þá yngri og henda þeim til og frá. Þá sögðu báðir frá því að nemendur hefðu þurft að sæta refsingum af hálfu kennara. Greindi annar frá því að slegið hefði verið á fingurgóma nemenda og hinn m.a. að komið hefði fyrir að kennarar hefðu tekið drengi föstum tökum út úr skólastofum og „lamið“ þá og „stappað“ á þeim þar fyrir utan en hann þó sjálfur aldrei lent í slíku. Í þessu sambandi greindi hann frá því að mikið hefði verið um agavandamál í skólanum og slík háttsemi af hálfu kennara yfirleitt verið í tengslum við slæma hegðun nemenda. Tóku þessir báðir þó fram að aðbúnaður hefði verið góður svo og matur.

Eins og að framan greinir höfðu níu einstaklingar símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni af skólanum á þessu tímabili. Námsstími flestra þeirra var ólíkur en eins og áður er getið stunduðu þeir nám við skólann eitt eða fleiri skólaár á tímabilinu 1947-1955, þar af fjórir skólaárin sem einstaklingarnir tveir sem greindu með neikvæðum hætti frá dvöl sinni í skólanum dvöldu þar. Voru einstaklingarnir ánægðir með dvölinu á Jaðri. Fram komu frásagnir af því að starfsfólkið hefði verið gott, samskipti við það góð og að nemendur hefðu aldrei verið beittir illri meðferð eða ofbeldi. Þá greindu þeir allir frá því að samskipti drengja innbyrðis hefðu verið góð en sumir að af og til hefði komið upp ósætti milli einstakra nemenda en slíkt hefði ekki verið meira en eðlilegt getur talist í drengjaskóla. Einstaklingarnir þáðu ekki boð um viðtal við nefndina.

5.2.2.1.2 Frásagnir fyrrverandi starfsmanna

Til viðtals við nefndina kom kona sem var skólastjóri skólans veturinn 1949-1950. Greindi hún frá því að hafa verið nýkomin úr námi erlendis þegar henni bauðst skólastjórastaða á Jaðri. Hún hefði gegnt stöðunni þann vetur en af persónulegum ástæðum hefði hún látið af störfum að honum loknum. Aðspurð kvaðst hún muna lítið frá þessum vetri. Núna væru 60 ár síðan hún hætti og hún hefði sjaldan leitt hugann að þessum tíma. Kvaðst hún þó muna eftir því að um 20 nemendur hefðu verið í skólanum og meginástæða dvalar nemenda í skólanum hefðu verið erfiðar heimilisaðstæður. Ætti hún engar neikvæðar minningar frá þessum tíma en þó myndi hún eftir því að sumir drengir hefðu verið „baldnir“. Aðspurð um hvernig tekið hefði verið á því þegar nemendur voru baldnir kvaðst hún ekki muna eftir því að þurft hefði að taka sérstaklega á því en minntist þess þó að starfsmaður sem sá um akstur aðfanga til skólans hefði stundum tekið í nemendur ef þeir voru með óáskilega hegðun. Að hennar áliti hefði það hins vegar ekki verið ofbeldi, starfsmaðurinn hefði einungis tekið í öxl á nemendum ef þeir höguðu sér illa. Þá kvaðst hún aldrei hafa orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi, hvorki af hálfu starfsmanna skólans né annarra nemenda. Í því sambandi greindi hún frá því að hafa sjálf, áður en hún hóf störf á Jaðri, starfað erlendis á barnaheimili þar sem hefði viðgengist það sem nú myndi kallast einelti. Slíkt hefði ekki verið til staðar á Jaðri.

Nefndin tók einnig viðtal við einn fyrrverandi kennara skólans sem starfaði þar skólaárið 1946-1947 og fyrrverandi starfskonu skólans sem starfaði þar skólaárin 1948-1950. Greindi kennarinn fyrrverandi frá því að hafa starfað einn vetur á Jaðri og hafa líkað vel en tók hann fram að hann myndi frekar lítið eftir starfsemi skólans og nemendum hans enda væru rúm 60 ár frá því að hann var þar við störf. Kvaðst hann ekki minnst annars en að samskipti nemenda og starfsmanna hefðu verið góð og að aldrei hefðu komið upp atvik eða erfiðleikar í samskiptum þeirra. Einnig væru minningar hans um samskipti nemenda innbyrðis áþekkt. Aðspurður kvaðst hann aldrei hafa orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi, hvorki af hálfu starfsmanna skólans né nemenda. Starfskonan greindi frá því að innri starfsemin hefði verið aðskilin að nokkru leyti. Skólastjóri skólans og eiginkona hans ásamt kennurum hefðu að mestu annast nemendur og oftast dvalið á efri hæð skólahússins. Aðrir starfsmenn sem sáu um matseld, þvotta og þrif hefðu lítið komið að umönnun nemenda og þeir yfirleitt dvalið á neðri hæð hússins. Starfseminni

hefði verið hagað þannig að nemendur hefðu sótt skóla á morgnana og verið í útivist eftir hádegi og þar fyrir utan að mestu verið í félagsskap kennara og skólastjóra og hefði hún ekki merkt annað en að samskipti nemenda við þá hefðu verið góð. Kvaðst hún aldrei hafa orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart nemendum, hvorki af hálfu kennara né annarra nemenda. Þá greindi hún frá því að aðbúnaður hefði verið góður og matur nægur.

5.2.2.1.3 Ályktun nefndarinnar

Í ljósi ofangreinds verður nú gerð grein fyrir ályktun nefndarinnar um hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi nemendur á heimavistarskólanum að Jaðri á tímabilinu frá vordögum 1946 til vors 1955 hafi þurft að sæta illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin hefur verið í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Frásagnir fjögurra úr hópi þeirra sex fyrrverandi nemenda sem veittu nefndinni upplýsingar um reynslu sína frá dvölinni á tímabilinu voru þegar á heildina er litið jákvæðar. Greindu þeir allir frá því að hafa aldrei verið beittir illri meðferð eða ofbeldi eða orðið vitni að því gagnvart öðrum nemendum. Einnig hefði starfsfólk skólans hugsað vel um nemendur og líðan þeirra hefði verið góð á meðan á dvölinni stóð. Á hinn bóginn greindu tveir fyrrverandi nemendur frá því að þeim hefði liðið illa á meðan á dvölinni stóð. Báðir greindu frá því að hafa þurft að sæta ofbeldi af hálfu annarra nemenda og að kennarar skólans hefðu beitt nemendur ofbeldi. Annar þeirra nefndi m.a. að kennarar hefðu tekið nemendur með valdi út úr skólastofum og beitt þá ofbeldi þar fyrir utan og hinn nefndi að kennarar hefðu slegið á fingur nemenda með priki.

Til viðtals kom einn af fyrrverandi skólastjórum skólans, fyrrverandi kennari og fyrrverandi starfskona. Ekkert þeirra kvaðst nokkurn tímann hafa orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi, hvorki af hálfu starfsmanna né innbyrðis hjá nemendum. Leitast hefði verið við að annast nemendur vel og þau ekki merkt annað en að líðan þeirra hefði verið góð.

Í mati sínu tekur nefndin fram að þeir starfsmenn sem nefndin hefur upplýsingar um að störfuðu á Jaðri á því tímabili sem hér er til umfjöllunar eru flestir látnir og eru frásagnir sex, eða 4,1% fyrrverandi nemenda og þriggja fyrrverandi starfsmanna, einu upplýsingarnar sem henni er unnt að byggja mat sitt á, að því er varðar þau atriði sem

henni er ætlað að kanna. Telur nefndin ljóst að gæta verður verulegrar varfærni þegar dregnar eru almennar ályktanir af þessum upplýsingum. Þá verður einnig að gæta þess að um er að ræða atburði sem áttu sér stað fyrir meira en hálfri öld. Ekki er ástæða til að draga í efa frásagnir þeirra tveggja einstaklinga sem greindu með neikvæðum hætti frá dvöl sinni vegna ofbeldis sem þeir greindu frá að nemendur hefðu sætt, bæði af hálfu annarra nemenda og kennara við skólann. Í þessu sambandi telur nefndin þó rétt að benda á að nauðsynlegt kann að hafa verið, til að halda uppi aga í skólanum, að grípa til sérstakra ráðstafana til að kveða niður óæskilega hegðun nemanda, átti þetta einkum við þegar af nemanda stafaði hætta fyrir aðra nemendur eða starfsmenn skólans. Hefur nefndin áður lagt til grundvallar í störfum sínum að þvingunarráðstafanir eða líkamleg valdbeiting hafi undir einhverjum kringumstæðum verið réttlætanleg, en þó eingöngu að uppfylltum lagaskilyrðum fyrir slíkri valdbeitingu, svo sem neyðarvarnarsjónarmiðum. Fyrir liggur að annar þeirra tveggja einstaklinga sem greindi frá því að starfsmenn hefðu beitt nemendur ofbeldi, m.a. með því að færa þá með valdi út úr skólastofum og beita þar líkamlegu valdi, upplýsti um að það hefði oftast verið í tengslum við óæskilega hegðun nemenda.

Í ljósi alls ofangreinds telur nefndin að ekki sé tilefni til að álykta að meiri líkur en minni séu á því að nemendur í heimavistarskólanum að Jaðri á tímabilinu 1946-1955 hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar. Þá ályktun nefndarinnar styður einnig að níu fyrrverandi nemendur, þar af fjórir sem stunduðu nám á sama tíma og þeir tveir sem voru gagnrýnir á dvölinu, höfðu símasamband við nefndina til að greina henni frá jákvæðri reynslu sinni af dvöl og námi á Jaðri.

5.2.2.2 Tímabil nr. 2 – 1955-1973

Á tímabilinu 1955-1973 var 241 nemandi á Jaðri, á aldrinum 6-15 ára. Hvert skólaár stunduðu að meðaltali 26 nemendur nám við skólann, en skólaárið 1959-1960 voru þeir flestir, eða 31, og skólaárið 1972-1973 voru þeir færstir, eða 17 talsins. Af þeim 241 sem voru nemendur við skólann á þessu tímabili eru 15 látnir og 134 þáðu ekki boð um viðtal. Þá hafði nefndin ekki nægjanlegar persónuupplýsingar um 44 svo unnt væri að komast í samband við þá skriflega eða símleiðis til að veita þeim kost á að koma til viðtals við nefndina.

Til viðtals við vistheimilanevnd komu 48 einstaklingar, eða 19,9% nemenda skólans á tímabilinu. Voru þeir í skólanum í eitt eða fleiri skólaár á öllu tímabilinu og var nefndinni því unnt að fá frásagnir fyrrverandi nemenda skólans um öll skólaárin sem hér eru til umfjöllunar. Þá höfðu einnig 11 fyrrverandi nemendur skólans á tímabilinu símasamband við nefndina til að tjá henni reynslu sína af dvölinni en þeir þáðu ekki boð um viðtal við nefndina. Þeir voru nemendur skólans eitt eða fleiri skólaár á tímabilinu en þó enginn á skólaárunum 1965-1969. Þá sendi einn fyrrverandi nemandi greinargerð í tölvupósti um reynslu sína af dvölinni.

Nefndin hefur upplýsingar um nöfn 40 einstaklinga sem störfuðu í skólanum á tímabilinu. Af þeim eru níu látnir og nefndinni tókst ekki að afla nægjanlegra persónuupplýsinga um átta einstaklinga svo unnt væri að komast í samband við þá skriflega eða símleiðis til að óska eftir viðtali. Til viðtals við nefndina komu 13 einstaklingar sem störfuðu á Jaðri á tímabilinu, sjö fyrrverandi kennarar og fimm fyrrverandi starfsmenn. Þá kom einnig til viðtals fyrrverandi skólastjóri skólans.

5.2.2.2.1 Tímabil A: Haust 1955 – vor 1963

5.2.2.2.1.1 Frásagnir fyrrverandi nemenda

Á tímabili A, frá hausti 1955 til vors 1963 voru 115 nemendur á Jaðri og eins og að framan greinir komu til viðtals við nefndina 26 einstaklingar sem voru nemendur á tímabilinu eða 22,6% nemenda skólans. Tíu úr þeim hópi voru þar í einn vetur, fimm í tvo vetur, fimm í þrjá vetur, tveir í fjóra, einn í fimm vetur, einn í sex vetur og óvíst er um námslengd tveggja en þeir stunduðu nám við skólann í a.m.k. einn vetur. Nánar verður getið um námstíma einstakra nemenda er gerð verður grein fyrir frásögnum þeirra hér á eftir ef ástæða er til. Þrír úr þessum hópi stunduðu einnig nám við skólann á tímabilinu 1963-1973. Einn var í skólanum á tímabilinu 1959-1965, þ.e. fjóra vetur þetta tímabil og tvo vetur á seinna tímabilinu og tveir 1962-1965, eða einn vetur þetta tímabil og tvo vetur á seinna tímabilinu. Þá höfðu níu einstaklingar símasamband við nefndina til að greina frá reynslu sinni af skólanum á þessu tímabili.

Sextán þessara 26 einstaklinga greindu frá því að vera ánægðir með dvölinna á Jaðri. Sjö dvöldu þar í a.m.k. einn vetur en níu í fleiri en einn vetur, og þar af einn sem stundaði nám við skólann í fimm vetur í röð. Greindu þeir frá því að aðbúnaður hefði

verið góður, matur góður og nægur og vel hefði verið búið að nemendum og starfsfólki skólans. Þá hefði starfsfólkið verið gott og hugsað vel um nemendur og báru þeir flestir skólastjóra skólans góða sögu. Frásagnir komu fram um að hann hefði komið vel fram við nemendur, sýnt þeim virðingu og vinsemd og haft góð tök á þeim. Hann hefði leitast við að gera dvöl þeirra ánægjulega og í því skyni gert ýmislegt þeim til dægrastyttingar. Nemendur hefðu haft nóg fyrir stafni, t.d. við útileiki og þess háttar. Greindu allir frá því að refsingar hefðu ekki tíðkast og nokkrir greindu frá því að leitast hefði verið við að ræða við drengina ef upp komu vandamál eins og ósætti milli nemenda. Nemendur hefðu aldrei verið beittir illri meðferð eða ofbeldi, hvorki af hálfu starfsfólks skólans né annarra nemenda. Einn úr þessum hópi greindi þó frá því að starfsfólk hefði ekki farið með hann til læknis þegar hann fékk áverka í fótboltaleik og taldi hann afleiðingar af því hafa valdið sér erfiðleikum síðar.

Þrír úr þessum sextán manna hópi greindu þó frá því að samskipti nemenda hefðu að ákveðnu marki verið erfið. Sumir nemendanna, þó einkum þeir eldri og þeir sem höfðu verið lengi í skólanum, hefðu kúgað aðra, beitt þá hótunum og einn sagðist hafa nefbrotnað í átökum við aðra nemendur. Þá kvaðst annar t.d. hafa margsinnis verið þvingaður frá skólahúsinu þar sem hann hefði verið bundinn og skilinn eftir. Tveir nemendur hefðu einkum átt í hlut og hann hefði oft reynt að fela sig inni í skólahúsinu til að forðast þá. Að hans áliti hefði aldursbil nemenda skapað tiltekin vandamál, einkum fyrir yngri nemendur.

Hinir tíu einstaklingarnir sem komu til viðtals við nefndina voru þegar á heildina er litið neikvæðir varðandi dvöl sína. Sjö þeirra greindu frá því að samskipti nemenda skólans hefðu verið mjög erfið og haft í för með sér mikla vanlíðan á meðan á dvölinni í skólanum stóð. Fjórir þeirra notuðu orðið einelti um þessi samskipti. Þá greindu fimm úr þessum hópi frá því að hafa orðið fyrir eða vitni að háttsemi af hálfu starfsmanna sem þeir upplifðu sem ofbeldi.

Þeir sjö sem lýstu erfiðum samskiptum meðal nemenda dvöldu í skólanum eitt eða fleiri skólaár á öllu tímabilinu 1955-1963, að frátöldu skólaárinu 1957-1958. Í frásögnum hluta þeirra komu fram lýsingar á háttsemi annarra nemenda sem þeir upplifðu sem illa meðferð eða ofbeldi. Komu fram frásagnir um að nemendur hefðu beitt aðra líkamlegu ofbeldi, m.a. með því að sparka í aðra, lemja þá og einn greindi frá því að honum hefði

verið hent út í vatn sem var við skólann. Einn þessara einstaklinga sagði að í eitt tilgreint skipti hefðu nemendur reynt að þvinga hann til að fróa öðrum nemanda en honum tekist að komast hjá því. Hann hefði síðar orðið vitni að því er annar nemandi var þvingaður til að fróa þessum nemanda. Þrír þessara aðila greindu frá því að geta ekki sagt til um hvort starfsfólkið hefði vitað um vanlíðan þeirra en einn sagðist minnst þess að hafa fundist skólastjóri skólans ekki vera til staðar þegar hann vantaði aðstoð hans. Sá fjórði greindi frá því að hafa leitað til skólastjórans vegna erfiðra samskipta við aðra nemendur en hann sagt honum að það myndi gera ástandið verra ef starfsfólkið færi að skipta sér af slíku. Frásagnir hinna þriggja úr þessum sjö manna hópi sem greindu frá neikvæðum samskiptum nemenda innbyrðis voru áþekkar þeim sem hér hafa verið raktar.

Þrír úr hópi fyrrgreindra tíu einstaklinga sem greindu nefndinni frá neikvæðri reynslu sinni frá dvölinni á Jaðri lýstu athöfnum sem þeir upplifðu sem illa meðferð og ofbeldi af hálfu tiltekins starfsmanns sem að hluta sá um kennslu, hér eftir nefndur starfsmaðurinn A. Tveir dvöldu í skólanum í tvo vetur á árunum 1955-1957 og sá þriðji í einn vetur 1962-1963. Annar þeirra tveggja sem var í skólanum á árunum 1955-1957 greindi frá því að A hefði í eitt tilgreint skipti þvingað hann til að borða með því að halda um höfuð hans og þvinga matinn inn í munn hans. Hinn greindi frá því að hafa verið vitni að því er A beitti tvo drengi líkamlegu ofbeldi. Um tvö tilvik hefði verið að ræða þar sem hann hefði slegið nemendur. Þriðji einstaklingurinn, sem greindi frá ofbeldi af hálfu fyrrgreinds starfsmanna A, minntist þess að hafa sjálfur verið mjög erfiður á þessum tíma. Hann hefði verið afar ósáttur við að þurfa að dvelja á Jaðri og hefði gjarnan sýnt það með slæmri hegðun. Starfsmaðurinn A hefði af þeim sökum oft tekið á honum og beitt hann ofbeldi, t.d. með því að slá hann á fingurna. Kvaðst hann hafa verið mjög reiður þessum kennara lengi vel eftir dvölinni á Jaðri og oft hugsað til hans í hefndarhug eftir þá meðferð sem hann hefði fengið af hans hálfu.

Þá greindu tveir einstaklingar til viðbótar fyrrgreindum þremur frá háttsemi af hálfu starfsmanna sem þeir upplifðu sem illa meðferð og ofbeldi. Annar var við nám skólaárið 1959-1960 en hinn skólaárin 1962-1965. Annar þeirra greindi frá því að hafa tvisvar orðið vitni að ofbeldi tiltekins kennara gagnvart nemendum en mundi ekki nafn hans. Annars vegar þegar kennarinn þvingaði mat ofan í nemanda með því að stinga gaffli inn í munn hans og halda um höfuð hans á meðan. Gaffallinn hefði stungist upp í

góm nemandans með þeim afleiðingum að blætt hefði úr honum. Hins vegar hefði hann orðið vitni að því þegar sami kennari sló nemanda löðrung. Hinn greindi frá því að skólastjórinn hefði þau fjögur ár sem hann var nemandi á Jaðri tekið einhverja nemendur fyrir. Það hefði birst með þeim hætti að hann hefði talað niðrandi um þá einstaklinga og fjölskyldur þeirra og lagt hendur á þá. Þá hefði eiginkona skólastjórans slegið hann í andlitið. Að mati nefndarinnar var frásögn þessa einstaklings ótrúverðug og þá er þetta einangruð frásögn sem á sér ekki stoð í frásögnum hinna 26 einstaklinganna sem komu til viðtals við nefndina en meirihluti þeirra báru skólastjóra skólans og eiginkonu hans mjög góða sögu. Telur nefndin því að gæta verði varfærni þegar lagt er mat á frásögn hans.

Sumir þeirra sem greindu frá atburðum sem þeir upplifðu sem illa meðferð og ofbeldi tóku fram að samskipti við starfsmenn hefðu að öðru leyti verið góð og einn sagði að refsingar fyrir slæma hegðun hefðu yfirleitt falist í því að þeim var vísað inn á herbergi. Sá einstaklingur var mjög gagnrýninn á útivistarreglur og sagði að margir drengjanna hefðu verið illa búnir og útivistartíminn reynst þeim erfiður.

Níu einstaklingar sem stunduðu nám við skólann á tímabilinu höfðu símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni af dvöl og námi við skólann. Voru þeir nemendur á Jaðri eitt eða fleiri skólaár á þessu tímabili. Greindu þeir allir frá því að hafa liðið vel á Jaðri og þar hefði starfað fólk sem hefði reynst nemendum vel. Enginn þeirra kvaðst hafa orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi né hafa orðið vitni að slíku gagnvart öðrum nemendum. Þegar á heildina væri litið hefði verið vel hugsað um nemendur og ættu þeir eingöngu góðar minningar frá dvölinni. Hluti þeirra greindi frá því að komið hefði upp ósætti milli nemenda en það hefði ekki verið meira en eðlilegt getur talist.

5.2.2.2.1.2 Frásagnir fyrrverandi starfsmanna

Til viðtals við nefndina kom fyrrverandi skólastjóri skólans en eins og fyrr greinir hóf hann störf haustið 1955 og starfaði óslitið þangað til skólanum var lokað af hálfu borgaryfirvalda skömmu eftir að skólaveturinn 1973-1974 hófst. Þá komu einnig til viðtals tvær konur sem voru við almenn störf á Jaðri í tvo vetur, skólaárin 1959-1961.

Undir fyrrverandi skólastjóra skólans voru bornar frásagnir þeirra nemenda sem komu til viðtals við nefndina og stunduðu nám við skólann á starfstíma hans. Greindi hann frá því að hafa verið ungur að árum er hann tók við stöðu skólastjóra. Starfsemi skólans hefði verið eins og um stórt heimili hefði verið að ræða og yfirleitt 27-30

nemendur í skólanum hvert skólaár. Margar ástæður hefðu verið fyrir því að drengir hefðu komið á Jaðar. Um hefði verið að ræða drengi sem sóttu skóla illa, höfðu lent utangarðs í almennum skóla vegna stríðni og sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður. Þá greindi hann frá því að samskipti við nemendur skólans hefðu verið mjög góð og aldrei hefðu verið lagðar hendur á nemendur svo hann vissi til. Nemendur hefðu aldrei leitað til hans með frásagnir um slíkt. Aðspurður um samskipti nemenda greindi hann frá því að þau hefðu verið mjög góð. Ekki hefði borið á stríðni, sjaldan hefðu verið læti eða hnefum beitt í samskiptum þeirra innbyrðis. Hann hefði fylgst vel með nemendum og þeir leitað mikið til hans með sín vandamál. Hann hefði aldrei haft læst inn í vistarverur sínar á næturnar því að drengir hefðu þá mikið leitað til sín, t.d. vegna þess að þeir vættu rúm sitt og þess háttar.

Undir starfskonurnar tvær voru bornar frásagnir fyrrverandi nemenda skólans af reynslu sinni af dvölinni. Önnur þeirra greindi frá því að hafa búið í skólanum með börn sín tvö og starfað í eldhúsi. Aðspurð um nemendur skólans greindi hún frá því að hafa fundist þeir vera góðir drengir og ekki merkt annað en að lífið frá degi til dags hefði verið „ljúft“. Hún hefði þó sjálf verið upptekin við störf í eldhúsi og við að sinna sínum eigin börnum og hefði þar af leiðandi lítil samskipti haft við nemendur. Hún hefði þó eðli málsins samkvæmt fylgst með því sem var að gerast í skólanum, t.d. hefði kennslustofa verið í matsalnum og hún heyrt það sem fram hefði farið. Kvaðst hún aldrei hafa heyrt eða séð neitt óeðlilegt í samskiptum nemenda og kennara eða innbyrðis hjá nemendum. Eftir að hún hefði fengið boð um viðtal hjá nefndinni hefði hún mikið velt því fyrir sér hvort eitthvað óeðlilegt hefði mögulega átt sér stað án þess að hún yrði þess vör. Kvaðst hún hafa komist að þeirri niðurstöðu að slíkt hefði í raun verið útilokað. Nálægð fólks hefði verið mikil í skólanum, margir drengir saman í herbergi og kennarar og skólastjóri búið á efri hæðinni ásamt nemendum.

Hin starfskonan greindi einnig frá því að hafa aldrei orðið þess vör að kennarar, skólastjóri skólans eða starfsmenn beittu nemendur illri meðferð eða ofbeldi. Komið hefði fyrir að kennarar hefðu þurft að stilla til friðar ef ósætti kom upp á milli nemenda en hún hefði aldrei orðið vitni að ofbeldi gagnvart þeim. Greindi hún frá því að hafa verið í miklum samskiptum við nemendur og hún hefði ekki merkt annað en að þeim hefði líðið vel. Reynt hefði verið að sinna þeim öllum vel og nemendur leitast við að eiga

samskipti við starfsfólk. Þá hefðu sumir uppátækjasamir nemendur verið undir sérstöku eftirliti starfsfólks og einnig hefði verið vel fylgst með öðrum nemendum. Starfsfólkið hefði vakið og sofið í umhyggju fyrir nemendum, haft herbergi á gangi á efri hæðinni ásamt þeim og þar af leiðandi nálægð og samskipti þeirra við starfsfólk verið mikil. Þá hefðu drengirnir oft hjálpað til í eldhúsi við uppvaske og þess háttar og starfsfólkið einnig átt samskipti við þá því tengd. Aðspurð um samskipti nemenda innbyrðis greindi hún frá því að eðlilega hefði komið upp ýmislegt. Á hinn bóginn hefði það ekki verið meira en eðlilegt getur talist og á slíku hefði verið tekið með eðlilegum hætti að hennar álit.

5.2.2.2.1.3 Ályktun nefndarinnar

Í ljósi ofangreinds verður nú gerð grein fyrir ályktun nefndarinnar um hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi nemendur á heimavistarskólanum að Jaðri á tímabilinu frá hausti 1955 til vors 1963 hafi þurft að sæta illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin hefur verið í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Frásagnir sextán úr hópi þeirra 26 fyrrverandi nemenda sem veittu nefndinni upplýsingar um reynslu sína frá dvölinni á tímabilinu voru jákvæðar. Greindu þeir allir frá því að hafa aldrei verið beittir illri meðferð eða ofbeldi eða orðið vitni að því gagnvart öðrum nemendum. Einnig hefði starfsfólkið hugsað vel um nemendur og líðan þeirra hefði verið góð á meðan á náminu og dvölinni stóð.

Tíu einstaklingar, þar af þrír úr hópi þeirra sextán sem voru þegar á heildina er litið ánægðir með dvöl sína á Jaðri og sjö sem voru neikvæðir í afstöðu sinni, greindu frá því að samskipti nemenda hefðu verið erfið og töluvert hefði borið á einelti, kúgun og ofbeldi innbyrðis hjá nemendum. Greindi hluti þeirra að hafa orðið fyrir því sjálfir og jafnframt orðið vitni að því gagnvart öðrum nemendum. Þá upplýstu margir um að hafa sökum þessa liðið mjög illa á Jaðri og ættu þeir þegar á heildina væri litið neikvæðar minningar frá dvölinni. Af þessu tilefni tekur vistheimilanevnd fram að ekki er ástæða til að ætla að sum börn sem dvöldu í heimavistarskólum á árum áður hafi orðið fyrir því sem nú yrði skilgreint sem einelti. Í því sambandi hefur nefndin horft til þess að rannsóknir á undanförunum árum og áratugum hafa fært heim sanninn um að aðstæður í samskiptum barna á stofnunum á borð við skóla og sumardvalarheimili séu almennt með þeim hætti að veruleg hætta er á athafnir eða athafnaleysi, sem nú er skilgreint sem einelti, geti átt

sér stað.²⁹⁶ Þegar þar við bætist að um er að ræða samskipti barna á stofnunum á borð við Jaðar, þar sem mörg börnin eiga það sameiginlegt að hafa þurft að þola erfiðleika í æsku og að vera svipt möguleikum á daglegu samneyti við foreldra, er fullljóst að álitu vistheimilanevndar að enn ríkari ástæða er til að ætla að í samskiptum slíkra barna geti aðstæður skapast þar sem einelti getur þrífist.

Um það hvort þeir nemendur sem kannanir nefndarinnar taka til hafi sætt einelti, þannig að falli undir illa meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem nefndin hefur lagt til grundvallar, fer þó eftir sama mælikvarða og í öðrum tilvikum. Það er þannig verkefni vistheimilanevndar að leggja heildstætt mat á fyrirbyggjandi framburði nemenda og önnur gögn málsins þegar ályktað er um hvort meiri líkur en minni séu á því að þeir hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi. Áður eru raktar umræddar frásagnir tíu nemenda sem lúta að því að þeir hafi sætt einelti af hálfu annarra nemenda eða orðið vitni að því gagnvart öðrum. Þær frásagnir voru að nokkru marki ólíkar innbyrðis, margar þeirra frekar óljósar um í hverju háttsemi annarra nemenda hafi verið fólgin og settar fram af tiltölulega fáum nemendum þegar á heildina er litið. Er því að mati vistheimilanevndar ekki fært að álykta að nemendur á Jaðri hafi sætt einelti með kerfisbundnum og reglulegum hætti þannig að til greina komi að telja að þeir hafi á þessum grundvelli einum og sér sætt illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem lögð er til grundvallar af hálfu vistheimilanevndar.

Þrjú einstaklingar greindu frá háttsemi starfsmannsins A sem þeir upplifðu sem illa meðferð eða ofbeldi, sem m.a. hefði falist í því að þvinga mat upp í munn nemanda, slá á fingur þeirra eða slá þá. Þá greindu tveir til viðbótar frá háttsemi af hálfu annarra starfsmanna sem þeir upplifðu sem illa meðferð eða ofbeldi. Annar kvaðst hafa tvisvar orðið vitni að ofbeldi kennara gagnvart nemendum en myndi ekki nafnið hans. Þá greindi hinn frá því að skólastjóri skólans og eiginkona hans hefðu beitt hann ofbeldi. Frásagnir þessara tveggja einstaklinga voru að mati nefndarinnar ótrúverðugar og ekki verður litið

²⁹⁶ Sjá til hliðsjónar: Inga Dóra Sigfúsdóttir, Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson: „Bullying and delinquency. The mediating role of anger“. – Nansel, T. R. o.fl.: „Bullying behaviors among US youth“. – Solberg, M. E., Olweus, D. og Endresen, I. M.: „Bullies and victims at school“. – Sourander, A. o.fl.: „Childhood bullies and victims and their risk of criminality in late adolescence“. Þess skal getið að *einelti á vinnustað* er nú skilgreint með eftirfarandi hætti í reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað: „Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.“

til þeirra þegar lagt er mat á frásagnir um ofbeldi af hálfu starfsmanna. Frásagnir hinna þriggja sem greindu frá því að kennarinn A hefði beitt nemendur illri meðferð eða ofbeldi voru ekki ótrúverðugar en mjög ólíkar um þær aðferðir sem beitt var og af hvaða tilefni. Telur nefndin að á þeim grundvelli verði ekki dregin sú almenna ályktun að meiri líkur en minni séu á því að starfsmenn eða kennarar skólans hafi beitt nemendur illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar. Þá ályktun nefndarinnar styður að enginn annar úr hópi hinna fyrrverandi nemenda skólans sem kom til viðtals við nefndina greindi frá slíkri háttsemi af hálfu A en hann starfaði við skólann a.m.k. til ársins 1961 samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur undir höndum. Þessa ályktun nefndarinnar styður einnig að enginn þeirra einstaklinga sem voru við nám í skólanum fram til ársins 1961, og höfðu símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni af dvölinni á tímabilinu upplýsti um slíka háttsemi af hálfu kennarans A. Í þessu sambandi ítrekar nefndin að nauðsynlegt kann hafa verið, til að halda uppi aga í skólanum, að grípa til sérstakra ráðstafana til að kveða niður óæskilega hegðun nemanda, átti þetta einkum við þegar af nemanda stafaði hætta fyrir aðra nemendur eða starfsfólk skólans. Hefur nefndin áður lagt til grundvallar í störfum sínum að þvingunarráðstafanir eða líkamleg valdbeiting hafi undir einhverjum kringumstæðum verið réttlætunleg, en þó eingöngu að uppfylltum lagaskilyrðum fyrir slíkri valdbeitingu, svo sem neyðarvarnar-sjónarmiðum.

Til viðtals við nefndina kom skólastjóri skólans og tvær fyrrverandi starfskonur. Ekkert þeirra kvaðst hafa orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi, hvorki af hálfu starfsmanna né innbyrðis hjá nemendum. Leitast hefði verið við að annast nemendur vel og þau ekki merkt annað en að líðan þeirra hefði verið góð.

Í ljósi alls ofangreinds telur nefndin að ekki sé tilefni til að álykta um að meiri líkur en minni séu á því að nemendur í heimavistarskólanum að Jaðri á tímabilinu 1955-1963 hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar. Þá ályktun nefndarinnar styður einnig að níu fyrrverandi nemendur höfðu símasamband við nefndina til að greina henni frá jákvæðri reynslu sinni af dvöl og námi á Jaðri.

5.2.2.2.2 Tímabil B: Hausti 1963 – vor 1973

5.2.2.2.2.1 Frásagnir fyrrverandi nemenda

Á tímabili B, frá hausti 1963 til vors 1973, voru 138 nemendur á Jaðri. Eins og fyrr greinir komu 25 einstaklingar til viðtals við nefndina sem voru á Jaðri frá hausti 1963 til ársins 1973 er skólanum var lokað eða 18,1% nemenda skólans, þar af þrír sem einnig voru nemendur þar tímabilið á undan. Tólf úr þessum hópi voru þar í einn vetur, fjórir í tvo vetur, þrír í þrjá vetur, fimm í fjóra vetur og einn í sjö vetur en nánar verður getið um námstíma einstakra nemenda er gerð verður grein fyrir frásögnum þeirra hér á eftir ef ástæða er til. Einn þeirra einstaklinga sem kom til viðtals við nefndina, en hann kom einnig til viðtals vegna dvalar á vistheimili sem sætt hefur könnun nefndarinnar, kvaðst lítið sem ekkert muna eftir dvöl sinni á Jaðri. Eðli málsins samkvæmt verður því ekki lítið til frásagnar hans við mat á starfsemi skólans. Verður ályktunargrundvöllur nefndarinnar þar af leiðandi byggður á frásögnum hinna 24 sem komu til viðtals.

Frásagnir 14 einstaklinga úr hópi þeirra 24 sem komu til viðtals voru þegar á heildina er lítið jákvæðar en þeir dvöldu á Jaðri eitt eða fleiri skólaár á tímabilinu að frátöldum skólaárunum 1969-1973. Níu einstaklingar voru þar í einn vetur, þrír í tvo vetur, einn í þrjá vetur og einn í sex vetur. Allir greindu frá því að hafa liðið vel á meðan á dvölinni stóð og höfðu þeir ekki neitt nema jákvætt að segja um starfsemi skólans og starfsfólk hans sem hefði hugsað vel um nemendur. Í frásögnum þeirra kom fram að töluvert hefði verið gert til að hafa ofan af fyrir þeim, t.a.m. hefðu verið sýndar kvikmyndir í skólanum, haldnar kvöldvökur, skólastjórinn farið í ferðalög með nemendur og þeim hefði verið frjálst að leika sér í umhverfi skólans sem hefði verið ævintýralegt að mörgu leyti. Skólinn hefði verið umkringdur hrauni þar sem nemendur skólans hefðu mikið leikið sér og þá hefði verið vatn við skólann sem þeir hefðu nýtt sér við leik og stundum skautað á vatninu á vetrum. Greindu flestir frá því að skólastjóri skólans hefði reynst nemendum vel og þeim líkað vel stjórnunarhættir hans. Honum hefði tekist að halda uppi aga í skólanum og náð vel til nemenda. Hann hefði ávallt sýnt nemendum virðingu og vinsemd. Ef eitthvað hefði komið upp á, t.d. ósætti milli nemenda eða óæskileg hegðun þeirra gagnvart starfsfólki, hefði hann tekið nemendur á eintal og leitast við með samræðum að takast á við einstök vandamál. Þá greindu flestir frá því að samskipti nemenda innbyrðis hefðu verið góð. Komið hefði fyrir að nemendum hefði lent

saman eða þeir strítt hvor öðrum en slíkt hefði ekki verið áberandi. Þá greindu þeir allir frá því að aðbúnaður hefði verið góður og matur nægur.

Tveir úr þessum 14 manna hópi lýstu háttsemi af hálfu kennara, hér eftir nefndur kennarinn B, sem þeir upplifðu sem illa meðferð eða ofbeldi. Annar þeirra sagði að kennarinn hefði slegið hann á fingurna með priki í eitt tilgreint skipti og hinn að hann hefði slegið hann í bakið með flötum lófa. Að öðru leyti voru fyrrgreindir tveir einstaklingar aldrei varir við að þessi kennari eða annað starfsfólk beitti nemendum illri meðferð eða ofbeldi og greindu báðir frá því að samskipti við fyrrgreindan kennara hefðu verið þokkaleg þrátt fyrir fyrrgreinda háttsemi hans.

Hinir tíu einstaklingarnir sem komu til viðtals við nefndina voru þegar á heildina er litið neikvæðir varðandi dvöl sína en sex þeirra greindu frá því að hafa orðið vitni að háttsemi starfsmanna sem þeir upplifðu sem ofbeldi og/eða orðið fyrir því sjálfir. Þá greindu fimm frá því að samskipti nemenda skólans hefðu verið erfið og haft í för með sér vanlíðan á meðan á dvölinni í skólanum stóð.

Þrír af þeim sex sem lýstu háttsemi starfsmanna sem þeir upplifðu sem ofbeldi voru í skólanum á árunum 1967-1973 og nefndu í því sambandi kennarann B og auk þess annan kennara, sem hér er nefndur C. Einn þeirra kvaðst hafa orðið vitni að því að B sló nemanda í höfuðið með kennarapriki og taldi hann höggið hafa verið töluvert þar sem prikið hefði flogið úr hendi kennarans og yfir kennslustofuna. Annar sagði að B hefði tekið hann einhvers konar hálstaki og misþyrmt honum og við það hefði hann átt erfitt með öndun og fengið glóðarauga á bæði augun. Sá þriðji sagði að kennarinn B hefði stundum þurft að taka í eldri drengina og þá hefði hann oft beitt svokölluðu „steinbít-taki“. Hann hefði þó aldrei séð þann kennara beita öðrum aðferðum eins og höggum, spörkum eða þess háttar.

Hvað varðar háttsemi kennarans C, sögðu þeir allir þrír að hann hefði niðurlægt þá með einhverjum hætti. Einn sagði að hann hefði í nokkur skipti tekið sig upp og sett upp á hillu í skólanum og í eitt skipti látið hann hlaupa nakinn í kringum skólann um vetur og annar sagði að hann hefði lokað hann úti berfættan um vetur. Einn þessara þriggja upplifði háttsemi C sem andlegt ofbeldi og þá í formi niðurlægingar. Hinir tveir greindu frá líkamlegum átökum við C. Annar þeirra sagðist hafa verið vitni að því er C hefði hent dreng á ofn inni í skólastofunni. Hinn sagði að C hefði margsinnis beitt hann

ofbeldi og jafnframt aðra nemendur. Lýsti hann því er hann hefði eitt sinn lent í slagsmálum við C sem hefðu verið heiftarleg. C hefði m.a. lamið hann með krepptum hnefa. Kvaðst hann bera mikinn kala til C. Hann hefði á fullorðinsárum í eitt skipti hitt hann og ætlað sér að ganga í skrokk á honum í hefndarskyni en C tekist að forða sér.

Þá komu fram frásagnir frá þremur öðrum einstaklingum um háttsemi af hálfu annarra starfsmanna en þeirra sem að ofan er getið, sem þeir upplifðu sem ofbeldi. Voru þær einangraðar og eiga sér ekki stoð í frásögnum annarra og þá voru sumar óljósar. Komu m.a. fram frásagnir um að starfsmaður hefði átt það til að sparka í afturendann á nemendum. Þetta hefði hann gert mjög oft en líklega hefði þetta átt að vera í gríni en ekki verið ætlað að meiða nemendur. Þá greindi annar frá því að nemendur og kennarar hefðu oft slegist með þeim afleiðingum að blætt hefði úr þeim en gat hann ekki lýst nánar hver hefði átt upptökin að slíkum átökum eða í hverju þau hefðu falist.

Fimm greindu frá því að þeir hefðu þurft að þola einelti af hálfu annarra nemenda, og tveir til viðbótar sögðu að töluvert einelti hefði átt sér stað í skólanum en þeir hefðu ekki orðið fyrir því sjálfir en annar þeirra er einn úr hópi þeirra sem greindu með jákvæðum hætti frá dvöl sinni. Voru þeir í skólanum á mismunandi tímabilum frá 1964 til 1973. Komu fram frásagnir um að eldri drengir hefðu lamið, kúgað og strítt þeim yngri og beitt þá hótunum af ýmsu tagi. Meðal annars hefðu þeir verið þvingaðir til að kaupa sælgæti í helgarleyfum fyrir þá eldri. Einn þeirra sagði að dvölin hefði verið „eins og í helvíti“ vegna eineltis eldri drengja og sagði frá því að hann hefði meðal annars verið bundinn og skvett yfir hann köldu vatni á meðan hann var sofandi. Annar þeirra sagðist hafa í eitt tilgreint skipti verið beittur alvarlegu líkamlegu ofbeldi af hálfu fimm annarra drengja að kennurum ásjáandi en þeir ekki gert neitt til að stöðva ofbeldið. Kvaðst hann hafa verið fleiri vikur að jafna sig af áverkum sem hann hefði hlotið af ofbeldi drengjanna. Sagðist hann bæði hafa þurft að þola ofbeldi af hálfu kennara, en sú frásögn var rakin hér að framan, og líka einelti af hálfu nemenda, en hann var á Jaðri í fjögur ár. Var hann mjög gagnrýninn á það aldursbil sem var milli nemenda. Tveir þessara fimm tóku fram að starfsfólk hefði komið vel fram við nemendur og þeir aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi af þeirra hálfu.

Einstaklingarnir tveir sem sögðust hafa orðið varir við einelti í skólanum en ekki orðið fyrir því sjálfir sögðu að samskipti nemenda hefðu verið töluvert erfið og um

„harðan“ heim hefði verið að ræða. Eldri og sterkari strákar hefðu haft þá yngri undir í valdabaráttu og að ákveðnu marki kúgað þá yngri. Annar þeirra tengdi þetta við erfiðar heimilisaðstæður margra og sumir hefðu því verið „grimmari“ en aðrir. Hinn greindi frá því að einelti hefði verið ríkjandi, en að hann hefði tilheyrt þeim hópi sem líklega hefði farið illa með marga nemendur. Aðspurður um hvort ofbeldi hefði verið beitt í samskiptum nemenda greindi hann frá því að það hefði ekki verið. Aðferðum eins og að útiloka einstaka nemendur út úr hópnum eða kúga þá hefði frekar verið beitt.

Tveir einstaklingar sem stunduðu nám við skólann á tímabilinu höfðu símasamband við nefndina og einn sendi henni stutta greinargerð í tölvupósti til að greina henni frá reynslu sinni af dvölinni á Jaðri. Enginn þeirra kvaðst hafa orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi né hafa orðið vitni að slíku gagnvart öðrum nemendum. Þegar á heildina væri litið hefði verið vel hugsað um nemendur og ættu þeir eingöngu góðar minningar frá dvölinni. Tveir greindu frá því að komið hefði upp ósætti milli nemenda en það hefði ekki verið meira en eðlilegt getur talist.

5.2.2.2.2 Frásagnir fyrrverandi starfsmanna

Í kafla 5.2.2.2.1.2 er gerð grein fyrir framburði fyrrverandi skólastjóra skólans. Þar er rakið að hann hefði greint frá því, í skýrslutöku hjá vistheimilanefnd, að starfsemi skólans hefði verið eins og um stórt heimili hefði verið að ræða og yfirleitt 27-30 nemendur í skólanum hvert skólaár. Um hefði verið að ræða drengi sem sóttu skóla illa, drengi sem höfðu lent utangátta í almennum skóla vegna stríðni og einnig drengi sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður. Þá greindi hann frá því að samskipti við nemendur skólans hefðu verið mjög góð og aldrei hefðu verið lagðar hendur á nemendur svo hann vissi til. Nemendur hefðu aldrei leitað til hans með frásagnir um slíkt. Aðspurður um samskipti nemenda greindi hann frá því að þau hefðu verið mjög góð. Ekki hefði borið á stríðni, sjaldan hefðu verið læti eða hnefum beitt í samskiptum þeirra innbyrðis.

Til viðtals við nefndina komu þrír almennir starfsmenn, tvær konur og einn karlmaður, sem störfuðu við skólann einn vetur hvert á árunum 1965-1967. Karlmaðurinn og önnur konan störfuðu samtímis veturinn 1965-1966 og hin konan starfaði veturinn 1966-1967. Greindu þau öll frá því að starfsemi skólans hefði gengið vel þann tíma sem þau störfuðu, samskipti milli nemenda og annarra starfsmanna verið góð og þau hefðu öll átt í miklum og góðum samskiptum við nemendur í tengslum við störf sín. Varðandi

samskipti nemenda innbyrðist greindu þau öll frá því að þau hefðu almennt séð verið góð en konan sem var við störf veturinn 1966-1967 bætti við að þau hefðu þó verið misjöfn eins og vænta mátti í svo stórum drengjahóp. Einnig minntist hún þess að stundum hefði verið gert betur í mat við starfsfólk en nemendur, t.d. hefði meðlæti fyrir starfsfólk oft verið betra. Að öðru leyti kvaðst hún ekki hafa neitt nema gott að segja um starfsemi skólans og nemendur hans. Karlmaðurinn minntist þess ekki að mikið hefði verið um stríðni og einelti, drengir hefðu mikið hópað sig saman og leikið sér. Aðspurður um hvort slíkt hefði getað átt sér stað án þess að hann yrði þess var, taldi hann það ólíklegt. Þeir hefðu mikið verið við leiki úti, hann hafi smíðað með þeim bíla og þeir hefðu verið að búa til ýmislegt í tengslum við þá, t.d. vegi og þess háttar. Minntist hann þess aldrei að hlutir hefðu verið eyðilagðir fyrir einhverjum eða annað komið upp á í samskiptum þeirra. Þó minntist hann eins drengs sem hefði verið sérstakur í háttum og hafa tekið eftir að aðrir nemendur væru ekki sáttir við hann. Starfsfólkið hefði verið sér meðvitað um þetta og var drengnum oft leyft að vera inni þegar aðrir fóru í útivist. Þá hefði alltaf einhver af starfsfólkinu verið með drengjunum í útivist og þeir ekki án eftirlits. Starfsfólk hefði ávallt verið með þeim og ef illa viðraði hefðu nemendur og starfsfólk haldið sig inni. Þá greindi karlmaðurinn frá einu atviki er hann hefði sprautað köldu vatni á dreng í sturtu. Sá drengur, sem þá var 12 ára, hefði oft haft hægðir í buxurnar í útivistartíma og þurft hefði að setja drenginn í sturtu og þrifa eftir hann. Eitt skipti er drengurinn var í sturtu eftir slíkt hefði hann verið að smúla gólfið með köldu vatni og þá sprautað á drenginn. Eftir á að hyggja hefði hann ekki átt að gera slíkt en hann kvaðst hafa verið pirraður yfir hegðun drengsins er þetta átti sér stað. Þá greindu starfsmennirnir allir frá því að þeir hefðu aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi gagnvart nemendum.

Til viðtals við nefndina komu sjö fyrrverandi kennarar skólans, tvær konur og fimm karlmenn. Í þeim hópi voru áðurnefndur kennari C. Fimm þeirra störfuðu um eins árs skeið við skólann á árunum 1963-1969, ekkert þeirra samtímis og tveir kennarar störfuðu í tvo vetur við skólann á árunum, annar veturna 1968-1969 og 1971-1972 og hinn veturna 1969-1971. Greindu þau öll frá því að almennt hefði starfsemi skólans gengið vel. Að frátöldum einum bjuggu allir kennararnir í skólanum og samskipti nemenda og kennara voru því mikil frá morgni til kvölds. Einn kennarinn tók fram að starfinu hefði fylgt gífurleg ábyrgð og álagið verið mikið. Öll ábyrgðin hefði verið á

kennurum, bæði á daginn og nóttunni en annað starfsfólk hefði séð um matseld, þvotta, þrif og þess háttá. Þá greindu öll frá því að þau hefðu aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsmanna skólans eða innbyrðist hjá nemendum. Samskipti nemenda innbyrðis hefðu yfirleitt verið góð en sex kennarar tóku þó fram að nemendur hefðu stundum slegist og þá hefðu þeir eða aðrir starfsmenn gengið á milli og aldrei hefði neinum óeðlilegum aðferðum verið beitt við að skakka leikinn. Einn kennarinn tók fram að samskipti nemenda á Jaðri hefðu í raun ekki verið með öðrum hætti en nemenda í öðrum skólum og að í störfum sínum þar hefði hann einnig þurft að skilja nemendur í sundur vegna slagsmála. Á hinn bóginn væri ekki vafi í hans huga að einelti hefði verið á Jaðri en það hefði líka verið í almennum skólum. Yngri drengir hefðu verið veikari fyrir og þolað stríðni verr en aðrir en hann minntist þess einnig að þeir yngri hefðu verið teknir undir verndarvæng þeirra eldri. Reynt hefði verið að taka á stríðni með því að ræða við nemendur, bæði gerendur og þolendur. Tveir aðrir kennarar ræddu um einelti og töldu að ekki hefði mikið borið á því, komið hefði þó fyrir að verið væri að hrekkja eða stríða einhverjum en starfsfólkið hefði verið meðvitað um þá hættu og reynt að vaka yfir því að það ætti sér ekki stað.

Aðspurðir um agamál og refsingar vegna brota á reglum greindu fjórir kennarar frá því að vel hefði gengið að hafa stjórn á hópnum og refsingar hefðu verið fátíðar og ekki með óeðlilegum hætti. Sem dæmi nefndi einn ofangreindra kennara að í eitt sinn hefðu nokkrir nemendur strokið en skólastjóri sótt þá strax og engir eftirmálar orðið af hans hálfu. Annar kennari tók fram að margir úr hópi nemenda hefðu tekið ástfóstri við skólastjórann enda hefði hann náð mjög vel til þeirra. Tveir kennarar til viðbótar greindu frá því að einu refsingarnar sem þeir minntust úr skólastarfinu væru þegar nemendur hefðu verið látnir sitja yfir matnum sínum ef þeir vildu ekki klára hann á matmálstíma. Einn kennari greindi þó frá því að hann hefði í eitt skipti sparkað í afturenda nemanda og eftir á að hyggja hefði hann ekki átt að gera það. Upptökin af því hefðu verið þau að einn nemandi hafði falið sig bak við hurð og stokkið fram er hann sjálfur gekk fram hjá hurðinni. Nemandinn hefði sparkað fast í afturendann á honum og hann sjálfur brugðist við með því að hlaupa á eftir nemandanum og gjalda í sömu mynt. Sérstaklega voru bornar undir áðurnefndan kennara C frásagnir hluta fyrrverandi nemenda um að kennararnir hefðu beitt nemendur illri meðferð og ofbeldi. Greindi hann frá því að hafa

aldrei beitt nemendur illri meðferð og ofbeldi eða orðið vitni að því að annað starfsfólk beitti slíkri meðferð. Þá greindi C frá því að komið hefði fyrir að skilja hefði þurft nemendur að, t.d. með því að taka þá til hliðar og róa þá niður.

5.2.2.2.3 Ályktun nefndarinnar

Í ljósi ofangreinds verður nú gerð grein fyrir ályktun nefndarinnar um hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi nemendur á heimavistarskólanum að Jaðri á tímabilinu frá hausti 1963 til 1973 hafi þurft að sæta illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin hefur verið í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar.

Frásagnir 14 úr hópi þeirra 24 fyrrverandi nemenda sem veittu nefndinni upplýsingar um reynslu sína af dvölinni á tímabilinu voru jákvæðar. Greindu þeir allir frá því að hafa aldrei verið beittir illri meðferð eða ofbeldi eða orðið vitni að því gagnvart öðrum nemendum. Einnig að starfsfólk hefði hugsað vel um nemendur og líðan þeirra hefði verið góð á meðan á náminu og dvölinni stóð.

Sjö einstaklingar greindu frá því að samskipti nemenda hefðu verið erfið og töluvert hefði borið á einelti, kúgun og ofbeldi innbyrðis hjá nemendum. Greindi hluti þeirra frá því að hafa orðið fyrir því sjálfir og jafnframt orðið vitni að slíku gagnvart öðrum nemendum. Þá upplýstu margir um að hafa sökum þessa liðið mjög illa á Jaðri og ættu þeir þegar á heildina væri litið neikvæðar minningar frá dvölinni.

Átta einstaklingar greindu frá því að hafa orðið fyrir háttsemi af hálfu starfsmanna sem þeir upplifðu sem illa meðferð eða ofbeldi. Fimm greindu frá því að kennarinn B hefði beitt nemendur illri meðferð og ofbeldi, m.a. með því að slá þá á fingurna með priki, slá þá í bakið og taka þá hálstaki. Þrír af þeim greindu einnig frá því að kennarinn C hefði beitt þá og aðra nemendur ofbeldi með því m.a. að slá þá og lemja þá með krepptum hnefa. Þá komu fram frásagnir frá þremur um ofbeldi af hálfu annarra starfsmanna en um einangraðar frásagnir er að ræða sem eiga sér ekki stoð í frásögnum annarra. Þótt ekki sé í sjálfu sér ástæða til að draga í efa þessar frásagnir telur nefndin að á þeim grundvelli verði ekki dregin sú almenna ályktun að meiri líkur en minni séu á því að starfsmenn eða kennarar skólans hafi beitt nemendur illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar. Þá ályktun nefndarinnar styður að enginn annar úr hópi hinna fyrrverandi nemenda skólans sem komu til viðtals við

nefndina greindi frá slíkri háttsemi af hálfu starfsmanna skólans. Þessa ályktun nefndarinnar styður einnig að enginn þeirra einstaklinga sem hafði símasamband við nefndina til að greina henni frá reynslu sinni af dvölinni á tímabilinu upplýsti um slíka háttsemi af hálfu starfsmanna. Þá áréttar nefndin einnig hér þau sjónarmið sem rakin hafa verið í kafla 5.2.2.2.1.3 og nefndin hefur áður lagt til grundvallar í störfum sínum að nauðsynlegt kann að hafa verið, til að halda uppi aga í skólanum, að grípa til sérstakra ráðstafana til að kveða niður óæskilega hegðun nemanda sem var þess eðlis að hætta var á að af honum stafaði beinlínis yfirvofandi hætta fyrir aðra nemendur eða starfsmenn skólans eða að hegðun hans hafi verið þess eðlis að frá uppeldislegum ástæðum hafi reynst örðugt að halda uppi aga í skólanum. Hefur nefndin áður lagt til grundvallar í störfum sínum að þvingunarráðstafanir eða líkamleg valdbeiting hafi undir einhverjum kringumstæðum verið réttlætunleg, en þó eingöngu að uppfylltum lagaskilyrðum fyrir slíkri valdbeitingu, svo sem neyðarvarnarsjónarmiðum.

Áður er rakið að í frásögnum fimm fyrrverandi nemenda kom fram að þeir hafi sætt einelti af hálfu annarra nemenda og þá greindu tveir frá því að hafa orðið varir við að einelti ætti sér stað í skólanum án þess að hafa orðið fyrir því sjálfir. Af þessu tilefni tekur vistheimilanevnd fram að ekki er ástæða til að draga almennt séð í efa að sum börn sem dvöldu í heimavistarskólum á árum áður hafi orðið fyrir því sem nú yrði skilgreint sem einelti. Í því sambandi hefur nefndin horft til þess að rannsóknir á undanförunum árum og áratugum hafa fært heim sanninn um að aðstæður í samskiptum barna á stofnunum á borð við skóla og sumardvalarheimili séu almennt með þeim hætti að veruleg hætta er á að athafnir eða athafnaleysi, sem nú er skilgreint sem einelti, geti átt sér stað.²⁹⁷ Þegar þar við bætist að um er að ræða samskipti barna á stofnunum á borð við Jaðar, þar sem mörg börnin eiga það sameiginlegt að hafa þurft að þola erfiðleika í æsku og að vera svipt möguleikum á daglegu samneyti við foreldra, er fullljóst að áliti vistheimilanevndar að

²⁹⁷ Sjá til hliðsjónar: Inga Dóra Sigfúsdóttir, Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson: „Bullying and delinquency. The mediating role of anger“. – Nansel, T. R. o.fl.: „Bullying behaviors among US youth“. – Solberg, M. E., Olweus, D. og Endresen, I. M.: „Bullies and victims at school“. – Sourander, A. o.fl.: „Childhood bullies and victims and their risk of criminality in late adolescence“. Þess skal getið að *einelti á vinnustað* er nú skilgreint með eftirfarandi hætti í reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað: „Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.“

enn ríkari ástæða er til að ætla að í samskiptum slíkra barna geti aðstæður skapast þar sem einelti getur þrífist.

Um hvort þeir nemendur sem kannanir nefndarinnar taka til hafi sætt einelti, þannig að falli undir illa meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem nefndin hefur lagt til grundvallar, fer þó eftir sama mælikvarða og í öðrum tilvikum. Það er þannig verkefni vistheimilaneftdar að leggja heildstætt mat á fyrirbyggjandi framburði nemenda og önnur gögn málsins þegar ályktað er um hvort meiri líkur en minni eru á því að þeir hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi. Áður eru raktar umræddar frásagnir fimm nemenda, sem lúta að því að þeir hafi sætt einelti af hálfu annarra nemenda og tveggja sem lúta að því að þeir hafi orðið vitni að einelti. Þær frásagnir voru að nokkru marki ólíkar innbyrðis, margar þeirra frekar óljósar um í hverju háttsemi annarra nemenda hafi verið fólgin og settar fram af tiltölulega fáum nemendum þegar á heildina er litið. Er því að mati vistheimilaneftdar ekki fært að álykta að nemendur á Jaðri hafi sætt einelti með kerfisbundnum og reglulegum hætti þannig að til greina komi að telja að þeir hafi á þessum grundvelli einum og sér sætt illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem lögð er til grundvallar af hálfu vistheimilaneftdar.

Til viðtals við nefndina kom skólastjóri skólans, sjö fyrrverandi kennarar skólans og þrjár fyrrverandi starfsmenn. Greindu þau öll frá því að hafa aldrei orðið vitni að illri meðferð eða ofbeldi, hvorki af hálfu starfsmanna né innbyrðis hjá nemendum. Leitast hefði verið við að annast nemendur vel og þau ekki merkt annað en að líðan þeirra hefði verið góð.

Í ljósi alls ofangreinds telur nefndin að ekki sé tilefni til að álykta um að meiri líkur en minni séu á því að nemendur í heimavistarskólanum að Jaðri á tímabilinu 1963-1973, hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 2 í III. hluta skýrslunnar. Þá ályktun nefndarinnar styður einnig að tveir fyrrverandi nemendur höfðu símasamband við nefndina til að greina henni frá jákvæðri reynslu sinni af dvöl og námi á Jaðri.

5.3 Eftirlit með starfsemi Jaðars

5.3.1 Almenn atriði um opinbert eftirlit með starfsemi Jaðars²⁹⁸

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 34/1946 um fræðslu barna skyldi í hverju héraði vera fræðsluráð skipað fimm mönnum og samkvæmt 26. gr. skyldi í hverju skólahverfi vera starfandi skólanefnd skipuð þremur mönnum. Í 2. mgr. þeirrar greinar var kveðið á um að í kaupstöðum væri heimilt að fela fræðsluráði störf skólanefnda, ef fræðslumálastjórn, mælti svo fyrir og hlutaðeigandi bæjarstjórn samþykkti.²⁹⁹ Hinn 1. apríl 1947 var fræðsluráði á grundvelli heimildar í 2. mgr. 26. gr. falin störf skólanefnda í Reykjavík. Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur hafði þó tekið til starfa árið 1943. Framkvæmdastjóri fræðsluráðs bar í upphafi starfsheitið „fræðslufulltrúi Reykjavíkur“ og frá árinu 1956 „fræðslustjóri Reykjavíkur“ en því starfi gegndi lengst af Jónas B. Jónsson.³⁰⁰ Skrifstofa fræðsluráðs bar lengst af heitið „fræðsluskrifstofa Reykjavíkur“.

Á grundvelli laga nr. 94/1936 um fræðslu barna gaf menntamálaráðherra árið 1939 út erindisbréf fyrir skólastjóra nr. 68/1939. Samkvæmt 1. gr. fór skólastjóri „með umboð fræðslumálastjórnar og skólanefndar gagnvart kennurum skólans, nemendum og foreldrum eða aðstandendum þeirra.“ Þá bar honum að stjórna „allri starfsemi skólans eftir þeim lögum og reglum, er þar um [giltu] á hverjum tíma [...]“. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. bar skólastjóra að „[skipta] störfum með kennurum við kennslu og eftirlit og umsjón í skóla og leiksviði.“

Árið 1940 var gefið út erindisbréf fyrir barnakennara nr. 75/1940. Var mælt fyrir um eftirlitsskyldur kennara í ákvæði 5. gr. sem var svohljóðandi: „Kennari skal gera sér

²⁹⁸ Samkvæmt lögum um fræðslumálastjórn nr. 35/1930 fór fræðslumálastjóri með yfirstjórn *kennslueftirlits* sbr. 9. gr. laganna og bar að líta eftir skólum sjálfur, eftir því sem ástæða þætti til. Í 6. gr. var sérstaklega kveðið á um að við barnaskóla skyldi vera kennslueftirlit. Þá var mælt fyrir um í 8. gr. að við „aðra skóla [skyldu] settir skólafróðir menn um stundarsakir, eftir því sem fé [yrði] veitt til þess á fjárlögum.“ Við gildistöku laga nr. 94/1936 um fræðslu barna var ákvæði 6. gr. laga nr. 35/1930 um kennslueftirlit fellt úr gildi með 25. gr. Var þar kveðið á um að eftirlitsmenn skyldu skipaðir með barnafræðslu þegar fé væri veitt til þess á fjárlögum og skyldu þeir nefnast námsstjórar. Landinu skyldi skipt upp í sex eftirlitssvæði og hlutverk námsstjóra væri að hafa eftirlit með kennsluskipan, kennsluaðferðum og árangri kennslu samkvæmt erindisbréfi fræðslumálastjóra. Sambærilegt ákvæði var að finna í 50. gr. laga nr. 34/1946 um fræðslu barna. Í þessu sambandi telur vistheimilanefnd rétt að taka fram að samkvæmt lögum nr. 26/2007 er ekki hlutverk nefndarinnar að leggja mat á eða kanna sérstaklega hvernig eftirliti með kennsluskipan eða árangri kennslu hafi verið. Hefur nefndin því ekki sérstaklega óskað eftir gögnum frá skjalasöfnum um tíðni eða inntak kennslueftirlits á Jaðri.

²⁹⁹ Um yfirstjórn fræðslumála er nánar fjallað í í kafla 3. í IV. hluta áfangaskýrslu nr. 1.

³⁰⁰ *Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkurbæjar. Skólaárið 1956-57*, bls. 5.

far um að fylgjast sem bezt með börnunum í þeim deildum, er hann hefir aðalumsjón með, einnig utan kennslustunda. Telji kennarinn framkomu barsins, námsgetu, ástundun eða aðbúð athugaverða, skal hann eftir föngum kynna sér orsakir þess og ræða við hlutað-eigendur (húsbændur) um úrbætur, kennari leiðbeinir börnum og aðstandendum þeirra um heimanám eftir því sem við á.“

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 34/1946 um fræðslu barna var á hendi skólastjóra að stjórna öllu starfi skóla eftir gildandi lögum og reglum. Skyldi skólastjóri „[fara] í skólanum með umboð fræðslumálastjórnar gagnvart kennurum skólans og nemendum og forráðamönnum þeirra. Hann [stjórnaði] starfi skólans eftir gildandi lögum og [bar] ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn.“

Árið 1962 var gefið út nýtt erindisbréf fyrir skólastjóra í barna- og gagnfræðastigsskólum nr. 119/1962.³⁰¹ Ákvæði 1. gr. erindisbréfsins var efnislega sambærilegt við 1. gr. erindisbréfs nr. 68/1939 sem að framan er gerð grein fyrir. Auk þess var nú mælt sérstaklega fyrir um í 3. gr. að skólastjóri skyldi „leitast við að haga störfum í skóla sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir skólanemenda.“ Þá skyldi hann jafnframt „hlutast til um, að skólinn [hjálpaði] nemendum að öðlast heilbriggt lífsviðhorf og hollar lífsvenjur, [væri] á verði um heilbrigði þeirra og [veitti] þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum, hverjum eftir sínum þroska.“ Þá var í 41. gr. erindisbréfsins mælt fyrir um eftirlitsskyldur skólastjóra og kennara. Ákvæði 41. gr. var svohljóðandi:

Skólastjórum og kennurum ber að fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska og heilsufari nemenda sinna, eins og unnt er, gæta þess eftir föngum, að vel sé að þeim búið í skólanum, varast að ofþyngja þeim í námi og leitast við að kenna og temja þeim hollustusamlegar lífsvenjur. Þeir skulu jafnan vera vel á verði um allt, er bent getur til, að nemandi sé andlega og líkamlega vanheill eða miður sín, og koma slíkum nemanda í hendur skólalækni hið fyrsta, og hlíta skulu þeir fyrirmælum skólalæknis um meðferð á gæzlunemendum.

Árið 1962 var einnig gefið út nýtt erindisbréf fyrir kennara í barna- og gagnfræðastigsskólum nr. 120/1962. Um eftirlit með nemendum var sérstaklega mælt fyrir um í 12. gr. erindisbréfsins en ákvæðið var nánast óbreytt frá ákvæði 5. gr. erindisbréfs fyrir barnakennara nr. 75/1940 sem að ofan er rakið.

³⁰¹ Erindisbréf fyrir skólastjóra í barna- og gagnfræðastigsskólum nr. 119/1962 var fellt úr gildi með erindisbréfi nr. 197/1976 fyrir skólastjóra grunnskóla. Starfsemi heimavistaraskólans að Jaðri var lögð niður árið 1973 og er því fyrir utan viðfangsefni vistheimilaneftar að gera nánar grein fyrir síðarnefndu erindisbréfi í umfjöllun um eftirlit með skólanum.

Auk fyrrgreindra ákvæða um skyldur skólastjórnenda og kennara um eftirlit með nemendum voru frá árinu 1957 fram til ársins 1996 í gildi lög um heilsuvernd í skólum nr. 61/1957 sem mæltu fyrir um eftirlit skólalæknis með nemendum skóla. Samkvæmt 1. gr. skyldi vera heilsuvernd í skólum landsins og skyldi við þá vera starfandi skólalæknir samkvæmt 3. gr. Þar sem væru starfandi heilsuverndarstöðvar skyldu þær annast heilsuvernd í skólum. Á grundvelli laganna var ári eftir gildistöku þeirra sett reglugerð um heilsuvernd í skólum nr. 214/1958. Samkvæmt a-lið 1. gr. var heilsuvernd í skólum í aðalatriðum fólgin í: „eftirliti með heilsufari nemenda og tiltækilegum ráðstöfunum til að efla líkamlega og andlega hreysti þeirra og ráða bót á ágöllum, kvillum og sjúkdómum [...]“. Þá var í 7. gr. kveðið á um að almenn skólaskoðun skyldi fara fram árlega í öllum heimavistar skólum. Um *gæzlunemendur* var sérstaklega fjallað í 10. gr. reglugerðarinnar. Til þeirra töldust m.a. „nemendur frá heimilum, sem eru í óreiðu á einhvern hátt“, sbr. e-liður 4. tl. 2. mgr. 10. gr. Skyldu slíkir nemendur háðir sérstöku eftirliti skólalæknis. Í 1. mgr. 10. gr. var mælt fyrir um að hann „[skyldi] skoða þá eða fylgjast með þeim á annan hátt og sem heilsufarslegur ráðunautur þeirra, foreldra þeirra og kennara, eftir því sem tilefni [væri] til að hans dómi og að svo miklu leyti sem honum [entist] tími til.“ Lög nr. 61/1957 voru felld úr gildi með 57. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

Að öllu ofangreindu má ráða að löggjöf um fræðslu barna og heilsuvernd í skólum var reist á þeirri meginreglu að hinu opinbera, m.a. stjórnendum og kennurum skólans, var falin virk umsjón með líkamlegri heilsu og andlegri velferð þeirra barna sem voru nemendur á Jaðri, hvort sem tilefni dvalarinnar voru atvik er vörðuðu barnið sjálft, heimili þess eða foreldra. Nánar var kveðið á um þessar skyldur í áður nefndu erindisbréfi fyrir skólastjóra og kennara í barna- og unglingaskólum. Af þessu verður að draga þá ályktun að áliti vistheimilaneftdar að við mat á því hvort eftirlit hins opinbera og stjórnenda og kennara skólans hafi verið fullnægjandi verði að horfa til þess hvernig framkvæmd eftirlitsins var háttáð á starfstíma skólans, en um það verður einkum að draga ályktanir af þeim skjállegu gögnum sem vistheimilaneftnd hefur undir höndum auk þess að líta til munnlegrar upplýsingagjafar í formi viðtala vistheimilaneftdar við stjórnendur, starfsmenn og nemendur skólans.

Í kafla 5.1 kemur fram að hluti nemenda á Jaðri voru þar samkvæmt ákvörðun barnaverndarneftdar Reykjavíkur, einkum vegna bágra heimilisaðstæðna. Í því sambandi

ber að áréttu að samkvæmt lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og lögum nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna, sem í gildi voru á starfstíma Jaðars, bar barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafa eftirlit með þeim börnum sem nefndin ráðstafaði utan heimilis, m.a. þeim sem hún ráðstafaði á Jaðar.³⁰²

Áður en gerð verður grein fyrir hvernig eftirliti var háttað með nemendum skólans telur vistheimilanefnd rétt að víkja að því hvernig fyrirkomulagi starfsemi skólans var háttað á starfstíma hans.

Frá því að starfsemi skólans hófst í febrúar 1946 fram til ársins 1973 þegar henni var hætt var gert ráð fyrir að nemendur skólans væru á heimavist. Samkvæmt þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum var sú regla nær undantekningarlaus. Eins og getið er um í kafla 3.2 hér að framan stunduðu nokkur börn nám við skólann sem bjuggu í nágrenni hans en telja verður líklegra en ekki að þeir nemendur hafi farið heim í lok skóladags.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur undir höndum var skólahúsnæðið með þeim hætti að eldhús og kennslustofur voru á fyrstu hæð ásamt vistarverum fyrir hluta starfsmanna. Á annarri hæð hússins voru vistarverur nemenda, kennara og skólastjóra. Í hverju herbergi sváfu allt að fjórir nemendur og mynduðu herbergin röð á svefnherbergisgangi. Á þeim gangi voru einnig vistarverur kennara og íbúð skólastjóra en skólastjórar skólans, flestir þeir kennarar og aðrir starfsmenn sem störfuðu við skólann bjuggu að staðaldri í skólanum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað var meirihluta starfstímans gert ráð fyrir að nemendur skólans færu heim í helgarleyfi aðra hvora helgi. Á hinn bóginn hafi hluti nemenda, einkum þeir sem bjuggu við erfiðar heimilisaðstæður, ekki átt þess kost og því dvalið allt skólaárið í skólanum. Þá voru þess dæmi að nemendur hafi ekki farið heim til fjölskyldna sinna í jóla- eða páskaeyfi af sömu ástæðu. Í kafla 3.3 hér að framan kemur fram að fjöldi starfsmanna á Jaðri hafi að jafnaði verið um 8-10 starfsmenn og nemendur að meðaltali 24,8 nemendur.

Með ofangreint í huga verður við mat á því hvort eftirlit með starfsemi og nemendum Jaðars hafi verið fullnægjandi og í samræmi við lög og reglugerðir að gera annars

³⁰² Í III. hluta áfangaskýrslu nr. 1 eru m.a. rakin ákvæði laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 um eftirlits-skyldur barnaverndarnefnda.

vegar greinarmun á því sem kalla má *ytra eftirlit* af hálfu þeirra stjórnvalda á sviði fræðslumála sem að lögum var falið að hafa almennt eftirlit með starfsemi skólans og hins vegar hvernig háttað var skipulagi og framkvæmd þess þáttar sem kalla má *innra eftirlit*, þ.e. umsjónar- og eftirlitsskyldum sem hvíldu á herðum skólastjóra og eftir atvikum annarra starfsmanna undir hans stjórn. Áður en gerð verður grein fyrir ályktunum vistheimilaneftndar um hvort eftirlit með heimavistarskólanum að Jaðri og nemendum hans hafi verið fullnægjandi telur vistheimilaneftnd þó rétt að fara nokkrum orðum um þær ályktanir sem hún telur fært að draga af fyrirbyggjandi gögnum um upphaflega ákvörðun um að stofna skólann, um starfsemi hans og forsendur og tildrög náms enda telur nefndin það hafa verulega þýðingu þegar lagt er heildarmat á þennan þátt könnunarinnar.

5.3.2 Um stofnun Jaðars og forsendur fyrir ákvörðun um vist nemenda

Eins og rakið er í kafla 2 var Jaðar skóli eða stofnun sem ætlaður var börnum sem ekki gátu stundað nám í almenna skólakerfinu sökum eigin hegðunar. Skólanum var þar af leiðandi ekki ætlað að taka börn til náms sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður eða vegna ástæðna er vörðuðu foreldra þeirra, svo sem veikindi eða óreglu. Á hinn bóginn koma fram vísbendingar í skjallægum gögnum að meirihluti nemenda skólans hafi sótt hann fyrst og fremst vegna bágra heimilisaðstæðna eða vegna háttsemi foreldra en ekki í meginatriðum vegna eigin hegðunar, svo sem skróps í skóla eða hegðunarvandkvæða. Í þessu sambandi verður að ítreka að fram kom í máli Braga Magnússonar skólastjóra skólans árið 1951, Jónasi B. Jónssyni fræðslufulltrúa Reykjavíkur sama ár og árið 1956, Jónasi Pálssyni forstöðumanni Sálfræðideildar skóla og Símoni Jóh. Ágústssyni árið 1961, að meginástæða vistunar margra nemenda á Jaðri hefðu verið bágar heimilisaðstæður, afmarka þyrfti hlutverk Jaðars skýrar og þar einungis vistaðir drengir sem vanræktu skóla og væru haldnir hegðunarvandkvæðum.³⁰³ Þá leiddi könnun sem framkvæmd var árið 1971 á högum fjölskyldna þeirra drengja sem dvalið höfðu á Jaðri á

³⁰³ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 357. Bragi Magnússon skólastjóri að Jaðri til fræðslufulltrúa Reykjavíkur, dags. 7. maí 1951. – ÞÍ. Menntamálaráðuneyti. 1986-BB/28. Fræðslufulltrúi Reykjavíkur til borgarstjóra, dags. 8. maí 1951. – BSR. Skrifstofa borgarstjóra. Málasafn. F-31. Greinargerð Jónasar B. Jónssonar fræðslustjóra Reykjavíkur um barnaheimili á vegum Reykjavíkur ásamt tillögum um breytingar og umbætur, dags. 14. júní 1956; Tillögur barnaheimilaneftndar um vistheimili, dags. 20. mars 1957; Álitsgerð Jónasar Pálssonar og Símonar Jóh. Ágústssonar um vistheimili og barnaverndarmál í Reykjavík, dags. 8. júní 1961.

árunum 1968-1971 í ljós að 2/3 nemenda á því tímabili hefðu stundað nám við skólann vegna bágra heimilisaðstæðna.³⁰⁴ Ekki verður ráðið af þeim gögnum sem fyrir vistheimilanevnd liggja að þessar efnislegu og rökstuddu athugasemdir hefðu leitt til þess að sú framkvæmd hafi verið tekin upp að vista einungis nemendur á Jaðri sem ekki áttu samleið með öðrum börnum í almenna skólakerfinu. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum má ráða að fram til þess er starfsemi skólans var hætt voru þar nemendur sem talið var þörf á að vista utan heimilis vegna bágra uppeldisaðstæðna. Í þessu sambandi tekur vistheimilanevnd fram að lögbundin verkaskipting var á milli fræðslufyrivalda og barnaverndaryfirvalda. Þannig var það einungis á hendi þeirra síðarnefndu að taka ákvarðanir um málefni barna sem vista varð utan heimilis vegna atvika og aðstæðna á heimili en ekki á hendi fræðslufyrivalda. Auk þessa áréttar vistheimilanevnd að á skólastjórum og starfsmönnum skóla hvíldu ríkar skyldur til að tilkynna barnaverndarnefnd um bágar heimilisaðstæður barns sem þá bar að leggja mál einstakra barna í lögformlegan farveg og eftir atvikum koma því til náms og dvalar á Jaðri. Af því leiðir að barnaverndarnefnd hefði við þær aðstæður borið að hafa reglulega og ríkt eftirlit með viðkomandi börnum.

5.3.3 Ályktanir af skjalgum gögnum og öðrum heimildum

Skjalleg gögn sem til eru um starfsemi skólans voru athuguð af hálfu vistheimilanevndar. Um er að ræða skjalleg gögn menntamálaráðuneytis sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni og skjalasafn skólans sem varðveitt er á Borgarskjalasafni Reykjavíkur og Þjóðskjalasafni Íslands. Þá hefur vistheimilanevnd einnig kannað skjalasöfn fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og barnaverndarnevndar Reykjavíkur sem vistuð eru á Borgarskjalasafni.

Að ofan er rakið að samkvæmt lögum um heilsuvernd í skólum nr. 61/1957 og reglugerð nr. 214/1958 átti að fara fram reglulega heilbrigðiseftirlit með nemendum skólans og þeir nemendur sem komu frá heimilum „sem voru í óreiðu á einhvern hátt“ skyldu háðir sérstöku eftirliti skólalæknis. Könnun vistheimilanevndar á tildrögum náms einstaklinga á Jaðri leiddi í ljós að hluti fyrrverandi nemenda voru nemendur á Jaðri fyrst og fremst vegna erfiðra heimilisaðstæðna en ekki í megin- eða aðalatriðum vegna eigin hegðunar, eða frá heimilum „sem voru í óreiðu á einhvern hátt.“ Í þeim gögnum sem

³⁰⁴ BSR. Skólaskrifstofa Reykjavíkur, askja 346. Greinargerð nefndar um úrræði til aðstoðar atferlustrufludum og vanræktum nemendum, dags. 21. júní 1961.

nefndin hefur fengið afhent eru fá gögn um hvernig heilsuvernd eða eftirlit skólalæknis með einstökum nemendum hefur verið háttað eða hvort „gæslunemendur“ hafi fengið frekara heilbrigðiseftirlit en aðrir nemendur skólans. Skólaskýrslur barna- og gagnfræðaskóla Reykjavíkur sem gefnar voru út árlega af fræðsluskrifstofu Reykjavíkur veita hins vegar vísbendingar um að heilbrigðiseftirlit hafi farið fram á nemendum Jaðars en upplýsingar um tíðni og inntak þess hefur vistheimilanefnd ekki tekist að afla. Í skólaskýrslu fyrir árið 1959-1960 segir m.a. um heimavistarskólann að Jaðri: „Heilsufar í vetur hefur verið mjög gott og drengirnir þrífist vel. Allir þyngzt og hækkað, t.d. voru tveir sem þyngdust um 5 kg hver og hækkuðu um rúma 5 cm“.³⁰⁵ Samskonar athugasemdir er að finna um heilsufar nemenda á Jaðri í nokkrum skólaskýrslum næstu árin á eftir en í skýrslu fyrir skólaárið 1964-1965 kemur fram að heilsufar nemenda hafi verið gott, „en heilsugæzla þyrfti að komast í betra horf.“³⁰⁶ Í skólaskýrslum frá þeim tíma fram til ársins 1973 er starfsemi Jaðars var lögð niður er ekki að finna samskonar athugasemdir um heilsufar nemenda. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess að í greinargerð Sálfræðideildar skóla um fyrstu þrjú starfsár deildarinnar kemur fram að læknir skólans, Jakob Jónsson, hafi einnig setið fundi með skólastjóra skólans og Sálfræðideild skóla.³⁰⁷ Að öðru leyti hefur vistheimilanefnd ekki gögn sem sýna fram á hvernig heilbrigðiseftirliti með nemendum skólans hafi verið háttað. Í því ljósi telur nefndin ekki vera forsendur til að leggja mat á þennan þátt könnunarinnar.

Í samræmi við þágildandi fræðslulöggjöf og erindisbréf sem gerð er grein fyrir hér að framan, var það fyrst og fremst á ábyrgð fræðslufyrivalda, fræðslumálastjóra og fræðslustjóra í Reykjavík, að hafa *almennt eftirlit* með undirstofnunum. Ekki var þannig ráðgert í lögum að fræðslufyrivöldum bæri að hafa beint og kerfisbundið eftirlit með líðan nemenda að frátöldu kennslueftirliti sem áður hefur verið getið. Það var hins vegar á ábyrgð stjórnenda skólans og kennara að hafa *beint eftirlit* með líðan og velferð þeirra nemenda sem stunduðu nám við skólann og bjuggu þar. Að því virtu telur nefndin sig ekki hafa forsendur til að leggja mat á að hvaða marki menntamálaráðuneyti eða fræðslustjóra í Reykjavík hafi borið að gera ráðstafanir að eigin frumkvæði til að afla

³⁰⁵ Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkurbæjar. Skólaárið 1959-60, bls. 44.

³⁰⁶ Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkurbæjar. Skólaárið 1964-65, bls. 83.

³⁰⁷ Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkurbæjar. Skólaárið 1963-1964, bls. 81.

upplýsinga um líðan og velferð nemenda að öðru leyti en þeirra sem lutu að kennslu og kennsluháttum. Á hinn bóginn áréttar vistheimilanefnd að þrátt fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir beinu og kerfisbundnu eftirliti fræðsluyfirvalda með líðan nemenda skólans hafi þeim borið í ljósi yfirstjórnunarhlutverks síns að tryggja að rekstur skólans væri í samræmi við efnisreglur gildandi fræðslulaga, m.a. að stjórnendur skólans hefðu eftirlit með nemendum hans eins og lögboðið var. Þá bar yfirvöldum jafnframt að tryggja að aðbúnaður, starfsmannafjöldi og hæfni þeirra væri í samræmi við gildandi lög. Samkvæmt þeim skjallegu gögnum sem nefndin hefur undir höndum virðast bein afskipti menntamálaráðuneytis af starfsemi Jaðars hafa verið takmörkuð. Á hinn bóginn hafi fræðsluskrifstofa í Reykjavík og menntamálaráðuneyti að einhverju marki haft samskipti um starfsemi Jaðars, þó aðallega í tengslum við ráðningu starfsmanna og annað er laut að starfsmannamálum.

Opinbert eftirlit með starfsemi Jaðars virðist að mestu hafa verið í höndum fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og þá aðallega í höndum fræðslustjórans Jónasar B. Jónssonar. Frá árinu 1947 til ársins 1957 voru árlega útbúnar skýrslur í skólanum um hvern einstaka nemanda þar sem skráðar voru upplýsingar um hann við upphaf náms og einnig við lok námsins. Þar voru skráðar grunnupplýsingar um barnið, foreldra þess eða upp-alendur auk upplýsinga um heimilisaðstæður, umhverfi utan skóla og heimilis, umsögn kennara eða skólustjóra, ástand barnsins við komuna á Jaðar og að lokum umsögn skólustjóra Jaðars að lokinni dvöl þar. Yngstu nemendaskýrslurnar með þessu staðlaða formi eru frá skólaárinu 1956-1957. Bera þær með sér að náði hafi verið fylgst með framvindu nemenda og líðan þeirra ef lítið er til þeirra upplýsingar sem þar voru skráðar. Samkvæmt þeim skjallegu gögnum sem nefndin hefur aflað var árlega á ofangreindu tímabili sendar skýrslur til fræðslustjóra í Reykjavík sem voru byggðar á fyrrgreindum námsskýrslum skólans, þar sem m.a. var lýst líðan og framvindu nemenda.

Frá árinu 1957 virðast stjórnendur Jaðars hafa hætt að senda fyrrgreindar skýrslur til fræðslustjóra í Reykjavík og frá þeim tíma var farið að senda árlega almennari skýrslur um starfsemi skólans. Um var að ræða upplýsingar um starfstíma skólans, yfirlit yfir fjölda nemenda, kennslutíma og þess háttar en engar upplýsingar um einstaka nemendur eða líðan þeirra. Þrátt fyrir að það virðist hafa verið lagt af að senda fræðsluskrifstofu árlega upplýsingar um einstaka nemendur og líðan þeirra verður ekki annað ráðið en að

eftirlit fræðslustjórans í Reykjavík, Jónasar B. Jónssonar, fyrir hönd fræðsluráðs, með nemendum skólans hafi verið töluvert. Í skýrslu sem Pálína Jónsdóttir skólastjóri skólans 1949-1950, Björgvin Magnússon skólastjóri skólans 1955-1973, starfsmenn skólans, einkum kennarar hans, kom fram að Jónas hafi komið reglulega og margsinnis í heim-sókn í skólann og fylgst náið með starfsemi hans og líðan nemenda. Þá hafi starfsmenn fræðsluskrifstofu einnig komið í eftirlitsheimsóknir ásamt Jónasi. Þá kom fram í máli nokkurra fyrrverandi nemenda Jaðars sem komu til viðtals við nefndina að Jónas B. Jónsson fræðslustjóri í Reykjavík hafi oft komið á Jaðar og þá líklega í þeim tilgangi að fylgjast með starfsemi skólans.

Í kafla 1 hér að framan kemur fram að Sálfræðideild skóla hafi verið sett á stofn haustið 1960 sem deild innan fræðsluskrifstofu Reykjavíkur en forstöðumaður hennar lengst af var Jónas Pálsson sálfræðingur. Hlutverk Sálfræðideildar var að „vera foreldrum og kennurum til leiðbeiningar um uppeldi og kennslu barna og unglinga á fræðslu-skyldualdri, veita sérfræðilega aðstoð við einstök börn, svo að nám þeirra og skólavist komi að sem beztum notum, og stuðla þannig að andlegum þroska þeirra og heil-brigði.“³⁰⁸ Í skýrslu Sálfræðideildar skóla fyrir skólaárið 1961-1962 segir:³⁰⁹

Af stærri heildarverkefnum deildarinnar má nefna þessi: [...] Þá annaðist deildin ráðgefandi störf við skólaheimilið að Jaðri og gerði tillögur til viðkomandi aðila um, hvaða drengir skyldu fá vist þar að undangenginni rannsókn. Hlutverk deildarinnar í sambandi við rekstur og starf skólaheimilisins er enn ekki fullmótað. Jakob Jónasson geðlæknir var ráðinn skólalæknir á Jaðri.

Í skýrslu skólastjóra Jaðars um starfsemi skólans árið 1961-1962 er vikið að þeirri breytingu sem tilkoma Sálfræðideilda skóla hafði fyrir starfsemi Jaðars, bæði varðandi þá nemendur sem voru innritaðir í skólann og um eftirlit með nemendum skólans. Þar segir:³¹⁰

Í vetur varð sú breyting á hér í sambandi við skólann, að allir drengirnir, sem hingað koma, eru rannsakaðir og prófaðir af Sálfræðideild skóla, og hefur nú deildin ásamt fræðsluskrifstofunni ákvörðun um, hverjir eru sendir hingað í skólann. Forstöðumaður deildarinnar, Jónas Pálsson, sálfræðingur, kom svo hingað einu sinni í viku og hélt fund með kennurum og húsmóður skólans. Á þessum fundum, sem ég álit hafa verið mjög gagnlega,

³⁰⁸ Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkur. Skólaárið 1960-1961, bls. 62.

³⁰⁹ Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkur. Skólaárið 1961-1962, bls. 55.

³¹⁰ Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkur. Skólaárið 1961-1962, bls. 101.

gátum við rätt ýmis vandamál í sambandi við námið og drengina. Með þessum fundum veitti sálfræðingurinn okkur mikla og góða aðstoð.

Næstu árin kemur fram í skýrslum Sálfræðideildar skóla sem birtar voru í skóla-skýrslum barna- og gagnfræðaskóla Reykjavíkur að samskipti og eftirlit Sálfræðideildar hefði verið með svipuðu sniði. Þó virðist draga að einhverju marki úr eftirliti seint á sjöunda áratugnum en í skýrslu Sálfræðideildar skóla fyrir skólaárið 1966-1967 kemur fram að „heimsóknir að skólunum frá deildinni og ráðgjöf þar var lítil og minni en vera þyrfti.“³¹¹ Skólaárið 1967-1968 er talað um reglulega fundi en tíðni þeirra ekki tilgreind nánar. Á hinn bóginn voru haldnir fundir tvisvar í mánuði skólaárin 1968-1969 og 1969-1970. Frá 1970-1972 segir ekkert af fundum á Jaðri í skýrslum deildarinnar og skólaárið 1972-1973 voru „fáeinir“ heimsóknir.

Vistheimilanevnd hefur engin skjálleg gögn um eftirlit barnaverndarnefndar með þeim börnum sem hún vistaði á Jaðri en í kafla 5.1 hér að framan kemur fram að hluti þeirra drengja sem voru nemendur á Jaðri voru það fyrir tilstilli eða ákvörðun barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Hvergi er bókað í fundargerðabækur barnaverndarnefndar Reykjavíkur um þörf á eftirliti með einstökum skjólstæðingum hennar sem vistaðir voru á Jaðri. Þá minntist enginn þeirra fyrrverandi starfsmanna skólans sem kom til viðtals við vistheimilanevnd þess að aðilar frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi komið í eftirlitsheimsóknir í skólann. Þó greindi einni starfsmaður frá því að minnst þess sérstaklega að tilgreind kona sem vistheimilanevnd er kunnugt um að hafi þá setið í barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi komið í skólann. Starfsmaðurinn vissi þó ekki hvort hún hafi komið fyrir hönd nefndarinnar eða vegna annarra starfa sem konan gegndi einnig á þessum tíma.

Að mati nefndarinnar verður við mat á því hvort opinbert eftirlit með nemendum Jaðars hafi verið fullnægjandi einnig að meta hvernig skipulagi og framkvæmd þess þáttar sem kalla má *innra eftirlit* með starfsemi skólans, þ.e. lögbundnum umsjónar- og eftirlitsskyldum sem hvíldu á herðum skólastjórans og eftir atvikum annarra starfsmanna undir hans stjórn hafi verið háttað.

Ef litið er til skjallegra gagna sem nefndin hefur undir höndum um starfsemi skólans og munnlegra framburða fyrrverandi stjórnenda skólans sem komu til viðtals við

³¹¹ Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkur. Skólaárið 1966-1967, bls. 127-128.

nefndina og annarra starfsmanna hans verður ráðið að innra eftirlit með nemendum skólans hafi verið töluvert. Veturinn 1947-1948 var, eins og að framan er getið, byrjað að fylgja stöðluðu formi við gerð námsskýrslna. Þar voru skráðar grunnupplýsingar um barnið, foreldra þess eða uppáendur auk upplýsinga um heimilisaðstæður, umhverfi utan skóla og heimilis, umsögn kennara eða skólastjóra, ástand barnsins við komuna á Jaðar og að lokum umsögn skólastjóra Jaðars að lokinni dvöl þar. Yngstu nemendaskýrslurnar með þessu staðlaða formi eru frá skólaárinu 1956-1957. Bera skýrslurnar með sér að náíð hafi verið fylgst með framvindu nemenda og líðan þeirra. Á hinn bóginn virðist hafa verið hætt að skrá slíkar skýrslur árið 1957 og þær upplýsingar sem vistheimilanefnda hefur um innra eftirlit með nemendum skólans frá þeim tíma fram til þess er Sálfræðideild skóla hóf eftirlit með nemendum skólans í byrjun sjöunda áratugarins eru einkum munnlegar upplýsingar frá fyrrverandi starfsfólki skólans. Í framburði þeirra kom m.a. fram að starfsfólk hefði almennt þekkt nemendur vel og með þeim hætti í raun verið unnt að fylgjast náíð með líðan þeirra. Þá greindu kennararnir frá því að oft hafi komið í þeirra hlut að hlúa að nemendum og hugga þá þegar þeir sýndu vanlíðan. Þá bentu flestir á í þessu sambandi að skólastjóri skólans, kennarar og aðrir starfsmenn hefðu búið í skólanum og verið meira og minna í samskiptum við nemendur og því eðlilegt að allir hefðu kynnst vel og starfsfólk þar af leiðandi fylgst vel með nemendum.

Þá kom fram í máli hluta nemenda skólans, einkum þeirra sem greindu með neikvæðum hætti frá dvöl sinni, að eftirlit með nemendum skólans hafi verið takmarkað, einkum í útivist. Í kafla 5.2 hér að framan kemur fram að vistheimilanefnd telji ekki að þegar á heildina sé litið að meiri líkur en minni séu á því að fyrrverandi nemendur skólans hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi. Þar er á hinn bóginn rakið að hluti nemenda skólans hafi greint frá því að samskipti nemenda innbyrðis hafi verið erfið og nefndu nokkrir hugtakið einelti í því sambandi. Í því sambandi nefndu nokkrir að eftirlit með nemendum skólans hafi ekki verið nægjanlegt, hvorki í útivist á daginn né á öðrum tímum. Á móti kemur að margir fyrrverandi nemenda skólans sem komu til viðtals við nefndina og fyrrverandi starfsmenn skólans greindu frá því að eftirlit með nemendum skólans hafi verið mikið og þá einnig í útivist. Tveir fyrrverandi starfsmenn skólans sem komu til viðtals við nefndina greindu frá því að hafa verið beinlínis ráðnir til skólans til að hafa eftirlit og hafa ofan af fyrir nemendum þegar þeir voru ekki í kennslustundum.

Nefndu þeir báðir að starfið hafi m.a. falist í því að vera í útivist með nemendum og hafa ofan af fyrir þeim á kvöldin og fylgjast með þeim.

Að öllu ofansögðu telur vistheimilanefnd að *í fyrsta lagi* verði að telja að fræðsluyfirvöld, þ.e. fræðsluskrifstofan í Reykjavík, hafi á öllu tímabilinu haft töluvert eftirlit með starfsemi Jaðars og nemendum skólans. Þá ályktun styður að fram kom í máli margra þeirra sem komu til viðtals við nefndina að fræðslustjórinn í Reykjavík, Jónas B. Jónsson hefði allan starfstíma skólans haft náíð og reglulegt eftirlit með skólanum og líðan þeirra nemenda sem þar dvöldu.

Í öðru lagi verður að telja að eftirlit barnaverndarnefndar Reykjavíkur með þeim börnum sem nefndin vistaði á Jaðri hafi verið takmarkað. Hvergi er í fundargerðabókum barnaverndarnefndar Reykjavíkur bókaðar athugasemdir um eftirlit með börnum sem nefndin ráðstafaði á Jaðar eða um þörf á eftirliti. Þá er hvergi í skjallægum gögnum um fyrrverandi nemendur skólans skráðar athugasemdir um eftirliti barnaverndarnefndar eða starfsmanna hennar.

Í þriðja lagi verður að telja að innra eftirlit með nemendum skólans hafi verið þegar á heildina er litið fullnægjandi. Þá ályktun nefndarinnar styður að hluti þeirra fyrrverandi nemenda skólans sem komu til viðtals við nefndina og allir starfsmenn skólans sem komu til viðtals við nefndina greindu frá því að eftirlit með nemendum hafi verið fullnægjandi.

VIII. TILLÖGUR NEFNDARINNAR

1. Ályktunargrundvöllur nefndarinnar

Í lögum nr. 26/2007 er ekki kveðið á um hvers efnis tillögur nefndarinnar skuli vera í ljósi niðurstaðna af könnun hennar. Þar segir í d-lið 2. mgr. 1. gr. að nefndin skuli *leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til*. Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögunum er tekið fram að ekki hafi verið talið rétt að mæla í lögunum frekar fyrir um það hvers efnis tillögur nefndarinnar skyldu vera í framhaldi af könnun á starfsemi vist- eða meðferðarheimilis. Nefndin eigi að leggja á það mat hvort og þá hvernig verði brugðist við af hálfu stjórnvalda gagnvart þeim sem kunni að hafa í reynd sætt illri meðferð eða ofbeldi, ef könnun leiðir slíkt í ljós. Verði þá meðal annars að horfa til þeirra lagareglna sem giltu á þeim tíma sem slík atvik kunnu að hafa átt sér stað og eftir atvikum þjóðréttarlegra skuldbindinga.

Með ofangreind lagasjónarmið í huga fjallaði nefndin í skýrslu sinni um könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, dags. 31. janúar 2008 og áfangaskýrslu nr. 1 um könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumberavogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967, dags. 31. ágúst 2009, með ítarlegum hætti um forsendur að baki tillögugerð sinni á grundvelli niðurstaðna nefndarinnar.

2. Tillögur nefndarinnar

Í þessari áfangaskýrslu nr. 2 hafa verið raktar ályktanir og niðurstöður vistheimilaneftar um tildrög þess að börn voru vistuð á Silungapólli, vistheimilinu Reykjahlíð og til náms á heimavistarskólanum að Jaðri. Um niðurstöður nefndarinnar hvað varðar einstaka þætti vísast til viðeigandi kafla hér að framan. Sem fyrr er ljóst að mati nefndarinnar að verulegir annmarkar voru í ýmsum tilvikum á málsmeðferð og ákvörðunartöku stjórnvalda þegar teknar voru ákvarðanir um vistun barna á þessar stofnanir, hvort sem er af hálfu barnaverndarnefnda og fræðslufirvalda, og opinberu

eftirliti. Eru þær niðurstöður að þessu leyti með sama hætti og fram koma í fyrri skýrslum nefndarinnar. Um hvort börn hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á þessum stofnunum eru niðurstöður nefndarinnar eðli máls samkvæmt sérstakar fyrir hverja stofnun fyrir sig og byggja á heildstæðu mati nefndarmanna á fyrirbyggjandi framburðum úr viðtölum við fyrrum vistmenn og starfsmenn. Í ljósi d-liðar 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007, hefur nefndin lagt mat á þær tillögur sem hún telur að til greina komi að setja fram í tilefni af niðurstöðum sínum í þessari áfangaskýrslu. Í því sambandi bendir nefndin á að eðli málsins samkvæmt er ekki ástæða til ítarlegrar umfjöllunar hér um þær tillögur sem til greina koma, enda hefur hún, eins og áður er rakið þegar með almennum hætti gert grein fyrir tillögum sínum til stjórnvalda í tilefni af könnunum nefndarinnar, sjá IV. hluta skýrslu hennar vegna könnunar á starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952-1979, dags. 31. janúar 2008 og sjá einnig IX. hluta áfangaskýrslu nr. 1, dags. 31. ágúst 2009. Þær tillögur sem þar koma fram eiga hér við að mati nefndarinnar að breyttu breytanda. Með þetta í huga lætur nefndin við það sitja að ítreka í *fyrsta lagi* þá tillögu sína er lýtur að hugsanlegum skaðabótagreiðslum,³¹² í *öðru lagi* tillögu er lýtur að geðheilbrigðisþjónustu³¹³ og í *þriðja lagi* tillögu er beinist að gildandi framkvæmd og eftirliti á sviði barnaverndarmála.³¹⁴

Hvað varðar sérstaklega tillögu nefndarinnar um hugsanlegar skaðabótagreiðslur eru ekki forsendur til þess að vistheimilanefnd taki beina afstöðu til þess hvort og þá með hvaða hætti niðurstöður hennar í þessari áfangaskýrslu gefi tilefni að beita slíku úrræði. Í því sambandi skiptir mestu máli að 1. júní 2010 tóku gildi lög nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007. Nefndin telur að setning þessara laga feli í sér verulega réttarbót fyrir þann hóp manna sem kannanir hennar hafa tekið til. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2010 mæla löginn fyrir um greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög um skipan vistheimilanefndar nr. 26/2007. Í lögnum er síðan fjallað um skilyrði sanngirnisbóta,

³¹² Sjá nánar kafla 13 í IV. hluta skýrslu nefndarinnar um könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979.

³¹³ Sjá nánar kafla 14 í IV. hluta skýrslu nefndarinnar um könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979.

³¹⁴ Sjá nánar kafla 15 í IV. hluta skýrslu nefndarinnar um könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979.

fjárhæð þeirra og málsmeðferð við úrlausn einstakra mála. Þá gera lögin ráð fyrir sérstakri úrskurðarnefnd um sanngirnismætur sem hafi það hlutverk að taka afstöðu til krafna um slíkar bætur.

Ljóst er að mati vistarnefndar að með setningu þessara laga hafa ríkisstjórn og Alþingi brugðist með jákvæðum hætti við tillögugerð nefndarinnar um hugsanlegar skaðabótaáætlingar til þeirra sem kannanir nefndarinnar hafa tekið til.

Vistarnefnd ítrekar að lokum að þótt ekki sé í öllum tilvikum taldar forsendur til að fullyrða að börn á tiltekinni stofnun hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi er hvað sem öllu líður ljóst að í mörgum tilvikum hafi reynsla þeirra sem í hlut eiga verið þeim afar erfið. Í lokaskýrslu nefndarinnar, sem stefnt er að því að ljúka í apríl 2011, mun nefndin fjalla með almennum hætti um þann lærdóm um vistunarmál barna á opinberum stofnunum sem hún telur hægt að draga af vinnu nefndarinnar á undanförunum árum.

IX. FRAMHALD Á STÖRFUM NEFNDARINNAR

Samkvæmt erindisbréfi forsætisráðherra sem afhent var nefndinni 11. apríl 2008 skal nefndin skila áfangaskýrslum um könnun sína til ráðherra eigi síðar en 1. júlí 2009 og 1. júlí 2010. Nefndin skal ljúka störfum sínum og skila lokaskýrslu um könnun sína til forsætisráðherra eigi síðar en 15. apríl 2011.

Hinn 31. ágúst 2009 skilaði vistheimilanefnd til forsætisráðherra áfangaskýrslu nr. 1 um könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967. Áfangaskýrsla nr. 2, um könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans að Jaðri 1946-1973 liggur nú fyrir. Lokaskýrslu nefndarinnar, þar sem jafnframt munu liggja fyrir niðurstöður könnunar á starfsemi Upptökuheimili ríkisins og Unglingaheimili ríkisins er fyrirhugað að afhenda forsætisráðherra hinn 15. apríl 2011 í samræmi við efni erindisbréfs dags. 11. apríl 2008. Þar mun nefndin einnig fjalla með almennum hætti um þann lærdóm sem vistunarmál barna á opinberum stofnunum sem hún telur hægt að draga af vinnu nefndarinnar á undanförunum árum.

X. HEIMILDASKRÁ

Óbirtar heimildir

BSR = Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðfnr. = Aðfanganúmer

6271 A	Fundargerðir Fræðsluráðs 1936-1955.
6776	Bréf barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1932-1962.
4966 A	Fundargerðir bæjarstjórnar Reykjavíkur 1956.
4978 A	Fundargerðir bæjarráðs Reykjavíkur 1956.
5047	Fundargerðir bæjarstjórnar Reykjavíkur 1944-1946.
15263	Fundargerðir félagsmálaráðs Reykjavíkur 1972.
15780	Barnaheimili Reykjavíkurbæjar. Skýrslur framfærslunefndar. Komu- og brottfarardagar barna 1960-1961.
15781	Barnaheimili Reykjavíkurbæjar. Skýrslur framfærslunefndar. Komu- og brottfarardagar barna 1962-1963.
15782	Barnaheimili Reykjavíkurbæjar. Skýrslur framfærslunefndar. Komu- og brottfarardagar barna 1964-1965.

FR = Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar

6	Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Ársyfirlit o.fl. 1932-1968.
47	Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Fræðslumál 1932-1970.
92	Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Bréf vegna einstaklingsmála o.fl. 1967-1974.
147	Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Ýmislegt v/sumardvala barna á sveitaheimilum 1933-1967.
148	Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnaheimili 1932-1971.
160	Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnaheimilið Silungapollur. Gögn um heilsufar barna 1961-1966.
161	Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Barnaheimilið Silungapollur. Gögn um heilsufar barna 1967-1970.
238	Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1944-1951.
239	Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1951-1961.
240	Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1962-1970.
241	Fundargerðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1970-1976.
285	Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Skýrslur vegna barna

- 1962-1966.
- C/428 Skrifstofa félagsmálastjóra. Vöggustofa Thorvaldsens-
félagsins, Dalbraut, vistheimilið Silungapollur 1968-1984.
- C/529 Skrifstofa félagsmálastjóra. Málefni barna, Sálfræðideild
skóla, skammtímavistun, samstarfsaðilar 1964-1989.
- C/549 Skrifstofa félagsmálastjóra. Barnaheimili, vistheimili 1953-
1987.

Skólaskrifstofa Reykjavíkur

- Askja 5 Sálfræðingar skóla 1953-1974.
- Askja 8 Barnavernd 1955-1962. Heimavistarskólarnir að Jaðri og
Hlaðgerðarkoti.
- Askja 9 Barnaheimili 1946-1960.
- Askja 331 Borgarstjóri og borgarráð, bréf hingað 1963-1979.
- Askja 346 Málafn fræðsluskrifstofu. Sálfræðideild 1972-1987.
- Askja 357 Málafn fræðsluskrifstofu. Jaðar, bréf o.fl. 1944-1951.
- Askja 385 Jaðar 1944-1972.
- Askja 700 Sumardvalir barna 1944-1969.
- Askja 771 Heilbrigðiseftirlit o.fl. 1910-1984.
- Askja 777 Heimavistarskólinn að Jaðri. Bréf, greinargerðir, samningar
o.fl. 1944-1973.
- Askja 779 Sálfræðipjónusta. Skýrslur, bréf o.fl. 1955-1974.

Skrifstofa Borgarstjóra. Málafn.

- F-13 Barnavernd 1915-1952.
- F-14 Vandræðabörn 1935-1956.
- F-29 Barnavernd 1953-1968.
- F-30 Barnavernd 1951-1962.
- F-31 Barnavernd 1946-1973.
- F-124 Sálfræðideild skóla 1960-1969.
- F-141 Jaðar 1945-1958.
- F-146 Barnaheimili, dagheimili, leikskólar og vöggustofur 1920-
1968.

PÍ = Þjóðskjalasafn Íslands

Barnaverndarráð Íslands

- 2002-A/1 Fundargerðir Barnaverndarráðs 1930-1958.
- 2002-A/2 Fundargerðir Barnaverndarráðs 1958-1975.
- 2002-C/1 Ársskýrslur Barnaverndarráðs 1932-1983.
- 2002-G/1 Skýrslur barnaverndarnefnda 1946-1959.
- 2002-G/2 Skýrslur barnaverndarnefnda 1961-1963.
- 2002-G/3 Skýrslur barnaverndarnefnda 1964-1966.
- 2002-J/2 Skýrslur barnaverndarnefnda 1967-1968.

- 1989-B/15 Skýrslur barnaverndarnefnda 1970-1972.
 1989-B/16 Skýrslur barnaverndarnefnda 1973-1974.
 1989-B/28 Skýrslur um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1943-1967. Ársskýrslur Félagsmálastofnunar Reykjavíkur 1969-1980.
 1989-B/34 Eftirlitsferðir með vistheimilum og sumardvalarheimilum 1952-1978.

Heimavistarskólinn að Jaðri

- 2002-26 Ýmis bréf og skjöl 1955-1968. Nemendaskýrslur 1946-1957.
 2002-32 Nemendaskýrslur 1962-1966. Próf og skýrslur um nemendur 1956-1968.

Menntamálaráðuneyti

- 1989-B/1505 Heimavistarskólinn að Jaðri 1953-1974.
 1986-BB/28 Heimavistarskólinn að Jaðri 1951-1974.

Annað óbirt efni

Arthur Morthens: Heimavistarskólinn að Jaðri 1946-1973. Óbirt greinargerð unnin fyrir nefnd samkvæmt lögum 26/2007 í maí 2009.

Birtar heimildir

Alpt. = *Alþingistíðindi*.

Árbók Reykjavíkurbæjar 1950/51. Samið hefir dr. Björn Björnsson hagfræðingur bæjarins. Bæjarsjóður Reykjavíkur, Reykjavík 1953.

Barnavernd á Íslandi. Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu árin 1995-1999 og barnaverndarnefnda á Íslandi árin 1996-1999. Barnaverndarstofa, Reykjavík 2000. Sótt 14. ágúst 2009 á vefsvæðið <http://www.bvs.is/?ser=120&m=1>.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur 1932-1957. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Reykjavík 1957.

Barnehjem og spesialskoler under lupen. Nasjonal kartlegging av omsorgssvikt og overgrep i barnevernsinstitusjoner 1945-1980. Utredning fra et utvalg oppnevnt av Barne- og familiedepartementet 19. desember 2003. Avgitt 1. november 2004. Statens forvalningstjeneste, Informasjonsforvalning, Oslo 2004.

Barneverninstitusjoner benyttet av Oslo kommune 1954-1993. Gransking av overgrep, omsorgssvikt, tilsyn og tvangsplasseringer. Rapport fra Granskingsutvalg oppnevnt av Fylkesmannen i Oslo og Akershus. Avgitt 1. desember 2005. Granskingsutvalget, Oslo 2005.

Bauer, P. J.: *Remembering the Times of Our Lives. Memory in Infancy and Beyond*. Lawrence Erlbaum Associates, Mahwah, N.J. 2007.

Berliner, L. og Conte, J. R.: „The effects of disclosure and intervention on sexually abused children“. *Child Abuse & Neglect* 19 (1995), bls. 371-384.

Bragi Guðbrandsson: Barnavernd og uppeldisstofnanir. Saga stofnana fyrir börn og um samfélagsbreytingar um miðja 20. öld. Fylgiskjal nr. 2. Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Forsætisráðuneyti, Reykjavík 2008.

Bruce, D., Dolan, A. og Phillips-Grant, K.: „On the transition from childhood amnesia to the recall of personal memories“. *Psychological Science* 11 (2000), bls. 360–364.

Cederborg, A. C., Lamb, M. E. og Laurell, O.: „Delay of disclosure, minimization, and

- denial when the evidence is unambiguous. A multi-victim case“. *Child Sexual Abuse. Disclosure, Delay, and Denial*. Ritstjórar M. E. Pipe og M. E. Lamb, Y. Orbach og A. C. Cederborg. Lawrence Erlbaum Associates, Mahwah, N.J. 2007, bls. 159-173.
- Connolly, D. A. og Lindsay, D. S.: „The influence of suggestions on children’s reports of a unique experience versus an instance of a repeated experience“. *Applied Cognitive Psychology* 15 (2001), bls. 205-223.
- Cowan, N. og Davidson, G.: „Salient childhood memories“. *Journal of Genetic Psychology* 145 (1984), bls. 101-107.
- Davíð Þór Björgvinsson og Nanna K. Sigurðardóttir: Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda. Félagsmálaráðuneyti, Reykjavík 1998.
- Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Ritstjórar Björg Thorarensen o.fl. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og lagadeild Háskólans í Reykjavík, Reykjavík 2005, bls. 29-88.
- Dögg Pálsdóttir: „Störf barnaverndarnefnda“. *Úlfljótur* 33:4 (1980), bls. 169-194.
- Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990, fyrri hluti*. Iðunn, Reykjavík 1998.
- Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990, síðari hluti*. Iðunn, Reykjavík 1998.
- Farrar, M. J. og Goodman, G. S.: „Developmental changes in event memory“. *Child Development* 63 (1992), bls. 173-187.
- Fivush, R.: „Children’s recollections of traumatic and nontraumatic events. Trauma, memory, and suggestibility in children“. *Development and Psychopathology* 10 (1998), bls. 699-716.
- Fivush, R.: „The silenced self. Constructing self from memories spoken and unspoken“. *The Self and Memory*. Ritstjórar D. Beike, J. Lampinen, og D. Behrend. Psychology Press, Howe 2004, bls. 75-93.
- Gee, S. og Pipe, M. E.: „Helping children to remember. The influence of object cues on

- children's accounts of a real event". *Developmental Psychology* 31 (1995), bls. 746-758.
- Gobbo, C., Mega, C. og Pipe, M. E.: „Does the nature of the experience influence children's suggestibility? A study of children's event memory". *Journal of Experimental Child Psychology* 81 (2002), bls. 502-530.
- Goodman, G. S. og Reed, D. S.: „Age differences in eyewitness testimony". *Law and Human Behavior* 10 (1986), bls. 317-332.
- Greenhoot, A. F.: „Remembering and understanding. The effects of changes in underlying knowledge on children's recollections". *Child Development* 71 (2000), bls. 1309-1328.
- Guðrún Erlendsdóttir: „Meðferð úrskurðarmála hjá barnaverndarnefndum". *Barnavernd. Framsöguerindi, sem flutt voru á námskeiði um meðferð barnaverndarmála, sem haldið var í Reykjavík [...] 1985 ásamt lögum og reglugerðum varðandi barnaverndarmál, sem kynnt voru á námskeiðunum*. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík 1985, bls. 47-62.
- Guðrún Erlendsdóttir. *Handbók Barnaverndarráðs Íslands fyrir barnaverndarnefndir*. Barnaverndarráð Íslands, Reykjavík 1981.
- Guðrún Erlendsdóttir: „Barnaréttindi". *Tímarit lögfræðinga* 26:1 (1976), bls. 8-24.
- Guðrún Gauksdóttir: „Bann við pyndingum". *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Ritstjórar Björg Thorarensen o.fl. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og lagadeild Háskólans í Reykjavík, Reykjavík 2005, bls. 110-135.
- Guðrún Kristinsdóttir: *Child Welfare and Professionalization*. Doktorsritgerð. University of Umeå, Umeå 1991.
- Hayne, H. og Rovee-Collier, C.: „The organisation of reactivated memory in infancy". *Child Development* 66 (1995), bls. 893-906.
- Hayne, H.: „Infant memory development. Implications for childhood amnesia". *Developmental Review* 24 (2004), bls. 33-73.
- Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson, Hlynur Ómar Björnsson, Ingólfur Ásgeir

- Jóhannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigbórsson: *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007. Síðara bindi. Skóli fyrir alla 1946-2007*. Ritstjóri Loftur Guttormsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2008.
- Hjúkrunarkvennatal*. Önnur prentun, ljósprentuð eftir frumútgáfu 1969. Hjúkrunarfélag Íslands, Reykjavík 1988.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson: „Bullying and delinquency. The mediating role of anger“. *Personality and Individual Differences* 48 (2010), bls. 391-396.
- Jensen, T. K., Gulbrandsen, W., Mossige, S., Reichelt, S., og Tjersland, O. A.: „Reporting possible sexual abuse. A qualitative study on children's perspectives and the context for disclosure“. *Child Abuse & Neglect* 29 (2005), bls. 1395-1413.
- Jonzon, E. og Lindblad, F.: „Disclosure, reactions, and social support. Findings from a sample of adult victims of child sexual abuse“. *Child Maltreatment* 9 (2004), bls. 190-200.
- Jonzon, E.: *Child Sexual Abuse. Disclosure, Social Support and Subjective Health in Adulthood*. Doktorsritgerð. Karolinska Institutet, Stokkhólmur 2006.
- Kennaratal á Íslandi I*. Ritstjóri Ólafur Þ. Kristjánsson. Prentsmiðjan Oddi, Reykjavík 1958.
- Kennaratal á Íslandi II*. Ritstjóri Ólafur Þ. Kristjánsson. Prentsmiðjan Oddi, Reykjavík 1965.
- Kennaratal á Íslandi III*. Ritstjórar Ólafur Þ. Kristjánsson og Sigrún Harðardóttir. Prentsmiðjan Oddi, Reykjavík 1985.
- Kennaratal á Íslandi V*. Ritstjórar Ólafur Þ. Kristjánsson og Sigrún Harðardóttir. Prentsmiðjan Oddi, Reykjavík 1988.
- Klemfuss, J. Z. og Ceci, S.: „Normative memory development and the child witness“. *The Evaluation of Child Sexual Abuse Allegations. A Comprehensive Guide to Assessment and Testimony*. Ritstjórar K. Kuehnele og M. Connell. John Wiley & Sons, New Jersey 2009, bls. 153-180.
- Kogan, S. M.: „Disclosing unwanted sexual experiences. Results from a national sample of adolescent women“. *Child Abuse & Neglect* 28 (2004), bls. 147-165.
- Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr.

- 26/2007. Forsætisráðuneyti, Reykjavík 2008.
- Lamb, M. E., Hershkowitz, I., Orbach, Y. og Esplin, P. W.: *Tell Me What Happened. Structured Investigative Interviews of Child Victims and Witnesses*. Wiley, New York 2008.
- Leikskólakennaratal I*. Ritstjórar Ívar Gissurarson og Steingrímur Steinþórsson. Mál og mynd, Reykjavík 2000.
- Lew, M.: *Victims No Longer. Men Recovering from Incest and Other Sexual Child Abuse*. Harper & Row/Perennial Library, New York 1990.
- London, K., Bruck, M., Cesi, S. J. og Shuman, D. W.: „Disclosure of child sexual abuse. What does the research tell us about the ways that children tell?“ *Psychology, Public Policy, and the Law* 11 (2005), bls. 194-226.
- London, K., Bruck, M., Cesi, S. J. og Shuman, D. W.: „Disclosure of child sexual abuse. A review of the contemporary empirical literature“. *Child Sexual Abuse. Disclosure, Delay, and Denial*. Ritstjórar M. E. Pipe og M. E. Lamb, Y. Orbach og A. C. Cederborg. Lawrence Erlbaum Associates, Mahwah, N.J. 2007, bls. 11-40.
- Marin, B. V., Holmes, D. L., Guth, M. og Kovac, P.: „The potential of children as eyewitnesses. A comparison of children and adults on eyewitness tasks“. *Law and Human Behavior* 3 (1979), bls. 295-306.
- Martin, C. L. og Halverson, C. F.: „The effects of sex-typing schemas on young children's memory“. *Child Development* 54 (1983), bls. 563-574.
- McCartney, K. og Nelson, K.: „Children's use of scripts in story recall“. *Discourse Processes* 4 (1981), bls. 59-70.
- McGuigan, F. og Salmon, K.: „Time to talk. The influence of the timing of adult-child talk on children's event memory“. *Child Development* 75 (2004), bls. 669-686.
- Memory Observed. Remembering in Natural Context*. Önnur útgáfa. Ritstjórar U. Neisser og I. E. Hyman. Worth Publishers, New York 2000.
- Miller A.: *Breaking Down the Wall of Silence. The Liberating Experience of Facing Painful Truth*. Penguin Books/Dutton, New York 1991.
- Nansel, T.R., Overpeck, M., Pilla, R.S., Ruan, W.J., Simons-Morton, B. og Scheidt, P.:

- „Bullying behaviors among US youth. Prevalence and association with psychological adjustment“. *JAMA* 285 (2001), bls. 2094-2100.
- Nelson, K.: „The psychological and social origins of autobiographical memory“. *Psychological Science* 4 (1993), bls. 85-92.
- Oates, K. og Shrimton, S.: „Children’s memories for stressful and non-stressful events“. *Medical Science and Law* 31 (1991), bls. 4-10.
- Pillemer, D. B. og White, S. H.: „Childhood events recalled by children and adults“. *Advances in Child Development and Behavior*. Ritstjóri H. W. Reese. Academic Press, San Diego, CA 1989, bls. 297–340.
- Poole, D. A. og Lamb, M. E.: *Investigative Interviews of Children. A Guide for Helping Professionals*. American Psychological Association, Washington, DC 1998.
- Putnam, F. W.: „Ten-year research update review. Child sexual abuse“. *Journal of American Academy & Child and Adolescent Psychiatry* 42 (2003), bls. 269-278.
- Quas, J. A., Goodman, G. S, Ghetti, S. og Redlich, A. D.: „Questioning the child witness. What can we conclude from the research thus far?“ *Trauma, Violence and Abuse* 1 (2000), bls. 223-249.
- Rapport fra Granskingsutvalget for barneverninstitusjoner i Bergen. Rapport fra utvalget oppnevnt av Fylkesmannen i Hordaland, 31. oktober 2001. Avgitt 26. juni 2003.
- Rapport fra Granskingsutvalget for barneverninstitusjoner i Rogaland. Rapport fra utvalg oppnevnt av Fylkesmannen i Rogaland 27. januar 2005. Rapport avgitt 30. juni 2006.
- Reese, E.: „Social factors in the development of autobiographical memory. The state of the art“. *Social Development* 11 (2002), bls. 124-142.
- Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“. *Lögberg. Rit lagastofnunar Háskóla Íslands*. Ritstjórar Stefán Már Stefánsson og Viðar Már Matthíasson. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2003, bls. 635-682.
- Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2007.
- Shengold, L.: *Soulmurder. The Effects of Childhood Abuse and Deprivation*. Fawcett Coumbine, New York 1989.
- Sigrún Júlíusdóttir: *Ævintýri á fjöllum. Rannsókn á reynslu unglinga af starfi með*

- Hálendishópnum á tímabilinu 1989-2000*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2002.
- Simcock, G. og Hayne, H.: „Breaking the barrier? Children fail to translate their preverbal memories into language“. *Psychological Science* 13 (2002), bls. 225-231.
- Skólaskýrsla. Barna- og gagnfræðaskólar Reykjavíkur. Skólaárin 1956-1973*. Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur, Reykjavík 1957-1974.
- Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1. Könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967. Forsætisráðuneyti, Reykjavík 2009.
- Solberg, M.E., Olweus, D. og Endresen, I. M.: „Bullies and victims at school. Are they the same pupils?“ *British Journal of Educational Psychology* 77 (2007), bls. 441-464.
- Sourander, A., Jensen, P., Rønning, J. A., Elonheimo, H., Niemelä, S., Helenius, H., Kumpulainen, K., Piha, J., Tamminen, T., Moilanen, I. og Almquist, F.: „Childhood bullies and victims and their risk of criminality in late adolescence. The Finnish from a boy to a man study“. *Arch Pediatr Adolesc Med* 161 (2007), bls. 546-552.
- Staller, K. M. og Nelson-Gardell, D.: „„A burden in your heart“. Lessons of disclosure from female preadolescent and adolescent survivors of sexual abuse“. *Child Abuse & Neglect* 29 (2005), bls. 1415-1432.
- Stefansen K. og Smette, I.: „„Det var ikke en voldtekt, mer et overgrep“. Kvinners fortolkning av sexuelle overgrepserfaringer“. *Tidsskrift for Samfunnsforskning* 47 (2006), bls. 33-56.
- Stjt. = Stjórnartíðindi*.
- Sutherland, R., Pipe, M. E., Schick, K., Murray, J. og Gobbo, C.: „Knowing in advance. The impact of prior event information on memory and event knowledge“. *Journal of Experimental Child Psychology* 84 (2003), bls. 244-263.
- Sveinn H. Ragnarsson: „Framkvæmd félagsþjónustu í Reykjavík“. *Félagsráðgjafablaðið* 5:1 (1995), bls. 26-35.
- Sveinn H. Ragnarsson: „Sögulegt yfirlit félagsþjónustu“. *Sveitarstjórnarmál* 60:2 (2000), bls. 100-105.

- The British Psychological Society. Guidelines on Memory and the Law. Recommendations from the Scientific Study of Human Memory. A Report from the Research Board. The British Psychological Society, Leicester 2008.*
- Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands. Þriðja bindi 1870-1875.*
- Waldfoegel, S.: „The frequency and affective character of childhood memories“. *Psychological Monographs* 62 (1948), bls. 1-39.
- Wang, Q.: „Infantile amnesia reconsidered. A cross-cultural analysis“. *Memory* 11 (2003), bls. 65-80.
- Whetsell-Mitchell, J.: „The many faces of child sexual abuse“. *Issues in Comprehensive Pediatric Nursing* 18 (1995), bls. 299-318.
- Þorgrímur Gestsson: *Meistari ævintýrsins. Björgvin Magnússon, kennari, skáti, guðfræðingur og kaþólskur djákni með meiru, segir frá.* Bókaútgáfan Æskan og Almenna útgáfan, Reykjavík 2008.
- Þorsteinn Sigurðsson: *Þættir úr sögu sérkennslunnar.* Þórsútgáfan, Reykjavík 1993.

XI. FYLGISKJÖL

1. **Lög nr. 26/2007** um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

FYLGISKJAL NR. 1

Nr. 26

23. mars 2007

LÖG**um skipan nefndar til að kanna starfsemi
vist- og meðferðarheimila fyrir börn.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Heimild þessi tekur ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laga þessara.

Markmið könnunarinnar og meginverkefni nefndar skulu vera eftirtalin:

- a. Að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, hlutverki hennar í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
- b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
- c. Að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað.
- d. Að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til. Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til forsætisráðherra sem kynnir Alþingi skýrsluna.

2. gr.

Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum. Skal formaður hennar uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla eftir aðstoð sérfræðinga eða annarri aðstoð við einstaka þætti könnunarinnar.

3. gr.

Nefndin skal hafa frjálstan og óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem varða starfsemi þess vist- eða meðferðarheimilis fyrir börn sem erindisbréf hennar nær til. Þá skulu stjórnvöld, sé þess óskað, taka saman skriflegar greinargerðir um einstaka þætti könnunarinnar.

Nefndinni er heimilt að taka skýrslur af fyrrverandi vistmönnum og hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búi yfir vitneskju sem komi að notum í starfi hennar enda veiti þeir samþykki sitt.

Læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki og opinberum starfsmönnum, sem ella væru bundnir þagnarskyldu, er skylt að veita nefndinni upplýsingar sé þess óskað, eftir atvikum með því að gefa nefndinni skýrslu. Hið sama gildir um þá sem látið hafa af störfum.

Þeim sem gefur skýrslu fyrir nefndinni er heimilt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða að það gæti orðið honum til mannorðsspjalla.

Sá sem vísvitandi gefur nefndinni rangar eða villandi upplýsingar skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum mánuðum. Um slík mál skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Fundir nefndarinnar eru lokaðir.

Nefndarmenn og starfsmenn hennar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda um slík atriði helst þegar störfum nefndar er lokið.

Formanni nefndarinnar er heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan hún starfar.

5. gr.

Forsætisráðherra ákveður skipan nefndarinnar, skipunartíma og þóknun og setur henni erindisbréf þar sem nánar er mælt fyrir um verkefni nefndarinnar. Skal þar einkum kveðið á um það til hvaða starfsemi könnun nefndarinnar tekur og það tímabil sem könnunin beinist að. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um störf nefndarinnar eða um þau gögn sem nefndin aflar sér eða sem hún útbýr eða lætur útbúa. Þá gilda stjórnsýslulög, nr. 37/1993, ekki um störf nefndarinnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 2007.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.